



Nótur um menningarástand og aðra skandala

Neðanmálgreinar úr *Lesbók* 2001-2007

Eftir Prösk Helgason

Nótur um menningarástand og aðra skandala
© Þróstur Helgason

Útgefandi: Menningarvitinn

Umbrot: Vitinn
Prófarkalestur: Lesarar Morgunblaðsins

Mynd á forsíðu: Kristinn Ingvarsson

Bók þessa má afrita með öllum hætti svo sem með
ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt
að hluta eða í heild
en höfundar skal þó ævinlega getið að góðu.

Þakkir fær Morgunblaðið fyrir að gefa mér ekki tíma til að skrifa þessar greinar.

Efnisyfirlit

070401: NERDRUM, KITSIÐ OG BORGIN.....	11
210401: TMM, NERDRUM OG LISTANDINN.....	12
280401: FRÆÐALÍF, MIÐNÆTURÚTGÁFAN, BECKETT OG POTTER	13
190501: NÓBEL.....	14
090601: BECKETT	15
280701: HÁ- OG LÁGMENNING.....	16
040801: RÖKGREININGAR- OG MEGINLANDSHEIMSPEKI.....	17
180801: MENNING OG MENNINGARNÓTT	18
250801: HOUELLEBECQ OG SKÁLDSAGAN.....	19
010901: ÍSLENSK MENNING.....	20
150901: LIST OG FJÁRMAGN.....	21
220901: EINAR JÓNSSON: ÞJÓÐARLISTAMAÐUR.....	22
290901: SAMRÆÐUMENNING.....	23
061001: FORM	24
131001: ÍSLAND Í ERLENDUM SKRIFUM	25
201001: 11. SEPT Í SKÁLDSKAP	26
101101: ÞÝÐINGARMENNING.....	27
171101: ÍSLAND – ÚTLAND.....	28
241101: BÓKMENNTAGAGNRÝNI.....	29
081201: JÓLABÓKAFLÓÐIÐ OG UMRÆÐAN.....	30
151201: FLÓÐIÐ OG BÓKMENNTIRNAR	31
291201: GRÖNDAL OG SAMTÍMINN.....	32
050102: MCLUHAN OG ÞJÓÐERNI	34
120102: UPPLÝSINGIN	35
260102: BÓKMENNTAUMRÆÐAN	36
020202: HUGVÍSINDI.....	37
090202: HÖFUNDUR NJÁLU	38
160202: NÁM ERLENDIS.....	39

230202: BÓKABÚÐIR, LAXNESS OG FRÆÐI	40
020302: STEINBECK OG HUGO	41
060402: SEBALD, CALVINO OG SKÁLDSAGAN	42
270402: „HREIN“ TUNGA OG ERLEND ÁHRIF	43
060702: FUKUYAMA, DERRIDA OG FRJÁLSLYNT LÝÐRÆÐI.....	44
130702: ELIOT OG VIVIENNE.....	45
200702: ÆVISÖGUR.....	46
270702: FOUCAULT OG EFTIRLITSSAMFÉLAGIÐ	47
100802: HRYLLINGUR	48
170802: VILLUR WILDES, EÐLI LISTAMANNA OG MENNINGARNÓTT.....	49
240802: LÍFSHÁSKI.....	50
310802: EVRÓPUVÆÐING FORNSAGNARANNSÓKNA	51
070902: 11. SEPT.....	52
140902: SKÁLDSKAPUR OG VERULEIKI.....	53
210902: SKÁLDSAGAN.....	54
280902: AÐ VERÐA AÐ HATA DANI	56
051002: RITSAFN SNORRA	57
121002: HOUELLEBECQ OG SKÁLDSKAPURINN	58
261002: BAUMAN, BRAIDOTTI OG PÓMÓ.....	59
021102: BÓKAVERTÍÐ OG UNGIR HÖFUNDAR	60
091102: SJÓNVARPIÐ OG HEIMURINN.....	61
231102: BLOGG OG BÓKMENNTIR.....	62
301102: BÓKSALA OG BÓKMENNTASMEKKUR.....	63
071202: HVÆÐ ERU GÓÐAR BÓKMENNTIR?	64
250103: VERKLAUS HÖFUNDUR.....	66
010203: SNORRI HÖFUNDUR EGLU?	67
010303: BLANCHOT.....	68
220303: STRÍÐ OG KONUR.....	69
120503: ÍRAKSSTRÍÐIÐ OG ATWOOD.....	70
260403: SKÁLDSAGAN.....	71

030503: NIETZSCHE	72
100503: ÞÝÐINGAR LAXNESS.....	73
240503: MATTHEW BARNEY OG CREMASTER.....	74
310503: HRAÐI	75
210603: HVAD ER LIST?	76
280603: GEORGE ORWELL	77
050703: HILLARY OG CLINTON	78
120703: ÍSLAND, BEST, STÆRST, OFTAST, MEST Í HEIMI!	79
260703: RÓTTÆKNI.....	80
020803: Í ÞRÁNDHEIMI.....	81
160803: HÖFUÐBORG ÓMENNINGARINNAR	82
060903: SKÁLDSAGAN OG SKRIFIN OG HÖFUNDURINN.....	83
130903: SARAMAGO, BÓKMENNTIR OG PÓLÍTÍK.....	85
200903: PÓSTMÓDERNÍSKUR HÚMANISTI?!	86
270903: LEIT	87
181003: BORGAR MENNING SIG?.....	88
251003: OFURVERAN	89
011103: BÓKAFLÓÐIÐ, ÞRÍLEIKIR SIGURÐAR PÁLSSONAR, ÆVISÖGUR.....	90
081103: BABL OG TURNAR.....	91
221103: DAUÐI HÖGNA.....	92
291103: HÖFUNDURINN ER DROTTNARI.....	93
061203: KATALÓNAR OG SAMTÍMINN.....	94
131203: HIÐ STÓRA ÉG.....	95
201203: KYNLÍF OG BOTNLANGABÓLGA	96
271203: HVERNIG LOSNAR MAÐUR VIÐ VERK?	97
030104: TLS OG BÆKUR ÁRSINS.....	99
170104: GÆLUDÝR BRAGA ÓLAFSSONAR.....	100
240104: MCLUHAN OG ÁHRIF MIÐLA	101
310104: PÓSTMÓDERNISMI: SJÓNARHORN OG ÁSTAND.....	102
070204: MVS.....	103

140204: BRJÓST ROTHS	104
280204: UMGJÖRÐIN: ÍSLENSK MENNING.....	105
060304: INNTAKIÐ	106
130304: SKÁLDSAGAN OG ÓGNARVERKIN	107
200304: NETIÐ OG BÓKMENNTIRNAR	108
030404: HÖFUNDARHUGTAKIÐ.....	109
170404: LESTUR, SJÓNVARP, NET	110
240404: BLOGG	111
010504: MENNING OG LÝÐRÆÐI	112
080504: HVERNIG Á MAÐUR AÐ VERA?.....	113
150504: KUSPIT OG PÓSTLIST	114
120604: BÓKMENNTAGAGNRÝNI.....	115
190604: VONNEGUT OG SONTAG UM MYNDIR	116
260604: HVERJIR ERU GÁFUMENNIRNIR Í SAMFÉLAGINU?	117
030704: AÐ DREITA MENN INNI: FUCK YOU RIGHT BACK	118
100704: MAJÓNES	119
170704: STJÓRNARSKRÁIN, LÖGFRÆÐINGAR OG TÚLKANIR.....	120
240704: VITUNDARVERÐIRNIR	121
310704: MVS OG BEYGURINN MIKLI.....	122
210804: FEGURÐ BORGARINNAR	123
280804: NEW YORK OG FJÖLMENNING	124
040904: LONG ISLAND RAIL ROADS	125
110904: HEIMSKA MARKAÐARINS.....	126
251104: ERU TIL ÍSLENSK HUGVÍSINDI EÐA BARA ÞÝDD?	127
021004: LESBÓK OG PÓSTMÓDERNISMI.....	128
091004: SARAMAGO OG LÝÐRÆÐIÐ	129
161004: DERRIDA	130
231004: MENNINGIN LIFIR FYRST OG FREMST Á SNILLD	131
301004: HANNESARMÁL	132
061104: LISTIR OG SAMFÉLAGSUMRÆÐAN	133

271104: SKÁLDSAGAN OG SAMFÉLAGSUMRÆÐAN	134
041204: HELGI HÁLFÐANARSON OG VÖLUSPÁ.....	135
111204: BÆKUR ÁRSINS SAMKV. TLS OG NYTBR	137
181204: KLÍKUR PÓSTMÓDERNISTA.....	138
080105: ÍSLENSK MENNING.....	139
150105: SÚPERSÆSAÐ MEÐ ÞRETI.....	141
220105: BUSH OG L-ORÐIÐ OG F-ORÐIÐ	142
050205: MYRKRÍÐ Í BORGinni.....	143
120205: ALGJÖR EFNISHYGGJA	144
260205: SAMRÆÐUR ÍSLENDINGA	145
050305: HOLLYWOOD Í ÍSLENSKUM BÍÓHÚSUM.....	146
120305: ÍSFRÉTT: RÁÐFRÆÐINGAR RÁÐHERRA	147
190305: BORGARVITUND, SAMFÉLAGSVITUND	148
090405: TÁKNHEIMAR OG LÝÐRÆÐI.....	149
160405: CAMUS OG KRIEGEL UM FOUCAULT	150
230405: ÍSLENSKT LEIKHÚS OG MARKAÐSANDSTÖÐUPRÁHYGGJA GAGNRÝNENDA	151
300405: LJÓÐ.....	152
030905: ÞORSTEINN GYLFASSON OG TÁKN.....	153
100905: BÓKMENNTIR OG UMHEIMURINN.....	154
221005: JAKOB F. OG PÓSTMÓDERNISMI.....	155
121105: BLAÐIÐ OG SKJÁRINN.....	156
191105: FOWLES.....	157
101205: PINTER OG NÓBEL OG BUSH.....	158
171205: PAMUK OG RÉTTARHÖLDIN.....	160
311205: HAUGURINN SEM BLASIR VIÐ HEIMA: ÍSLENSK MENNING	161
070106: HVÆÐ HUGSAÐI SÆNSKA AKADEMÍAN HAUSTIÐ 1955.....	163
140106: HREINSKILIN HJÖRTU OG ÖNNUR ALVÖRUMÁL.....	164
210206: TUNGAN OG ÚTRÁSIN	165
220106: ÍSLENDINGAR ERU HRIFNIR AF HÚSUM.....	166

040206: ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN	168
110206: FRAMTÍÐARHÓPUR VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS.....	169
180206: LESTUR, GRÓÐI OG GRÆÐGI.....	170
250206: SILVÍA NÓTT OG GJALDÞROT SAMTÍMAMENNINGAR	171
080406: HVÆÐ ERTU AÐ FARA AÐ GERA EFTIR ORGÍUNA?	172
220406: BÆKUR	173
290406: SKIPTIR MENNING EINHVERJU MÁLI?.....	174
060506: NEIL YOUNG	175
130506: HEFUR MENNINGIN GERT OKKUR MENNSKARI?	176
200506: ROKKSTJÖRNUKONSERT BÓKMENNTANNA	177
270506: AÐ LESA Á MILLI LÍNANNA	178
030606: MENNINGARSTRÍÐ KALDA STRÍÐSINS?	179
100606: MINNINGARGREINAR MOGGANS OG ENDURLÍFGUN SKÁLDS	180
170606: SAA SKYD!	181
240606: BÓKMENNTIRNAR EIGA AÐ FJALLA UM HVARF VERULEIKANS.....	182
010706: ÓPOLANDI RÓMANTÍK.....	183
080706: EKKERT NÝTT GERIST.....	184
120806: VINSTRIMENN Hafa TAPAÐ TUNGUMÁLINU	185
190806: HVARF ÍSLANDS	186
260806: TÁLMYNDIR.....	187
090906: GOLFSTRÍÐIÐ.....	188
160906: GOLFSTRÍÐIÐ OG BECKETT	189
230906: 10.000 BANDARÍKJAMENN LESA BÆKUR OG 2.000 ÞÝDDAR.....	190
300906: TVÆR FRÉTTIR.....	191
071006: NAUTNASTULDUR.....	192
141006: HVER LES HALLDÓR LAXNESS?	193
211006: LÍTIÐ AF FRÉTTUM Í LJÓÐUM.....	194
281006: MÝS OG VÍN	195
041106: BÓKMENNTASÖGUR	196
111106: BÓKMENNTAVERÐLAUN OG JÓN ARASON.....	197

181106: ÞÓRBERGUR OG BÓKMENNTASAGAN.....	198
251106: LISTGAGNRÝNI Í FJÖLMÍÐLUM	199
021206: HVAD ER BÓK?.....	200
091206: ALVÖRUMÁL	201
161206: DAUÐINN Á FORSÍÐUNNI.....	202
231206: CLINT	203
301206: ÁRAMÓTAUPPGJÖR.....	204
060107: BLOGGIÐ OG JÁTNINGAMENNINGIN.....	206
130107: PYNCHON OG ÍSLAND	207
200107: FORLÖGIN OG TRÚIN Á BÓKMENNTIRNAR.....	208
270107: HLUTVERK BÓKMENNTA	209
030207: FORDÆMI KRIMMANS?	210
100207: ANNA NICOLE SMITH	211
240207: NÓTUR UM SKANDAL	212

2001

070401: Nerdrum, kitsið og borgin

I

Sjálfsmynd norska listmálarans Odds Nerdrums, sem prýðir veggspjöld, boðskort og annað kynningarefni sýningar hans sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag, vekur óneitanlega athygli. Málverkið, sem er tilvísun í sjálfsmyndir Rembrandts, sýnir Nerdrum í miklum serk sem hann lyftir upp á bringu til þess að bera lim sinn í fullri reisn. Undan kyrtlinum skagar líka víðáttumikil vömb Nerdrums sem ögrar staðlaðri fegurðarímynd samtímans, þar sem sléttur og stæltur líkamsræktaður magi er frumþáttur.

II

Á sumu kynningarefni sýningarinnar, svo sem auglýsingaspjöldum á strætisvögnum, hefur verið settur svartur borði yfir neðsta hluta myndarinnar vegna fjölda áskorana sem bárust listasafninu. Málverkið, sem er lýsandi fyrir glæsilegt handverk Nerdrums, olli sömuleiðis usla í Stokkhólmi þar sem listamaðurinn hélt sýningu fyrir skömmu. Verkið særði blygðunarkennd sænsku borgaranna sem einnig vildu borðaleggja það. Viðbrögðin við nekt Nerdrums vekja hnýsilegar spurningar. Til dæmis þá hvers vegna hún sé leyfileg innan veggja opinberrar listastofnunar, sem er opin öllum almenningi, ef hún er bönnuð utan hennar?

III

Nerdrum kallar sig kitsmálara og á þá við að myndir sínar séu yfirborðskennd túlkun á viðteknum hugmyndum og ímyndum. Eins og Milan Kundera bendir á í *List skáldsögunnar* talaði þýski rithöfundurinn Hermann Broch um þörf kitsmannsins: „Þörfin fyrir að skoða sig í fegrandi lygaspegli og kannast þar hrifinn og ánægður við sjálfan sig.“ Kitsið er útlitsmenning samtímans í algleymi. Sjálfsmynd Nerdrums er falletgur viðsnúningur á henni.

IV

Austurstrætið er nú sundurgrafið frá Pósthússtræti til Ingólfstorgs, flakandi sár í hjartastað borgarinnar. Endurnýja á götuna og endurhanna útlit hennar. Reykjavík á óþægilegar minningar um slíkar framkvæmdir. Laugavegurinn hefur kannski oftast verið skorinn upp með þessum hætti. Árangurinn hefur verið misjafn og götumyndin iðulega margvísleg þar til nú að heildarsvipur hefur komist á hana. Bugðurnar og ljóspollarnir og hríslurnar setja hins vegar óþarflega tilgerðarlegan blæ á Laugavegin, þessa fornfrægu götu sem gæti haft látlaust klassískt yfirbragð.

V

Hið sama á við um austurhluta Austurstrætis, - hliðið við enda þess er hámark smekkleysunnar og vafalítið aumasta borgarhlið Evrópu og þótt víðar væri leitað. En vonir standa til að annað verði upp á teningnum í vesturendanum. Þar vinna Kjartan Mogensen landslagsarkitekt og Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmaður að hönnun á nýrri götumynd. Kristinn hefur áður tekið þátt í slíku hönnunarsamstarfi við arkitekta en hann vann með Steve Christer arkitekt hjá Studio Granda og Steinþóri Kára Kárasyni arkitekt að hönnun nýs útsvæðis og bílageymslu við viðbyggingu Kringlunnar. Það samstarf var nýjung í íslenskum arkitektúr og tókst mjög vel. Hingað til hefur tilhögun slíks samstarfs verið sú að listamaðurinn kemur ekki að verkinu fyrr en hönnunarvinnu og jafnvel framkvæmdum er lokið. Bætir hann þá listaverki sínu við þá mynd sem arkitektinn hefur hannað. Útkoman hefur oft verið ærið sundurleit, skort hefur á samhengi og samræðu milli listaverksins og umhverfisins, verkið hefur frekar verið eins og aðskotahlutur í mannvirkinu. Með samstarfi arkitektsins og listamannsins við hönnunina er hins vegar miðað að því að gera listaverkið hluta af mannvirkinu. Forvitnilegt verður að sjá hvað úr verður í Austurstrætinu.

210401: TMM, Nerdrum og listandinn

I

Það fer vel á því hér í neðanmálsgrein *Lesbókar* að óska nýjum ritstjóra *Tímarits Máls og menningar*, sem nú kallar sig „tmm, tímarit um menningu og mannlíf“, til hamingju með fyrsta hefti eftir umfangsmiklar breytingar á ritinu. Hið nýja rit hefur vakið mikil viðbrögð. Flestir virðast á því að ekki hafi verið farin rétt leið með því að færa þetta fornfræga bókmenntarit í átt að þeim óvirðulegu bókmenntum sem glanstímarit landsins eru. Telja sumir að á bak við þessa vendingu hljóti að vera misskilin markaðsfræði en forvitnilegt verður að fylgjast með því hvort kúrsinum verður haldið í næsta hefti eða sveigt af leið eftir því hvernig vindar hafa blásið undanfarnar vikur.

II

Við opnun sýningar Odds Nerdrums á Kjarvalsstöðum var flutt leikverk eftir listamanninn sem nefnist *Listveldið*. Þar ræða höfundur og Edvard Munch um myndlist og veldið sem umlykur hana. Þeir tala meðal annars um listasafna- og listfræðingaveldið. Í leikritinu er Munch rödd reynslunnar og telur hann að öll áherslan á túlkun listarinnar umfram upplifun hennar, sanna listnautn, hafi fært listasöfnunum og listfræðingunum of mikið vald: „Við þekkjum vel túlkun á grundvelli aðáunar. En öll þessi ofur-túlkun hefur gert nútíma-listasöfn að dómkirkjum tótleikans, þau eru stór keröld sem á að fylla, eins og beðið sé eftir einhverju stórfenglegu utan úr geimnum,“ segir Munch og Nerdrum spyr eins og hann viti ekki hvernig er í pottinn búið: „Þeir sem nú á dögum ákveða hvað hafi gildi, hvað teljist gjaldgeng list, eru þá sem sagt sýningarstjórar listasafnanna?“ Munch játar því og segir að það megi kalla þá „yfirlistamenn“. Þetta þykir Nerdrum skrítið: „að klassísk listasöfn skuli vera eins og óperuhús, en nútímalistasöfnin eins og hof, sem bíða eftir nýjum Guði.“ Niðurstaða hans er þessi: „En þetta er hreint eins og á miðöldum! Listasöfn nútímans eru þá full af verkum sem ekki standa sjálf fyrir sínu, og listamaðurinn er orðinn hráefnisframleiðandi. Er það ekki? Þá hljótum við að lifa á tíma listfræðinganna. Þeir eru orðnir listamenn samtímans. En þessir sýningarstjórar, hvað sjá þeir? Hver er þeirra þáttur annar en að fræða safngesti?“

III

Munch og Nerdrum tala líka saman um tilurð listhugtaksins á átjándu öld. Það voru heimspekingarnir sem skilgreindu listina á átjándu öld en ekki listamennirnir, að mati Munchs, og þeir settu andann ofar handverkinu, handverksmönnum var að verða ofaukið vegna iðnvæðingarinnar.

Nerdrum áttar sig: listin hefur þróast nákvæmlega eins og Kant og aðrir hughyggjumenn átjándu og níttjándu aldar vildu og farið beina leið inn í konseptið, beint inn í hinn hreina anda. „Og kitsið,“ segir Nerdrum, „er þá notað um verk þeirra sem eru ekki í takt við tímann, þeirra sem sátu eftir í handverkinu?“

Það má víst kalla þá „gervilistamenn“. „Já, sá gamli er á því, í listinni var ekkert rúm fyrir hæfileikaríka handverksmenn en menn höfðu ótakmarkað frelsi til hugarleikfimi. „Þetta er merkilegt,“ dæsir kitsmálarinn Nerdrum, „það er eins og listamenn búi yfir sameiginlegu leyndarmáli. Manni finnst maður vera svo heimskur í hópi þeirra, maður verður aldrei nógu spaklega þenkjandi.“

IV

Nerdrum er spakari en hann heldur. Undir fallegu handverkinu leynist frjór andi, svo talað sé í anda listandans.

280401: Fræðalíf, Miðnæturútgáfan, Beckett og Potter

I

Ótrúleg gróska er í fræðalífi landsins um þessar mundir sem endurspeglast meðal annars í miklu framboði á ráðstefnum og málþingum af ýmsu tagi. Hefur framboðið sennilega aldrei verið meira, en nú er svo komið að áhugasömum er ómögulegt að fylgjast með öllu því sem til boða stendur. Einstök félög og stofnanir eru til að mynda teknar að halda úti reglulegum málfundum, jafnvel vikulegum, sem gefur fræði- og áhugamönnum á tilteknum sviðum færi á að fylgjast með gerjun fræðanna. Nefna mætti vikulegt rabb á vegum Rannsóknarstofnunar í kvennafræðum og hádegisfundi Sagnfræðingafélagsins. Ástæða er til þess að benda á viðamikil málþing um bókmenntir og kvikmyndir sem haldið verður í Háskólabíói í dag kl. 13 í tengslum við viku bókarinnar. Þar fjalla nokkrir af okkar áhugaverðustu rithöfundum og fræðimönnum um tengsl bókmennta og kvikmynda. Til máls taka Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir, Eggert Þór Bernharðsson, Einar Már Guðmundsson, Geir Svansson, Guðni Elísson, Kristján B. Jónasson og Matthías Viðar Sæmundsson.

II

Jérôme Lindon, stofnandi Miðnæturútgáfunnar frönsku (Éditions du Minuit), lést í fyrri viku, 75 ára að aldri. Lindon var framsækinn og metnaðarfullur útgefandi sem átti kannski ekki hvað minnstan þátt í framgangi frönsku nýsögunnar á sjötta áratugnum. Lindon gaf út Claude Simon, Alain Robbe-Grillet, Marguerite Duras, Michel Butor og fleiri höfunda þessara ólíkindalegu bókmennta. Einnig ávann Lindon sér virðingu og frægð sem útgefandi verka Samuels Becketts sem öðrum útgefendum þóttu í upphafi fremur óvænleg til útgáfu. Miðnæturútgáfan gaf út *Molloy* árið 1951 og var forlag Becketts upp frá því. Þeir sem nú fylgjast með sýningum Ríkissjónvarpsins á níttján verkum írsku skáldsins mega vita að bókmenntanef Lindons var ósvikið.

III

Fyrst minnst er á Beckett-veislu sjónvarpsins skal minnt á að *Endatafl* verður sýnt á sunnudagskvöld en það skipaði sérstakan sess í huga skáldsins sjálfs og er eitt af allra bestu verkum hans. Í verkinu, sem er skrifað árið 1957 á frönsku, er dregin upp samlíking milli endataflsins á skákbörðinu og síðasta skeiðs lífsins. Leikstjóri er Conor MacPherson og leikendur Michael Gambon, David Thewlis, Charles Simon og Jean Anderson. Frekari upplýsingar um þættina, verkin og skáldið eru á heimasíðu RUV, www.ruv.is

IV

Joanne Rowling, höfundur Harry Potters, malar gull á sköpunarverki sínu. Samkvæmt nýbirtum lista breska dagblaðsins *The Sunday Times* er Rowling 526. efnaðasti maður Englands og Írlands. Rowling er 35 ára og fyrrum kennari sem átti varla í sig og á þegar hún skrifaði fyrstu bókina um Potter á kaffihúsi í Edinborg fyrir fjórum árum. Vinsældir bókanna hafa aukist með hverri bók, fjórar hafa komið út en Rowling hefur þegar lokið við sjöundu og síðustu bókina. Nokkur urgur var í trúarleiðtogum í Bandaríkjunum á síðasta ári við útkomu fjórðu bókarinnar en þeir töldu að Potter predikaði svartagaldur. Eigi að síður seldist bókin í stærra upplagi en þrjár fyrstu bækurnar. Rowling var furðu lostin, að sögn, og taldi vinsældirnar orðnar ævintýralegar, jafnvel ógnvekjandi. Útgáfu bókanna hefur verið fylgt eftir með svipuðum hætti og stórmynd frá Hollywood. Tölvuleikir um Potter hafa verið settir á markað, ásamt fatnaði og ýmiss konar varningi sem tengist sögunum. Og auðvitað er bíómyndin á leiðinni.

190501: Nóbél

I

Sagan segir að þegar spænski rithöfundurinn Camilo José Cela hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1989 hafi tveir Mexíkóskir rithöfundar verið efstir á blaði hjá sænsku akademíunni fram á síðustu stundu, ljóðskáldið Octavio Paz og skáldsagnahöfundurinn Carlos Fuentes. Akademían gat ómögulega komið sér saman um það hvorn Mexíkóanna ætti að verðlauna í þetta skiptið enda höfundar sem báðir hafa markað stór spor í bókmenntasöguna. Lendingin varð því Cela í þetta skiptið, höfundur sem sumir telja kannski ekki jafnast á við Mexíkóana tvo en niðurstaðan varpar líka óvæntu og kannski sköndnu ljósi á afstöðuna milli Spánar og hins spænskumælandi menningarheims í Mið- og Suður-Ameríku þar sem hinir síðarnefndu hafa ávallt verið í hlutverki eins konar viðhengis. Akademían bætti þó fyrir þennan ótta við afstöðu er hún veitti Paz Nóbélinn árið eftir, 1990. Sjálfsagt eru margir á því að tími sé kominn til þess að Fuentes hljóti þessa viðurkenningu einnig þótt þar með sé ekki verið að segja að hún skipti sköpum fyrir viðgang rithöfunda. Verðlaun sem þessi gera menn ekki stærri eða meiri í raun þótt þau séu vissulega fallin til þess að auka á virðingu þeirra.

II

Nóbelsverðlaunin eru umdeild eins og öll önnur bókmennta- og menningarverðlaun. Nóbelsverðlaunin hafa þó haft einn ágalla frá upphafi sem þau hafa átt erfitt með að hefja sig yfir en Alfred Nobel, stofnandi þeirra, setti þau skilyrði fyrir veitingu þeirra að viðkomandi verðlaunahafi og verk hans yrðu að hafa ákveðið pólitískt og samfélagslegt gildi. Útnefningar sænsku akademíunnar hafa oft borið þess merki að þessi fyrirmæli hafi flækst talsvert fyrir henni. Það eru líka ansi þröngur og vondur mælikvarði á gildi rithöfunda og bókmenntaverka að þau þurfi að hafa pólitískt eða samfélagslegt gildi. Hann endurspeglar í raun frekar hugmyndir manna um hlutverk bókmenntanna á tímum Alfreds Nobels eða á síðari hluta níttjándu aldarinnar en altækt viðmið um gildi þeirra. Að vísu hefur mátt sjá ákveðna viðleitni til þess að taka meira mið af bókmenntasögulegu gildi þeirra höfunda sem fengið hafa verðlaunin á síðustu árum og má þar nefna Günther Grass og José Saramago. Þótt það verði að viðurkennast að hin bókmenntalegu viðmið taki einnig breytingum í sögunnar rás þá hljóta þau samt að vera hin réttu þegar meta skal verðleika rithöfunda og ritverka. Hið bókmenntalega og hið samfélagsleg eða pólitíska þurfa heldur ekki að vera andstæður, og sannarlega eru þetta ekki náttúrulegar andstæður. Menning og samfélag þrífast ekki án hvors annars.

III

Camilo José Cela hefur ekki náð sér almennilega á strik frá því hann hlaut verðlaunin fyrir rúmum tíu árum og þessa daganna stendur hann í málaferlum þar sem hann er sakaður um ritstuld af konu að nafni Carmen Formoso. Konan heldur því fram að skáldsaga Cela, *La Cruz de San Andrés*, sem höfundurinn fékk virtustu bókmenntaverðlaun Spánar fyrir árið 1994, *Plánetuna*, sé breytt útgáfa af skáldsögu sem hún sendi dómnefnd Plánetunnar þetta sama ár og nefndist *Carmen*, *Carmela*, *Carmiña* (*Fluorescencias*). Cela er auðvitað ekki fyrsti rithöfundurinn til þess að lenda í slíkum málaferlum en þau munu vafalítið valda honum nokkrum skaða, hvort sem sök sannast á hann eða ekki.

090601: Beckett

I

Breska vikuritíð *The Economist* segir erfingja írsku skáldsins Samuels Becketts hafa sýnt dirfsku með því að leyfa kvikmyndun á öllum níttján sviðsverkum hans, en þau voru nýlega sýnd í Ríkissjónvarpinu. Blaðið bendir á að sjálfur hafi Beckett haft mikinn áhuga á kvikmyndum en jafnframt hafi hann haft mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig ætti að nota formið. Hann hafi til dæmis sóst eftir samstarfi við rússneska kvikmyndaleikstjórnann Sergei Eisenstein, sem ekki varð úr og unnið með Buster Keaton að gerð síðustu þöglu myndarinnar hans, *Film*, en hafnað samstarfi við Ingmar Bergman og fleiri kunna leikstjóra.

II

The Economist telur að Beckett hefði vafalaust snúið sér við í gröfinni yfir því hvernig sum verka hans voru aðlöguð kvikmyndaforminu í þáttunum níttján. Hann hafi ætíð verið fullur efasemda um að hægt væri að aðlaga sviðsverk að formi kvikmyndarinnar svo vel færi og honum hefði vafalítið þótt sumar tæknilegar útfærslur og brellur í myndunum níttján orka tvímælis. Hann hafi haft þá skoðun að það þyrfti að gera talsverðar formlegar breytingar á verkunum til þess að þau gengju upp í kvikmynd og haft það að leiðarljósi er hann kvikmyndaði nokkur eigin verka.

III

Blaðinu þykir hafa tekist verr upp við aðlögun fágúðustu verka skáldsins, svo sem *Endatafls*. Í þeim sé unnið svo náíð með sviðsformið að erfitt sé að finna samsvarandi lausnir í kvikmynd. Betur hefði tekist upp með verk á borð við *Leikið* sem eru ekki eins föst í forminu. Að mati blaðsins ollu hins vegar verk á borð við *Katastrófu* og *Andardrátt*, sem stórstjörnur eins og Damien Hirst, Harold Pinter og John Gielgud unnu við, mestum vonbrigðum. Yfir höfuð þykir *The Economist* verkefnið þó vera hugdjörf og þakkarverð tilraun Írsku sjónvarpsins til þess að færa framúrstefnuleikhús upp á skjáinn. Öllum þeim sem hafi áhuga á að fylgjast með þróun nútímaleikhúss sé nauðsynlegt að sjá þættina.

IV

Taka má undir þessa gagnrýni *The Economist*. Þættirnir níttján voru afar misjafnir á að horfa þótt það hafi sannarlega verið mikill fengur af þessu óvenjulega sjónvarpsefni sem slíku. Eins og Árni Ibsen benti á í fjölmiðlapistli á þessari síðu fyrir skömmu brutu sum verkin gegn flestum lögmálum um það sem talið hefur verið áhorfendavænt sjónvarpsefni í gegnum tíðina. Óhætt er að segja að fulllitið sé um slíkt efni í íslensku sjónvarpi og á það jafnt við um Ríkissjónvarpið og einkareknu stöðvarnar.

V

Þessi níttján verk Becketts vöktu óneitanlega spurningar um hlutverk Ríkissjónvarpsins. Á það að leggja megináherslu á sýningu afþreyingarefnis á borð við bandaríska skemmtiþætti og Hollywoodmyndir, eins og gert hefur verið í gegnum tíðina, eða á það að leggja áherslu á að kynna áhorfendum efni á borð við leikrit Becketts, sem þeir hafa annars ekki möguleika á að sjá á einkastöðvunum? Af dagskrárstefnu Ríkissjónvarpsins að dæma virðist ekki hafa verið tekin skýr afstaða til þessarar spurningar.

280701: Há- og lágmennning

I

Á undanförunum áratugum hafa skilin milli hins háa og lága í menningu og listum orðið æ óljósari. Bandaríski fræðimaðurinn Fredric Jameson heldur því fram í áhrifamikilli bók sinni, *Postmodernism or, The Cultural Logic of Late Capitalism* (1991), að eitt af megineinkennum póstmóðernismans sé höfnun á hvers konar aðgreiningu á háu og lágu í listum og menningu, á „opinberri“ hámenningu og alþýðu- eða fjöldamenningu. Móðernistarnir byggðu á þessari aðgreiningu, enda trúðu þeir því að verk gæti verið einstakt og upprunalegt og sömuleiðis reynslan af því að njóta þess. Móðernísk verk voru líka oft sögð eftir og fyrir hina fáu útvöldu. Nú hefur upprunaleikinn aftur á móti verið tekinn í tölu goðsagna ásamt frumleikanum og flestum öðrum hugmyndum sem menn gerðu sér um æðri listsköpun. Listaverk, hvaða nafni sem þau nefnast, verða nú, að margra mati, til í samræðu við önnur listaverk og stundum getur jafnvel verið erfitt að sjá hvar mörkin liggja milli þeirra, hvað þá milli greina og flokka eins og hátt og lágt.

II

Þessi skörun hins háa og lága í menningu samtímans birtist með ýmsum hætti. Beinast liggur kannski við að benda á hvernig hefðbundnir miðlar „hámenningar“ flytja efni sem skilgreint hefur verið sem alþýðulist og öfugt. Nýlega var til dæmis gerð sjónvarpsþáttaröð úr leikritum Samuels Becketts. Sumir gagnrýndu þættina harðlega og töldu að sjónvarpið gæti engan veginn gert hinum margflóknu verkum nóbelsverðlaunaskáldsins viðunandi skil. Aðrir bentu á að þarna hefði orðið forvitnileg skörun tveggja forma og miðla. Í myndlist hafa skilin milli hins háa og lága kannski orðið hvað óljósust. Popplistin er oftast nefnd sem dæmi þar sem myndmál neyslupjódfélags og fjölmiðlunar svo sem auglýsingar, myndasögur og kvikmyndir er tekið til meðferðar. Í tónlist er þessa skörun ef til vill fyrst og fremst að finna í framsæknu rokki á borð við það sem íslenska hljómsveitin Sigur Rós leikur, en eins og Arnar Eggert Thoroddsen bendir á í grein í *Lesbók* í dag þá er „eðli dægurtónlistarinnar nú á dögum að virða heilagleikann að vettugi og hræra og hrista saman sem mest má“.

III

Í fræðum hefur athyglin einnig í auknum mæli beinst að menningarstarfsemi sem löngum hefur verið skilgreind sem lágmennning og því ekki verðugt rannsóknarefni. Margir menningarrýnar hafa fylgt í fótspor frumkvöðla á borð við Richards Hoggarts, Raymonds Williams og Rolands Barthes og beint sjónum sínum að íþróttum, tísku, verslun, leikjum og öðrum þáttum hversdagslífsins til að varpa fræðilegu ljósi á menningarástand samtímans. Þessa breyttu áherslu í menningarrýni hefur mátt sjá í ýmsum greinum hér í *Lesbókinni* á undanförunum mánuðum. Áðurnefnd grein Arnars Eggerts í blaðinu í dag er eitt dæmi, en hann bendir raunar á þá skörun sem umfjöllun hans um rokktonlist í *Lesbókinni* veldur og spyr: Hvað er þessi grein að gera hér í *Lesbókinni*? Sjálfsgagt líta einhverjir svo á að enn eitt vígið sé fallið en auðvitað hlýtur *Lesbókin* að leitast við að endurspeglar strauma og stefnur í samtímamenningu.

040801: Rökgreiningar- og meginlandsheimspeki

I

Heimspekiheimurinn hefur lengi verið klofinn í tvennt eftir víglínu bresk-bandarísku rökgreiningarheimspekinnar og meginlandsheimspekinnar sem stundum hefur verið kennd við orðið. Heimspekingar innan þessara fylkinga hafa nýtt hvert tækifæri til þess að varpa rýrð á hugmyndir og aðferðir hver annars. Rökgreiningarheimspekingar hafa kallað meginlandsheimspekinga á borð við Þjóðverjann Friedrich Nietzsche og Frakkann Michel Foucault skáldfífl og brjálæðinga sem tapi ráði og rænu í innblásnum myndhverfðum stíl sem líkist ekki í neinu heimspekilegum texta. Meginlandsheimspekingar hafa hins vegar haldið því fram að bresk-bandarískir starfsbræður sínir neiti að skilja það sem þeir hafi að segja og sýni hroka hins lata gagnvart nýjum sjónarhornum.

II

Greinarmunurinn á þessum tveimur heimspekihefðum er þó ef til vill ekki eins mikill og þessar, að vissu leyti, hlægilegu ýfingar gefa tilefni til að halda. Bandaríski heimspekingurinn Arthur C. Danto, sem rætt er við í *Lesbók* í dag, er einn þeirra sem hafa ekki viljað samsinna öfgafyllstu aðskilnaðarsinnunum og notast jöfnum höndum við hefð rökgreiningarheimspekinnar, sem hann er sprottinn úr, og hinnar sem þróast hefur á meginlandinu til að glíma við aðskiljanlegustu viðfangsefni. Á síðari árum hafa æ fleiri af þeim vængnum gert slíkt hið sama.

III

Meginlandsheimspekingar hafa sömuleiðis margir hverjir fundið samhljóm með rökgreiningarheimspekingum. Fyrirnefndur Michel Foucault, sem sumir telja meðal allra róttækustu póstmóðernista og andheimspeking, sá til að mynda engan mun á rannsóknnum sínum á valdi og rannsóknnum rökgreiningarheimspekinga á tungumálinu. Í fyrirlestri sem hann hélt í Japan árið 1978 og nefndi „Rökgreiningarheimspeki stjórn mála“ útskýrði hann að nálgun hans við pólitískt vald væri hin sama og nálgun rökgreiningarheimspekinnar við tungumálið. Hann segir heimspekinga fyrir löngu hafa gert sér ljóst að þeirra hlutverk sé ekki að uppgötva það sem er mannauganu hulið heldur þvert á móti að opna augu manna fyrir því sem er fyrir augum þeirra alla daga en þeir taka ekki eftir. Í ljósi þessa gæti hlutverk heimspeki samtímans þess vegna verið að opna augu manna fyrir því hvaða valdatengsl það eru sem við erum flækt í og heimspekin sjálf hefur setið föst í síðastliðin 150 ár að minnsta kosti. Mörgum kann að þykja þetta heldur lítilvægt verkefni, segir Foucault, en hafa verður í huga að rökgreiningarheimspekin hefur glímt við svipað verkefni í málheimspekinni. Hún hefur ekki kannað eðli eða grunnbyggingu tungumálsins heldur daglega beitingu þess við ólíkar aðstæður. Á sama hátt eigi heimspekingar að rannsaka mismunandi birtingu valdsins í hversdagslegum aðstæðum fólks en ekki leitast við að setja fram altæka kenningu um það og auk þess kanna fyrir alvöru þátt leiksins í valdatengslum samfélagsins.

IV

Enn eru menn þó að agnúast hver út í annan í stað þess að koma sér niður á sameiginlegan umræðugrundvöll. Danto lýsir eins konar pattstöðu milli þessara tveggja meginstrauma heimspekinnar í samtalinu sem birtist hér í *Lesbókinni*. Kannski pattstaðan marki endalok heimspekinnar eins og við þekktum hana á síðustu öld.

180801: Menning og menningarnótt

I

Hvar liggja mörk menningar? Þetta er spurning sem fræðimenn og listamenn og flestir sem komið hafa nærri menningarumræðu af einhverju tagi hafa velt fyrir sér í áráraðir. Síðastliðin ár hafa flestir þokast í átt að víðari skilgreiningum en áður tíðkuðust. Sumir vilja ganga alla leið og segja að menningin eigi sér engin mörk, allt sé menning, menning sé allt.

II

Í hópi fræðimanna eru það einkum menningarfræðingar sem kjósa þetta víða sjónarhorn. Í menningarfræðum hefur verið leitast við að rannsaka mannlíf og menningu á þverfaglegum grundvelli. Menningarfræðin nýtir sér sjónarhorn hinna margvíslegu fræðigreina hug- og félagsvísindanna og fer jafnframt yfir hefðbundna múra hvað varðar viðfangsefni. Enginn vafi leikur á því að þessi unga (en þó nær hálftrar aldar gamla) fræðigrein hefur með þessum hætti skapað afar áhugaverða deiglu sem ómögulegt er að vita hvað á eftir að koma upp úr.

III

Ný uppskrift að menningunni er ef til vill eitt af því. Markalínur menningar hafa sjaldan verið jafnóljósar. Þetta kann skilgreiningarsjúkur samtíminn að taka óstíntt upp. Samspil ólíkra orðræðuhefða opnar aftur á móti óneitanlega nýja og oft óvænta sýn á menningu og samfélag. Þannig hefur það til dæmis veitt nýjan skilning á borgarskipulagi að beita á það bókmenntafræðilegum lestri. Táknfræðin hefur og gagnast vel við að varpa ljósi á áhrif fjölmiðla og pólitíska umræðu. Sömuleiðis hafa kenningar í málheimspeki og málvísindum opnað nýjar víddir í rannsóknum á valdastrúktúr samfélaga. Þannig mætti lengi telja.

IV

Menningin stendur því á afar áhugaverðum og skapandi mærum einhvers sem er og einhvers sem er ekki, einhvers sem má og einhvers sem má ekki. Menningarnótt í Reykjavík er ágætt dæmi um þetta. Þau hátíðarhöld sem farið hafa fram í kringum afmæli borgarinnar ár hvert síðastliðin fimm ár hafa lýst ákaflega víðum skilningi á menningarhugtakinu. Hin umdeildu mörk lágmenningar og hámenningar eru þar hvergi sýnileg. Popp og rapp eru þar jafngild menning og strengjakvartett eftir Brahms. Á dagskránni eru bókmenntalestrar á börum og skrúðgöngur minnihlutahópa. Flestir hinna tugþúsunda sem fara í bæinn þetta kvöld telja sig þó hafa notið menningar með því einu að röltu milli reykmettaðra kráa. Og hápunktur kvöldsins og eins konar hátindur íslenskrar menningar ár hvert er hin víðfræga flugeldasýning. Enginn menningarviðburður dregur að annan eins fjölda gesta.

V

Íslensk menning er flugeldasýning. Íslensk menning er á uppleið. Íslensk menning er að springa út. Fjölbreyntin er ríkjandi. Allt gengur, allt er leyfilegt. Og úr verður þessi eldfima samræða sem sumir skilja hvorki upp né niður í en aðrir vilja efla og auka. Enn aðrir líta svo á að hún hljóti að endurspegla ríkjandi ástand í víðum skilningi og því sé hún áhugaverð í sjálfri sér.

250801: Houellebecq og skáldsagan

I

Það er orðið ákaflega sjaldgæft að útkoma nýrrar skáldsögu sé viðburður. Samt er skáldsagan háværa bókmenntaformið. Hún á bara ekkert í kvikmyndina og sjónvarpið - og óperuna sem virðist þrátt fyrir frekar íhaldssamt form hafa haldið athygli menningarelítunnar og fjölmiðlanna, sennilega fyrir tilstilli „poppúlar“ stórstjarna á borð við Domingo, Pavarotti og Carreras. (Vinsældirnar beinast þó fyrst og fremst að hinum klassísku óperuverkum, nýrri verk eiga síður upp á pallborðið, að minnsta kosti hérlendis eins og fram kemur í umfjöllun um íslensku óperuna í *Lesbók* í dag.) Ástæða þess að skáldsögur ná ekki athygli menningarvita og fjölmiðla með sama hætti er hugsanlega ekki aðeins sú að bókmenntir eru í eðli sínu hljóðlát og lítillát listform heldur að skáldsagan sé ekki lengur meginlistform samtímans eins og margir töldu hana vera langt fram eftir síðustu öld. Þar hafi hinar kviku myndir tekið við.

II

Ein og ein skáldsaga rýfur þó þagnarmúrinn. *Öreindirnar* eftir franska rithöfundinn Michel Houellebecq var tvímælaust ein þeirra (útg. 1998). Um fáar bækur hefur verið meira rætt síðustu þrjú ár. Hérlendis kom hún út í fyrra og vakti furðu margra lesenda. Í gær kom út í París ný skáldsaga eftir Houellebecq sem Friðrik Rafnsson, þýðandi *Öreindanna*, fjallar um í *Lesbók* í dag. Bókin nefnist *Plateforme* og hefur þegar vakið mikla athygli.

III

Plateforme hefur verið auglýst mikið í frönskum fjölmiðlum að undanfögnu, nánast eins og um frumsýningu á nýjustu Hollywoodmyndinni væri að ræða. Flestir bjuggust við því að sagan myndi vekja kröftug viðbrögð eins og *Öreindirnar* sem þótti á köflum klámfengin og ruddaleg nálgun við ímyndarkreppu samtímamannsins. Eins og fram kemur í grein Friðriks stendur það heima, ekkert skortir á ögrandi stíl og hugmyndir í nýju bókinni. Í henni er öðrum þræði fjallað um kynlífsferðamenskuna, ferðir vesturlandabúa til landa í Asíu og Suður-Ameríku í leit að vænda. Houellebecq fer meðal annars hörðum orðum um ferðahandbækur um þessi lönd og er búist við að höfundur einnar þeirra muni sækja Houellebecq til saka fyrir vikið.

IV

Franskir fjölmiðlar fjölluðu um *Plateforme* þegar á fimmtudag, daginn fyrir opinberan útgáfudag. *Le Monde* talaði um Houellebecq-haustið og taldi víst að sagan myndi koma af stað ritdeilum. *Liberation* birti hins vegar ritdóm þar sem gagnrýnandinn var greinilega á báðum áttum yfir orðkynnginni, lofaði hana í öðru orðinu en þótti nóg um í hinu.

V

Bramboltið í kringum útkomu *Plateforme* er ánægjulegt að því leyti að það gefur til kynna að skáldsagan sé enn við ágæta heilsu, hún geti enn hrist upp í samtíma sínum. Sjaldgæft er að íslensk skáldsaga valdi almennri misklíð. Hallgrímur Helgason vakti umtal með *101 Reykjavík* á síðasta áratug. Einnig Guðbergur með *Tómasi Jónssyni. Metsölubók*, en við útkomu hennar á sjöunda áratugnum stóðu reyndar enn deilur um *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness. Við bíðum spennu eftir skáldsögum haustsins.

010901: Íslensk menning

I

Íslensk menning! Hvað er nú það? Sigurður Nordal hafði svör á reiðum höndum, eins og svo oft, og ritaði mikla bók um efnið, og áætlaði reyndar heilan bókaflökk sem ekkert varð úr. Í bók sinni fjallar Nordal um rætur íslenskrar menningar í fornum kvæðum og sögum. Að mati Nordals og annarra fylgismanna hins svokallaða „íslenska skóla“ í íslenskri sagnaritun var íslensk menning afurð höfundanna miklu á miðöldum sem færðu í letur eðlisþætti íslenskrar þjóðar, gáfu henni sjálfsmynd og sjálfstraust sem hún hefur síðan byggt á.

II

Í viðtali við *Lesbók* í dag bendir Helga Kress prófessor á að þessir höfundar voru að mati íslenska skólans „undantekningarlaust lærðir karlar, menntaðir í útlöndum sem vegna ættjarðarástar snúa aftur heim til að skrifa þessar miklu bókmenntir“. Helga heldur því fram að höfundar fornsagnanna séu tilbúningur karlabókmenntafræðinnar. Sögurnar voru og eru, að mati Helgu, höfundarlausar og margradða, sprotnar úr munnmælum alþýðunnar, einkum slúðri kvenna.

III

Kannski hafa einhverjir átt bágð með að setta sig við þann skilning að höfundarhugtakið er fyrst og fremst hugmynd og rannsóknarforsenda sem varð til í ákveðnu hugmyndafræðilegu samhengi fyrir um tvö hundruð árum. Það hefur verið notadrjúgt í bókmenntarannsóknunum og á fleiri sviðum mannlífsins en hefur á síðustu árum þurft að víkja meir og meir fyrir öðrum og nýrri forsendum. Helga hefur í þrjátíu ár unnið mikið og merkilegt starf við að kynna nýjar kenningar í íslenskri bókmenntafræði, nýja nálgun við íslenskar bókmenntir, fornar sem nýjar. Í viðtalinu talar hún um að nýjar kenningar mæti iðulega fjandskap í íslenskum bókmennta- og fræðiheimi. Kannski er fullsterkt til orða tekið hjá Helgu en engum þarf þó að dyljast að nýjar kenningar og ný hugtök mæta ákveðinni tregðu í íslenskri fræðiumræðu. Hvað veldur er erfitt að segja en Helga bendir á að kenningarnar komi iðulega að utan, þær séu útlenskar og því séu þær ef til vill ekki álitnar æskilegar eða viðeigandi.

IV

Þetta leiðir hugann að því að íslensk menning (og íslensk fræði) stendur vissulega á ákveðnum krossgötum um þessar mundir. Eins og menning annarra fámennissamfélaga og fámennistunga þarf hún að glíma við það verkefni að aðlaga sig hnatt- og alþjóðavæðingu samtímans. Spurningin er hvort hún geri það með því að leita æ meir inn á við, jafnvel með því að einangra sig, eða með því að taka aukinn og virkari þátt í alþjóðamenningunni. Ef til vill hefur of mikil áhersla verið lögð á að varðveita og verja íslenska menningu þegar slík samræða við erlenda menningu er annarsvegar. Þar hefur ein rödd kannski verið of hávær, ekki óskyld rödd íslenska skólans, og athyglinni ekki beint að kostum margradða samræðu sem fjölmörg dæmi eru þó um, til að mynda í tónlist Bjarkar Guðmundsdóttur.

150901: List og fjármagn

I

Margir fyllast andúð þegar minnst er á peninga eða markað í sömu mund og listir og menningu. Sennilega er ekki langt síðan fór að bera á þessu í menningarsögunni. Upphafin hugmynd nítjándu aldarinnar um snillinginn, sem skapaði verk sín af guðlegri innsýn eða sjálfsprottnum innblæstri, gerði listamanninn að hálfgerðri hornreku í mannlegu samfélagi. Hann átti ekki og þurfti jafnvel ekki að sækjast eftir veraldlegum gæðum. Listamenn voru nánast af öðrum heimi og sú hugmynd að þjáning þeirra í þessum heimi væri uppspretta verka þeirra var ríkjandi. Laun listamanna voru því aldrei annað en ölmusa á þessum tímum, ólíkt því sem verið hafði fyrr á öldum er listamenn nutu velvildar konunga og kirkjuhöfðingja enda nauðsynlegir miðlar boðskapar, lofs og skemmtunar.

II

En með einstrengingslegri áherslu nítjándu og tuttugustu aldarinnar á listamanninn eða höfundinn á kostnað listaverksins tóku hugmyndir um eignarrétt hans á listaverkinu eða hinn svokallaða höfundarrétt að þróast. Höfundar listaverka hófu kjarabaráttu sína í lok nítjándu aldar er hugmyndir raunsæismanna um samfélagslegt hlutverk listarinnar komust í hámmæli. Þessi barátta hefur skilað sér í æ betri kjörum listamanna en eigi að síður eimir enn eftir af viðhorfum rómantíkurinnar um að listin skuli vera óháð peningum og þrjáli.

III

Algengt er að heyra talað um að listamenn eða listastofnanir og jafnvel heilar listgreinar séu ofurseldar peninga- og markaðsöflunum. Það er orðin viðtekin venja að tala um að kvikmyndagerð í Hollywood sé frekar iðnaður en list enda beri verkin þess glögg merki, frásögn þeirra sé formúlukennd og inntakið klisjur, í þær skorti með öðrum orðum frumleika og sköpun hins frjálsa listamanns. Svipuð viðhorf eru ríkjandi um popptónlist og metsölubækur og önnur listaverk sem virðast fyrst og fremst hugsuð sem vörur á markað. En þau virðast einnig fljót að skjóta upp kollinum um listamenn sem almennt eru viðurkenndir sem skapandi og frumlegir (hvað sem það annars merkir) ef þeir eiga mikilla vinsælda að fagna eða tengja sig með einhverjum hætti peningaöflum og markaði. Tenórarnir þrír eru gott dæmi, Pavarotti, Domingo og Carreras, sem syngja mun hér á landi í komandi viku og fjallað er um í Lesbók í dag. Og í vikunni fékk breski rithöfundurinn Fay Weldon fyrir ferðina eftir að hafa gert fáheyrðan samning við skartgripaframleiðandann Bulgari um samningu skáldsögu þar sem nafn fyrirtækisins kemur ítrekað fyrir, eins og greint er frá í dálknum um erlendar bækur á þessari síðu.

IV

Spyrja má hvort þessi viðhorf og harðir dómar sem þeim fylgja iðulega eigi rétt á sér. Lita tvö hundruð ára gömul viðhorf rómantíkurinnar ef til vill sýn okkar? Í sögulegu samhengi mætti líka velja því fyrir sér hvort svipuð viðhorf hefðu getað átt við listamenn á borð við Michelangelo og Da Vinci sem voru sannarlega ofurseldir kapítali samtíma síns. Og hvað með hirðskáld konunga? Eru dróttkvæðin ómerkilegt popp?

220901: Einar Jónsson: Þjóðarlistamaður

I

Listasafn Einars Jónssonar var vígt á Jónsmessu árið 1923 og hefur stundum verið kallað fyrsta íslenska listasafnið. Í vissum skilningi mætti einnig kalla Einar fyrsta íslenska listamanninn. Með byggingu listasafns hans á Skólavörðuholti í þrengingunum í og eftir fyrri stríð var þjóðin „að koma sér upp“ opinberum listamanni. Þetta var liður í því að skapa sjálfsmynd fullburða þjóðar; sjálfstæð þjóð varð að eiga listamann, þjóðarlistamann.

II

Hugmyndin var í raun sú sama og á bak við þjóðskáld nítjándu aldarinnar; í verkum þeirra fólst kjarni íslenskrar menningar og á henni hlaut vitund sjálfstæðrar þjóðar að byggjast. Munurinn felst í byggingunni sem þjóðin sameinaðist um að reisa um listamanninn sinn; hún var fyrsti vísirinn að hinni opinberu íslensku list, liststofnuninni sem menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar átti síðan að byggjast á.

III

Einar Jónsson bauðst til þess að gefa íslensku þjóðinni verk sín árið 1909 með því skilyrði að þau yrðu flutt heim frá Danmörku og varðveitt í viðunandi byggingu af ríkinu. Skortur á húsnæði og fé varð til þess að boðinu var ekki tekið fyrir en árið 1914. Lagði Alþingi 10.000 krónur í byggingarsjóð þrátt fyrir að þröngt væri í búi. Sú upphæð nægði þó engan veginn og var efnt til almennrar fjársöfnunar þar sem saman náðust önnur 20.000. Þjóðin virtist á einu máli um mikilvægi þessarar byggingar.

IV

Einari var boðið að reisa húsið á lóðinni þar sem Þjóðleikhúsið stendur nú en því hafnaði hann. Hann valdi frekar að reisa það á sunnanverðri Skólavörðuhæð sem þá var eyðiholt í útjaðri bæjarins. Vakti það hneykslun meðal bæjarbúa sem töldu að fáir myndu rata í safnið á þessum stað. En Einar horfði til framtíðar og á Skólavörðuhæð sá hann fyrir sér hjarta höfuðborgar hins fullvalda ríkis. Gerði hann uppdrátt að háskóla og stúdentaheimili sem þar átti að rísa ásamt listasafni hans. Sjálfur er Einar talinn hafa hannað safnbygginguna þótt Guðjón Samúelsson hafi áritað teikninguna. Teikning sem Guðjón sendi bæjaryfirvöldum vorið 1916 sýnir hugmynd að skipulagi opinberra bygginga á holtinu; þar er Listasafn Einars Jónssonar, kirkja með háum turni, bygging fyrir þjóðminja-, náttúrugripa- og málverkasafn og að auki „borgarhlið“. Þarna átti að rísa Akrópólís Reykjavíkur.

V

Í raun mætti líta á safnbygginguna sem einn af skúlptúrum Einars. Hún rís upp af háum og miklum stalli líkt og höggmynd. Innandyra er auk safnrýmisins íbúð Einars og konu hans, Önnu Marie Jørgensen. Ljóst má vera af þrengslunum í henni og óhentugu skipulagi að Einar hefur í hönnun sinni fyrst og fremst hugsað um ytra lag byggingarinnar og aðstöðu listasafnsins. Í formi og innréttingum byggingarinnar má einnig finna ýmsar vísanir í algeng þemu listamannsins sem tengjast goðsögnum og náttúru landsins. Þannig er húsið og staðsetning þess táknmynd þeirra hugmynda sem þjóðin gerði sér um íslenska menningu í byrjun síðustu aldar.

290901: Samræðumening

I

Samræða er eitt af grundvallarhugtökum samtímans. Í stað stórsagna (e. grand narratives) hinnar upplýstu tuttugustu aldar, svo sem kommúnismans og kapítalismans, hefur tekið við margradda samræða. Kannski er hægt að tala um einsögu og margsögu í þessu tilliti. Á síðustu öld var ein hugmyndafræðin upp á móti annarri og öll pólitísk og menningarleg umræða litaðist af þeirri einsögu sem ríkti á hverjum stað og hverri stund. Raunveruleg samræða átti sér varla stað, hvorki innan einstakra hugmyndakerfa né milli þeirra, eins og ógnarjafnvægi kaldastríðstímans er lýsandi dæmi um.

II

Mening samtímans er hins vegar margsag(n)a. Engin einn sannleikur er ráðandi og orðræðan er flæðandi. Hnattvæðingin hefur ýtt undir og raunar upphafið samræðu ólíkra sjónarhorna, bæði þjóða, þjóðarbrotá og einstakra hópa á öllum sviðum mannlífsins. Margir telja að þetta sé lykillinn að umburðarlyndi og skilningi en aðrir sakna hinna skýru lína og telja ástandið einkennast af botnlausri fjölhyggju sem leiði til ringulreiðar og róttækrar afstæðishyggju.

III

Í listum hefur þessi áhersla á samræðu birst með ýmsum hætti. Kannski eru augljósustu áhrifin í endurnýjuðum og auknum áhuga á jaðarsvæðum listheimsins. Íslendingar hafa notið góðs af þessu ekki síður en önnur svæði sem hingað til hafa verið nánast afskipt í vestrænni og hingað til einrænni miðjunni.

IV

En samræðan birtist einnig með skýrum hætti í fagurfræði. Í stað afmarkandi skilgreininga á list, formi hennar og efni, er komið fjölrása kerfi þar sem allt er leyfilegt eins og klisjan segir. Ein af meginbreytingunum er þó kannski sú að hið alltumlykjandi sjálf listamannsins, sem þótti merkingarmiðja hvers verks, hefur vikið. Listin gerist nú ekki síður innra með áhorfandanum, eins og Ólafur Elíasson myndlistarmaður bendir á í viðtali í *Lesbók* í dag. Um leið hafa margar áður stíflaðar flóðgáttir verið opnaðar. Viðfangsefni listarinnar er þannig ekki endilega efni og form heldur samspil eða samræða verks við umhverfi sitt í víðum skilningi. Og í stað þess að verkið segi eina sögu, einsögu, þá er það hlutur, eða ekki hlutur, sem skapar óteljandi möguleika, sagnaflóð; hvert verk er margsaga um stað og stund.

V

„Það er hinum, honum Borges, sem dettur í hug ýmislegt,“ segir argentínski rithöfundurinn Jorge Luis Borges í smásögunni „Borges og ég“ sem kom út 1972, og ennfremur: „Mér er sá einn kostur gefinn, að vera til í Borges, ekki sjálfum mér (ef ég er þá nokkur).“ Borges fann hvernig hann var sjálfur að leysast upp í texta sínum og einhver „annar“ að taka völdin. Lýsing Laxness á glímu sinni við Plús-X er af svipuðum toga; sögumaðurinn er aldrei einn.

VI

Í samræðumeningu samtímans felst viðurkenning á því að sérhver texti, sérhvert hugtak hefur orðið til í samspili við aðra texta, önnur hugtök. Til þess að skapa nýjan texta og nýja þekkingu verður samræðan að halda áfram.

061001: Form

I

Form var eitt helsta deiluefni í umræðum um listir og fagurfræði á síðustu öld. Sumir aðhylltust rómantíska íhaldssemi í þeim efnunum en aðrir voru róttækir uppbrotsmenn. Ein umfangsmesta en jafnframt kostulegasta deila í íslenskri menningarumræðu aldarinnar snerist um hina svokölluðu formbyltingu í íslenskum skáldskap. Því var haldið fram að ljóð ungra skálda um miðja öldina „vanhelguðu íslenska ljóðhefð“, þau brytu gegn þeirri venju að íslensk ljóð væru bundin með stuðlasetningu og rími. Talað var um að þetta væri ekki skáldskapur heldur eitthvað allt annað, jafnvel tilraunir til að draga dár að saklausum lesendum. Sumum þótti þetta útlensk tíska sem kæmi Íslendingum ekki við og aðrir sögðu að þetta væri úrelt fagurfræði frá útlöndum, ungskáldin íslensku væru aftur úr eftir sem áður.

II

Þessum viðhorfum var andmælt harðlega eins og gefur að skilja. Meðal annarra skrifaði Sigfús Daðason, sem var eitt af hinum alræmdu atómskáldum, ritgerð í *Tímarit Máls og menningar* árið 1952 er nefnist „Til varnar skáldskapnum“ og stendur enn fyrir sínu eins og Birna Bjarnadóttir og Hallgrímur Helgason benda á í greinum sínum um ritgerðina og skáldskaparviðhorf Sigfúsar í *Lesbók* í dag. Sigfús talar um að nútímaskáldskapur einkennist af vantrausti á formi, máli og orðum: „krafan um að skáldið hafi svo að segja lifað hvert orð áður en það er sett á pappírinn: það er vinnuáðferðin.“ Sigfús hélt fram viðhorfum um að lesandinn eða njótandinn taki þátt í sköpun sérhvers listaverks en þau mörkuðu mjög fagurfræðilega umræðu á síðari hluta aldarinnar.

III

Þessi viðhorf um listina sem eins konar samræðu hafa ýmist fært athyglina að forminu eða frá því. Augljóst er að í bókmenntum hefur birst ákveðin tilhneiging í þá átt að brjóta upp hefðbundin form. Menntafræðingarnir hafa hins vegar ekki verið sammála um hvort túlka ætti það sem gagnlega formhyggju eða sem andúð á formi, jafnvel uppreisn gegn eða afneitun á mikilvægi formsins sem hluta af merkingarmyndun verks. Fræðimenn tala sumir um skörun forma en aðrir um upplausn þeirra en meginniðurstaðan virðist vera sú að það sé ekki lengur hægt að skipta bókmenntum í tiltekna tegundir eða greinar, öll mörk hafi máðst burt.

IV

Þegar upp er staðið stendur enn eftir spurningin um eðli skáldskaparins eða eðli bókmenntanna, sem Sigfús velti fyrir sér í fyrrnefndri grein. Og sem fyrr reynast svörin óljós. Samræðuhugtakið er kannski ríkjandi sem stendur, bókmenntir mynda endalaus tengsl við annars konar orðræðuhætti, önnur táknerfi, aðrar valdastofnanir o.s.frv. En kannski eru rómantísk viðhorf Jena-hópsins í Þýskalandi á níttjándu öldinni enn jafn gild, að skáldskapurinn sé enn að verða til og eðli hans sé í raun það eitt að hann sé alltaf aðeins að verða til.

131001: Ísland í erlendum skrifum

I

Skrif erlendra fræðimanna og listamanna um íslenska menningu vilja verða hver öðrum lík. Það er nánast eins og það sé alltaf verið að skrifa sömu greinina aftur og aftur. Skýringin kann að vera sú að höfundarnir gefi sér lítinn tíma til þess að skrifa um þetta útsker í Atlantshafinu og grípi til klisjanna. Hugsanlega lesa höfundarnir allir sömu bækurnar um land og þjóð, enda ekki margar í boði á erlendum tungum. Það mætti kannski huga að því.

II

Hinn kunnir bandaríski listheimspekingur Arthur Danto skrifar eina af þessum greinum í sýningar skrá sem gefin hefur verið út í tilefni af sýningu á íslenskri myndlist frá tuttugustu öld í Corcoran-safninu í Washington en þema hennar er náttúrusýn. Danto hefur verið áhrifamikill í skrifum sínum um myndlist síðustu fjörutíu ár en hann er sennilega frægastur fyrir að hafa lýst yfir endalokum listarinnar um miðjan níunda áratuginn eins og rakið var í viðtali við hann hér í *Lesbók* 4. ágúst síðastliðinn. Grein Dantos um íslenska myndlist nefnist „Impressions of Iceland“ og er að mestum hluta eins konar ferðaþáttur en Danto heimsótti Ísland í annað sinn síðastliðið sumar í tilefni af opnun Errósýningarinnar í Hafnarhúsinu.

III

Danto fjallar um Kjarval og Erró í grein sinni. Hann segir Kjarval hafa mótað sinn eigin stíl úr evrópska módernismanum, kúbismanum og abstrakt expressjónismanum, hann hafi notað það sem hann nam í Evrópu til þess að lýsa einstakri íslenskri náttúru. Hann segist skynja náttúruna í verkum Kjarvals eins og hún sé af öðrum heimi, eins og hún hafi getað verið í árdaga, áður en maðurinn kom til sögunnar. Danto nefnir einnig að vegna innflutts módernismans í verkum Kjarvals séu þau líka talandi dæmi um hversu opin íslenska þjóðin sé fyrir erlendum áhrifum þrátt fyrir landfræðilega einangrun. Erró segir hann búa yfir krafti íslenskrar náttúru.

IV

Í sýningar skrána skrifa einnig Martica Sawin, fyrrverandi prófessor í listasögu við Parsons School of Design, og Auður Ólafsdóttir listfræðingur en útdráttur úr grein hennar birtist í *Lesbók* í dag. Eins og Danto leggur Sawin áherslu á landfræðilega stöðu Íslands og áhrif hinar óblíðu náttúru á íslenska myndlist. Einnig bendir hún á tengslin við útlönd. Hún segir að allt frá því að Þórarinn B. Þorláksson hélt fyrstu myndlistarsýninguna á Íslandi árið 1900 hafi íslenskir listamenn verið í samræðu við evrópska og síðar ameríska list þar sem þeir hafa miðlað reynslu sinni af því að búa á yngstu og virkustu eldstöð heims.

V

Greinar erlendra fræðimanna og listamanna um íslenska menningu og náttúru eru mjög forvitnilegur lestur þótt þær séu íðulega keimlíkar. Allar þessar greinar sem skrifaðar hafa verið í gegnum tíðina um hin augljósu og mögnuðu tengsl milli ruddalegrar náttúrunnar og hugsunar og listsköpunar eyjaskeggja hljóta að geyma einhvern sannleika um íslenska menningu þótt þær lýsi fyrst og fremst eðli slíkra skrifna.

201001: 11. sept í skáldskap

I

Bókin *Germs: Biological Weapons and America's Secret War* er efst á metsölulista Amazon-vefbókabúðarinnar um þessar mundir og um 100.000 pantanir liggja fyrir. Ofarlega er einnig bókin *Living Terrors: What America Needs to know to Survive the Coming Bioterrorist Catastrophe*. Sömu leiðis er þar fjöldi bóka um Osama bin Laden og talibana í Afganistan. Nýja stríðið hefur breytt ýmsu. Sjálfshjálparbækur um tíu skref upp á topp verðbréfaheimsins og reyfarar með farsælum endi eru ekki lengur vinsælasta lesefnið. (En það þurfti sem sé stríð til?) Þess verður þó vart langt að bíða að metsölubókmenntir með hryðjuverkafléttu vermi efstu sæti listanna.

II

Í fjölmiðlum hefur verið tíðvitnað í bókmenntaverk sem þykja lýsa ástandinu og tilfinningunum sem bærast í hjörtum manna eftir atburðina 11. september. Sem endranær birtust mistúlkanir á spádómum Nostradamusar í fjölmiðlum en í þeim hafa fjölmiðlamenn og aðrir tengimeistarar fundið fyrirboða um hvers konar hræringar á og undir yfirborði jarðar í gegnum tíðina. Síðan þær voru kveðnar niður hefur ensk-bandaríska skáldið W.H. Auden verið vinsælt vestanhafs, ekki síst ljóðið „September 1, 1939“ sem birt hefur verið í heild sinni á leiðarásíðu margra stórblaðanna. „Við verðum að elska hvert annað ellegar deyja,“ segir í ljóðinu. Ekki eru allir jafn sáttir við boðskap þess en í síðasta erindinu óskar skáldið sjálfum sér og lesendum til hamingju með að vera meðal hinna réttlátu. Sagan segir að skáldinu hafi á gamals aldri ofboðið sjálfumgleðin í ljóðinu og ekki viljað sjá það prentað aftur. En aðrir þykjast sjá mikla fyrirboða í ljóðinu um atburði síðustu vikna og afleiðingar stríðsins.

III

Íslenskir fjölmiðlar hafa ekki lagt sig eftir bókmenntatilvitnunum í sama mæli. Í Velvakanda *Morgunblaðsins* síðastliðinn fimmtudag var vitnað í ljóðið „Til hvers?“ eftir Davíð Stefánsson sem sannarlega hefur sterka skírskotun til atburðanna í New York: „Þá grípur marga geigur, jafnvel sorg,/sem ganga fram hjá sinni hrundu borg,“ segir í ljóðinu og ennfremur: „Og til hvers báru turnar hátt við ský,/og til hvers er að reisa þá á ný,“ einnig: „og til hvers eru tundurskeytin gerð,/og til hvers eru njósnarar á ferð,/og til hvers er að trylla hrjáðan lýð,/og til hvers á að heyja næsta stríð“. Í síðustu *Lesbók* var vitnað til ljóðs Hannesar Sigfússonar „Engin tíðindi spyrjast“ en ljóð hans „Návígi. Fleygir sjóndeildarhringar“ varpar einnig forvitnilegu ljósi á atburðina. Til *Lesbókar* hafa hins vegar borist fjölmargar sendingar frá kvæðagerðarmönnum vítt og breitt um landið sem tengjast atburðunum. Í síðasta blaði var birt kvæði eftir Pétur Sigurgeirsson biskup og í *Lesbók* í dag má sjá þrjú önnur sýnishorn.

IV

Þessar íþróttir, tilvitnanaleitin og kvæðasmíðin, lýsa ef til vill þörf fyrir tengingar. Þó að kannski sé ómögulegt að skýra eða skilja atburðina er undarleg hugsvölun fólgin í því að finna menningarlega tengingu sem varpar örlitlu ljósi á þá.

101101: Þýðingarmenning

I

Menning okkar er að stórum hluta þýðingarmenning. Bókmenntir eru ekki aðeins þýddar heldur er stór hluti þess efnis sem birtist í fjölmiðlum þýddur, bæði í blöðum og ljósvakamiðlum. Í öllum þessum þýðingum á sér stað samræða og miðlun milli ólíkra menningarheima. Án þessara samskipta væri íslensk menning einangruð og eintóna. Hún hefur hins vegar allt frá öndverðu sótt styrk sinn í þessi samskipti. Elstu íslensku þýðingarnar af erlendum tungum eru meðal elstu rita íslenskrar bókmenntasögu. Sagt er að Guðbrandsbiblía, sem prentuð var árið 1584, hafi endurnýjað íslenska tungu, jafnvel bjargað henni frá því að hverfa algerlega úr munni landsmanna.

II

Eitt meginéinkenni þýðingarmenningarinnar er hversu lítið ber á höfundum hennar, það er að segja þýðendum. Þetta er undarlegt í ljósi þess hversu mikil áhersla hefur verið á höfundinn í bókmenntum og listum síðastliðnar aldir. Á meðan höfundar skáldverka hafa verið í miðdepli allrar bókmenntaumræðu hafa þýðendur þeirra horfið í skuggann. Ein af ástæðunum er kannski einmitt þessi mikla áhersla á (frum)höfundinn í bókmenntaumræðunni sem birtist einna skýrast í persónudýrkun á skáldum. Ævi skálda er líka álitin eins konar lykill að merkingarheimi skáldverka. Af umræðunni að dæma virðast þýðendur fæstir hafa átt áhugaverða ævi, að minnsta kosti hefur fáum dottið í hug að skoða verk þeirra í ljósi lífshlaups þeirra.

III

Þýðendur má með réttu kalla höfunda verka sinna. Starf þeirra byggir á túlkun eins og annarra höfunda. Munurinn er hins vegar sá að viðfangsefni þeirra er höfundarverk, tiltekið verk eftir annan höfund sem markmiðið er að flytja yfir á annað tungumál eins nákvæmlega og hægt er. Þýðing getur hins vegar aldrei orðið svo nákvæm endurgerð á frumtextanum að óþarft sé að þýða hann aftur. Öfugt við mörg frumsamin skáldverk úreldast þýðingar eins og reynslan sýnir. Fræðimenn eru ekki sammála um ástæður þess en bent hefur verið á að þýðingar séu frekar en frumsamin verk skrifaðar með samtímalesendur í huga og þeim sé heldur ekki haldið jafnvel við í bókmenntalegri og menningarlegri umræðu og frumsömdum verkum. Er þá aftur komið að því skeytingarleysi sem þýðendur og störf þeirra mæta allajafna í menningarumræðunni.

IV

Menningarleg gagnmiðlun eða samræða er einn af grunnþáttum samtímamenningar. Eins og áður sagði hafa slík samskipti ætíð skipt miklu fyrir íslenska menningu og ólíklegt að hér hefði mótast jafn rík bókmenntahefð í öndverðu og raun ber vitni ef ekki hefði verið fyrir áhrif að utan. Á samskiptaöld hefur þessi samræða hins vegar orðið enn stærri þáttur í íslenskri menningu og þar gegna hvers konar þýðingar meginhlutverki. Ekki er ólíklegt að hún verði eitt af aðalrannsóknarefnum fræðimanna um þetta tímaskið í framtíðinni.

171101: Ísland – Útland

I

Þjóðarímyndin sem varð til með sjálfstæðisbaráttunni lætur ekki svo auðveldlega undan tímanum. Hún byggðist vitanlega á sögunni, tungunni, bókmenntunum og hrikalegri og óvæginni náttúrunni. Allt voru þetta yrkisefni rómantískra skálda allt fram til loka síðustu aldar. Og sennilega eru þetta enn rauðir þræðir í þjóðarímynd og þjóðernistilfinningu Íslendinga. Sumir segja að náttúran hafi verið sett í öndvegi eða þjóðernisleg náttúruvernd, þjóðernisleg vegna þess að Íslendingum virðist fyrst og fremst vera umhugað um eigið land.

II

Sitthvað hefur þó breyst á undanförunum árum. Sífellt dregur úr einangrun þessa eylands. Samskipti hafa aukist og með þeim hafa flætt yfir erlend áhrif. Fólkhreyfir sig líka meira en áður. Útlendingar koma því hingað í meira mæli en nokkru sinni fyrr, flestir sem ferðamenn en aðrir til þess að setjast að. Úr þessu hefur orðið fjörleg, frjó og skapandi samræða sem enginn veit enn hvert mun leiða.

III

Íslendingar hafa ætíð farið út þegar þeir hafa farið heim. Ísland hefur í vissum skilningi alltaf verið útland, landfræðilegt útsker. Þetta hefur vafalítið haft áhrif á sjálfsmynd Íslendinga. En heimurinn er alltaf að minnka og Ísland að færast innar á kortið. Af skrifum í erlendum blöðum og tímaritum að dæma mætti jafnvel telja Ísland til hinna eftirsóttu „inn“-landa.

IV

Í það minnsta má telja víst að íslensk þjóðernistilfinning og þjóðarímynd mótist nú meir og meir af margþættri samræðu og auknu samneyti við útlönd og útlendinga. Mótþrói við þessa þróun er sem fyrr til staðar og kannski hefur hann aldrei verið meiri. Skemmst er að minnast þess að Íslendingur var dæmdur fyrir að fara niðrandi orðum um menn af öðrum kynþætti í fjölmiðli. Og það var kannski táknrænt að á þjóðhátíðardaginn, 17. júní síðastliðinn, sló í brýnu milli manna af ólíkum uppruna í miðbæ Reykjavíkur. Fleiri slíkar uppákomur, sem tengja má kynþáttaerjum, hafa orðið hérlandis upp á síðkastið þótt þær séu ekki algengar.

V

Alþjóðavæðingin hefur sótt Íslendinga heim. Hnattvæðing amerískrar fjöldamenningar hefur til dæmis breytt Íslandi í menningarlegt útland - Evrópa er orðin að menningarlegu útlandi, hún er orðin að eftirmynd afleiðingar sinnar eins og Guðbergur Bergsson segir í nýrri ljóðabók sinni. Íslendingar streitast á móti í nafni þjóðernisstefnu nítjándu aldar, réttilega, að mati margra, vonleysislega, að mati annarra. Á sömu forsendum streitast þeir á móti Evrópu, réttilega og/eða vonleysislega. Fyrir vikið er Ísland Evrópupólitískt útland þótt hugmyndafræði þess og stjórnkerfi séu evrópsk.

VI

Í *Lesbók* í dag hefst greinaflokkur undir yfirskriftinni Ísland - Útland. Þar verður reynt að fjalla um nokkrar spurningar sem vaknað hafa í togstreitunni milli þessara meginandstæðna í þjóðlífi Íslendinga í byrjun nýrrar aldar. Á forsíðu er mynd af verki eftir Birgi Andrésson, bandaríski fáninn þrjónaður úr íslenskri ull; írónískt tákni um (menningar)pólitísk samskipti þjóðanna eða áskorun um samræðu.

241101: Bókmenntagagnrýni

I

Á hverju hausti verður lífleg umræða um bókmenntagagnrýni í fjölmiðlum landsins. Oftast er kvartað undan ranglátum dómum, óvönduðum, yfirborðskenndum og illa rökstuddum. Gagnrýnendur eru ekki sagðir hafa nægilega mikla fagþekkingu og kunnug er líkingin við geldinginn í kvennabúrinu. Síðastliðin ár hefur og reglulega verið amast við bókmenntadómum í sjónvarpi sem þykja lélegastir allra dóma, yfirborðskenndari og vanhugsaðri en flest sem sagt er um bókmenntir. Rithöfundar segjast sjaldnast græða neitt á allri þessari umræðu sem þó fer fram í fjölmiðlum landsins, hún sé ekki nægilega ýtarleg og fagleg. Á hinn bóginn hefur ítrekað verið kvartað undan því að gagnrýni í fjölmiðlum sé of fræðileg fyrir almenna lesendur.

II

Þessi óánægjulega og oft og tíðum þverstæðukennda umræða hefur farið fram í fjölmörg ár án þess að hafa skilað neinum haldbærum árangri, að því er virðist. Að minnsta kosti er hún enn of hið sama far. Draga mætti þá ályktun að ritdómaformið sé staðnað og úrelt. Sjálfsagt þekkja flestir gagnrýnendur þá tilfinningu að þurfa að fylla út í formið: rekja söguþráðinn, setja fram túlkun, finna bókmennta- og hugmyndasögulegar tengingar og fella síðan dóminn. Og hugsanlega er það rétt sem fram kemur í grein Hermanns Stefánssonar í *Lesbók* í dag að gagnrýnendur séu bundnir á klafa klisjukennds tungumáls ríkjandi viðhorfa, að formgerð gagnrýnnar sé yfirþyrmandi og komi hreinlega í veg fyrir að ritdæmendum geti brotist út úr klisjunum. Hermann er raunar ekki einn um að hafa bent á tuggur sem gagnrýnendur hafa hver eftir öðrum því Kristján B. Jónasson skrifaði fyrir fáeinum árum grein í *Tímarit Máls og menningar* þar sem hann afhjúpaði sjö ofnotaða lykla að bókmenntum samtímans.

III

Hin margendurtekna umræða um vanda gagnrýnnar ætti kannski að hafa rekið fjölmiðla til þess að leita nýrra leiða í bókmenntaumfjöllun sinni. Fjölmiðlar geta ekki birt ýtarlega fræðilega umfjöllun um bókmenntir, eins og fagtímaritin gera, en þeir geta birt greinar og viðtöl sem hafa það að markmiði að opna heim bókmenntanna fyrir almennum lesendum. Spurningin er hvort ritdómarnir eru til þess fallnir.

IV

Hafa ber í huga að hefð ritdóma hér á landi er ekki mjög gömul. Oftast er talað um að Jónas Hallgrímsson hafi skrifað fyrsta ritdóminn er hann tók Tristransrímur Sigurðar Breiðfjörð í gegn í *Fjölni*. Á síðari hluta nítjándu aldar þróaðist þetta form smámsaman í skrifum manna á borð við Benedikt Gröndal og Matthías Jochumsson. Þessir menn skrifuðu marga bestu dóma sem birst hafa í íslenskum fjölmiðlum fyrr og síðar enda augljóst að þeir skrifuðu af bæði persónulegri og samfélagslegri þörf um bókmenntir. Ritdómar eru nú sjálfsagður þáttur í fjölmiðlum og kannski þess vegna oftast eins og sjálfgerðir eða sjálfsprotnir: eru skrifaðir á ákveðnu máli með ákveðna merkingu inn í ákveðið form. Það er ef til vill bara spurning um tíma hvenær þeim verður sjálfhætt.

081201: Jólabókaflóðið og umræðan

I

Flestir virðast sammála um að þetta séu einstaklega góð bókaþól, eins og sagt er, þau bestu í áraraddir. En er það eðlilegt ástand sem nú ríkir í íslenskum bókmenntaheimi og kallað er flóð? Er það hollt og gott fyrir íslenskar bókmenntir að þær skulu nánast allar koma út á fjögurra til sex vikna tímabili fyrir jól ár hvert? Um það eru ekki nærri eins margir sammála.

II

Ekki verður tekin afstaða til þess hér hvort það eigi að lyfta íslenskum bókamarkaði upp úr jólafarinu. Áhrifin sem þessi skipan mála hefur á umræðu um bókmenntir er hins vegar áhugavert umhugsunarefni. Íslensk bókmenntaumræða fer aðallega fram í kringum jólín og það hefur orðið til þess að athyglin beinist mest að bókunum sem þá eru að koma út, eldri bækur liggja svo gott sem óbættar hjá garði. Jón Kalman Stefánsson rithöfundur bendir á það í viðtali sem birtist í *Lesbók* í dag að skortur á umræðu um bókmenntir hafi gert Íslendinga einsýna á bókmenntir sínar, enn séu uppi gömul viðhorf, jafnvel ættuð úr kaldastríðinu, sem blindi mönnum sýn á góðar bækur. Bendir Jón á klassíska höfunda tuttugustu aldar, svo sem Þórberg Þórðarson og Gunnar Gunnarsson, þessu til sönnunar en vart verður sagt að þeir hafi hlotið þá umfjöllun sem þarf til þess að halda nafni þeirra og verkum í lifandi tengslum við samtímann. Jón Kalman segir hugsanlega sinnuleysi um að kenna, hugsanlega vettvangsleysi íslenskrar bókmenntaumræðu.

III

Raunar verður varla sagt að hin skamma orðahríð sem jólabækurnar lenda í sé til þess fallin að vekja lifandi umræðu um þær. Flest er þar sagt í flýti. Umsagnir eru frekar skynhrif en tilraunir til alvarlegrar og ýtarlegrar greiningar, enda eru þær flestar gleymdar áður en árið er liðið. Klisjurnar og frasarnir ganga þó aftur ár eftir ár og hafa margar gert allt frá því á þarsíðustu öld, orðnar merkingarlausar með öllu en vekja gamalkunnugar kenndir í sálardjúpunum. Fæstar bókanna lifa þessa skömmu en hörðu hríð. Á nýju ári fellur allt í dúnalogn. Engir tala um bækur, nema einstaka sérvitringar sem rotta sig saman í veislum og á vafasömum krám. Enn færri skrifa um bækur. Og þannig silast tíminn áfram í ellefu mánuði er annað flóð brestur á með annarri hríð og bókaþéusar leggjast í var.

IV

Íslensk bókmenntaumræða einkennist öðru fremur af þessum löngu og endurteknu rofum ár hvert. Fyrir vikið verður hún staglsöm. Hugtakaforði endurnýjast ekki með eðlilegum hætti vegna þess að hann er ekki í stöðugri notkun. Mörg jól tekur að innleiða ný hugtök í hina almennu bókmenntaumræðu þótt þau séu ef til vill viðurkennd í sértækari umræðu sem fram fer í sérfræðiritum og stofnunum. Í fjölmiðlum er sama stríðið háð ár eftir ár og alltaf sigrá klisjufræðingarnir.

V

En kannski býr stærri og óviðráðanlegri vandi að baki þessari stöðnuðu orðræðu um bókmenntir samtímans. Stóru hugtökin í bókmenntafræðinni, verkið, höfundurinn og bókmenntahugtakið sjálft ef því er að skipta, eru flest ættuð aftur úr nítjándu öldinni, hlaðin rómantískum farangri um snilld og frumleika og innsæi og innblástur og samhengi og arf. Undan því fargi verður seint skriðið.

151201: Flóðið og bókmenntirnar

I

Í síðasta Neðanmáli var fjallað um áhrif jólabókaflóðsins á íslenska bókmenntaumfjöllun og -gagnrýni. Bent var á að sú orðahríð sem bækur lenda í rétt fyrir jólin sé illa fallin til þess að vekja lifandi umræðu um þær. Þar er staglið orðið svo mikið að jafnvel þegar mönnum dettur í hug að bregða út af vanaorðunum þá eru bækur slegnar kaldar, eða hvernig ætli ný skáldsaga geti verið í lifandi tengslum við umræðuna eftir að hafa verið sögð líkleg til þess að verða sígild af ritdómara. Þeirri bók hefur verið lagt í öruggt skjól innst í botnlanga íslenskra bókmennta. Með þessu er ekki verið að segja að gagnrýnendur geti ekki lýst taumlausri hrifningu sinni á einstökum bókum, ritdómarar verða þvert á móti að geta hrifist. Það er hins vegar spurning hvernig hrifningunni er komið til skila.

II

Í framhaldi af þessu er einnig þess vert að velta því fyrir sér hvaða áhrif árlegt jólabókaflóðið hefur á störf rithöfundanna og bókmenntirnar sjálfar. Vissulega hefur gagnrýni þar mikið að segja. Rithöfundar þarfnast faglegrar umræðu um störf sín eins og aðrir. Bókmenntir þurfa auk þess að vera í lifandi tengslum við umhverfi sitt, þær nærast ekki síst á samræðu við samtíma sinn. Sú samræða sem slitrótt og oft og tíðum hroðvirknisleg umræða vertíðarfyrirkomulagsins býður upp á er þó sennilega til lítils gagns eins og rithöfundar hafa raunar ítrekað bent á.

III

Það er hins vegar öllu alvarlegra vandamál hvaða starfsskilyrði höfundum eru búin með þessu fyrirkomulagi á íslenskri bókmenntaútgáfu. Nánast á hverju ári fréttist af höfundum sem hafa verið að vinna bækur sínar fram á síðustu stundu, jafnvel fram á aðventuna en samt er þeim dengt í prentun til þess að koma þeim á jólabókamarkaðinn. Enginn tími virðist vera til yfirvegunar. Höfundar eru jafnvel hlaupandi í prentsmiðjuna til þess að hnika til orðum. Engir vita það jafn vel og blaðamenn, sem þurfa oftast að skila textum sínum samdægurs, hvað það gæti verið gott að hafa einhverja daga eða vikur, svo ekki sé talað um mánuði til þess að yfirvega skrif sín. Það mætti ímynda sér að skrif blaðanna yrðu ánægjulegri lestur eftir slíka yfirlegu. Dagblöð hafa ekki tök á vinnubrögðum sem þessum af skiljanlegum ástæðum en bókaútgáfa hlýtur að hafa það. Raunar mætti halda því fram að slík vinnubrögð væru skilyrði í alvarlegri og vandaðri bókaútgáfu.

IV

Sagt hefur verið að á Íslandi verði menn að hafa efni á því að vera rithöfundar. Rithöfundar verða helst að hafa lifibrauð sitt af einhverju öðru en að skrifa. Tveggjaáratakturinn virðist vera orðinn eins konar lífstaktur íslenskra höfunda, smæð markaðarins virðist þvinga þá til þess að senda frá sér bók annað hvert ár, annars hafa þeir ekki salt í grautinn. Gegn þessu þarf að vinna.

V

Jákvæðast við jólabókaflóðið er að Íslendingar, ólíkt mörgum öðrum þjóðum, gefa bókmenntir í jólagjöf. Hér tíðkast meðal alls almennings að gefa nýja skáldsögu eða ljóðabók í jólagjöf en víðast hvar annars staðar er algengara að veglegar handbækur rati í pakkana. Það þarf hins vegar ekki endilega að gefa rétta mynd af bókmenntalestri þjóðarinnar að hún skuli kaupa skáldsögur og ljóð til gjafa. Eru bókmenntalesendur ekki vanræktur markhópur mestan hluta árs?

291201: Gröndal og samtíminn

I

„... hér eru flestir háðir einhverri „smaalighed“ og persónulegu krakilerí, og ég er þar að auki „upp á kant“ við blaðamenn hér í Reykjavík, bæði af því ég hef haldið á móti emigratióinnni, því alltaf gengur daðrið við Ameríkumenn, eins og Matthías excellerar í, og svo hafa þeir kannske heyrt eftir mér, að mér þyki ekki mikið í þá varið. Þeir eru bæði partískir og fanatískir. Ég er ekki talinn með íslenskum rithöfundum, þó allir aðrir séu nefndir.“

II

Þannig kemst Benedikt Gröndal að orði í bréfi til Eiríks Magnússonar, bókavaraðar í Cambridge, 18. október aldamótaárið 1900. Hann sendir Eiríki nýja kvæðabók sína með og biður hann að skrifa eitthvað um hana en heima sé fáum að treysta til slíkra verka enda „allt logandi í fjandskap og „personligheder“;“ eins og Gröndal tekur til orða. Hann segist vona að Eiríkur sjái að þótt hann hafi gefið út bókina hafi hann „ekkert kært [s]ig um að spekulera í, hvort mönnum muni líka eða ekki líka“. En auðvitað tekst skáldinu ekki að tala sig frá þeirri skoðun að útskúfun og ranglæti dynji harðar á því en öðrum mönnum í samfélaginu, enda fáir höfundar sem höfðu jafnmörg orð um fámennisbrag þjóðarinnar og Gröndal á sínum tíma. Í *Dægradvöl*, ævisögu sinni, segir skáldið tuttugu til þrjátíu menn á eftir sér í blöðunum með „meiðyrðum, skömmum, hnútum og ónotum“ þótt hann segist ekki hafa lagt persónulega til nokkurs manns. Kauðar þessir höfðu af honum skáldastyrkinn og garðinn fyrir framan húsið hans á Vesturgötu 16 „með refjum og lygum og yfirgangi“ en þar var byggt stórt hús og öll dagsbirta frá skáldinu tekin. Kannski vita fáir að hús Gröndals stendur enn falið bak við steinhús við Vesturgötuna.

III

Hugarfarið á Íslandi aldamótin 1900 var vafalaust með fámennisbrag. Að sumra mati er hann enn helsta mein íslenskrar menningar. Ekkert breytist, segja sumir. Aðrir sjá stöðuga framþróun, alltaf ný undarleg tákni á tímans bárum. Sumir hafa atvinnu af því að finna þessi stórmerki. Þeir voru kallaðir „trendoids“ í amerísku pressunni á níunda áratugnum og leituðust við að koma orðum yfir allt hið „nýja“ í menningu samtímans, en slík iðja er kannski ekki síður skapandi en leitandi.

IV

Það verður hlutverk sagnfræðinga framtíðarinnar að róta upp úr botni hugarfarsins því sem máli skiptir í samtímahugsun en hitt er skemmtileg dægradvöl að róta í yfirborðinu og sjálfum sér eins og Gröndal gerði. Samtíminn er ómögulegur tími, nema í sögulegum skilningi, það er að segja sem viðfangsefni hennar - og afurð. Það vill kannski gleymast að samtíminn er afurð sögunnar. Umræðan þarf alltaf eitthvað nýtt til þess að halda sér við, stórmerki og opinberanir eru í hverju orði en hvort tveggja eru gjaldfallnar tilfinningar.

V

Í *Lesbók* í dag birtast nokkrar greinar eftir blaðamenn og gagnrýnendur á *Morgunblaðinu* þar sem reynt er að fjalla um strauma í menningarlífi ársins. Rétt er að hafa alla fyrirvara á slíkum tilraunum. Ljóst er að straumfiskarnir þurfa að hafa sig alla við að berast ekki út á rúmsjó.

2002

050102: McLuhan og þjóðerni

I

Kanadíska fjölmiðlafræðingurinn Marshall McLuhan hélt því fram að prentlistin hefði gengið af ættbálkameningunni dauðri. Einstaklingurinn var ekki lengur einangradur í þjóðflokki sínum óvitandi um aðra menn en sína nánustu og annað umhverfi en sitt nánasta. Hann varð hluti af heimi sem virtist ekki hafa nein endimörk. Prentið breytti svo umhverfi hans og skynjun og skilningi á aðstæðum að sennilega hefur aldrei orðið önnur eins bylting, að mati McLuhans. Hann telur að rekja megi iðnbyltinguna, hugmyndina um orsakasamhengi, sjónarhorn í listum, aukna einstaklingsvitund, þjóðernishyggju og fleiri af megineinkennum nútímamenningar til þess að tekið var að prenta bækur.

II

En hvernig má þetta vera? Forvitnilegt er að skoða áhrif prenttækninnar á tilkomu þjóðernishyggjunnar eða þeirrar tilfinningar manna að þeir tilheyri ákveðinni þjóð sem hafi sín sérstöku einkenni. McLuhan segir að þjóðernishyggja hafi ekki tekið að gæta í Evrópu fyrr en á endurreisnartíma en þá gerði prenttæknin öllum læsum mönnum það kleift að sjá (og hér skiptir sjónin öllu máli en ættbálkasamfélagið byggði menningu sína meira á heyrn, sbr. til dæmis munnmæla(bók)-menntir) móðurmál sitt í setningarfræðilegu samhengi og sem eina samræmda heild. Með því að dreifa fjöldaframleiddum bókum og öðru prentuðu efni um víða Evrópu breytti prentvélin staðbundnum mállýskum í samræmd og lokuð kerfi þjóðtungna og skapaði með því grunninn að þjóðerninu og tilfinningunum sem það átti eftir að vekja í brjóstum manna. Einstaklingurinn fór að skynja sig sem hluta af stærri og vel afmarkaðri heild. Með prenttækninni var einnig hægt að koma á einum gjaldmiðli á stóru svæði og skapa forsendur fyrir afmörkuð markaðssvæði og samgöngur og samskipti innan þeirra. Upp úr þessu spratt hin efnahagslega og pólitíska heild sem við kennum nú við þjóð en skipulag ættbálkasamfélags miðalda vék.

III

Vafalaust hefur McLuhan nokkuð til síns máls. Prentið var fyrsti eiginlegi fjölmiðillinn í nútímaskilningi og auðvelt að gera sér í hugarlund hvaða áhrif slík upplýsingaveita hefur haft á almenning sem áður hafði afar takmarkaðar fréttir af því sem fram fór utan þeirra nánasta umhverfis. Einsleitnin er líka þekkt afleiðing fjölmiðla. En því er þetta rifjað upp að hér í *Lesbókinni* og víðar hefur mikið verið rætt um þjóðerni, þjóðernishyggju og þjóðarímyndir á undanförunum mánuðum. Í þeirri umræðu gleymist oft að tilfinningarnar sem tengjast þjóðarhugtakinu eru ekki manningum í blóð bornar heldur eiga þær sér misjafnan uppruna. Að margra mati hefur ný fjölmiðlataekni líka úrelt þetta hugtak - þjóðarmenningin hafi vikið fyrir heimsmenningu rafvæðra samskipta og viðskipta þar sem landamæri hafa enga þýðingu.

120102: Upplýsingin

I

Í upphafi frægrar greinar sinnar frá árinu 1784, „Svar við spurningunni: Hvað er upplýsing?“, varpaði þýski heimspekingurinn Immanuel Kant fram þessari margumræddu skilgreiningu á upplýsingunni: „Upplýsingin er lausn mannsins úr viðjum þess ósjálfræðis sem hann á sjálfur sök á.“ Kant sagði að ósjálfræði væri „vanhæfni mannsins til að nota eigið rökvit án handleiðslu annarra“. Hann sagði að manninn skorti ekki hyggjuvit heldur „einurð og hugrekki“ til að nota það upp á eigin spýtur. „Einkunnarorð upplýsingarinnar,“ sagði hann, „eru því „Sapere aude!“, hafðu hugrekki til að nota eigið hyggjuvit!“

II

Upplýsingarmenn settu sér það markmið að uppfæra alþýðu manna og bæta þannig heiminn. Það átti að gera hvern og einn færar um að hugsa fyrir sig og verða þannig virkur þátttakandi í skoðanamyndun og ákvarðanatöku samfélagsins. Kant trúði því að það væri hægt að frelsa lýðinn með þessum hætti. Hann benti á í fyrrnefndri grein að letin og ragmennskan væru orsakir þess „hve öðrum reynist hægt um vik að gerast forráðamenn meðbræðra sinna. Það er svo þægilegt að vera ósjálfráða“.

III

Í þessu verkefni upplýsingarinnar fólst auðvitað ákveðin mótsögn. Það átti að frelsa lýðinn frá fáfræði sinni með því að innprenta honum nýja hugsun, þá bóklegu þekkingu sem elítan hafði vald á. Það átti með öðrum orðum að steypa almúgann í mót hinna hámenntuðu (og velættuðu), hugsanlega með þeirri afleiðingu að hann hætti að hugsa sjálfstætt.

IV

Verkefni upplýsingarinnar byggðist á ofurtrú á hinu ritaða orði en bókin var aðalmiðill og -vopn upplýsingarmanna. Á bak við þessa trú á textann var hugmyndin um óvirka neytandann, að almúginn tæki gagnrýnislaust við því sem fyrir honum væri haft. Þessi hugmynd lifir enn góðu lífi og er ástæða þess að menningarvitarnir hafa stöðugar áhyggjur af því að svokölluð lágmenning hafi slæm áhrif á almenning og sé að fella alla í sama mótið. En rétt eins og nú þá voru lesendur ekki þöglir, hlutlausir og aðgerðalausir neytendur á upplýsingaröld, heldur tóku þeir virkan og persónulegan þátt í sköpun textans. Þessa má sjá stað í alþýðumenningu, jafnt fyrir á öldum sem nú. Í henni birtist oft heimsmynd sem stangast á við viðurkennda þekkingu, jafnvel í þeim tilfellum þar sem hún er úrvinnsla á „opinberum“ textum.

V

Verk alþýðufræðimanna á borð við Gísla Konráðsson og Sighvat Grímsson, sem Davíð Ólafsson fjallar um í *Lesbók* í dag, eru gott dæmi um þetta. Á undanförunum árum hafa íslenskir sagnfræðingar einmitt lagt síaukna áherslu á að rannsaka heimildir um líf og störf slíkra manna. Þessar rannsóknir hafa fyllt talsvert upp í þá mynd sem saga hinna ýmsu „stofnana“ samfélagsins hefur dregið. Af þeim má sennilega einnig draga þann almenna lærdóm að sjónarhornin eru aldrei of mörg, að sagan öll verður seint sögð, hvorki saga fortíðar né samtíðar. Á upplýsingaöld opnast reyndar ýmsir nýir möguleikar en það er eigi að síður mikilvægt að hafa í huga hvaðan bróðurparturinn af upplýsingunum kemur.

260102: Bókmenntaumræðan

I

Íslensk bókmenntaumræða er að vissu leyti vanþróuð. Upphrópanastíllinn sem einkennir ritdóma og aðrar umsagnir um bókmenntir í fjölmiðlum er kannski ekki séríslenskt fyrirbrigði en er sannarlega dæmi um fremur efnislitla umræðu. Markmið gagnrýni sem leiðbeining fyrir lesendur og samræða við verkin sem til umfjöllunar eru fara fyrir lítið í slíkum skrifum. Tímaleysi gagnrýnenda er iðulega kennt um en þegar palladómar heyrast einnig um eldri verk, svo sem eins og í ólíkindalegri umræðu sem nú á sér stað um Halldór Laxness, þá er augljóst að eðli umræðunnar stafar af dýpri orsökum.

II

Í grein í *Lesbók* í dag um viðtökur Kristmanns Guðmundssonar rifjar Gunnar Stefánsson upp nokkra ritdóma frá miðri síðustu öld. Þar fjalla þekkt skáld um bækur Kristmanns, sum á vandaðan hátt en önnur svo óréttlátlega að það er einkennilegt að slík skrif um bókmenntir skuli hafa fengist birt. En burt séð frá palladómunum þá eiga þessir hálftrar aldar gömlu skrif annað sameiginlegt með umfjöllun um bækur nú um stundir. Í þeim er ekki gerð nein tilraun til þess að dæma bækur Kristmanns á forsendum þeirrar bókmenntagreinar eða -tegundar („genre“) sem þær tilheyra. Kristmann er raunar sagður „reyfarahöfundur“ en í niðrandi tón. Og eins og Gunnar bendir á í grein sinni er Kristmann enn lesin á sama hátt, bækur hans eru „sjoppubókmenntir“ líkt og einn gagnrýnandi orðaði það nýlega.

III

Að þessu leyti hefur lítið breyst í íslenskri bókmenntaumfjöllun síðustu fimm tíu ár. Enn er fjallað um bókmenntir af ýmsu tagi án tillits til forms þeirra og gerðar. Íslenskir gagnrýnendur virðast uppteknari af því að leggja hið svokallaða bókmenntalega mat á verk en að kanna hvers konar bókmenntir þeir eru að lesa. Það má hins vegar ljóst vera að til þess að geta lagt mat á verk þarf fyrst að gera sér grein fyrir því hvernig verk er verið að meta. Þegar það er á reiki hjá gagnrýnanda er mat hans síður marktækt.

IV

Ástæðan fyrir því að gagnrýnendur fjalla frekar um (fremur óljóst) „bókmenntalegt gildi“ verka en eðli þeirra kann að vera tímaskorturinn margnefndi. Það getur sannarlega verið erfitt að greina form verks og gerð, samhengi þess og ætlun, kannski ekki síst nú um stundir þegar hinar ólíkustu greinar bókmenntanna skarast mjög og erfitt er að festa hendur á meginstraumum. En afleiðingin getur stundum verið ruglingsleg og villandi umræða fyrir lesendur. Stundum einnig sköndin því talað er í kross um sama hlutinn.

V

Taka má undir það með Gunnari Stefánssyni að engin ástæða sé til þess lengur að fjalla um Kristmann í sama upphrópanastíl og gert hefur verið síðastliðna áratugi. Það væri hnýsilegt að sjá verk hans lesin út frá einhverju öðru sjónarhorni en því þrönga bókmenntalega gildismati sem hingað til hefur verið lagt á bækur hans.

020202: Hugvísindi

I

Augljóst er að hin svokölluðu hugvísindi tóku nokkrum breytingum á síðustu öld. Að vísu eru þau ekki ýkja gömul sem slík, flestar greinar innan þeirra spretta upp úr hugmyndagerjun upplýsingarinnar og verða til sem sérstök fræðasvið á nítjándu öld. Nægir þar að nefna málvísindi, bókmenntafræði og mannfræði. Á síðustu öld bættust ýmsar nýjar greinar við eða urðu til sem eins konar hliðar- eða undirgreinar eldri greina. Kvænnafræðin hefur raunar náð fótfestu sem sjálfstæð fræðigrein en einnig mætti nefna menningarfræði, kynjafræði og kvikmyndafræði. Sömuleiðis hafa einstakir hugsuðir og fræðimenn sprengt utan af sér þröngar skilgreiningar og blandað sér - eða verið blandað - í umræðuna á fleiri sviðum en einu. Nietzsche, Freud, Kristeva og Foucault eru dæmi um þetta. Talað er um þverfaglega nálgun sem hinar nýju greinar hugvísindanna hafa nærst á að verulegu leyti en um hana hefur þó ekki ríkt nein sátt.

II

Aðferðafræðilegur margbreytileiki ætti undir flestum kringumstæðum að vera til góðs en á vissan hátt hefur hann valdið sundrunu innan hugvísindanna og jafnvel óvissu um hlutverk þeirra. Sérstaklega hefur það orðið deiluefni þegar fræðimenn hafa teygst sig út fyrir eigið fræðasvið eftir kenningum. Þá hefur verið algengt að talað sé um ónákvæma hugtakanotkun, misskilning eða hreinlega misnotkun á hugmyndum. Einnig eru fræg ummæli um hugvísindamenn sem kjaftastétt sem tali eins konar klíkumál sem í raun segi ekki neitt sem máli skipti fyrir framþróun þekkingarinnar á manninum og heiminum. Hörðustu gagnrýnendurnir hafa haldið því fram að hugvísindin hafi að hluta til þróast út í botnlausu efa- og afstæðishyggu. Það er því kannski engin furða þótt spurningar um tilgang og markmið fræðanna hafi vaknað. Til hvers eru hugvísindin? Eru þau að segja eitthvað sem máli skiptir?

III

Þessara spurninga hefur ekki síst verið spurt í heimspekinni en sjálf hefur hún ekki farið varhluta af aðferðafræðilegum klofningi, ekki síst milli engilsaxneskrar rökgreiningarheimspeki og meginlandsheimspeki, auk þess að hafa verið í svólítið stormasömu sambandi við aðrar greinar hugvísindanna síðustu öld. Í greinaflokki sem hefst í *Lesbók* í dag verður reynt að leita svara við þessum spurningum um tilgang, markmið og mismunandi aðferðir en yfirskrift hans er Heimspeki, til hvers? Í fyrstu greininni veltir Björn Þorsteinsson upp spurningunni hvað heimspeki sé og til hvers hún hafi verið iðkuð til þessa og af hverjum. Bendir hann meðal annars á að hvítir evrópskir og ókvæntir karlar sem tilheyra hinni gyðinglegu, grísku og kristnu hefð hafi mótað vestræna heimspekihefð, þar hafi konur, múslimar, búddistar eða fólk af öðrum kynstofnum en þeim hvíta hvergi komið nærri.

IV

Hugvísindin sem og önnur fræði hafa oftlega verið gagnrýnd fyrir að hafa fjarlægst almenning, kannski ekki síst vegna þess að þau noti fræðihugtök eða klíkumál sem engir nema innvígðir skilja. Í greinaflokknum verður leitast við að nálgast flókið efnið með skýrum hætti.

090202: Höfundur Njálu

I

Heyrst hafa raddir um að þessi eilífa leit að höfundi Njálu sé orðin svolítið vonleysisleg og ruglingsleg, ekki síst nú þegar farið er að tala um að það séu fleiri en einn höfundur að Njálu og þessa menn sé að finna á öllum öldum frá tilurð sögunnar og í flestum vestrænum ríkjum ef ekki víðar. Hvernig má þetta vera, spurði kerlingin og fussaði ásamt karli sínum sem sagðist ekki taka mark á svona tali, höfundur Njálu hafi annaðhvort verið Sturlungaættar eða alls ekki til.

II

Hvort tveggja kann að vera rétt hjá karli. Það hafa verið færð rök fyrir því að höfundur Njálu hafi sannarlega verið Sturlungaættar en jafnframt liggur það fyrir að Njála er höfundarlaus eins og allar aðrar Íslendinga sögur - það setti sem sé enginn nafn sitt á handritið og sú er jú ástæðan fyrir leitinni. Þessi „ek“ sem segir sögu sinni lokið í síðustu málsgrein hennar hefur aldrei haft neitt nafn, hann/hún hefur bara verið þetta dularfulla, ópersónulega persónufornafn miðalda.

III

En hvers vegna setti ritari sögunnar ekki nafn sitt við hana og hvers vegna að reyna að komast að því hver hann var fyrst hann vildi ekki láta sín getið í upphafi? Hugmyndin um höfundinn sem upphaf og miðju skáldskaparins er aðeins um tvö hundruð ára gömul. Ritarar Íslendinga sagna litu ekki svo á að þeir væru upphafsmenn sagnanna. Þeir litu ekki svo á að þeir væru að semja sögurnar í sama skilningi og við tölum nú um að höfundar semji til dæmis skáldsögur. Þeir töldu sig vera að „setja saman“ sögur eins og sagt er í Sturlungu að Snorri hafi gert. Þeir voru með öðrum orðum að setja saman sögur úr eldri sögum, varðveittum í munnmælum eða á bókum. Það var ekki fyrr en á átjándu og níttjándu öld sem farið var að tala um að textar væru afsprengi ímyndunarafls skálda og varð þá til hugmyndin um höfundinn eins og við þekkjum hana í dag, höfundinn sem miðju og upphaf verks. Og þetta hugtak hefur drottnað yfir bókmenntunum og umfjöllun um þær síðan eins og sést hvað best á rannsóknum á íslenskum fornsögum sem að stórum hluta hafa snúist um að finna höfundana að sögunum og þar með einhvers konar lykil að merkingu þeirra, bakgrunni og áhrifum.

IV

En hvað er þá átt við með því að margir höfundar séu að Njálu og þeir hafi verið uppi á nánast öllum tímum og dreifðir um allar köppagrundir? Hér er í raun um ákveðinn viðsnúning á höfundarhugtakinu að ræða sem á rætur í svokölluðum viðtökufraðum. Þar er gert ráð fyrir að merking verks verði ekki til fyrr en við lestur, að lesandinn taki með öðrum orðum þátt í merkingarsköpun verks ásamt höfundinum. Þannig eru lesendur og túlkendur Njálu í vissum skilningi höfundar hennar, eða réttara sagt skilnings okkar á henni. Þeir sem kallaðir hafa verið höfundar Njálu eru þannig þeir sem hafa með einhverjum hætti endurtúlkað söguna í fræðiritum, þýðingum, leikgerðum o.s.frv. Sé þessi skilningur hafður að leiðarljósi er það réttnefni að kalla Njálu „söguna endalaus“ eins og Pétur Gunnarsson gerir í *Lesbók* í dag.

160202: Nám erlendis

I

Kristján Karlsson skáld fór ungur til mennta til Bandaríkjanna. Það var á stríðsárunum. Sjálfsgagt hefur það þótt stórmerkilegt á þeim tíma, að ungur námsmaður skyldi leggja í slíka langferð til náms. Fram að þeim tíma hafði Kaupmannahöfn verið sá staður sem flestir sóttu framhaldsmenntun sína til, en Noregur, Svíþjóð og Þýskaland sóttu einnig á. Það var í New York-borg sem Kristján hóf skáldferil sinn, þar orti hann ljóð og skrifaði sögur sem hann seldi í bókmenntarit.

II

Í dag er öldin önnur, og það virðist hægðarleikur fyrir hvern þann sem hefur löngun til, að sækja framhaldsnám, nánast hvert sem er. Þótt Norðurlöndin og Bandaríkin séu þeir staðir sem flestir sækja, leita aðrir á lítt þekktari staði, bæði í Evrópu og utan hennar. Það er nú orðið ærið langt síðan það þóttu miklar fréttir að fólk fór til Kína til framhaldsnáms. Hvað ætli margir Íslendingar séu við nám þar nú?

III

Á föstudag birtist auglýsing í *Morgunblaðinu* frá Listaháskóla Íslands, með tilkynning um umsóknarfrest til náms í skólanum. Stofnun Listaháskóla Íslands markaði tímamót í íslensku menningarlífi, fáum blandast sennilega hugur um það. Hins vegar hafa margir viðrað þá skoðun sína að meginstyrkur menningarlífs okkar hafi verið sá, hve íslenskir listamenn hafa sótt framhaldsmenntun sína víða. Það hefur verið bent á að þetta hafi gætt menningarlífið víðsýni og fjölbreytileika. Því hafi íslenskt menningarlíf verið sem osmósa, þar sem straumar og stefnur hafi flætt inn og skapað mikla gerjun og grósku.

IV

Það má velta því fyrir sér hvort þetta hafi eingöngu verið til góðs, og hvort einhverja vankanta megi rekja til þessarar löngu hefðar. Það hefur verið sagt íslenskum arkitektúr til hnjóðs að vegna þess hve víða arkitektar hafa sótt nám sitt, hafi hann verið sundurleitur í meira lagi, og að byggðir Íslands séu samsafn ólíkra stíltegunda og formbrigða, þar sem öllu ægi saman, og lítið fari fyrir þeim fagurfræðilega heildarsvip sem einkennir fegurstu borgir og bæi erlendis.

V

Hugmyndin um að á Íslandi þurfi að vera sköpuð íslensk list hefur lengi verið á sveimi. Hvað í þeirri hugmynd felst hefur ekki alltaf verið ljóst; - þar hafa bærst skoðanir jafnt þeirra sem setja fram kröfu um að íslensk list sé þjóðleg, sem og hinna sem telja að öll list sköpuð á Íslandi sé íslensk list. Óravegur getur verið á milli þessara sjónarmiða. Hugmyndin um þjóðlega list hlýtur að stangast á við kröfuna um að hér ríki fjölbreytni og margbreytileiki í listsköpun.

VI

Kristján Karlsson átti kost á því að dvelja í Bandaríkjunum á mótunarárum sínum. Halldór Laxness fékk líka tækifæri til að nema hjá Benediktsmunkum í Lúxemborg og erfitt er að ímynda sér hvernig list þeirra Páls Ísólfssonar og Jóns Leifs hefði þróast, hefðu þeir ekki átt kost á því að stunda tónlistarnám í Leipzig þar sem þeir kynntust helstu straumum og stefnum líðandi stundar. Tækifæri listnema til að stunda nám erlendis verða sennilega mörg um ókomnar stundir. Það verður þó spennandi að fylgjast með þróun þeirra mála eftir að Listaháskóli Íslands hefur kvatt sér hljóðs, skóli sem án efa á eftir að marka sterk spor í íslenskt menningarlíf.

230202: Bókabúðir, Laxness og fræði

I

Halldór Laxness segir frá því í grein sem hann skrifar árið 1943 að amerískir hermenn ganga á undan honum eftir Austurstræti og Bankastræti og býsnast yfir því hversu margar bókabúðir eru í bænum, ein bókabúðin enn, ein bókabúðin enn, endurtaka þeir. Á þessum tíma segir Halldór að 20 bókaverslanir séu í Reykjavík þar sem búi 40.000 manns en um aldamótin hafi þær verið tvær og íbúarnir 5.000. Hann segist halda að hvergi annarsstaðar séu hlutfallslega svo margar bókabúðir og sjálfsagt sé það dularfullt fyrirbrigði í huga Bandaríkjaþilta. „Í þeirra ríka landi, sem hefur að vísu á ýmsum sviðum hærrí menningu en við, td í þrífnaði og verklagni, eru bókabúðir mjög sjaldgæfar utan stórborganna. Þar kemur ein bók á hverja tólf þúsund menn, hér ein á þrjú hundruð.“

II

Halldór var einn harðasti gagnrýnandi íslenskrar menningar. Sóðaskapur landsmanna hafði orðið honum að umfjöllunarefni og yfirleitt þótti honum sleifarlag á flestu sem þjóðin tók sér fyrir hendur. Honum þykja til dæmis flestar íslenskar bækur „furðulegt sýnishorn ómenníngar í verkiðju“. Slægur prófarkalestur er og landlægur, að mati skáldsins. Halldór taldi að meðan þjóðin væri að stíga sín fyrstu spor inn í nútímalegt borgarsamfélag væri mikilvægt að halda uppi sívökullí menningargagnrýni. Í grein sinni, Gagnrýni og menning, segir hann: „Við erum að stíga frammi ljós heimssögunnar sem sjálfstæð og fullvalda þjóð. Hvorki með vopni gulli né höfðatölu getum við skapað okkur virðingu heimsins né viðurkenningu sjálfstæðis okkar, aðeins með menningu þjóðarinnar. Vesalasta skepna jarðarinnar er ósiðaður maður; og hirðulaust ógagnrýnið fólk, lint í kröfum til sjálfs sín, sem kann ekki til verka og unír ómyndarskap, hneigt fyrir sukk og drabb, verðskuldar ekki að heita sjálfstæð þjóð og mun ekki heldur verða það.“

III

Þótt bókabúðir séu ekki lengur við hvert fótíál í höfuðstaðnum hefur bókaútgáfa aukist jafnt og þétt. Hvort tveggja hefur og batnað, frágangur bókana og fjölbreytni. Einkum hefur færst mikill vöxtur í útgáfu ýmis konar fræðibóka, bæði með þýddu efni og innlendu, fyrir leika og lærða. Hér er í sjálfu sér ekkert dularfullt á ferðinni frekar en þegar bókabúðir voru tuttugu í Reykjavík. Þessi þróun helst í hendur við vaxandi fræðasamfélag í landinu og það þrífst ekki nema með því að koma verkum sínum á framfæri.

IV

Eins og búast má við hefur þessi kraftur í fræðasamfélaginu eflt menningar- og þjóðmálaumræðu í landinu. Áhrifin hafa þó eigi að síður fyrst og fremst verið óbein. Fræðimenn eru ekki mjög sýnilegir í daglegri umræðu í fjölmiðlum en verk þeirra skapa í auknum mæli bakland umræðunnar. Fræðimenn hafa þannig ekki farið að orðum Halldórs Laxness um sívökula gagnrýni. Það er raunar erfitt að finna íslenskan höfund eða fræðimann hin síðari ár sem hefur verið jafn ötull gagnrýnandi og Halldór var sjálfur. Það er líka erfitt að sjá ástæðu þess að listamenn og fræðimenn kjósa nú upp til hópa að taka ekki til máls. Það er þörf á því að sem flestar raddir heyrast.

020302: Steinbeck og Hugo

I

Bandaríski rithöfundurinn John Steinbeck var jafnaldri Halldórs Laxness og hefði orðið hundrað ára síðastliðinn miðvikudag. Að sumu leyti voru þeir Halldór samstiga. Margar skáldsögur Steinbecks, þar á meðal *Mýs og menn* og *Prúgur reiðinnar*, lýsa lífi öreigalýðs til sveita á tímum heimskreppunnar. Bækur hans eru raunsæisverk þótt rómantíkin sé aldrei langt undan. Sögusviðið er iðulega afskekktar sveitir Bandaríkjana þar sem fólk lifir hamingjusömu lífi í sátt við náttúruna en vinnuþrælkun, misskipting auðs og græðgi brýtur upp þetta fagra samhengi. Hann hlaut fyrst almenna viðurkenningu og vinsældir fyrir skáldsögu sína *Tortilla Flat* (1935, ísl. *Kátir voru karlar*) en fram að því hafði hann unnið fyrir sér sem verkamaður meðfram skrifum og fengið þannig innsýn í þann heim sem hann átti eftir að gera að meginumfjöllunarefni sínu. Steinbeck var gagnrýndur harðlega í Bandaríkjunum fyrir sósíalískar skoðanir en naut ætíð mikillar aðdáunar í Evrópu. Breiðar epískar skáldsögur hans frá sjötta og sjöunda áratugnum, *East of Eden* (1952) og *The Winter of Our Discontent* (1961), hlutu ekki jafn góðar viðtökur meðal gagnrýnenda og verk hans á fjórða áratugnum. Steinbeck hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels 1962.

II

Annað höfuðskáld átti afmæli í vikunni. Tvö hundruð ár voru liðin frá fæðingu franska ljóðskáldsins, rithöfundarins og stjórnálamannsins Victors Hugo á þriðjudaginn. Hugo er auðvitað þekktastur fyrir sögur sínar *Notre-Dame de Paris* og *Les Misérables* en færri vita sjálfsagt að fyrsta skáldsagan hans hét *Han d'Islande* eða *Hans frá Íslandi* og kom út árið 1822 og var þýdd á ensku þremur árum síðar. Charles nokkur Nodier, blaðamaður og rithöfundur, varð bergnuminn af þessari sögu og bauð Hugo að taka þátt í leshring nokkurra skálda sem kölluðu sig fylgismenn rómantísku stefnunnar. Hugo tilheyrði þessum hóp lengi án þess að vera alltaf sammála skoðunum hans um bókmenntir. Hann var eigi að síður sannur rómantíker eins og ráða mátti af miklum ljóðleik hans, *Cromwell*, sem kom út árið 1927. Þó var það frekar frægur inngangur Hugos að leikritinu en verkið sjálft sem skipaði honum í framvarðasveit rómantísku stefnunnar en leikritið var vart sýningarhæft vegna óheyrilegrar lengdar. Frumsýning á leikriti hans *Hernani* árið 1830 skapaði einnig miklar deilur milli fylgismanna rómantíkurinnar og klassísisma. Árið eftir birti Hugo svo sögu sína af kroppinbaknum Quasimodo í Notre Dame sem hefur að geyma harða samfélagsádeilu eins og fleiri skáldsögur hans og ljóð.

III

Steinbeck og Hugo áttu það sameiginlegt að vera gagnrýnir á samtíma sinn. Báðir uppskárú þeir mikla andstöðu stjórnvalda fyrir vikið. Steinbeck var eins og áður sagði ákaflega óvinsæll í Bandaríkjunum fyrir sósíalískar skoðanir og þótti lengi vel óamerískur í umfjöllun sinni um bandarískt þjóðfélag. Hugo gagnrýndi sömuleiðis stjórnarfar í Frakklandi á tímum Napóleons 3. og var landflótta á Ermarsundseyjum í tæp tuttugu ár sökum þess. Þegar hann sneri heim aftur árið 1870 var honum hins vegar fagnað sem þjóðhetju. Nú um stundir virðast fáir rithöfundar láta til sín taka með jafn afgerandi hætti.

060402: Sebald, Calvino og skáldsagan

I

Skáldsagan er umtalaðasta bókmenntagrein samtímans. Meginástæðan er vafalítið sterk markaðsstaða en skáldsagan hefur líka verið í örri þróun og þannig oft gefið tilefni til umræðna. Lengi fram eftir síðustu öld virtist skáldsagan vera að þróast í mjög sérviskulegar áttir. Tilraunaglaðir höfundar virtust á góðri leið með að króa hana af í innstu kimum. Nýsagan franska var kannski eins konar endapunktur og útgönguleiðirnar sem hún bauð upp á ekki margar. En upp úr því opnast skáldsagnaformið upp á gátt. Tilraunirnar halda áfram en í stað þess að leita inn á við taka höfundar að færa út eða jafnvel afmá mörk formsins. Nú er svo komið að skáldsagan líkist einna helst dagblaði þar sem lesandinn má eiga von á öllu, stiklað er á aðskiljanlegustu efnum, „allt frá skammtafræði til framleiðslu á járnöglum“, eins og þýski rithöfundurinn W.G. Sebald bendir á í viðtali hér í *Lesbókinni* í dag, og textinn getur verið jafnt í þurrum fréttastíl sem upphöfnum rómantískum anda. Að mörgu leyti minnir skáldsagan nú á stiklutexta Netsins þar sem öllu ægir saman og engin boð eða bönn eru í gildi. Kannski hefur skáldsagan aldrei gengið lengra í því að finna heildarlausn, heildarlausn fyrir sjálfa sig jafnt sem einstaklinga, fyrirtæki, og heiminn.

II

W.G. Sebald er einn af þeim höfundum sem hafa á undanförunum árum nýtt sér ólík frásagnarform í skáldsögum sínum, svo sem ferðasöguna, sjálfsævisöguna og sagnfræðina. Einnig hefur hann notað ljósmyndir með afar sérstökum hætti til þess að opna formið enn frekar, brjóta upp hina línulegu frásögn textans og bæta við hann. Hann heldur því fram að ný skáldverk verði að þróast lengra því hið hefðbundna skáldsagnaform er of takmarkandi. Hann segist alltaf vera að grafa upp undarlega hluti sem kannski komi sér að notum og kannski ekki. „Ég leyfi mér að fylgja hugdettum mínum eftir, því reynslan hefur kennt mér að þannig kemst maður að fróðleik sem skipulögð leit hefði aldrei leitt í ljós. Tilviljunin er oft svo afdrifarík og maður verður að treysta eðlisávísuninni.“

III

Fyrir skömmu kom út í íslenskri þýðingu Guðbjörns Sigurmundssonar bók eftir ítalska rithöfundinn Italo Calvino er nefnist *Herra Palomar* en hún kom út á frummálinu árið 1983. Í þeirri bók „leikur“ Calvino á skáldsagnaformið með skemmtilegum hætti. Í raun er bókin í grunninn greinasafn um menningarrýni. Calvino les í ýmis fyrirbæri eins og öldur á strönd, líf í dýragarði og húsgarði, borgina, matarinnkaup o.s.frv. En til þess að bæta nýrri vídd við þessar greinar og ljá bókinni jafnframt annað form en fræðiritsins lætur hann sjónarhornið vera Herra Palomars, venjulegs manns sem er „dálítið nærsýnn, utan við sig og innhverfur“ en finnur hjá sér þörf til að rýna í hversdagslega hluti eins og væru þeir furður veraldar. Fyrir vikið breytist bókin í skáldsögu sem hefur nákvæma byggingu fræðiritsins, eins og útskýrt er í lok bókar, en fjallar um það eilífa viðfangsefni skáldsögunnar hvernig heimurinn er alltaf fyrst og fremst hugarheimur hvers einstaks manns.

270402: „Hrein“ tunga og erlend áhrif

I

Íslendingar fara á mis við margt sökum landfræðilegrar og menningarlegrar einangrunar. Hin landfræðilega einangrun hefur að nokkru leyti skapað hina menningarlegu einangrun en þar kemur þó fleira til. Afstaða Íslendinga til tungu sinnar hefur vafalaust gert þeim erfiðara fyrir að taka við erlendum menningarstraumum. Hér er ekki átt við þá skoðun þjóðarinnar að vilja eiga og viðhalda sinni eigin tungu, sem er vitanlega grundvöllur íslenskrar menningar og hugsunar, heldur hitt að vilja halda tungunni „hreinni“. Í hreinleikahugmyndinni birtist ótti við erlend áhrif sem getur snúist upp í andúð og verið skaðlegur.

II

Hið fjölmennningarlega samfélag á Íslandi er ungt. Fólk af erlendum uppruna tók ekki að setjast hér að til langs tíma að neinu marki fyrr en seint á síðustu öld. Fjölmennningarleg áhrif á íslenskar bókmenntir og listalíf eru því ekki mikil enn sem komið er. Íslendingar hafa til að mynda ekki enn eignast sinn fyrsta rithöfund af erlendum uppruna. Ljóst má vera að þegar það verður munu áhrifin á hið einsleita íslenska bókmenntalandslag verða mikil. Sömuleiðis munu mörk tungunnar þá verða færð út, vafalaust með ákaflega áhugaverðum afleiðingum.

III

Í *Lesbók* í dag er viðtal við breska rithöfundinn Bernadine Evaristo. Evaristo er af nígerískum uppruna en skrifar á ensku. Í viðtalinu kemur fram afar athyglisvert viðhorf hennar til enskrar tungu sem hún lítur á sem efnivið sem óhætt sé að fara mjög frjálsglega með enda sé hún hálfgerður bastardur, áhrifin hafi alltaf komið víða að. Evaristo telur það einn af mikilvægustu kostum enskrar tungu hversu opin hún sé og hversu hratt hún þróist og segir: „Tungumáli er einungis hægt að halda „ómenguðu“ upp að vissu marki, fólk lætur ekki segja sér hvernig það á að tjá sig til lengdar.“

IV

Þessi viðhorf Evaristo til enskrar tungu eru afar áhugaverð. Hugsanlega eru þau svipuð þeim viðhorfum sem íslenskir rithöfundar af erlendum uppruna eiga eftir að hafa til íslenskrar tungu þótt hún hafi vissulega ekki verið jafn opin fyrir áhrifum og enska í gegnum tíðina.

Viðleitni Íslendinga til þess að finna og búa til íslensk orð um hvaðeina sem hugsað er hefur verið frjó. Í þýðingarstarfinu sjálfu verður oftlega til ný þekking, nýtt sjónarhorn eins og bent hefur verið á. Það verður hins vegar forvitnilegt að sjá hvað gerist þegar íslenskan kemst í beina snertingu við aðra menningarheima í bókmenntum skrifuðum af fólki sprottnu úr öðru umhverfi.

060702: Fukuyama, Derrida og frjálsslynt lýðræði

I

Vestrænt menningarástand einkennist ekki síst af afstöðuleysi. Við þurfum ekki að gagnrýna vegna þess að valkostirnir eru endalausir. Við þurfum ekki að mynda okkur skoðun vegna þess að við erum frjálsslynd. Og við eigum ekki að skipta okkur af því sem aðrir eru að gera vegna þess að við búum við lýðræðisskipulag sem veitir hverjum og einum frelsi innan tiltekins lagaramma. Allir hafa atkvæði, allir eiga möguleika, allir hafa frelsi - hver er sinnar gæfu smiður.

II

Þetta eru meðal annars boðorð hins frjálsslynda lýðræðis sem Francis Fukuyama sagði að væri hin „endanlega mynd mennskrar stjórnskipunar“, niðurstaða sögunnar eftir hatrömm hugmyndaleg átök í fjörutíu ár. Spádómur Fukuyama var kannski ekki fjarri lagi: hið frjálsslynda lýðræði er sennilega ríkjandi hugsunarháttur á Vesturlöndum samtímans og öfgarnar hafa jafnast út. En ekki allir eru sammála Fukuyama um ágæti þessa ástands og sumir eru á því að það þurfi að berjast gegn því. Björn Þorsteinsson heimspekingur skrifar grein í nýjasta *Skírni* um bók franska heimspekingsins Jacques Derrida er nefnist *Vofur Marx* (1993) þar sem höfundur ræðst gegn afskiptaleyssi og afstöðuleysi þessa ástands gagnvart ýmsum þeim meinbugum sem samfélög heims standa óneitanlega frammi fyrir. Derrida segir að í sama mund og sumir gerist svo djarfir að halda á loft hinu nýja fagnaðarerindi um frjálsslynt lýðræði eigi að hrópa fullum hálsi: „engar framfarir geta heimilað að horfa framhjá því að aldrei fyrr, á algildum tölulegum mælikvarða, aldrei fyrr hafa jafnmargir karlar, konur og börn verið undirokuð, svelt eða líflátin á jörðinni.“

III

Eins og fram kemur í grein Björns hefur Derrida unnið að því undanfarin ár að ljá hinni alræmdu afbyggingarstefnu sinni, sem margir hafa gefið í skyn að væri algerlega vonlaus afstæðis- eða tómhyggja, „siðferðilegt og pólitískt inntak“. Þessi leit að siðferðilegu og pólitísku inntaki hefur líka farið fram í bókmenntum og listum. Það er þó ekki fráleitt að halda því fram að listirnar hafi öðru fremur einkennst af sömu bjartsýninni og sjálfumgleðinni og birtist í hinni frjálsslyndu lýðræðislegu afstöðu vestræns samtíma. Eða voru naumhyggja og smásmuguleg sjálfsskoðun ekki áberandi þemu á tíunda áratugnum?

IV

En það er þó ekki ólíklegt að 11. september breyti nokkru hér um. Af umfjöllun um elleftu Dokumentasýninguna í Kassel í *Lesbók* í dag má skilja að listamenn séu einmitt í auknum mæli að leita uppi þá siðferðilegu og pólitísku vitund sem glataðist að einhverju leyti í (stórlega misskildum) fögnuðinum yfir því að tími öfganna væri liðinn í byrjun síðasta áratugar. Ofbeldi, ógn, endurtekningar, lokuð rými, glundroði, sársauki, múrveggir, gaddavírsgirðingar, landamæri, dauði og hnattvæðing eru orð sem koma hvað eftir annað upp í hugann er gengið er um sýninguna eins og segir í grein Laufeyjar Helgadóttur hér í blaðinu.

130702: Eliot og Vivienne

I

Fyrir á þessu ári kom út í Bandaríkjunum bók um fyrstu eiginkonu T.S. Eliot, Vivienne, en löngum hefur hvílt nokkur dul yfir samskiptum þeirra og þá sérstaklega endalokum hjónabandsins sem einkum hafa verið skýrð með meintri geðveiki Vivienne. Bókin er eftir Carole Seymour-Jones og nefnist *Painted Shadow* en í undirtitli segir að hún fjalli um ævi Vivienne, fyrstu eiginkonu T.S. Eliots, og sannleikann um áhrif hennar á snillinginn sem löngum hafi verið þagað um.

II

Seymour-Jones heldur því fram að sagnfræðingar hafi ávallt litið fram hjá áhrifum Vivienne á skáldið, það hafi jafnvel ríkt þegjandi samkomulag um að útiloka hana og dæma hana geðveika. Hefur þessu verið harðlega mótmælt í nýlegum ritdómi um bókina í *The New York Times Book Review* eftir William H. Pritchard sem bendir til dæmis á að nýleg ævisaga Eliots eftir Lyndall Gordon geri Vivienne góð skil og fjalli sérstaklega um áhrif hennar á skáldskap Eliots.

III

Hjónaband Eliots og Vivienne varði árin 1915 til 1933 en þá yfirgaf hann hana eftir að hafa snúið heim úr árs dvöl í Bandaríkjunum. Í bók Seymour-Jones eru árin eftir skilnaðinn, sem aldrei var gengið frá formlega, rakin ýtarlega en þá reyndi Vivienne að ná sambandi við Eliot aftur árangurslaust og var á endanum lögð inn á geðveikrahæli af bróður sínum árið 1938. Eliot undirritaði aldrei nein skjöl sem samþykktu innlögn Vivienne en hann hafði heldur aldrei samband við hana aftur. Vivienne lést árið 1947 á hælínu, árið áður en Eliot hlaut Nóbélinn.

IV

Seymour-Jones heldur því fram að það sé ekki hægt að kenna Vivienne alfarið um hvernig fór fyrir hjónabandi þeirra Eliots. Ver hún talsverðu þúðri í að finna skýringar á stormasömu sambandi þeirra í fari Eliots og bendir meðal annars á að ráðríki móður hans í æsku hafi haft slæm áhrif á hann og gert hann erfiðan í sambúð. Pritchard telur rök hennar hins vegar langsótt og bendir á að Eliot hafi ætíð verið í góðu sambandi við móður sína eins og ráða megi af fjölmörgum ástúðlegum bréfum hans til hennar. V Seymour-Jones telur sig einnig finna rök fyrir því að Eliot hafi verið kynkaldur með Vivienne og vitnar í sálfræðing þess efnis að ekki sé ólíklegt að hann hafi bælt með sér kynferðislegar langanir til karlmannna. Pritchard telur rök hennar ákaflega haldlítil og segir raunar bókina illa skrifaða í flesta staði. Telur hann líklegt að aldrei verði komist til botns í því hvernig samband þeirra Eliots og Vivienne var í raun og lítilmótlegt sé að leita að sökudólgum í þeim efnunum.

VI

Bók Seymour-Jones, sem er 698 blaðsíður, er sennilega einna helst sönnun þess að einkalíf skálda og listamanna vekur ekki síður deilur og áhuga en verk þeirra - og kannski miklu frekar.

200702: Ævisögur

I

Nýlega kom út fimmta og síðasta bindi í ævisögu rússneska rithöfundarins Dostojevskís eftir breska bókmenntafræðinginn Joseph Frank. Frank gaf út fyrsta bindið árið 1976 og hefur því verið rúman aldarfjórðung að klára verkið sem er ýtarlegasta eða að minnsta kosti lengsta ævisaga sem skrifuð hefur verið á Bretlandi og slær þar út tvö þúsund blaðsíðna ævisögu Henry James í fimm bindum eftir Leon Edel.

II

Útgáfa ævisagna hefur verið gríðarlega mikil í langan tíma í Bretlandi og víðar í Evrópu og einnig í Bandaríkjunum. Algengast er að skrifað sé um rithöfunda, listamenn og stjórnámálamenn en fræðimenn og vísindamenn eru einnig vinsæl viðfangsefni ævisagnaritara. Margir þeirra hafa sérhæft sig í ritun ævisagna en svo eru fræðimenn á borð við Joseph Frank sem veita sérþekkingu sinni í þennan farveg. Í sumum tilfellum eru ævisögurnar miklu meira en bara sögur um æviferil viðkomandi karls eða konu. Í ritdómi sem birtist nýlega í *The New York Times Review of Books* um verk Franks segir Michael Scammell, sem sjálfur er ævisagnaritari, meðal annars að það fjalli ekki síður um sögu rússneskrar nítjándu aldar menningar en ævi Dostojevskís. „Þetta er ekki bókmenntaleg ævisaga í venjulegum skilningi og bókin veitir heldur ekki heildstæða sýn á skáldið. Hún er miklu frekar ýtarleg saga um hugarheim Dostojevskís, alfræðirit um hann sem meiriháttar skáldsagnahöfund, hugsuð, ritgerðasmið og ritstjóra, blaðamann og gagnrýnanda.“ Segja má að þetta sé lýsing á bestu kostum ævisögu.

III

Hér á landi er ekki mikil hefð fyrir ævisögum af þessu tagi. Nokkuð var gefið út af ævisögum í viðtalsformi á áttunda og níunda áratugnum en þeim hefur fækkað talsvert. Sjálfsævisögur eru og þó nokkrar en minna hefur verið ritað af ævisögum eins og þeim sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni. Ritaðar hafa verið ævisögur nokkurra þeirra stjórnámálaskörunga og rithöfunda sem settu svip sinn á síðustu aldir en í þeim efnum er geysimikið starf óunnið. Að sumu leyti vekur það furðu hversu lítið hefur verið fengist við þessa bókmenntagrein hérlendis en það ber að hafa í huga að ritun ævisagna er tíma- og fjárfrekt verkefni, eins og Viðar Hreinsson benti á í viðtali hér í blaðinu fyrir skömmu en hann vinnur nú að ævisögu um skáldið Stephan G. Stephansson.

IV

Eins og sagt er frá annars staðar á þessari síðu minnst Spánverjar þess nú að hundrað ár eru frá fæðingu skáldsins Luis Cernuda. Í tilefni þess hefur meðal annars verið efnt til mikillar sýningar um skáldið í Madrid og í tengslum við hana gefið út fimm hundruð síðna rit um ævi hans og verk. Hér á landi minnumst við þess að hundrað ár eru liðin frá fæðingu Halldórs Laxness. Efnt hefur verið til málþings og sýninga í tilefni þessa en enn hefur ekki komið út ævisaga þessa mesta rithöfundar Íslands á síðustu öld. Vafalaust bíða margir spenntir eftir slíkri lesningu.

270702: Foucault og eftirlitssamfélagið

I

Franski heimspekingurinn Michel Foucault skrifaði merkilega bók um aga, eftirlit og refsingar og það hvernig fangelsið varð til en hún heitir á frummálinu *Surveiller et punir: Naissance de la prison* (1975) og mætti útleggja það með eftirfarandi hætti á íslensku: Eftirlit og refsingar: Tilurð fangelsisins. Í þessari bók er ákaflega margt forvitnilegt, svo sem umfjöllun um samband valds og þekkingar og svokallaða valdataekni þar sem líkaminn er viðfangið. Þar er einnig fjallað um það hvernig valdið var staðfest eða sýnt með því að refsa fólki opinberlega. Þetta kallaði Foucault leikhús hryllingsins og voru margir þættir þess skráðir á íslenska líkama fyrr á tíð.

II

Þar er einnig sagt frá því að menn fóru að beita nýjum aðferðum við refsingar á átjándu öld þegar andlegar hirtingar, sem áttu að vera siðbætandi, komu að miklu leyti í stað líkamlegra refsinga. Hugsunin á bak við hina nýju aðferðafræði var ekki að refsa minna heldur „betur“. Markmiðið var að allur samfélagslíkaminn myndi fyrir refsingunni en bitnaði ekki aðeins á líkama hins ógæfusama einstaklings. Hugurinn var blaðið sem valdið var þrykkt á og inntakið var táknafræðilegt. Refsingin þurfti til dæmis helst að tákna eða lýsa brotinu sem framið var svo að skilaboðin kæmust skilmerkilega til skila.

III

Í bók sinni bendir Foucault meðal annars á að refsingar yfirvalda hafa ekki aðeins haft það að markmiði að halda afbrotamönnum í skefjum heldur samfélagsþegnunum öllum. Þegnarnir eru sér hins vegar ekki endilega meðvitandi um þetta. Þannig hélt Foucault því fram að fangelsi leyndu okkur þeirri staðreynd að við erum sjálf innilokuð í samfélagi. Við trúum því að við séum frjáls vegna þess að við setjum glæpamenn á bak við lás og slá og gerum okkur ekki grein fyrir að við erum lítið betur sett en hinir innilokuðu. Foucault sagði að nútímasamfélög væru eftirlitssamfélög og innri gerð þeirra mætti líkja við fangelsi enska átjándu aldar heimspekingsins Jeremys Bentham's, „panopticon“, sem er hringlaga bygging með eftirlitsturni í miðjunni og gerir það mögulegt að einstaklingarnir sem lokaðir eru inni í klefum sínum hafa stöðugt eftirlit með hver öðrum. Raunverulegur ávinningur af slíku kerfi er ekki að yfirvaldið hafi fullkomið eftirlit með þegnunum heldur að einstaklingurinn sjálfur verði svo upptekinn af því að vera undir eftirliti að hann beiti sig sjálfur hörðum samfélagslegum aga.

IV

Samtímamenningin geymir margar sögur af því hvernig einstaklingar reyna að finna sjálfa sig í margvíslegri flóru ímynda og textabrota, boða og banna sem tungumálið, menningin, sagan og samfélagið hafa þrykkt á sál þeirra. Sjálfsskoðuninni og sjálfsleitinni er iðulega lýst sem sársaukafullri afhjúpun og endar oftast en ekki með róttæku uppgjöri við nánasta umhverfi. Þessi margtuggða klisja um að finna sig, sem lengi hefur gengið í Hollywood-framleiðslunni, á sér þannig dýpri rætur en margur hyggur.

100802: Hryllingur

I

Eins og fram kemur í vísindapætti blaðsins í dag virðist kjarni viðbjóðs vera „löngun til að losna við það sem maður hefur innbyrt í eiginlegri eða óeiginlegri merkingu“ en stundum fylgja dæmigerð svipbrigði, flökurleiki, aukin munnvatnsmyndun og svo framvegis. Darwin benti fyrstur manna á að viðbjóður gegndi því hlutverki hjá dýrum og mönnum að forðast óæti. En fólk fyllist ekki aðeins viðbjóði við að innbyrða fúlan mat heldur og þegar það snertir eða sér eitthvað sem samræmist ekki tilfinningu þess fyrir því hvað er heilbriggt eða eðlilegt með einhverjum hætti.

II

Skáld og listamenn hafa í margar aldir reynt á viðbjóðsþol fólks með góðum árangri, hvernig sem á það er litið. Í blaðinu í dag er fjallað um sögu franska hryllingsleikhússins Grand Guignol sem stofnað var árið 1897 í París og sýndi einkum verk er fjölluðu um ofbeldi og líkamshrylling af ýmsu tagi. Þar voru farnar ýmsar leiðir að viðbjóðsmörkum áhorfenda sem þróaðar hafa verið lengra í hryllingskvikmyndum.

III

Margir líta á kvikmyndina sem meginform hryllingslistarinnar. Og það má reyndar finna skemmtilegt samhengi í upphafi kvikmyndagerðar undir lok nítjándu aldar og útkomu *Drakúla* eftir Bram Stoker árið 1897 sem er einmitt sama ár og Grand Guignol er stofnað. Drakúla greifi er sennilega eitt þaukannaðasta ævintýri hryllingssögunnar og hefur gengið aftur, ef svo má segja, í fjölmörgum kvikmyndum samtímahöfunda. Á annan tug aðlagana á sögu Stokers hafa verið gerðar og um eitt hundrað myndir sækja efnivið þangað að meira eða minna leyti.

IV

Bent hefur verið á að hrollvekjan snúist um að afhjúpa eða leiða hið dulda í ljós. Hún vekur með öðrum orðum fólk til umhugsunar um hluti sem það bælir með sér í hversdagslífinu. Hún leiðir í ljós sundrunu þar sem við alla jafna sjáum samhengi. Líkaminn er bútaður í sundur og sýndur úr samhengi við það sem við köllum eðlilegar aðstæður. Og einstaklingurinn er ekki einn heldur margur. Upp úr sálarkirnum hins dagfarsprúða spretta óvættir svo ógurlegar að við getum ekki annað en brugðist við með viðbjóði. En um leið hugsum við um samsetningu okkar eigin sjálfs þar sem við erum von að setja smávægileg jafnt sem stórvægileg frávik í samhengi, persónulegt samhengi.

V

Hryllingsmyndin vekur þannig ekki síst grun hjá okkur um innra ósamræmi jafnt sem ytra. Og hún bendir kannski umfram allt á að eðlið, sem við höfum ætíð séð sem eitthvað gott inni við traust bein, sé afstætt, að það sé í raun ekki til neitt eitt eðli. Kannski Einstein hafi verið helsti hryllingshöfundur tuttugustu aldarinnar, sem mætti hugsanlega kalla öld hryllingsins (í fleiri en einum skilningi), en þess má geta að hugmyndin á bak við afstæðiskenninguna kom einmitt til hans í draumi rétt eins og söguþráður *Drakúla* birtist Bram Stoker í martröð eftir að hann borðaði yfir sig af krabbakjöti.

170802: Villur Wildes, eðli listamanna og menningarnótt

I

Listamaður er skapari fagurra hluta, sagði Oscar Wilde í skáldsögunni *Myndin af Dorian Gray*. Wilde sagði margt gott og átti til að varpa skýru ljósi á flókna hluti í fáum orðum. Þessi orð eru hins vegar frekar klén. Listamaður þarf ekki að skapa fagra hluti. Hann þarf ekki einu sinni að skapa hluti. Það er nóg fyrir hann að skapa. Eða bara hugsa.

II

Og hvað er svo sem fegurð? Wilde hefði átt að vita að rúmlega hundrað árum fyrr bentu annar Breti, David Hume, á að fegurðin er ekki eiginleiki hluta heldur býr hún í huga þeirra sem á horfa. Um þetta skrifaði Immanuel Kant líka gríðarmikinn doðrant sem varla hefði átt að fara fram hjá Wilde enda eitt áhrifamesta rit sem komið hefur út um fagurfræði til þessa dags.

III

Wilde sagði líka í formála áður nefndrar bókar að öll list væri vita gagnslaus. Sjálfsagt var hann að reyna að fara í taugarnar á raunsæismönnum samtíma síns. Til að ganga alveg fram af þeim bætti hann við annars staðar að öll list væri siðlaus. Þetta er óttaleg rómantík. Og þannig hefur það löngum verið. Þegar talað er um list verður fólk iðulega ákaflega upphafið og talar um að listin sé einstök og alls ekki venjuleg og lyfti mönnum á æðra tilvistarplan, hún sé nánast ósnertanleg og listamennirnir jafnvel líka þótt allir viti að þeir eru manneskjur eins og við hin.

IV

Listamenn koma sannarlega auga á það sem aðrir sjá ekki, hluti sem dyljast í tímanum. Og þegar þeir hafa dregið þá fram í dagsljósið geta þeir sýnst svo augljósir að sumum þykir óþarft að hafa orð á þeim. Listamenn eru því stundum eins og snortnir af guði einfaldleikans. Organistinn í *Atómstöð* Halldórs Laxness kom auga á þetta: „Það er einkenni mikillar listar að þeim sem ekkert kann finnst hann gæti búið þetta til sjálfur - ef hann væri nógu heimskur.“

V

Listin er kannski umfram allt svæði þar sem hið einstaka og almenna skarast, og kannski líka hið einfalda og flókna. Að minnsta kosti hefur skörun orðið einn af meginþáttum menningar samtímans. Hún hefur opnað það svið sem listirnar fara fram á og meðal annars skapað grundvöll fyrir hátíðum eins og þeim sem fer fram í Reykjavíkurborg í dag og nótt þar sem hugtakið menning virðist ekki hafa nein skilgreind mörk og hugtök á borð við hátt og lágt eru merkingarlaus.

VI

Hugsanlega líta einhverjir á þennan viðburð sem menningarlegt karnival þar sem hefðbundnum gildum er snúið á haus og goðum er varpað af stalli.

En menningarnótt er í raun aðeins ein birtingarmynd þess krafts sem býr í samtímameningunni. Hann fær útrás mun víðar, ekki síst í fræðastarfi þar sem múrar sem risu milli greina hafa verið rifnir niður. Með því hafa skapast ný og frjó sjónarhorn sem í sumum tilfellum hafa umbylt rannsóknum. Og auðvitað má það vera boðorð tímans að bylta.

240802: Lífsháski

I

Lífsháskinn var eitt af meginumfjöllunarefnum listamanna á síðustu öld og þarf ekki að koma á óvart. Þessi öld öfga og ógna kveikti óhug í brjósti hvers manns þegar stríðsbróltið hófst á öðrum áratugnum og vísindaskak hennar virtist breyta tiltölulega saklausum heimi í hryllilega martröð um tortímingu mannkyns. Segja má að þessi öld hafi krafist hvern mann um afstöðu og viðbrögð, eitthvert svar við æðinu sem virtist hafa gripið heiminn. Og listamenn brugðust við.

II

Steinn Steinarr gekk svo langt að halda því fram að ef lífsháskann vantaði í skáldskap væri hann einskis verður. Þau orð varpa ljósi á ríkjandi viðhorf til skáldskapar og lista á öldinni ef þau eru skilin í víðu samhengi. Vissulega gat hver og einn einstaklingur komist í lífsháska en í raun stóð mannkynið allt frammi fyrir tortímingu og að mati Steins gat varla nokkurt skáld litið fram hjá því.

III

Í *Lesbók* í dag er fjallað um hinn sérkennilega og magnaða kvikmyndaleikstjóra Stanley Kubrick og tvær mynda hans, *2001: A Space Odyssey* og *The Shining*. Kubrick fjallaði um lífsháskann í myndum sínum og gagnrýndi skefjaleysi tímans, takmarkalaus trú hans á framfarir og taumlaus vísindahyggjuna sem virtist á góðri leið með að leiða mannkynið í glötun. Í *2001: A Space Odyssey* varpar hann fram spurningum um hættur tækninnar og þekkingarinnar og bendir á að maðurinn sé hættulegur sjálfum sér, hann þurfi að beisla þekkingu sína eigi ekki illa að fara. Í annarri sérkennilegri mynd, *Dr. Strangelove Or: How I learned to Stop Worrying and Love the Bomb* frá árinu 1964, fjallar hann um það hvernig kjarnorkustríð getur hafist fyrir mistök. Og þótt myndin sé írónísk og jafnvel fáránleg á köflum var sú hætta vissulega fyrir hendi á þeim tíma og er jafnvel enn. Í *The Shining* ítrekar Kubrick það svo að ógnin kemur ekki alltaf utan frá heldur að innan.

IV

Lífsháskinn er einnig gildur þáttur í menningu samtímans, ekki síst eftir atburðina 11. september. En svo virðist vera sem hinn vestræni heimur skynji þessa ógn með öðrum hætti en þá sem stéðjaði að á síðustu öld. Á síðustu öld kom ógnin ekki síst að innan. Heimsstyrjaldirnar voru okkar eigin stríð. Og bomban var okkar eigin uppfinning og við höfðum sjálf notað hana og gátum átt von á að hún yrði notuð aftur hvenær sem er. En nú kemur ógnin að utan, frá ókunnu afli úr öðrum heimi. Hinn vestræni heimur virðist líta svo á að það hafi verið gerð árást á hann af einhverjum eða einhverju sem hann ekki þekkir.

V

En er það svo í raun og veru? Kubrick benti á að ógnin kæmi iðulega að innan, menn og samfélög væru sjálfum sér hættulegust. Og annar leikstjóri, Ridley Scott, sagði mergjaða sögu í mynd sinni *Alien* frá árinu 1979 um ókunnugt ógnarafl sem brýst út úr líkama einnar persónu myndarinnar á eftirminnilegan hátt. Það áhrifamikla atriði eitt og sér varpar kannski skýrustu ljósi á það sem gerðist 11. september: ógnin kemur að innan. Nú sem fyrr er lífsháskinn því ef til vill sjálfskapaður.

310802: Evrópuvæðing fornsagnarannsókna

I

Það er forvitnilegt að skoða rannsóknarsögu íslenskra fornsagna í ljósi pólitískrar og samfélagslegrar þróunar. Jón Karl Helgason benti á það í bók sinni *Hetjan og höfundurinn* (1998) að á níttjándu öldinni og fram eftir síðustu öld hefðu sögurnar verið túlkaðar sem sagnfræðilegar heimildir um lifandi hetjur og dáðir þeirra á tíundu öld og að sú túlkun hefði verið notuð í sjálfstæðisbaráttunni. Þannig má til að mynda sjá að skáld níttjándu aldarinnar vísuðu til hetjuímyndar fornsagnanna til að byggja undir hugmyndir sínar um sjálfstæði Íslands, hetjur sagnanna réðu málum sínum sjálfar enda þurftu þær ekki að lúta erlendu valdi. Hetjuímynd sagnanna var þannig gildur rökstuðningur fyrir því að Íslendingar gætu staðið einir og óstuddir.

II

Þegar þjóðin hafði öðlast sjálfstæði 1944 var þörf á „nýju pólitísku markmiði fyrir þjóðina til að sameinast um,“ eins og Jón Karl segir, „og íslenski skólinn var með lausnina á reiðum höndum. Hann færði gullöldina einfaldlega fram um þrjú hundruð ár eða svo, frá þjóðveldistímanum til þess tíma þegar gullaldarbókmenntirnar voru skapaðar. Áherslan færðist frá hetjum til höfunda fornsagnanna; höfundur Njálu verður fyrirferðarmestur í umfjöllun Íslendinga um söguna. Jafnframt er boðuð ný gullöld íslenskrar menningar á tuttugustu öld, þar sem skáld, fræðimenn og listamenn eiga að gegna lykilhlutverki.“ Íslendingar þurftu með öðrum orðum að sýna fram á að þeir sem sjálfstæð þjóð ættu menningarlega innistæðu fyrir þessum titli og gerðu það með því að benda á að þeir ættu stórkostlegar heimsbókmenntir í fornsögunum sem skrifaðar voru af miklum nafngreindum höfundum, svo sem eins og Snorra Sturlusyni.

III

Síðustu fjörutíu ár hafa fornsagnarannsóknir tekið nokkra stefnubreytingu sem einnig má finna samsvörun við í stjórnmalalegri þróun samtímans. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar gerðu fræðimennirnir Hermann Pálsson og Lars Lönnroth uppreisn gegn þjóðernisrómantíkinni sem einkennt hafði túlkun fornþókmenntanna og hugmyndir um uppruna þeirra og settu fram kenningar um að íslensk ritmenning væri sprottin úr jarðvegi kirkjunnar og evrópsks latínulærdóms. Hér hófst með öðrum orðum alþjóða- eða öllu heldur Evrópuvæðing íslenskra fornþókmennta og segja má að hún hafi verið ríkjandi í rannsóknum á þeim allt til þessa dags. Nefna mætti nýútkomið rit Guðrúnar Nordal um dróttkvæði í ljósi lærdómshefðarinnar (2001) og rannsóknir Torfa Tuliniusar á fornaldarsögum og Egils sögu frá svipuðu sjónarhorni.

IV

Eins og kunnugt er hefur Evrópuvæðingin átt misjöfnu fylgi að fagna í þjóðfélagsumræðunni á undanförunum árum. Og nú virðist Evrópuvæðingu fornþókmenntanna einnig andmælt. Gísli Sigurðsson, sem verja mun doktorsrit sitt um túlkun Íslendinga sagna í ljósi munnlegrar hefðar við Heimspekideild Háskóla Íslands í dag, heldur því fram að mikill latínulærdómur og menningarstraumar frá meginlandinu dugi ekki til að gera grein fyrir tilurð Íslendinga sagna, þær séu „í meginatriðum óskýranlegt fyrirbæri nema þær hafi haft innlenda frásagnarhefð að baki“.

070902: 11. sept

I

Það var viðbúið að atburðirnir ellefta september myndu kveikja nýjar hugsanir meðal fólks, jafnvel breyta heimsmynd þess. Á árinu sem liðið er síðan atburðirnir urðu hefur verið rætt og ritað um þá af miklum mót. Ef dagsetningunni 9/11 er slegið inn á leitarvélarkvæslu á Netinu kemur gríðarlegur fjöldi bóka upp, bækur sem greina ástæður atburðanna, afleiðingar þeirra, eða segja frá þessum örlagaríka degi í máli og myndum. Sagt er frá nokkrum þessara bóka í dálkinum um erlendar bækur á þessari síðu. En þrátt fyrir alla þessa úrvinnslu er varla hægt að gera ráð fyrir að við munum öðlast mikinn skilning á því sem gerðist og breytingunum sem orðið hafa í kjölfarið fyrir en fjarlægðin er orðin meiri.

II

Sumir héldu því fram að sögunni hefði lokið með falli múrsins árið 1989. Franski fræðimaðurinn Jean Baudrillard gekk kannski lengst af öllum, eins og hans er von og vísa, og talaði um „verfall atburðanna“, að ekkert gerðist lengur enda væri samtíminn upptekinn af því að endurtaka og endurframleiða gamla atburði, gamlar hugsjónir frá „sögulegum“ tíma. Að hans mati hófst sagan hins vegar að nýju ellefta september, þá varð fyrsti atburðurinn í langan tíma sem breytti heiminum, sem setti spurningamerki við hnattvæðinguna sem meginafli samtímans. Verfallinu væri með öðrum orðum aflýst.

III

Eitt af því sem virðist hafa breyst eftir ellefta september er trúin á hnattvæðinguna. Svo virtist sem flestir væru sammála um að lok kalda stríðsins hefðu þýtt sigur hugmyndafræði hins frjálsa markaðar og lýðræðisins en ellefti september virðist hafa opnað augu manna fyrir því að þetta var talsýn, það hafi engin ein hugmyndafræði lagt undir sig heiminn og það muni sennilega aldrei gerast. Hrun tvíburaturnanna var kannski táknrænt um þetta; það boðaði ef til vill hrun hinnar einföldu heimsmyndar sem virtist standa styrkum fótum í miðju hinnar vestrænu menningar - og í rústunum endurspeglast óreiðan sem við höfum hingað til horft fram hjá. En kannski hefur ekki eins mikið breyst og við höldum. Í forvitnilegri grein eftir Manhattanbúann, skáldið og þýðandann Eliot Weinberger segir að Bandaríkjamenn hafi verið gagnteknir af því að lýsa því hvernig ellefti september hafi breytt þeim. Hann segir að orðið „við“ um Bandaríkjamenn hafi hins vegar alltaf verið algerlega ónothæf alhæfing. Bandaríkjamenn séu þjóð sem sé svo ólík innbyrðis að hún eigi nánast ekkert sameiginlegt nema áhuga á neyslu og skyndibitafræði en það eigi þeir hins vegar einnig sameiginlegt með flestum ef ekki öllum öðrum vestrænum þjóðum og þótt víðar væri leitað. Í raun sé það svo að orðið „amerískur“ sé merkingarlaust nema þegar það er notað um stefnu bandarískra stjórnvalda; frávikin séu of mörg.

IV

En þetta er ekkert nýtt, að mati Weinberger, Bandaríkjamenn hafa alltaf verið innbyrðis ólíkir og það hefur ekkert breyst eftir ellefta september. Það sem vekur þvert á móti athygli Weinbergers er að þjóðin virðist lítið sem ekkert hafa breyst eftir þessa hræðilegu atburði.

140902: Skáldskapur og veruleiki

I

Í Lesbók í dag er leitað svara við merkilegri spurningu: Hvernig stendur á því að skáldskapur hreyfir við tilfinningum fólks þrátt fyrir að það viti að í honum er ekki sagt frá raunverulegum eða sönnum atburðum og persónum? Á áttunda áratugnum stóð mikil ritdeila um þessa spurningu meðal heimspekinga sem lauk án þess að haldbært svar fengist. En í greininni, sem birtist í blaðinu í dag er vakin athygli á tiltölulega einfaldri skýringu á þessu þverstæðukennda sambandi skáldskapar og tilfinninga.

II

Þessi spurning leiðir hugann að annarri og tengdri spurningu: Hvað hefur orðið af greinarmuninum á skáldskap og veruleika? Mikið hefur verið talað um upplausn veruleikans síðustu ár. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að tala um að veruleikinn sé horfinn og er þá vísað til þess að flæði upplýsinga, mynda og tákna af ýmiss konar tagi sé orðið svo mikið að fólk grilli ekki lengur í veruleikann sem allur þessi texti á þó að fjalla um með einum eða öðrum hætti. Oft er vísað til þess hvernig ungt fólk sem leikur sér í tölvuleikjum og horfir á sjónvarp og kvikmyndir daginn út og daginn inn sé hætt að gera greinarmun á sýndarheimi skjámyndarinnar og veruleikanum. Vopnaburður og skotárásir unglinga í skólum séu dæmi um þetta enda virðist sum þessara barna ekki gera sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna.

III

Fjallað hefur verið um upplausn veruleikans í fjölmörgum kvikmyndum en frægust þeirra er sennilega *The Truman Show* eftir bandaríska kvikmyndaleikstjóran Peter Weir. Þar er sagt frá manni sem alla ævi hefur verið aðalpersónan í sjónvarpsþætti, sem er sendur út allan sólarhringinn, án þess að hafa hugmynd um það. Kominn vel á fertugsaldur uppgötvar Truman að líf hans hefur alltaf verið lygi; fjölskylda hans, vinir, samstarfsmenn, karlinn sem selur honum blaðið á hverjum morgni; allt eru þetta leikarar að fara með rulluna sína. Heimabær hans er bara gríðarstórt leiksvið þar sem skil sýndar og reyndar hafa verið máð burt. Og Truman sjálfur er fjöldaframléidd afurð sjónvarpsins, það er engin frumgerð til þar sem það hefur aldrei verið til neinn Truman í raun og veru, hann er gervimaður í gerviveröld.

IV

Reynsluheimur Trumans virðist fjarlægur og jafnvel fráleitur en hann er kannski ekki eins fráleitur og halda mætti. Tína má til fjölmörg dæmi sem sýna að fólk upplifir sig oft á mörkum skáldskapar og veruleika. Fyrir skömmu var til að mynda viðtal á einni sjónvarpsstöðvanna við íslenska fjölskyldu sem hafði orðið vitni að því að sjá fjölmennt, vopnað lögreglulið ráðast inn í hús nágretta síns. Húsmóðirinn sagði að fjölskyldan hefði fylgst grannt með aðgerðunum og bætti við: „Við sáum þetta í beinni útsendingu hér í stofuglugganum.“ Skömmu síðar hafði íslenskur maður, sem var í óða önn að bjarga eignum sínum frá því að fara á kaf í miklum flóðum suður í Evrópu, það á orði í samtali við íslenskan fjölmiðil að sér fyndist eins og hann væri í kvikmynd. Jafnvel á hættu- eða örlagastundum virðist veruleikinn láta undan.

210902: Skáldsagan

I

Breska bókmenntaþinginu, sem staðið hefur í Háskólabíói undanfarna tvo daga, lýkur í dag með pallborðsumræðum fjögurra breskra höfunda og jafnmargra íslenskra undir yfirskriftinni Þjóðin, sjálfsmyndin og skáldsagan. Þegar hugað er að þessum fyrirbærum í samtímamenningunni er hnýsilegt að skoða uppruna þeirra. Það getur reyndar verið varhugavert að fullyrða um uppruna hugmynda - og fæstir trúa raunar á upprunann lengur nema sem tilbúið samhengi - en ef einungis er litið á þessar hugmyndir um þjóðina, sjálfsmyndina og skáldsöguna eins og við þekkjum þær í dag má halda því fram að þær eigi sameiginlegan uppruna í endurreisninni sem var hreyfing í evrópskri menningu sem kom upp á Ítalíu á fjórtánda öld og náði hámarki á fimmtánda og sextánda öld.

II

Hér er ekki átt við að þessar hugmyndir hafi leikið mönnum á vörum þegar á endurreisnartíma heldur að um þetta leyti í vestrænni menningarsögu hafið tekið að þróast aðstæður sem mynda grunninn að þessum fyrirbærum sem hafa allar götur síðan leikið svo stórt hlutverk sem raun ber vitni. Á endurreisnartíma var tekið að grafa undan ofurvaldi kirkju og keisara með aukinni áherslu á hið jarðneska líf og sjálfstæði og manngildi einstaklingsins í anda húmanisma. Uppfinning prentsins um miðja fimmtánda öld hafði gríðarleg áhrif. Með prenttækninni var hægt að dreifa fjöldaframléiddum bókum og öðru prentuðu efni um víða Evrópu. Við þetta breyttust staðbundnar mállýskur í samræmd og lokuð kerfi þjóðtungna og skapaði með því grunninn að þjóðerninu. Prentið ýtti líka undir einstaklingsvitund bæði vegna þess að höfundar bóka skiptu nú meira máli og lestrarreynsla varð einkalegri við það að fólk fór að lesa í hljóði. Aukin einstaklings- og höfundarvitund, áhersla á sjónnám þekkingar í stað hljóðnáms munnmælasamfélagsins og hin línulega framsetning á blaðsíðum bóka varð að auki til þess að beina athygli manna að sjónarhorninu sem mikilvægum þætti í allri framsetningu.

III

Upp úr þessum jarðvegi sprettur skáldsagan í verkum endurreisnarmanna á borð við Cervantes og Rabelais. Hún ber þá þegar merki hins einkalega sjónarhorns og glímir við að staðsetja sig í sögulegu og samfélagslegu umhverfi sínu. Kannski þess vegna verður hún ákaflega sveigjanleg í forminu. Smámsaman festist þó ákveðin aðferð í sessi og á átjándu og nítjándu öld er eins og skáldsagan verði fullmótuð en það er einmitt einnig sá tími þegar þjóðarhugtakið og sjálfsveran mynda eins konar kjarna í vestrænni menningu. En síðan brestur tuttugasta öldin á með gagngeru endurmati á öllum gildum, eins og tekið var til orða. Fljótlega var farið að tala um hvað sjálfsveran ætti bágð í upplausnarástandinu sem myndaðist í hugmyndalífi mannsins í stríðunum og þegar upp úr miðri öldinni tóku menn að tala um að rótgróin fyrirbæri í vestrænni menningu á borð við skáldsöguna og þjóðina væru að leysast upp. Og nú sitja menn uppi með það að þurfa að tjasla þessu öllu saman aftur, endurskilgreina eða hreinlega finna eitthvað nýtt.

IV

Eins og fram hefur komið í máli bresku höfundanna fjögurra á upplestrar- og umræudagskrám síðustu tveggja daga líta þau svo á að það sé ekkert sjálfsagt eða gefið í starfsumhverfi þeirra. Þau eru ekki að skrifa skáldsögur inn í eitthvað fastmótað form og þau eru ekki að fjalla um heim sem er allur þar sem hann er séður. Það var sérstaklega áhugavert að heyra Michele Roberts tala um það hvernig hún þyrfti að enduruppötva eða endurskapa skáldsagnarformið í hverri nýrri bók. Hún

sagði raunar að skáldsögur sínar væru eins og settar saman úr mörgum smásögum sem kölluðust á eða toguðust á og brytu upp verkið. Það var svo líka áhugavert að heyra Ian McEwan lýsa vinnuferli sínu. Hver bók er hjá honum eins og heill starfsferill, eins og sérnám í nýrri vísindagrein en hann sagði að það tæki hann alltaf talsverðan tíma að læra tungumál hvernar bókar, að læra inn á persónur hennar o.s.frv. Þegar það hefði tekist væri hann hins vegar eins og sérfræðingur í þessari einu bók. Skrifin gengju þá líka ofurhratt. Af orðum þeirra tveggja má ráða að skáldsagan sé að minnsta kosti ekki eitthvað eitt og fastmótað, hver bók sé þvert á móti heimur út af fyrir sig.

280902: Að verða að hata Dani

I

„Pungt er mér stundum að verða að hata Dani,“ sagði Gísli Brynjúlfsson í *Dagbók í Höfn*. Í samnefndri grein í *Lesbók* í dag eru dregnar fram lítt þekktar heimildir um samskipti íslenskra Hafnarstúdenta og Dana á nítjándu öldinni. Þar kemur vel fram hversu viðkvæmt en jafnframt flókið þetta samband var. Danir þöldu ekki Íslendingana sem fengu ótakmarkaðan aðgang að Garði samkvæmt konungsskipun og Íslendingar höfðu tileinkað sér Danahatur í sjálfstæðisbaráttunni, það var þáttur í hugmyndalegri innprentun samtímans, þjóðir urðu að bíta af sér „kúgara“ sína hvað sem það kostaði.

II

Lífið á Garði er raunar ákaflega áhugaverður kafli í sögu nítjándu aldarinnar en þar gistu margir af fremstu andans mönnum þjóðarinnar á þeim tíma, skáld, sjálfstæðishetjur og embættismenn. Garðslífið var þó ekki til neinnar fyrirmyndar, svo sem kunnugt er, þar var „kjaftað. Etið. Slórt“, eins og Gísli segir í dagbók sinni. Margir þeirra ungu manna sem héldu utan til að menntast týndu sér í drykkju og öðrum ólífnaði og náðu aldrei að klára eitt eða neitt við skólann. Sumir héldu aftur heim hálfónýtir af drykkju og skuldum vafðir. Sumir dóu drottni sínum í sollinum eða drekktu sér vonstola í síkinu.

III

Danir á Garði voru ekki alls kostar ánægðir með félagsskapinn af Íslendingunum og þóttu þeir heldur slarksamir og lítt siðprúðir. Dönum þótti líka erfitt að kyngja því að Íslendingar skyldu hljóta Garðvist burt séð frá því hvort þeir stóðu sig í námi eða ekki. Danir voru hins vegar valdir úr mjög stórum hópi. Eins og Björn Th. Björnsson rekur í bók sinni, *Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn* (1991), voru mörg kvörtunarbréf rituð um að ótakmörkuð inntaka Íslendinga á Garð væri ósanngjörn. Bent var á að Íslendingarnir væru hlutfallslega margfalt fleiri en Danir, fjórfalt fleiri en þeir ættu með réttu að vera. Enn fremur er bent á að á hverju ári fari einn eða fleiri Íslendinga „í hundana“, auk allra hinna sem aldrei ljúki prófi. Áratuginn 1847 til 1857 er til dæmis sagt í einu þessara bréfa að 43 Íslendingar hafi búið á Garði en aðeins 12 tekið próf. Áratuginn 1891 til 1900 var ástandið, að sögn, með þeim hætti að 87 Íslendingar voru á Garði, 32 þeirra luku námi, 17 þurftu að halda áfram, 29 hurfu heim próflausir og 9 dóu frá náminu. Enn fremur fundu bréfritarar að því óréttlæti að synir auðmanna á Íslandi gengju fyrir fátækum Dönum um Garðvist. Ekkert tillit var hins vegar tekið til þessara umkvartana, ef þær á annað borð bárust alla leið upp í kansellíð, enda var það konungleg ákvörðun að Íslendingar skyldu ganga fyrir á Garði, eins og segir í bók Björns Th.

IV

Eins og sannast í frásögn þeirri sem birt er í *Lesbók* í dag af samskiptum Íslendinga og Dana á Garði voru þau ekki öll á þennan veg. Það átti líka eftir að koma enn betur í ljós að fáir áttu sér betri „kúgara“ en Íslendingar í þessum heimi.

051002: Ritsafn Snorra

I

Ritsafn Snorra Sturlusonar kom út í fyrsta sinn hérlendis í vikunni glæsilega myndskreytt. Það vekur athygli að útgefandi notar ekki orðið myndskreyting heldur myndlýsing sem er það orð sem upphaflega var notað um myndskreytingar á handritum.

II

Norðmenn hafa hingað til eignað sér Snorra Sturluson með furðulegum hætti þrátt fyrir að eiga ekkert tilkall til hans enda var hann íslenskur að þjóðerni og skrifaði á íslensku. Íslendingar hafa látið þetta yfir sig ganga enda ekki viljað ganga í berhögg við „frændur“ sína í austurvegi á grundvelli frændsemi og vináttu þjóðanna á milli. Norðmenn hafa af einhverjum ástæðum ekki fundið hjá sér hvöt til að rækta frændsemina með þeim hætti að virða þjóðerni Snorra og láta hann í friði og hampa eigin skáldum frá síðari tímum. Þar er kannski skýringin fólgin, að engin skáld eru nafnþekkt frá miðöldum í Noregi og síðfengið sjálfstæði Norðmanna varð þeim tilefni til að endurskapa eigin bókmenntasögu með þeim heimóttarlega hætti sem raun ber vitni hvað Snorra snertir. Leifur Eiríksson hefur einnig verið sagður norskur en þar má skilja rökin betur þar sem skilin milli Noregs og Íslands voru ógreinilegri hvað þjóðerni varðar á dögum Leifs. Líklega hefur þögull pirringur okkar yfir frekju Norðmanna stafað af ótta við að vera sökuð um þjóðrembu en hvað er það annað en þjóðremba af verstu sort þegar Norðmenn eigna sér einstakling af öðru þjóðerni á þeirri forsendu að forfeður hans í sjötta eða sjöunda lið hafi verið frá Noregi.

III

Einn ágætur listamaður sem sökkt hefur sér í bókmenntir íslensku miðaldanna orðaði það þannig á dögum að Íslendingar hefðu átt frumkvæði að því að flytja út skemmtikrafta þar sem skáldin voru rapparar þeirra tíma og fóru á fund Noregskonunga og skemmtu þeim með flutningi á skáldskap og drápum ýmiss konar. Voru þeir kallaðir Íslendingar á þeim tíma komnir í heimsókn til Noregs að flytja konungi drápu. Hvers vegna þeir töpuðu þjóðerni sínu síðar í umfjöllun Norðmanna er athyglisvert að ekki sé meira sagt.

IV

Snorri Sturluson hinn norski sem bjó að Reykholti og samdi bækur fyrir Norðmenn hefur nú loks verið gefinn út í heild á Íslandi og er ekki vonum seinna að hinn norski bókmenntajöfur sé gefinn út af frændþjóðinni. Það telst óneitanlega kostur að ekki þarf að þýða verk hans úr norsku yfir á íslensku þar sem hann valdi þann kost að rita á íslensku hvernig sem á því stendur. Norðmenn aftur á móti hafa þýtt Heimskringlu á sitt tungumál svo þeir geti notið visku síns mesta skálds.

V

Í fyrsta sinn er nafn Snorra sett á titilsíðu Egils sögu og hún eignuð honum án frekari málalenginga. Svo mun einnig um Heimskringlu sem enginn hefur þó lengi efast um að væri verk Snorra. Ritsafn Snorra er því komið út með þeim einu réttu formerkjum sem við eiga, að þrjú helstu rit íslenskra miðalda eftir okkar fremsta skáld og rithöfund frá 13. öld eru nú aðgengileg í einni útgáfu á frummálinu og samlandar Snorra á öndverðri 21. öld eru í þeirri einstöku aðstöðu að geta lesið ritin vandkvæðalaust án langsótttra skýringa sem verður að teljast einstakt í veröldinni.

121002: Houellebecq og skáldskapurinn

I

Talsverðar umræður um hlutverk skáldsögunnar í samtímanum hafa spunnist í kringum réttarhöldin yfir franska rithöfundinum Michel Houellebecq sem kærður hefur verið fyrir níð um íslam. Eins og sagt er frá í grein í *Lesbók* í dag er Houellebecq sakaður um að hafa látið niðrandi orð falla í viðtölum við frönsk tímarit um íslam og auk þess hefur aðalpersónan í nýjustu skáldsögunni hans ímugust á múslimum. Salman Rushdie hefur nú komið Houellebecq til varnar eins og sagt er frá í greininni en í Frakklandi hafa menn skipst í tvær fylkingar með og á móti. Umræðan annarsstaðar hefur og verið talsverð, til dæmis var nýlega skrifuð áhugaverð grein í breskt blað þar sem hansinn er tekinn upp fyrir Houellebecq, ekki aðeins vegna góðs málstaðar heldur ekki síður vegna þess að hann hafi vakið athygli á því hvað skáldsagan sé lítils megnug í hinni samfélagslegu umræðu.

II

Greinina, sem birtist í *The Observer* 22. september, skrifar Mary Riddell. Hún kvartar mikið undan því hvað breska skáldsagan sé í litlum tengslum við breska pólitík og taki yfirleitt lítinn þátt í samfélagsumræðunni. Hún rifjar upp að *Söngvar satans* eftir Salman Rushdie sé síðasta skáldsagan sem hafi blandað sér í stjórnálalega umræðu. Upp á síðkastið hafi vart verið minnst á pólitík og skáldskap í sama mund nema hvað vangaveltur hafi verið uppi um það hvort Bridget Jones sé íhaldsmaður. Riddell segir enn fremur að breskar skáldsögur dragi ekki upp breiða samfélagsmynd eins og bandarískir höfundar á borð við Don DeLillo, Jonathan Franzen og Jane Smiley hafi gert í nýlegum skáldsögum. Þetta sé einnig það sem Houellebecq sé að glíma við í umdeildum skáldsögum sínum, *Öreindunum* og þeirri nýjustu, *Platforme*. Riddell telur að honum hafi ekki tekist neitt sérstaklega vel upp og þegar upp sé staðið sé hinn raunverulegi skandall hvað skáldsagan er bitlaus.

III

Umræðan um samfélagslegt hlutverk skáldsögunnar og skáldskapar yfirleitt er ekki ný af nálinni. Krafan um að rithöfundar taki afstöðu til samfélagsmála í skrifum sínum hefur þó verið mishávær. Um þessar mundir heyrir hún úr ýmsum áttum, einnig hérlendis. Í umræðum íslenskra og breskra skáldsagnahöfunda á málþingi um bresku skáldsöguna hér á landi fyrir skömmu var til dæmis bent á að íslenska skáldsagan hafi skirrst við að fjalla um fjölmenningsamfélagið og vandamál sem því tengjast. Eysteinn Þorvaldsson segir svo í viðtali í *Lesbók* í dag að sér þyki vanta ástríðu í kveðskap yngstu ljóðskáldanna hér og einnig skaphita og afstöðu. Hann segir slíkt kannski ekki lengur í tíðarandanum en enginn yrki gott ljóð nema honum liggi eitthvað á hjarta.

IV

Það væri fráleitt að gera þá kröfu að rithöfundar tækju afstöðu til samfélagsmála í skáldskap sínum eða að þeir tækju ákveðin vandamál til umfjöllunar. Það væri tímaskekkja. Það er hins vegar áhugavert að leiða hugann að því hvernig skáldskap er verið að skrifa um þessar mundir, hvernig hann er skrifaður, um hvað og hvers vegna. Eysteinn segir að ljóð ungra skálda fjalli nú ekki um félagslegt óréttlæti heldur um hversdaginn og einkalífið. Smásmuguleg sjálfsskoðun hefur og verið áberandi viðfangsefni skáldsögunnar síðustu ár. Segir það ef til vill meira um ríkjandi ástand en við viljum vera láta?

261002: Bauman, Braidotti og pórnó

I

Undanfarið hefur rekið á fjörur okkar nokkra áhugaverða fræðimenn frá útlöndum. Við einn þeirra, Zygmunt Bauman, er rætt í *Lesbók* í dag en hann var einn af fyrirlesurum á hnattvæðingarráðstefnu Háskóla Íslands um síðustu helgi. Bauman er kominn hátt á áttæðisaldur en er ákaflega virkur í hinu alþjóðlega fræðasamfélagi. Hæfileiki hans til þess að endurnýja sig er aðáunarverður en nýlegar bækur hans um póstmóðernisma, hnattvæðingu og síðfræði eru meðal þess athyglisverðasta sem komið hefur út á þeim sviðum hin síðari ár. Það fór heldur ekki fram hjá neinum sem hlýddi á Bauman um síðustu helgi að þar fer maður sem hefur brennandi áhuga á því að öðlast skilning á margflóknum samtímanum. Og það leyndist heldur ekki að þar fór maður sem talaði af mikilli reynslu og þekkingu þrátt fyrir að koma fram af stakri hógværd.

II

Ítalska fræðikonan Rosi Braidotti vakti einnig mikla athygli er hún hélt fyrirlestur á kvennafræðapingi við Háskóla Íslands fyrir þremur vikum. Helsta viðfangsefni Braidotti eru sjálfsmyndir okkar hvað varðar kyn, þjóðerni, húðlit, aldur, samfélagsstöðu, sögulega og landfræðilega staðsetningu. Hún telur ekki ósvipað og Bauman að þessir þættir í sjálfsmynd okkar séu farnir á flot og þarfnist þess vegna sífelldrar endurskoðunar. Bauman talar í þessu samhengi um hinn ókunna í samfélagi samtímans en Braidotti líkir sjálfsveru samtímans við hirðingja sem flakkar á milli. En um leið og hirðingjarnir eru mikilvægur þáttur í mannlífinu eru þeir víða óvelkomnir eins og hinir ókunnu. Þetta veldur togstreitu og óöryggi. Jafnframt verður þetta til þess að í æ ríkari mæli leiðum við hugann að sjálfsmynd okkar, hvað það merkir til dæmis að vera Íslendingur eða Evrópubúi á tímum þegar þjóðríkin í sinni gömlu mynd eru að renna sitt skeið á enda.

III

En það vakti ekki síður athygli í máli þessara tveggja erlendu fræðimanna hvað þeir töluðu af miklum sannfæringarkrafti, öryggi og vissu um rannsóknir sínar. Og þetta gerðu þau vegna þess að þeim hefur báðum tekist að lyfta fræðum sínum upp úr kenningastaglinu og beina sjónum að hinum samfélagslegu úrlausnarefnum. Og það hafa þau getað gert vegna þess að þau eru bæði að vinna í umhverfi sem hefur meðtekið og viðurkennt þær kenningar og aðferðir sem þau beita. Og hvaða kenningar og aðferðir eru það? Jú, sömu kenningarnar og aðferðirnar sem sumir íslenskir fræðimenn hafa verið að tileinka sér á síðustu árum og kenndar eru við póststrúktúralisma og póstmóðernisma. Erlendis eiga þessar kenningar og aðferðir sér langa sögu eða allt aftur á sjöunda áratug síðustu aldar. Hérlandis hafa þær hins vegar ekki hlotið mikinn hljómgrunn nema í tiltölulega fámennum hópi allt fram á þennan dag og raunar hefur hugtakið póstmóðernismi orðið að skammaryrði fyrir einhvern misskilning. Það sem andófsmenn þessara kenninga hérlandis hafa einna helst haft á móti þeim er að þær séu óábyrgar, ómarkvissar og ópraktískar. Það hefði verið gleðilegt að heyra þá ræða slíkar athugasemdir við þau Bauman og Braidotti í fúlustu alvöru.

021102: Bókavertíð og ungir höfundar

I

Og enn einu sinni er bókavertíðin hafin, þetta tæplega tveggja mánaða úthald sem einkennist af mikilli gleði yfir því að hérlendis skuli vera til mikið af hæfileikaríkum rithöfundum, og faglegir, vandvirkir og kjarkmiklir útgefendur, en einkennist líka af miklum taugatitringi yfir því hvernig þetta muni nú allt saman fara, hvernig dómarnir verði, hvernig salan verði. Og auðvitað er fjölmiðlafólk gagntekið af spenningi og vill heyra ofan í höfunda um bækurnar og reyna að rýna í samhengi hlutanna svo að það og lesendur verði ef til vill einhverju nær um það hvað íslenskar bókmenntir snúast um einmitt núna þessa stundina.

II

Og þetta fer allt voðalega vel og kröftuglega af stað. Að vísu var hin árlega umræða um gagnrýni ræst fullharkalega á vefritinu *Kistunni* í vikunni þar sem Mikael Torfason hafði uppi ómakleg orð um Úlfhildi Dagsdóttur, ritdómara *Kastljóssins*, og á það sennilega ekki eftir að styrkja málefnalega og vandaða umræðu um gagnrýni. Slík umræða þyrfti hins vegar nauðsynlega að fara fram enda er bókmenntagagnrýni sem og önnur listgagnrýni í nokkrum vanda stödd. Hugsanlega þarfnast gagnrýnendur gagnrýni en þá þarf sú gagnrýni vitanlega að vera af einhverjum öðrum toga en þeim stóryrðaflaum sem lesa mátti á *Kistunni* í vikunni. Það er kannski útópískur draumur að einhvern tímann muni samræðan milli gagnrýnenda og listamanna alfarið einkennast af yfirveguðum og uppbyggilegum orðum um það hvernig listin á að vera. Hugsanlega er það ekki ákjósanleg skipan mála.

III

En athyglin skal þó umfram allt vera á bókunum sjálfum og þar er varla að greina neina kreppu. Við fyrstu sýn er það einkum tvennt sem vekur athygli í bókmenntaútgáfu haustsins. Annars vegar virðist geysilegur fjöldi skáldsagna vera að koma út þetta haust en ljóðabækur eru fáar. Hins vegar má vænta þess að þetta haust verði ekki síst áhugavert vegna þess að nú er kynslóð ungra höfunda - rétt um þrítugt - sem er ekki aðeins óvenju fjölmenn heldur einnig mjög verseruð að senda frá sér hvert verkið á fætur öðru. Hér er um að ræða höfunda á borð við Andra Snæ Magnason, Guðrúnu Evu Mínervudóttur, Mikael Torfason, Sigurbjörgu Þrastardóttur, Sigtrygg Magnason, Stefán Mána og Steinar Braga. Allt eru þetta höfundar sem þrátt fyrir ungan aldur eiga að baki tvö eða fleiri verk sem hafa vakið athygli og sum hver átt þátt í að breyta íslensku bókmenntalandslagi. Og allt eru þetta höfundar sem hafa með einum eða öðrum hætti tekist á við samtímann í verkum sínum, oft á mjög djarfan og ögrandi hátt. Gera má ráð fyrir að verk þeirra setji mikinn svip á flóðið að þessu sinni en við einn þeirra, Mikael Torfason, er rætt í *Lesbók* í dag. Í framhaldinu er svo ætlunin að ræða við fleiri af þessum ungu höfundum hér í *Lesbók*. Ekki er ólíklegt að í þeim samtölum verði hægt að sjá glitta í ný og áhugaverð viðhorf til bókmennta og samfélags.

091102: Sjónvarpið og heimurinn

I

Undanfarna tvo laugardaga hafa birst í *Lesbók* greinar um raunveruleikasjónvarp og bandaríska grínþætti á Skjá einum, þar sem feður eru hafðir að háði og spotti. Í dag birtist í *Lesbók* grein um sjónvarpsstöðina MTV. Allt þetta sjónvarpsefni nýtur geysilegra vinsælda meðal íslenskra sem erlendra áhorfenda og hlýtur að hafa talsverð áhrif. Lengi var deilt um það hvort og í hversu miklum mæli sjónvarpsefni hefði áhrif á fólk. Nú er mikið talað um hvernig slíkt efni hefur áhrif. Háværastir eru þó þeir sem tala um að það sé fyrst og fremst sjónvarpstæknin sem hafi haft áhrif og geri það að verkum að fólk lifi meira og minna í eins konar sýndarveruleika. Um það fjallar greinin um MTV í *Lesbók* í dag öðrum þræði.

II

En síðan eru einnig til þeir sem hafa rannsakað áhrif sjónvarpstækisins sjálfs og þá einkum á heimilislíf, samskipti kynjanna, samskipti yngra og eldra fólks og svo framvegis. Og vafalítið vita flestir hvað átt er við. Sjónvörpum hefur iðulega verið stillt upp á áberandi stað á íslenskum heimilum, oftast í stofunni þótt það kunni að vera að breytast hin síðari ár. Ástæðan er ekki síst sú að sjónvarpið var stöðutákn og er það að vissu leyti enn en um leið var það tákn fyrir nútímann og tæknivæðinguna sem varðaði leiðina inn í framtíðina. Með sjónvarpinu var einangrun heimilisins líka rofin með enn róttækari hætti en útvarpið hafði gert áður. Sjónvarpið var gluggi út í heiminn. Og með því að staðsetja sjónvarpið í miðju heimilisins varð heimilið að miðju heimsþorpsins.

III

Þetta hafði auðvitað áhrif á heimilislífið. Fjölskyldan sameinaðist fyrir framan tækið til að horfa á heiminn sér til gagns og gamans. En sumt efni hafði þveröfug áhrif, eins og kunnugt er, sumir vildu horfa á íþróttir, aðrir á grínþætti, enn aðrir á fréttir. Og eftir því sem tækninni hefur fleygt fram hefur sértækum sjónvarpsstöðvum á borð við MTV fjölgað og með stafrænu tækninni er persónumiðað sjónvarp orðið að veruleika. Nú færir sjónvarpið fólk því ekki síður sundur en saman. Sú þverstæða einkenndi reyndar alltaf drauminn um heimsþorpið heima í stofu að fólkið í þorpum heimsins sat nú frekar heima hjá sér en að fara út á stræti og torg að sýna sig og sjá aðra. Samskipti milli fólks minnkuðu því ef eitthvað var. En þróun sjónvarpsins hefur jafnvel einnig orðið til þess að minnka samskipti fólks inni á heimilum þar sem hver situr í sínu horni að horfa á sína stöð. Og með æ sértækari stöðvum virðist sjónvarpið allt eins geta minnkað heimsmynd fólks eins og stækkað.

IV

Sjónvarpið hefur kannski orðið til þess að hver lifir í sínum heimi, sínum litla sjónvarpsheimi og veit jafnvel ekki hvað er að gerast hinum megin við þilið heima hjá sér, hvað þá utan veggja heimilisins, í þorpinu sínu, eða þá heimsþorpinu margrómaða.

231102: Blogg og bókmenntir

I

Það er skammt stórra högga á milli á vefritinu *Kistunni* þessa dagana. Fyrst var það uppþotið í kringum Mikael Torfason og Úlfhildi Dagsdóttur þar sem fúkyrði flugu manna á milli. Og nú hefur virðulegur rithöfundur skrifað harðyrta grein um það sem hann kallar bloggarabókmenntir og ekki hefur staðið á svörum og gagnsvörum.

II

Í síðustu *Lesbók* var birt brot á síðu tvö úr upphafsgrein þessarar ritdeilu sem Ágúst Borgþór Sverrisson rithöfundur skrifaði. Tilefnið var útkoma skáldsögunnar *Vaknað í Brussel* eftir Elísabetu Ólafsdóttur sem kölluð er „bloggmeistarinn“ í kynningartexta um bók sína í *Bókatíðindum*. Og það er einmitt bloggíð sem fer í taugarnar á Ágústi Borgþóri sem undrast að virt forlag skuli gefa út höfund sem hafi ekki unnið sér annað til frægðar en að skrifa dagbókarfærslur á bloggsíðu sína á Netinu. Ágúst Borgþór segir að stúlkan hafi „lítið vit á bókmenntum og h[afi] fátt lesið utan bóka Helenar Fielding“ og telur það augljóst af lestri texta hennar. Átelur hann forlagið fyrir að gera lítið úr skáldskapariðju annarra ungra höfunda sem hafi þurft að hafa fyrir sínum texta með miklum lestri og yfirlegu yfir formi og stíl.

III

Svar Kristjáns B. Jónassonar, útgáfustjóra Forlagsins, sem gefur bók Elísabetar út, við grein Ágústs Borgþórs var hnýsilegt en stutt brot er birt úr því hér ofar á síðunni. Kristján andmælir því á írónískan hátt að meiriháttar bókmenntir verði til „með því að lesa heimsbókmenntir og fága mál og stíl“. Kristján bendir á að heimsbókmenntirnar séu bara samkomulagsatriði en ekki náttúruleg stærð í menningarlandslaginu og að fágun í mál og stíl sé aðeins „dúllerí við lík bókmenntanna“. Við hvorugt sé hægt að styðjast er meta skal hvað sé markvert í bókmenntum samtímans. Viðmið höfunda sé að finna víða í samtímamenningunni og allt tal um að þau séu ekki nógu bókmenntaleg sé taktlaust.

IV

Skrif Ágústs Borgþórs, Kristjáns og fleiri sem tekið hafa til máls á *Kistunni* um bloggarabókmenntir undanfarið eru merkileg ekki síst fyrir þær sakir að undir niðri liggur eilífðarspurning um það hvað séu góðar bókmenntir. Við hvað á að miða þegar meta skal bókmenntaverk? Við hvað á að miða þegar skrifað er bókmenntaverk? Aður en langt um líður vaknar önnur eilífðarspurning: Hvað eru bókmenntir?

V

Í *Lesbók* í dag hefst stuttur greinaflokkur undir yfirskriftinni: Hvað eru góðar bókmenntir? Ástráður Eysteinnsson skrifar fyrstu greinina og kallast á skemmtilegan hátt á við þá umræðu sem fram hefur farið á *Kistunni* þótt ekki blandi hann sér í hana með beinum hætti. Ástráður bendir meðal annars á hvernig gæðamat verður til í ferli bókar frá höfundi til lesanda með millilendingu hjá útgefendum og ritdómurum. Hann fjallar einnig um hugtakið „sígildi“ sem tengist meðal annars hugmyndum um aðskilnað hás og lágs í menningu en um það fjallar ritdeilan á *Kistunni* öðrum þræði. Einnig er vert að benda á ljóð Stefáns Mána sem birtist í *Lesbók* í dag og má lesa sem innlegg í þessa umræðu en þar er lagt út af sjálfhverfunni sem skáldinu þykir einkenna samtímamenningu meir og meir.

301102: Bóksala og bókmenntasmekkur

I

Hvað eru góðar bókmenntir? Sennilega hefur hver lesandi sitt svar við þessari spurningu. Og það er rétt svar. Og kannski einmitt þess vegna á spurningin fullkomlega rétt á sér. Það kunna þó að vera til einhver almenn einkenni sem bækur verða að búa yfir til þess að teljast góðar. Steinunn Sigurðardóttir segir í svari við þessari spurningu í *Lesbók* í dag að bækur verði til dæmis að vera fyndnar til þess að henni finnist þær góðar. En hvað skyldi Íslendingum almennt þykja góðar bókmenntir? Hverslags bækur kaupa Íslendingar til dæmis?

II

Bóksölulistar sem birtir eru í *Morgunblaðinu* gefa mjög forvitnilega mynd af bókmenntasmekk Íslendinga, þótt ekki segi þeir söguna alla. Þeir leiða ef til vill fyrst og fremst í ljós að það er árstíðabundið hvernig bækur Íslendingar kaupa. Í janúar er *Almanak Háskólans* söluhæst og þegar líður fram á vor taka fermingarbækur að seljast (orðabækur, *Sálmabók íslensku kirkjunnar*, *Passíusálmarnir*, jafnvel Biblían, en einnig ljóðasafn Tómasar Guðmundssonar), á sumrin seljast ferða-, veiði-, ljósmynda- og garðabækur. Sjálfshjálparbækur eru einnig vinsælar á sumrin og reyndar fram á haust en þegar komið er fram í nóvember fer áhrifa jólabókaflóðsins að gæta á sölulistum og þá er von á ýmsu.

III

Auðvitað er varasamt að draga mjög afdráttarlausar ályktanir um bókmenntasmekk þjóðarinnar af þessum listum, að minnsta kosti er ólíklegt að þær bækur sem þjóðin kaupir til fermingargjafa endurspegli smekk enda hvorki öruggt að kaupandinn hafi lesið viðkomandi bók né að þiggjandinn muni lesa hana. Það má þó ef til vill draga einhverja ályktun af því að tvenns konar bækur eru langalgengastar í tíu efstu sætunum á sölulistunum sem birtir hafa verið á þessu ári en það eru annars vegar sakamálasögur og hins vegar barnabækur. Í flokki sakamálasagna eru bækur Arnalds Indriðasonar algengastar en í flokki barnabóka er úrvalið mun meira og engin ein bók sem sker sig úr. Hugsanlega er þetta til marks um að Íslendingar séu duglegir að halda bókum að börnum sínum en þetta þarf hvorki að vera staðfesting á því að þeir lesi fyrir börn sín né að þau lesi sjálf. Og sennilega má lesa úr þessu mikinn áhuga þjóðarinnar á spennusögum, og þá einkum íslenskum sögum af því tagi, og raunar sérstaklega sögum Arnaldar Indriðasonar.

IV

Umfram allt eru sölulistar þó fyrst og fremst heimild um það hvaða bækur Íslendingar kaupa en ekki hvaða bækur þeir lesa. Bóksala fer að stórum hluta fram fyrir jól og þá eru bækur aðallega keyptar til gjafa. Ef til vill sýna sölulistarnir sem birtir eru þessar vikurnar frekar hvernig bækur Íslendingar halda að þeir lesi en hitt hvaða bækur þeir lesa í raun því jólabækur eru yfirleitt keyptar ólesnar. Ef til vill sýna listarnir best hvaða bækur voru mest auglýstar, hvaða bækur voru mest í umræðunni.

071202: Hvað eru góðar bókmenntir?

I

Í svari við spurningunni um það hvað séu góðar bókmenntir í *Lesbók* í dag viðurkennir Þorsteinn Gylfason að hann gæti ekki einu sinni svarað því hvað væri góður bíll eða góður ísskápur og hafi hann þó haft meira en nóg af bílum og ísskápum að segja frá því hann muni eftir sér. Grein Þorsteins er sú síðasta af þremur hér í *Lesbók* um þetta eilífa þrætuepli en vonandi heldur umræðan áfram með einhverjum hætti. Það var vitað að spurningunni um góðar bókmenntir yrði ekki svarað í eitt skipti fyrir öll. Endanlegt svar væri heldur ekki æskilegt, það myndi þýða að bókmenntirnar sjálfar væru komnar að endalokum sínum - skilgreiningar eru bráðdrepanði.

II

Svörin eru samt öll mjög upplýsandi vegna þess að þau lýsa með ýmsum hætti hvernig góðar bókmenntir geta verið og einnig hvernig góðar bókmenntir verða til. Beinast liggur sennilega við að líta svo á að góðar bókmenntir verði til í höfðinu á þeim sem skrifar en þegar betur er að gáð liggur í augum uppi að bæði sköpunarstarfið og gæðamatið fer fram í samspili milli höfunda og lesenda og ýmissa stofnana, formlegra sem óformlegra, sem tilheyra bókmennta- og menningarheiminum hverju sinni.

III

Ein þessara stofnana í íslenskum bókmenntaheimi lét til sín heyra í vikunni en þá var tilkynnt að tíu bækur hefðu verið tilnefndar af sex manneskjum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Eigum við þá að draga þá ályktun að þessar tíu bækur séu góðar bókmenntir? Hér verður því ekki svarað hvort verðlaunatilnefningar séu góður mælikvarði á góðar bókmenntir en hitt er víst að margir eiga eftir að draga þá ályktun að þessar tíu bækur séu einmitt það, góðar bókmenntir.

IV

Á sama hátt má telja víst að fleiri telja nú bækur ungverska rithöfundarins Imre Kertesz góðar bókmenntir eftir að hann hlaut nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Fáir virtust hins vegar þekkja bækur Kertesz áður en hann var tilnefndur þótt hann nyti til dæmis mikillar virðingar meðal Þjóðverja sem sinnt höfðu bókum hans með mikilli þrýði. Eins og Hjalti Kristgeirsson segir frá í grein í *Lesbók* í dag eru þó ekki allir jafn ánægðir með útnefningu Kertesz og virðist andúðin raunar mest í heimalandi hans. Þar sannast að mat á góðum bókmenntum fer ekki fram í félagslegu tómarúmi. Í Ungverjalandi hafa lesendur nefnilega skipst í pólitískar og trúarlegar fylkingar og tala jafnvel um að verðlaun Kertesz séu samsæri gegn ungverskri þjóð og jafngildi stríðsyfirlýsingu.

V

Hér á landi ríkir ekkert stríð, nema kannski á bókamarkaðnum þar sem útsmognir sölumenn takast á. Enginn liggur þó í valnum, nema ef vera skyldi bókmenntirnar sjálfar sem eru ekki annað en beitur í hákarlskjaft neytenda. Skyldu það vera góðar bókmenntir?

2003

250103: Verklaus höfundur

I

Enn ber höfundarhugtakið á góma í umræðum um bókmenntir. Nú í doktorsriti Ármanns Jakobssonar um *Morkinskinnu* sem hann skoðar sem heildstætt bókmenntaverk, samið í kringum árið 1220 af höfundi með, að því er virðist, sterka sjálfsvitund og mikinn áhuga á því hvernig sögur eru sagðar. Þótt Ármann bendi ekki á holdgerving höfundarins, eins og fræðimenn stunduðu lengi vel með misjöfnum árangri, þá er þetta merkileg niðurstaða. Hún sýnir að íslensk sagnaritun á miðöldum var annað og meira en hugsunarlaus endurritun eða skrásetning á munnmælum og eldri textum. Í viðtali í *Lesbók* í dag bendir Ármann samt sem áður á að menn séu almennt sammála um að höfundar miðalda hafi fyrst og fremst verið safnarar, þeir settu saman sögur úr eldri sögum.

II

Í gagnrýni sem birtist í *Lesbók* fyrir viku hélt Gísli Sigurðsson því fram að erfitt væri að segja til um hvenær sú Morkinskinna sem við þekkjum í dag væri saman sett vegna þess að „textar voru í stöðugri mótun og endurvinnslu í skrifarastofum miðalda“. Þar sem handritið sem við styðjumst nú við er frá 1280 þá sé vafasamt að líta svo á að það sé samhljóða þeirri Morkinskinnu sem Ármann segir að hafi verið sett saman um 1220. Hér er ekki ætlunin að skerast í deilur um uppruna Morkinskinnu. Þær eru aftur á móti ákaflega skemmtilegar í ljósi þeirra hugmynda sem fræðimenn hafa gert sér um höfunda nútímans.

III

Maurice Blanchot, sem var franskur bókmenntafræðingur og rithöfundur, sendi frá sér áhrifamikla bók er heitir *L'Espace littéraire* eða Rými bókmenntanna árið 1955. Í henni er að finna þessa röksemdafærslu: Höfundur skrifar bók og bók getur aldrei verið neitt annað en takmarkaður heimur í innri fullkomleika sínum. Bók er því aldrei kláruð eða ókláruð, hún getur ekki verið fullklárað verk, hún getur heldur ekki verið verk í framkvæmd, hún getur aðeins verið. Og vegna þess að bók getur ekki haft neinn endi eða orðið fullklárað verk þá getur hún heldur ekki byrjað, hún á sér ekkert upphaf, hún er aðeins framhald eða endurtekning. Þegar höfundur setur punktinn fyrir aftan síðustu setninguna hefur hann klárað bók en ekki verk, og næst þegar hann stingur niður penna heldur hann áfram að skrifa þessa bók, oft af meira innsæi en stundum í dauflægri endurtekningu. Bók höfundarins verður ekki að verki fyrir en í nándinni sem skapast milli þess sem skrifar hana og þess sem les hana. Höfundurinn tilheyrir verkinu en honum tilheyrir einungis bók, þögult safn ófrjórra orða - ómerkilegasti hlutur í heimi. Höfundur sem upplifir þessa vöntun telur sér trú um að verkinu sé ólokið og hann heldur að með svolitlu átaki, nokkrum vel vörðum stundum, geti hann lokið því. Hann tekur því aftur til starfa. En verkið sem hann vill klára upp á eigin spýtur reynist engan endi ætla að taka; endirinn er tálmynd vinnu hans. Á endanum ber höfundurinn ekki kennsl á verkið. Það umlykur fjarveru hans eins og hin ópersónulega og nafnlausa staðfesting sem það er - og ekkert annað. Þetta er átt við þegar sagt er að höfundurinn, sem klárar ekki verk sitt fyrir en hann deyr, þekki aldrei verk sitt. Það ætti kannski að snúa þessari athugasemd við, því er höfundurinn ekki dauður um leið og verkið verður til? Hann fær stundum hugboð um það sjálfur, þá tilfinningu að vera sífellt undarlega verklaus.

IV

Blanchot vildi með öðrum orðum halda því fram að verk yrði ekki til fyrir en höfundurinn hefði sleppt af því hendinni og einhver annar kæmi að því í skapandi athöfn eins og lestri eða túlkun.

010203: Snorri höfundur Eglu?

I

Enn um höfundarhugtakið. Í þetta sinn vegna deilna sem komið hafa upp hér í *Lesbók* í kjölfar útgáfu á Ritsafni Snorra Sturlusonar þar sem Egils saga er í fyrsta sinn prentuð undir höfundarnafni Snorra. Guðrún Nordal gagnrýndi þessa útgáfu hér í blaðinu í desember síðastliðnum og sagði að hvað sem liði öllu tali um Snorra sem höfund Eglu væri hann ekki höfundur þeirrar Eglu sem við lesum í útgáfum í dag. „Eða í þeirri útgáfu sem kom út á haustdögum undir nafni hans.“ Í *Lesbók* í dag svara Vésteinn Ólason, sem ritaði innganginn að Ritsafninu, og Örnólfur Thorsson, sem sat í ritstjórn útgáfunnar, þessari gagnrýni og færa rök fyrir því að Snorri sé að öllum líkindum höfundur Egils sögu.

II

Að öllum líkindum. Í þessum orðum kjarnast deilan. Þegar upp er staðið verður sennilega aldrei hægt að komast til botns í því hvort Snorri var sá sem setti Egils sögu fyrst á skinn, hvort það var hann sem setti hana saman í upphafi. Það stendur nefnilega hvergi að hann hafi samið þessa sögu. Það stendur reyndar ekki höfundarnafn við neina Íslendingasögu. Þær eru höfundarlausar bókmenntir eins og flestar íslenskar bækur frá miðöldum. Og jafnvel þótt við vissum að Snorri hefði sett Egils sögu saman í upphafi gætum við ekki fullyrt að sú Egils saga sem við þekkjum nú væri eins og sú sem hann setti saman. Við eigum ekki upphaflega handritið eins og Guðrún Nordal benti á.

III

En hvers vegna þessi leit að höfundi Egils sögu? Jú, ef við vissum hver höfundurinn væri legðum við væntanlega annan skilning í söguna en ella. Við gætum lesið söguna í ljósi ævi höfundarins og við gætum reynt að átta okkur á ætlu höfundar með sögunni eins og til dæmis Torfi Tulinius hefur gert en hann heldur því fram að með Egils sögu hafi Snorri verið að gera yfirbót fyrir syndir sínar.

IV

En getum við verið viss um að höfundar á miðöldum hafi unnið með sama hætti og höfundar nútímans gera? Er hægt að ganga út frá því að höfundar miðalda hafi til dæmis hugsað verk sín í samhengi við eigið líf, sem útleggingu á persónusögu sinni? Svarið við þessari spurningu er ekki einfalt. Ármann Jakobsson, sem ver doktorsritgerð um miðaldasöguna Morkinskinnu við Háskóla Íslands í dag, komst þannig að orði í viðtali í *Lesbók* fyrir viku að höfundar miðalda hafi verið safnarar, þeir byggðu á eldra efni sem þeir settu saman á sinn hátt og bjuggu þannig til verk með ákveðna merkingu. Þannig má gera ráð fyrir að höfundur Eglu hafi þekkt sögur af Agli, sennilega varðveittar bæði í munnmælum og rituðum heimildum, sem hann setti saman í sögu sem við þekkjum nú í yngra handriti, að öllum líkindum talsvert breytta. Með þessu er í raun verið að segja að höfundar miðaldabókmennta hafi gegnt svipuðu hlutverki og ritstjóri dagblaðs nú á dögum; ritstjórinn raðar sögum sem hann hefur frá öðrum saman á blöð og myndar þannig eina heild, heild sem gefur skýra hugmynd um samfélag hvers tíma þegar vel tekst til. Auðvitað getur útkoman endurspeglad hugmyndir og tilfinningalíf ritstjórans að einhverju leyti en varla með jafn skýrum hætti og skáldsaga eftir rithöfund frá sama tíma. Munurinn er sá að nútímahöfundurinn hefur frjálsari hendur með öflun efnis, hann getur vissulega notast við sögur úr sarpí samfélagsins og fortíðarinnar en hann getur líka tekið upp á því að byggja á persónulegri reynslu eða ímyndunaraflinu. Það getur ritstjórinn ekki leyft sér, og miðaldahöfundurinn gat það ekki heldur. Eða hvað?

010303: Blanchot

I

Franski rithöfundurinn og bókmenntafræðingurinn Maurice Blanchot var mikill huldumaður. Hann sást sjaldan opinberlega. Ein af fáum - ef ekki eina - myndin (sjá s. 9) sem var tekin af honum sýnir hávaxinn mann í svörtum jakkafötum og svartri peysu innan undir ganga á bílastæði. Hann er með gleraugu. Vinstri fótur er fyrir framan þann hægri og hægri hönd sveiflast fram með hliðinni en það er eins og hann styðji vinstri hönd létt á mjöðm, hugsanlega er hann að þreifa eftir bíllyklum í buxnavasanum. Og kannski er Renaultinn litli, sem hann gengur hjá, bíllinn hans.

II

Blanchot lét svo lítið á sér bera að jafnvel mestu aðdáendur hans höfðu aldrei séð hann. Blanchot lýsti því sjálfur í minningargrein um landa sinn Michel Foucault, sem var einn af helstu túlkendum hans og aðdáendum, að þeir hefðu aðeins einu sinni sést. Það var árið 1968 á fundi með háskólastúdentum í París þar sem rætt var um bókmenntir. Blanchot þekkti Foucault en Foucault hafði ekki hugmynd um að þessi hávaxni, granni maður væri Maurice Blanchot. Foucault vissi því aldrei að hann hafði eitt sinn séð manninn sem hann byggði svo mjög kenningar sínar um bókmenntir á. Af skáldskap og kenningum Blanchot ályktaði Foucault eitt sinn: „Skáldskapur felst ekki í því að sýna hið ósýnilega heldur í því að sýna að hve miklu leyti ósýnileiki hins sýnilega er sýnilegur.“

III

Blanchot lést 20. febrúar síðastliðinn og skrifar Birna Bjarnadóttir grein um helstu kenningar hans í *Lesbók* í dag í tilefni af því. Þó að Blanchot hafi ekki verið áberandi og varla sýnilegur í frönsku menningarlífi hafði hann gríðarleg áhrif, ekki síst á fræðimenn sem tóku að láta mjög að sér kveða á sjöunda áratug síðustu aldar, svo sem eins og áður nefndan Foucault, Roland Barthes, Jacques Derrida og síðar Héléne Cixous. Þannig er til dæmis áherslan á verkið umfram höfund þess, sem svo mjög hefur litað bókmenntafræði síðustu áratuga, að miklu leyti sprottin úr skrifum Blanchot. Og raunar má segja að hann hafi sjálfur lifað þessa kenningu með því að láta svo lítið á sér bera sem raun bar vitni; slíkur sannfæringarkraftur og samkvæmni eru sjaldséðir eiginleikar. En Blanchot átti langan feril að baki og hafði einnig átt þátt í að móta hugmyndir höfunda á borð við Jean-Paul Sartre og nýsöguhöfundanna um og upp úr miðri síðustu öld. Það má því ljóst vera að nú er gengin maður sem hefur verið mikilvæg uppspretta í bókmenntum undangenginna áratuga.

IV

Meðal bóka eftir Blanchot sem auðvelt er að nálgast í enskri þýðingu má nefna skáldsöguna *Thomas the Obscure* og greinasafnið *The Space of Literature* en einnig getur verið gott að hefja kynnin með yfirlitsritunum *The Station Hill Blanchot Reader* og *The Blanchot Reader*. Af öðrum bókum má nefna *Death Sentence*, *The Book to Come*, *The Writing of the Disaster* og *Faux Pas* sem er kannski ein af hans þekktustu bókum.

220303: Stríð og konur

I

Í *Lesbók* í dag eru birtar tvær greinar um stríð og konur en málþing um þetta efni var haldið af Rannsóknastofu í kvennafræðum og UNIFEM á Íslandi síðastliðinn mánudag. Á þinginu kom skýrt fram að þótt konur væru sannarlega fórnarlömb stríðs hefðu þær lítið sem ekkert um það að segja hvort efnt sé til styrjalda eða ekki. Í flestum erindunum sem flutt voru á þinginu kom fram að nauðsynlegt væri að raddir kvenna heyrðust meira í alþjóðasamfélaginu, með því væri hægt að tryggja réttindi þeirra betur og jafnvel koma í veg fyrir stríð.

II

Á þinginu kom fram að orðræða um stríð og hernað væri karlleg í eðli sínu. Orðræða um vopn væri til að mynda fyrst og fremst tæknileg sem geri það að verkum að afleiðingar þeirra falla í skuggann. Hin tæknilega orðræða lýsti aðeins stöðu þeirra sem beittu vopnunum en ekki hinna sem þeim væri beint gegn. Fórnarlömb stríðs séu þannig ekki eins algengt umfjöllunarefni fjölmiðla og hernaðurinn sjálfur. Fjallað var um nauðganir í stríði og vakin athygli á því að afskaplega fátt er vitað um þær. Til eru skriflegar heimildir í 3000 ára gömlum Hómerskviðum, í enn eldri löggjöf Hamurabis og í Gamla testamentinu um nauðganir á konum í stríði, en fátt er vitað um afleiðingar þeirra. Hvað varð til dæmis um þær 250.000 til 400.000 konur sem nauðgað var í Bangladesh í átökunum milli Austur- og Vestur-Pakistan árið 1971? Svo virðist sem þær hafi borið ábyrgðina sjálfar rétt eins og konurnar í Líberíu, Afganistan, Sierra Leone, Rúanda og Úganda til að nefna nýleg dæmi, eða allt þar til árið 2002 að Alþjóðasakadómstóllinn í málefnum fyrrum Júgóslavíu kvað upp dóm um að nauðganir í stríði séu gróf mannréttindabrot, stríðsglæpur og glæpur gegn mannkyni.

III

Skýringar á þessari grimmd eru fáar, eins og fram kom á þinginu. Tilgangurinn er hins vegar yfirleitt sá að ná tókum á óvininum með því að niðurlægja og brjóta niður fjölskyldu- og samfélagstengsl. Það gæti útskýrt hvers vegna svo algengt er að stúlkum og konum sé nauðgað í augnsýn annarra fjölskyldumeðlima. Ógnin um yfirvofandi nauðganir leiðir til fjöldaflotta íbúanna og þar með sjálfkrafa þjóðernishreinsana.

IV

Á þinginu var sagt frá nýlegri skýrslu UNIFEM um áhrif styrjalda á líf kvenna og stúlkubarna. Eins og fyrr var nefnt kennir sagan að ofbeldi gegn konum er ekki nýtt af nálinni í styrjöldum en það sem er nýtt í skýrslunni er hversu skipulagt ofbeldið er og ekki síst hvernig mansal, kynlífsþrælkun og misnotkun tengist átakasvæðum. Það er einnig nýtt að konum er nauðgað skipulega og hvað eftir annað til þess að geta börn. Tilgangurinn er að leggja líf mæðranna í rúst en ekki er hugsað um hvað bíður barnanna. Ýmsar fleiri óhugnanlegar upplýsingar koma fram í skýrslunni en henni lýkur með tillögum um aðgerðir til að raddir kvenna fái að hljóma á fyrirbyggjandi hátt.

120503: Íraksstríðið og Atwood

I

Þegar stríðinu lýkur mun eitthvað hafa breyst. Við getum ekki vitað núna hvað nákvæmlega mun breytast, en ljóst er að ýmislegt verður öðruvísi en það áður var. Nú er sagt að Írak hafi verið frelsað en enginn veit í raun hvað það þýðir. Um þessar mundir ríkir alger ringulreið í landinu, algert stjórnleysi og ómögulegt að segja hvað gerist í framhaldinu. En það verða ekki aðeins breytingar í Írak, Bandaríkin munu vafalaust breytast. Sumir segja að þau hafi þegar breyst á róttækan hátt, án þess að það sé endilega hægt að benda á hvernig.

II

Í nýlegri grein segist kanadíska skáldkonan Margaret Atwood ekki lengur vera viss um það hver þessi þjóð er sem býr sunnan landamæranna. „Ég hélt að ég þekkti ykkur,“ segir hún í greininni sem hún kallar „Bréf til Ameríku“. Hún rifjar upp kynni sín af bandarískri menningu, teiknimyndablöðunum sem hún las í æsku, kvikmyndunum, skáldsögunum, ljóðunum. Og hún nefnir allt það góða og jákvæða sem Ameríka virtist standa fyrir: „Þið stóðuð vörð um frelsið, heiðarleikann og réttlætið; þið vörðuð hina saklausu. Ég trúði því að þetta væri nánast allt rétt. Og ég held að þið hafið trúað því líka. Það virtist trúverðugt.“ En nú segist Atwood ekki vera viss: „Ég er ekki viss um að ég skilji hvað er að gerast í raun og veru.“ Hún segist ekki ætla að ræða ástæður þess að hún telji innrás Bandaríkjamanna í Írak vera mistök. Hún segist ekki ætla að ræða hvað þeir eru að gera öðru fólki. Hún vill ræða hvað Bandaríkjamenn eru að gera sjálfum sér og segir: „Þið eruð að brjóta gegn stjórnarskránni. Það er hægt að ráðast inn á heimili ykkar án vitundar ykkar og leyfis, það er hægt að nema ykkur á braut og fangelsa án ástæðu, það er hægt að skoða póstin ykkar og leita í einkaskjölum ykkar. Er þetta ekki uppskrift að viðamiklum fjársvikum, prettum og pólitískum hótunum? Ég veit að ykkur hefur verið sagt að þetta sé gert til að vernda ykkur, en hugsíði málið í smástund. Síðan hvenær urðuð þið svona hrædd? Áður fyrr var ekki hægt að hræða ykkur svo auðveldlega.“

III

Atwood telur að Bandaríkjamenn stefni hraðbyri í átt til glötunar ef þeir ætli sér að halda áfram á sömu braut. „Ef þið haldið áfram á þessari hálu braut munu aðrar þjóðir hætta að dást að kostum ykkar.“ Hún segir að fólk muni missa trúna á skipulag Bandaríkjanna og lýðræði. Það muni komast að þeirri niðurstöðu að Bandaríkin hafi engan rétt til þess að þvinga gildum sínum upp á annað fólk. Hún lýkur greininni á því að hvetja bandarísku þjóðina til þess að reyna að læra af sögu sinni, að gleyma ekki hugsjónum þeirra sem byggðu þetta þjóðfélag upp.

IV

Athygli fjölmiðla beinist nú að mestu að Írak og framtíð þess sem er óljós. Vafalítið mun athyglinni ekki síður verða beint að Bandaríkjunum áður en langt um líður. Að minnsta kosti er ljóst að ekki margir skilja fyllilega hvað þar er að gerast.

260403: Skáldsagan

I

Fátt er skemmtilegra en að velta fyrir sér skáldsögunni. Allar safaríkustu umræðurnar nú um stundir snúast um þetta ólíkindatól. Engin niðurstaða er innan sjónmáls. Ef við skoðum skilgreiningar á skáldsögunni í uppflettiritum um bókmenntir hljóma þær svona: Skáldsaga „er allöng ... skálduð frásögn í lausu máli. Þessi frásögn hefur ákveðinn þráð atburðarásar sem tiltekinn fjöldi persóna er við riðinn. Lýsingar eða hugleiðingar söguhöfundar um atburðarásina skiptast oft á við samtöl sögupersóna sem bæði geta verið tjáð beint og óbeint. Skáldsöguformið er líka mjög frjálst að því leyti, að oft er skotið inn útúrdúrum eða efni, sem liggur utan við aðal-söguþráðinn. Yfirleitt er s. markað ákveðið landfræðilegt sögusvið, skáldað eða raunverulegt, hún gerist á ákveðnum sögutíma, allt frá fjarlægri fortíð til óþekkrar framtíðar, og í ákveðnu þjóðfélagslegu umhverfi. Atburðarásin er oftast tengd lífi ákveðinna persóna, einnar eða fleiri, og frásögnin fylgir þeim mislangan tíma, brot úr ævi einnar persónu eða líf nokkurra kynslóða. Einnig getur verið um að ræða tímabil í sögu þjóðar“ (Sveinn Skorri Höskuldsson, *Hugtök og heiti*).

II

Önnur og knappari skilgreining er svona: „Skálduð frásögn í lausu máli sem er allöng og nokkuð flókin að gerð og fæst við mannlega reynslu með fjörugu ímyndunaraflí, hefur atburðarás þar sem persónur koma við sögu í tilteknu umhverfi eða sögusviði“ (enskt uppflettirit um bókmenntir.).

III

Það er nánast alveg sama hvað við gerum litlar kröfur, þessar skilgreiningar ná hvergi nærri utan um skáldsöguna eins og hún hefur látið undanfarna áratugi. Þetta hljómar ágætlega hjá Bretanum þar til hann fer að tala um atburðarás og persónur og tiltekið sögusvið. „... allöng skálduð frásögn í lausu máli“ hljómar líka ágætlega hjá Sveini Skorra. En síðan talar hann líka um þráð atburðarásar, tiltekinn fjölda persóna, landfræðilegt sögusvið, yfirleitt að minnsta kosti, ákveðið þjóðfélagslegt umhverfi og hann talar um atburðarás sem oftast tengist lífi ákveðinna persóna.

IV

Hvernig ætti til dæmis að koma *Bréfi til Láru* undir þennan hatt? Er atburðarás þar? Er aðalpersóna þar? Jú, kannski höfundarsjálfið, en heldur það ekki öllum textum saman? Og hvar stendur *Fljótt fljótt sagði fuglinn* gagnvart þessum skilgreiningum svo annað og erfiðara dæmi sé tekið? Hafið þið fundið söguþráð þar? Kannski hafið þið fundið persónu eða jafnvel persónur eða einhver brotasjálíf en hafið þið orðið vör við „ákveðið þjóðfélagslegt umhverfi“ eins og Sveinn Skorri segir, tiltekið sögusvið, eða sögutíma sem negla má niður? Og hvað verður um skáldskapinn ef hann byggist á reynslu eða ævi höfundarins eins og í uppvaxtarsögu Sigurðar A. Magnússonar? Þarf skáldsaga þá ekki að vera skálduð? En bíðið við, er ekki öll umorðun á mannlegri reynslu skáldskapur? Og hvaða texti er þá ekki skáldsaga? Við bíðum enn frekari umræðna, eftirvæntingarfull.

030503: Nietzsche

I

Hér í *Lesbók* er deilt um það hversu mikill siðfræðingur Friedrich Nietzsche hafi verið. Í bréfi til Elísabetu systur sinnar segir hann að á þessari „skrýls- og sveitalubbatíð“ meti hann „siðprýði“ meira en „dygðir“, „vitsmuni“ og „fegurð“.

II

Þessi orð hljóma vissulega eins og brandari þegar það er haft í huga að Nietzsche gróf svo rækilega undan borgaralegu og kristilegu siðferði í ritum sínum að heiðvirðir menn töldu hann hafa tapað sér. En það kemur ekki á óvart að túlkendur Nietzsches skuli skilja hann á mismunandi hátt því að framsetning hans á heimspeki var meira í ætt við skáldskap en fræði. Hugsanlega er það þó ástæða þess að hann varð jafn áhrifamikill og raun bar vitni.

III

Nietzsche taldi að verk hans yrðu ekki metin að verðleikum fyrr en fjörutíu árum eftir dauða sinn, í fyrsta lagi. Hann hafði rangt fyrir sér. Árið 1887, tæpum tveimur árum áður en hann veiktist á geði og þrettán árum fyrir andlát sitt, veitti hann því sjálfur athygli að verk hans voru farin að sjást inn í menningu samtímans á „furðulegan og næstum því dularfullan hátt“, eins og hann tók til orða. Ástæða þessarar „óvæntu“ athygli segir ævisagnaritari Nietzsches, Curtis Cate, vera meðal annars að þessi skáldheimspekingur gekk þvert á ríkjandi viðhorf í flestu efnum; hann hafnaði því algerlega að fara í kringum hlutina, að tala undir rós - hann kallaði hlutina sínum réttu nöfnum. Frábær stílgáfa hans gerði það hins vegar að verkum að fáir virtust veita því sérstaka athygli að hann var á köflum hreint yfiringilega ögrandi og róttækur í skoðunum.

IV

Fljótlega upp úr þessu var Nietzsche á allra vörum. En það voru þrátt fyrir allt gagnrýnendur hans sem áttu hvað mestan þátt í að auka vinsældir hans en hinir sem dáðu hann. Þeir kölluðu hann öllum illum nöfnum, sögðu hann geðveikan og spyrtu hann saman við stórhættuleg og spillt skáld á borð við Baudelaire, Oscar Wilde, Maurice Maeterlinck, Ibsen, Zola og Walt Whitman. Öll þessi skáld voru tákn hins ört hnignandi tíma, hinnar óttalegu aldar sem var hinum megin við hornið. Frægasta gagnrýnisritið á Nietzsche frá þessum tíma var *Entartung* (Úrkynjun) eftir Max Nordau sem var þýtt á fjölmörg evrópsk tungumál og hafði mikil áhrif. Í þessu riti var „fráleitum spádómum“ Nietzsches lýst sem „vitlausu stami og blaðri úr biluðum huga“ og heimspeki hans var hafnað sem verki snargeggjaðs sadista.

V

Flestir þekkja það sem gerðist í kjölfarið. Nietzsche varð fljótlega einn umdeildasti heimspekingur nútímans. Kenningar hans nutu geysilegra vinsælda en þær voru einnig túlkaðar og notaðar í annarlegum tilgangi. Þegar menn sáu fyrir sér á síðari hluta fyrsta áratugar tuttugustu aldarinnar að stríð væri í uppsiglingu birtust fjöldamargar greinar í evrópskum blöðum þar sem orð Max Nordau um Nietzsche endrómuðu; hann var talinn hættulegur stríðsæsingamaður. Síðar var heimspeki hans sögð grunnurinn að hugmyndum nasista og raunar hefur nafn hans verið bendlað við margt það versta í fari hins vestræna nútímamanns.

100503: Þýðingar Laxness

I

Halldór Laxness þýddi eftirfarandi rit: *Fjallkirkjuna* (1941-43), *Vikivaka* og *Frá Blindhúsum* eftir Gunnar Gunnarsson, *Vopnin kvödd* (1941) og *Veislu í farángrinum* eftir Hemingway, og síðast en ekki síst *Birtíng* eftir Voltaire (1942). Þetta eru talsverð afköst ef önnur afrek Halldórs eru höfð í huga. Aðalþýðingaskeiðið er á árunum 1940 til 1942, eða frá því hann lauk við *Fegurð himinsins*, síðustu bók *Heimsljóss*, vorið 1940 þar til hann hefur að skrifa *Íslandsklukkuna* haustið 1942. Á þessum rúmlega tveimur árum þýðir hann *Fjallkirkjuna* (fimm bækur), *Vopnin kvödd* og *Birtíng* sem eru samtals um 2.000 síður. *Vopnin kvödd* segir Laxness sjálfur að hafi verið þýdd í október 1940, koma átti bókinni á jólamarkað. Hinar bækurnar þýddi hann seinna. Í lítillæti sínu segist hann í formála að þýðingunni á *Birtíngi* hafa „snarað“ honum og gert það „á tólf dögum“, en það er auðvitað uppgerð því að samkvæmt könnun er bókin fremur nákvæmlega þýdd. En afköst Halldórs eru einmitt því meiri ef það er haft í huga að hann þýðir af nákvæmni, en það var ekki sjálfsagður hlutur um og upp úr miðri síðustu öld.

II

Með þessum þýðingum tókst Halldóri að varpa skugga yfir flest það sem gert var á sviði bókmenntaþýðinga hérlendis á tuttugustu öld. Og kannski kallaði hinn margumtalaði skuggi Halldórs hvergi fram jafn dramatíska mynd og á sviði þýðinga. Skoðum það nánar. Frægt er að Gunnar Gunnarsson tók að þýða eða endursemjja verk sín á sjöunda áratugnum en eins og flestir vita samdi hann verk sín flest á dönsku. Gunnar var þá kominn heim og tekinn að reskjast. Ástæða þess að Gunnar tók til við þessa iðju er sennilega sú að hann hafi viljað skrifa sig inn í íslenska bókmenntasögu því að þótt bækur hans hafi verið til í íslenskum þýðingum eftir frábæra þýðendur á borð við Halldór þá voru það þýðingar, ekki hans eigin verk, eins og hann tók sjálfur til orða er hann gaf út þýðingu sína á *Fjallkirkjunni*. En þessi þýðing Gunnars á verkum sínum heppnaðist ekki vel. Hann breytti sögunum talsvert, felldi burt, upphóf og fyrnti stílinn sem varð fyrir vikið stirður og kaldhamraður, svo notað sé orð eins af gagnrýnendum. Þetta er ekki síst áberandi í *Fjallkirkjunni*. Halldór hafði þýtt hana fremur nákvæmlega og tekist að heimfæra hinn einfalda og ljóðræna stíl frumtextans til íslenskunnar. Til þess að gera söguna að sínu eigin verki virðist Gunnar hafa farið þá leið að þýða ekki nákvæmlega - eða ekki eins og Halldór. Og þetta kemur heim og saman við frásögn Sveins Skorra Höskuldssonar, sem heimsótti Gunnar nokkrum sinnum á meðan skáldið var að þýða *Fjallkirkjuna*, um að þegar Gunnar var að þýða sat hann við skrifborð sitt með frumtextann og þýðingu Halldórs sem hann bar saman áður en hann skrifaði eigin þýðingu. Að auki hafði hann orðabók Blöndals sér til fulltingis, sennilega til að geta haft uppi á öðrum þýðingarmöguleikum en þeim sem Halldór notar.

III

Gunnar þýddi í skugganum af Halldóri og kannski hefur enginn fundið jafn ápreifanlega fyrir þessum skugga.

240503: Matthew Barney og Cremaster

I

Það þarf enginn að vera hissa þótt fólk lýsi undrun sinni á list Matthews Barneys. Hvað í ósköpunum er maðurinn að fara? Hver er hin raunverulega merking alls þess sem hann hefur borið á borð fyrir aumingja listunnandann? Hljóta njótandanum ekki að fallast hendur? Hlýtur hann ekki að klóra sér í tíuprjónshausnum?

II

Heimurinn sem Matthew Barney hefur skapað á grundvelli cremaster, vöðvans sem ýmist lyftir undir eistu karla eða lætur þau síga niður eftir því hvort það er heitt eða kalt, hvort karlinn er hræddur eða í góðu jafnvægi o.s.frv., virðist geysilega víðáttumikill. Hann virðist vera eins konar Ódysseifskviða, epískt sagnaljód sett saman úr aðskiljanlegustu táknmyndum nútímans.

III

Verk Barneys virðast vera einhvers konar ferðalag um margbrotið landslag vestrænnar menningar, ofan í þessa deiglu þar sem allt virðist bráðna saman í eitthvert óskiljanlegt ferlíki, ferðalag þar sem Barney ratar í ótrúlegustu raunir, hittir hrikalegustu skrímli og nútímalegar goðsagnapersónur og þarf sjálfur að bregða sér í ólíklegustu gervi til að komast á áfangastað. Nema hvað, þegar áfangastað er náð stendur listamaðurinn og hetjan frammi fyrir hinni mestu raun, að vinna gyðjuna á sitt vald á ný.

IV

Í grein um Barney sem Halldór Björn Runólfsson birti hér í *Lesbók* 19. október síðastliðinn - og ástæða er til að benda sérstaklega á nú - segir að margir sjái djúpa, undirliggjandi gagnrýni, og sjálfsgagnrýni, birtast með ýmsum hætti í öllum verkum Barneys. Halldór Björn segir: „Það er gagnrýni á taumlausan metnað okkar nútíma Vesturlandabúa, sem sprettur af enn taumlausari kröfum okkar um mannlega fullkomnun. Milli íþróttamannsins og listamannsins er lítil munur að mati Barneys. Í báðum herbúðum ríkir fagurfræðileg harka sem heimtar sífellt betri árangur, fleiri og erfiðari þrautir til að leysa og hærra takmark til að glíma við. Stöðug samkeppni viðheldur spennunni og tryggir endurnýjun keppendanna. Sú nóturlega spurning leynist bakvið þessar áratugarlöngu vangaveltur listamannsins hvort listin sé nokkuð háleitara en innantómur metingur. Hver verður svo heppinn að detta í lukkupott listsafnarans?“

V

Matthew Barney stendur einmitt á þeim tímamótum nú að hafa náð áfangastað, að hafa lokað Cremaster-hringnum eins og hann kallar verk sitt. Og það er sannarlega einstakt að svo ungum listamanni skuli hafa tekist að skapa jafn heilsteyptan og margbrotinn heim og raun ber vitni. En kannski er stærsta spurningin núna þegar við fáum tækifæri til að njóta hins stórbrotna sagnaljóðs hvort hetjunni takist að vinna gyðjuna aftur, finna nýja leið að hjarta hennar. Í viðtali sem birtist í *Lesbók* í dag ýjar Barney að því hvernig hann ætlar að fara að.

310503: Hraði

I

Hraðinn í menningu samtímans er mikill. Það er stöðug krafa um eitthvað nýtt. Kannski ber hvað mest á þessu í tískuheiminum. Mörgum þótti nóg um að þurfa að fylgjast með um vor og haust á hverju ári en nú gerast hlutirnir enn hraðar. Tískuheiminum er ekki lengur stjórnað af tískuhúsunum stóru í París, London og New York, honum er stjórnað af fjölmiðlunum, af poppstjörnunum á MTV sem allar berjast við að skapa sér sérstöðu og tískublöðunum sem tilkynna mánaðarlega um nýjustu „trendin“. Og tískubúðakeðjurnar fylgja eftir með glöðu geði, alltaf eitthvað nýtt í hillunum.

II

En skyldi áhrifa hraðans einnig gæta í öðrum kimum menningarlífsins? Það er að minnsta kosti ekki erfitt að fá það á tilfinninguna að bókmenntir og listir hafi á undanförunum árum einkennst af þrotlausri leit að nýjum viðfangsefnum og nýjum nálgunum, nýjum aðferðum, nýjum stíl, nýju myndmáli - nýju útliti. Líklega hefur þessi leit verið drifkrafturinn á bak við menningu og listir alla tíð en svo virðist sem eirðarleysið sé meira en áður. Það er enginn að eyða hálfri ævinni í eitt og sama verkið eins og til dæmis sumir freskumálarar fyrri alda gerðu. Fáir listamenn hafa þolinmæði Matthews Barneys sem hefur unnið að *Cremaster*-hring sínum í áratug. En það verk einkennist raunar af stöðugu flökki eða sífelldum umbrotum. Þriðja og síðasta myndin af þeim fimm sem verkið samanstendur af skiptist til að mynda í tvo gjörólíka hluta.

III

Hugsanlega er eitthvert samhengi á milli sleitulausrar leitarinnar að hinu nýjasta í útlitsiðnaðinum og sífellds flökts samtímalistarinnar. Ef til vill er flökkið aðeins eðlileg hreyfing í samtíma sem virðist meira og minna á floti, án tryggra undirstaðna. Kannski er flökkið til marks um að listin glími af meira kappi en oftast áður við eilífðarspurningarnar. Kannski er það til merkis um að sú glíma sé nú háð á öðrum forsendum en áður, án vonar um að það sé hægt að finna fast land undir fótum þegar spurningar um tilvistarlegar forsendur mannsins í trúlausum heimi eru annars vegar.

IV

Í *Lesbók* í dag birtast tvö viðtöl þar sem fjallað er um þessa glímu við grundvallarspurningar mannlegs lífs í listum og fræðum. Í máli beggja viðmælenda blaðsins kemur fram sú skoðun að bæði listir og fræði standi á fljótandi undirstöðum sem sé erfitt að fóta sig á. Báðir telja þeir jafn nauðsynlegt að maðurinn í samtímanum horfist í augu við takmarkanir sínar um leið og hann reyni að takast á við þessar spurningar - að hann flýi ekki á vit einfaldari lausna í tækni og vísindum. Þetta hljóta að vera hin raunverulegu viðfangsefni samtímamenningarinnar.

210603: Hvað er list?

I

Huh! Ég gæti nú alveg gert þetta, er oft viðkvæði gesta vestrænna nútímalistasafna. Rafvirkjar í Dia:Beacon-safninu í New York reyndu að sanna að þetta væri rétt, samkvæmt frétt á vefritinu *Newsday.com*. Unnið var að uppsetningu á sýningu eftir John Chamberlain í safninu sem opnuð var 18. maí síðastliðinn. Rafvirkjarnir virtu verk Chamberlains fyrir sér og hugsuðu með sér að það gæti ekki verið erfitt að búa til eitthvað sambærilegt en Chamberlain gerir meðal annars skúlptúra úr klestum bílum. Rafvirkjarnir stilltu sínu eigin verki upp við hliðina á verki listamannsins í safninu og um það bil vika leið án þess að nokkur tæki eftir því. „Menn sem gengu um sýninguna tóku ekkert eftir þessu verki okkar,“ sagði verkstjóri rafvirkjanna í útvarpsviðtali. Að sögn aðstoðarmanns safnstjóra Dia:Beacon fjarlægðu starfsmenn safnsins verkið áður en sýningin hófst. „Rafvirkjarnir bjuggu til skúlptúr sem virðingavott við verk Johns,“ sagði aðstoðarmaðurinn. „Þegar starfsmennirnir sáu það vissu þeir strax að það var ekki eitt af verkum Johns. Það datt engum í hug að þetta væri listaverk nema rafvirkjunum.“ Safnið henti skúlptúr rafvirkjanna á ruslahaugana.

II

Þessi myndna uppákoma í einu af stærstu samtímalistasöfnum í heiminum gæti virst segja eitthvað mikið um samtímalist en sennilega gerir hún það ekki. Hún segir kannski í mesta lagi að samtímalist snúist ekki endilega um flókið handverk sem sé á fárra færi. Hún snúist frekar um hugmyndalegt samhengi sem hlutirnir eru settir í af listamanninum. En uppákomnan tengist öðru og mjög áberandi þema í samtímalist með óvæntum hætti. Á undanförunum árum hafa listamenn orðið æ uppteknari af þátttöku áhorfandans í listinni. Áhorfandinn á ekki lengur aðeins að vera njótandi heldur og gerandi, þátttakandi í merkingarmyndun verksins. Rafvirkjarnir gengu skrefinu lengra og bjuggu til sitt eigið verk á grundvelli verks listamannsins. Og auðvitað hefði verið réttast að láta verk rafvirkjanna standa á sýningunni.

III

Eins og Ragna Sigurðardóttir rekur í grein í *Lesbók* í dag eru viðhorf til samspils listar og áhorfenda að breytast. Og raunar telur Ragna að sjá megi breytt viðhorf listarinnar til umhverfis síns almennt. List í opinberu rými leitast nú til dæmis frekar við að varpa ljósi á umhverfi sitt en að baða sig sjálfa í sviðsljósinu. Listin setur sig ekki lengur á stall, ef svo má segja. Hún stillir sér ekki endilega upp á miðju torginu. Hún reynir jafnvel að falla svo vel inn í umhverfið að það þarf að hafa fyrir því að finna hana. Hið sérstæða, óvenjulega, einstaka er ekki endilega keppikefli listarinnar heldur hið almenna samhengi, skipan hlutanna.

280603: George Orwell

I

Hundrað ár voru liðin frá fæðingu Georges Orwells síðastliðinn miðvikudag. Sumir töldu að Orwell og bækur hans myndu ekki lifa af lok kalda stríðsins, að útlistun hans á alræðishugmyndum hefði enga þýðingu eftir að kommúnisminn félli, en það er öðru nær. Bækur hans halda áfram að koma út, ekki síst *Animal Farm* (1945) og *Nineteen Eighty-Four* (1949) sem hægri og vinstri menn vitnuðu óspart til í harðsvíruðum deilum kalda stríðsins, en þær eru að vísu langþekktustu bækur Orwells. *Nineteen Eighty-Four* kom nú síðast út með nýjum formála eftir Thomas Pynchon sem hefur verið í framvarðarsveit bandarískra rithöfunda undanfarin fjörutíu ár (sjá ofar á þessari síðu). Talið er að *Animal Farm* og *Nineteen Eighty-Four* hafi selst í að minnsta kosti fjörutíu milljón eintökum. Frasar úr þessum bókum Orwells lifa einnig góðu lífi svo sem um að sum dýr séu jafnari en önnur og að Stóri Bróðir fylgist með þér. Hinn síðarnefndi hefur raunar fengið byr undir báða vængi með tilkomu raunveruleikasjónvarpsins og reyndar eru vinsælir þættir af því tagi nefndir eftir hugmynd Orwells um Stóra Bróður. Ennfremur hefur langt og harmrænt andlit Orwells sést prentað á boli og veggspjöld eins og hálfskuggalegar ásjónur félaga hans Marx og Che.

II

Nýlega komu svo út tvær nýjar ævisögur um Orwell sem lést langt um aldur fram árið 1950. Bækurnar eru eftir Gordon Bowker (*George Orwell*) og D.J. Taylor (*Orwell. The Life*) og þykja góðar viðbætur við þær rannsóknir sem þegar höfðu verið gerðar á lífi rithöfundarins sem þótti að ýmsu leyti sérkennilegur og jafnvel dularfullur í háttum. Orwell hét réttu nafni Eric Arthur Blair en tók sér ýmis önnur nöfn og brá sér í ýmis önnur hlutverk en rithöfundarins. Þekktastur var hann sem rithöfundurinn George Orwell en það sem hann skrifaði um manninn með því nafni er að miklu leyti á mörkum skáldskapar og veruleika. Eric Arhtur Blair og George Orwell eru því ekki að öllu leyti sömu mennirnir, að minnsta kosti þurfa ævisöguritarar að hafa allan varann á við túlkun sjálfsævisögulegra skrifa sem Orwell skildi eftir sig í talsverðu magni. Þá eru ótaldar persónur með nöfnum eins og P.S. Burton, sem var flækingur, og Kenneth Miles og H. Lewis Always sem voru ásamt fleirum hugsanlegir höfundar fyrstu bókar mannsins sem síðar varð frægur undir nafninu George Orwell.

III

Orwell kvað á um það í erfðaskrá, sem hann ritaði stuttu fyrir andlát sitt, að engin ævisaga skyldi rituð um hann. Eins og svo margar óskir látinna rithöfunda hefur þessi verið virt að vettugi. Að mati ritdómara *Times Literary Supplement*, sem fjallar um báðar fyrrnefndar ævisögurnar 20. júní síðastliðinn, hefur saga Orwells ekki verið sögð nema að hluta. Sá sem skrifar um Orwell þarf, að mati ritdómarans, að vera vel að sér um bókmenntir og pólitík og samhengið á milli þessara tveggja sviða. Enn hefur engum tekist að gera Orwell skil á þessum forsendum en sjálfur lýsti hann sér sem „pólitískum rithöfundi“.

050703: Hillary og Clinton

I

Minningabók Hillary Rodham Clinton, *Living History*, vakti mikla athygli þegar hún kom út í byrjun júní. Það vakti þó ekki síst athygli að fjölmiðlar höfðu mestan áhuga á því sem forsetafrúin fyrrverandi hafði að segja um framhjáald eiginmanns síns með lærlingnum Monicu Lewinsky. Lýsing hennar á vonbrigðum sínum var prentuð í flestum fjölmiðlum hins vestræna heims við útkomu bókarinnar. Síðan heyrðist ekki mikið meira um innihald bókarinnar fyrr en nú að ritdómar málsmetandi bókmenntatímarita eru að birtast. Og miðað við álit þeirra er ekki margt annað í þessari bók en fyrrnefnd lýsing.

II

Peter Stothard, gagnrýnandi *Times Literary Supplement*, skrifar langan ritdóm um tvær bækur sem tengjast forsetatíð Clintons, bók Hillary og bókin *The Clinton Wars* sem Sidney Blumenthal blaðamaður og aðstoðarmaður Clintons á árunum 1997 til 2001 skrifar. Stothard þykir bók Blumenthals vera beisk vörn fyrir vandan málstað forsetans og hans manna á þessu síðara kjörtímabili, hún sé óáreiðanleg og beri fá tíðindi þótt hún sé löng - of löng - en eigi að síður sé hún þess virði að vera lesin. Þótt hún kenni okkur ekki mikið um forsetatíð Clintons þá sé hún góð heimild um fólk eins og Blumenthal sem sé svo áberandi í bandarískum stjórnmálum samtímans, blaðamenn sem verða stjórnmálamenn og setjast svo aftur við skriftir til að lýsa reynslu sinni af pólitíkinni. Nánast allur ritdómur Stothards fjallar um bók Blumenthals en um bók Hillary hefur hann fátt að segja nema hvað hún sé skrifuð í allt öðrum tilgangi en bók aðstoðarmannsins: „Forsetafrúin fyrrverandi er að hugsa um forsetakosningarnar árið 2008,“ segir Stothard. Bókin sé því fyrst og fremst skrifuð til þess að ganga í augun á kjósendum og engan veginn marktæk um þá sögu sem henni sé ætlað að fjalla um, þótt hún kunni að lýsa vel konunni sem pólitískir andstæðingar muni þurfa að glíma við í aðdraganda kosninganna 2008. Og ef eitthvað er þá sé það talsvert harðari nagli en sá sem þeir hafi þurft að fást við hingað til.

III

Maureen Dowd, dálkahöfundur *New York Times*, kemst að sömu niðurstöðu í ritdómi í bókablaði *Times*. Hillary er með hugann við framboð sitt til forseta árið 2008 í þessari bók. „Mikilvægi bókarinnar felst ekki í sögunni sem hún segir heldur þeirri sem hún segir ekki,“ segir Dowd og bætir við að bókinni sé ekki ætlað að vekja spurningar heldur klóra yfir þær sem hugsanlega kunna að vakna. Þegar upp er staðið má skilja á Dowd að bókin sé fyrst og fremst forvitnileg heimild um það hvernig Hillary hefur reynt að snúa sig út úr kvennamálum eiginmanns síns en í henni sé lítið hægt að lesa um raunveruleg viðhorf hennar og gjörðir.

IV

Og hvaða ályktun má þá draga af þessum ritdómum? Að þessar bækur séu nánast alveg gagnslausar og ekki til vitnis um annað en túlkunar- og bókmenntahæfileika höfundanna. Fyrir okkur lesendur eru þetta talsverð vonbrigði en sennilega spyrja útgefendurnir sig líka hvort þeim 8 milljónum dollara sem þeir borguðu Hillary fyrir að skrifa bókin hefði ekki verið betur varið í eitthvað annað. Þeir ættu að minnsta kosti að spyrja sig þeirrar spurningar.

120703: Ísland, best, stærst, oftast, mest í heimi!

I

Íslenskt menningarlíf er oft sagt óvenjulífllegt. Sé eitthvað að marka tölur, en margir eru þeirrar skoðunar, þá staðfestir skýrsla Hagstofu Íslands um fjölmiðlun og menningu sem kom út í maí síðastliðnum þennan orðróm. Þar kemur meðal annars fram að ef mið sé tekið af heildarútgjöldum hins opinbera eru framlög til menningarmála mest hér á landi meðal OECD-ríkja. Hér eru einnig gefnar út fleiri bækur á hvern íbúa en á öðrum Norðurlöndum. Íslendingar fara líka meira í leikhús og á söfn en aðrir Norðurlandabúar. Íslendingar fara líka þjóða mest í bíó, þeir eiga flest myndbandstæki og sjónvörp, og leigja fleiri myndbandsspólur en aðrar þjóðir. Og auðvitað eiga Íslendingar fleiri tölvur en gengur og gerist, fleiri GSM-síma og nota Netið mest allra. Þarf frekari vitnanna við!

II

Fleiri áhugaverðar tölur eru í skýrslunni. Tónleikahald hérlendis er með ólíkindum en þeir voru 1.541 árið 1999 og hafði þá fjölgað talsvert frá árinu 1995. Tónleikagestum hafði og fjölgað en þeim sem fóru einhvern tíma á tónleika hafði fjölgað úr 15% 1988 í 63% tíu árum síðar. Myndlistarsýningum fjölgar ekki en gestum sem fara einhvern tíma á sýningar fjölgar mikið eða úr 38% 1988 í 66% tíu árum síðar. Leikhúsgestum fjölgar einnig gríðarlega eða úr 168.101 leikárið '65/'66 í 337.108 leikárið 2001/'02. Á þessum sama tíma eykst sætaframboð úr 1.025 í 3.454. Einnig er það forvitnilegt að árið 1900 voru þrjú söfn á Íslandi en árið 2001 voru þau 115.

III

Íslendingar gefa út ógrynni af bókum og alltaf meira og meira ef marka má tölurnar. Árið 1965 voru gefnar út 660 bækur hér á landi en árið 2000 voru þær 1.869 eða 6,6 bindi á hverja 1.000 íbúa. Það hlýtur hins vegar að vekja talsverða athygli að útgáfa bókmenntaverka hefur ekki aukist mikið eða úr 364 titlum árið 1980 í 433 árið 2000. Og raunar hefur útgáfa á bókmenntaverkum minnkað hlutfallslega miðað við útgáfu annars konar bóka eða úr 30,5% í 23,2% á þessum sama tíma. Útgáfa þýðinga hefur hins vegar aukist verulega eða úr 148 titlum árið 1965 í 215 árið 2000. Miðað við alla þessa útgáfu hlýtur það hins vegar að vera nokkurt áfall að lestur hefur minnkað talsvert á síðustu árum, að minnsta kosti hefur þeim sem aldrei lesa fjölgað úr 7% árið 1988 í 15,1% árið 1999.

IV

Það hlýtur líka að teljast merkilegt að kvikmyndahúsgestum hefur fækkað umtalsvert á síðustu áratugum hérlendis. Árið 1965 voru þeir 2.470.837 en árið 2001 voru þeir 1.529.831. Þetta hefur gerst á sama tíma og kvikmyndasýningum hefur fjölgað úr 288 í 941. Leiga á myndböndum hefur aftur á móti margfaldast og er það ef til vill hluti skýringarinnar á minnkandi bíóferðum. Árið 1981 voru leigð 100.000 myndbönd en árið 2001 þrjár milljónir sem samsvarar því að hver íbúi hafi leigt ellefu myndbönd á því ári.

V

Síaukin menningarstarfsemi þýðir að fleiri listamenn koma við sögu. Félagatöl ýmissa hópa segja sitt. Árið 1980 voru hljómlistarmenn 380 en voru 494 í fyrra. Leikurum fjölgaði úr 245 í 309, rithöfundum úr 215 í 341, tónskáldum úr 24 í 45 og myndlistarmönnum fjölgaði úr 360 árið 1995 í 510 í fyrra. Og auðvitað þarf einnig fleiri blaðamenn til þess að segja frá því sem allt þetta fólk er að fást við en þeim fjölgaði kannski mest eða úr 154 árið 1980 í 485 árið 2002.

260703: Róttækni

I

Það er til róttækni af ýmsu tagi þó að orðið hafi lengi verið notað fyrst og fremst um harðdræga vinstristefnu. Kannski er það arfur hins atkvæðamikla en jafnframt athyglisfreka sjöunda áratugar. Þá þóttu vinstriróttæklingar kræfastir allra. Og þeir eignuðu sér eiginlega þetta hugtak; róttæklingar voru aðallega vinstrisinnaðir stúdentar sem kröfðust meira frjálsræðis í flestum eignum og fengu vilja sínum framgengt í mörgu. En síðar urðu þessir stúdentar ráðsettir borgarar og snerust þá margir til íhaldsamari gilda eins og gengur.

II

En menn hafa verið róttækir á öðrum tímum og í öðrum eignum. Kannski má rekja uppruna róttæktrar hugsunar til upplýsingarinnar eins og svo margt annað í nútímasamfélagi. Brýning Kants um að fólk hugsaði sjálft en léti ekki segja sér hvað það ætti að hugsa er í raun kjarninn í róttækninni sem hugmyndafræði. Flestir róttæklingar hafa þó sennilega flaskað á þessu. Þeir hafa, eins og mönnum er tamt, hengt sig í einhverja hugmyndafræði algerlega gagnrýnislaust. Seint og um síðir hafa þeir vaknað upp við vondan draum: róttæknin felst nefnilega ekki í fylgispekt við hugmynd heldur miklu fremur gagnrýnu viðhorfi til hugmynda almennt - því að hugsa sjálfur.

III

Í þessum skilningi hafa einstakir menn á öllum tímum verið róttækir. Í þessum skilningi er róttækni mannkostur en ekki stundarpólitík. Og sennilega er þetta sá skilningur sem lagður hefur verið í pólitíska róttækni á póstmódernískum tímum, eins og rakið er í grein um bókina *Empire* í *Lesbók* í dag. Allsherjarkenningar á borð við marxisma hafa látið undan síga, þær hafa í raun sjálfar látið undan róttækri, sundurgreinandi hugsun sem viðurkennir ekki einfaldar lausnir. Í fyrrnefndri grein er þessari sundurgreinandi, róttæku hugsun lýst sem tortryggni, yfirvegum og kaldhæðni.

IV

Og spurt er hvort fræðaheimurinn þurfi ekki að færa róttækum og líflegum andspyrnuhreyfingum eitthvað annað og meira en það. Svarið er í *Empire*, að mati greinarhöfundar, en í þeirri bók sé gerð alvarleg tilraun til að setja andspyrnuna í heimspekilegt samhengi, enn sé þó of snemmt að fullyrða um það hvort *Empire* standi undir væntingum sem *Das Kapital* eða *Kommúnistaávarp* 21. aldarinnar.

IV

Sagan virðist stundum fara í hringi. Þegar hún virðist um það bil að leita inn á einhverja nýja og spennandi braut fer hún óðar í sama gamla farið. Ef lagður er sá skilningur í róttækni að hún sé hvöt til þess að hugsa sjálfstætt þá virðist sagan nú stefna í þveröfuga átt. Eða hvað? Er það ekki svo að um leið og búið er að fella hina róttæku andspyrnu í kerfi þá liggi hún steindauð?

020803: Í Þrándheimi

I

Svektur út í Amerikanana, segir í fyrirsögn á viðtali sem birtist við Leif Eiríksson í þrændska dagblaðinu *Adresseavisen* daginn áður en kirkju- og menningarhátíðin Ólafsdagarnir var sett. Hann var kallaður hinn heppni fyrir þúsund árum en nú virðist sem lukkan hafi yfirgefið hann, segir í viðtalinu. Að minnsta kosti þykir norska blaðamanninum hann fremur súr á svipinn þar sem hann stendur á stalli sínum og mænir á skemmtiferðaskipin sem koma inn fjörðinn. Og þegar hann er spurður hvort hann sé ekki lengur stoltur af því að hafa fundið Ameríku þá svarar hann: „Það sem fer í taugarnar á mér er að Amerikanarnir stíga á land hér í Þrándheimi hver á fætur öðrum án þess að virða mig viðlits. Þeir sýna mannum sem lagði sig í mikla hættu við að komast til hins ókunna meginlands handan hafsins enga virðingu. Þessir spilltu Amerikanar hefðu að minnsta kosti geta komið við og dáðst að sverðinu mínu. Það var með í för árið 1000.“

II

Blaðamaður gengur á Leif um ferðina vestur yfir haf og spyr hvort það hafi ekki verið alger heppni að hann rataði á land í Ameríku. Lefur firrist við og segir sagnfræðinga einblína um of á Eiríks sögu rauða sem geri lítið úr afreki sínu. Samkvæmt þeirri sögu hafi hann átt að vera á leið frá Niðarósi til Grænlands en villst af leið og lent á allt öðrum stað. „Þú þarft nú að heita Columbus til að klúðra málum svo herfilega,“ hreytir Leifur í blaðamanninn og fullyrðir að ferð sín vestur um haf hafi verið samkvæmt áætlun frá upphafi til enda.

III

Og þannig spinnur blaðamaðurinn þráðinn eins og ekkert sé sjálfsgaðara en að eiga samtál við þúsund ára gamla sögupersónu. Og það er raunar tilfellið í Þrándheimi. Það er ekkert sjálfsgaðara en að vera í góðu sambandi við fortíðina. Og þess sér stað víða í borginni. Götuheiti vísa til hins norræna sagnaarfs, byggingar og stofnanir eru kenndar við söguhetjur fornaldar, ekki síst Ólaf helga, víkingaarfleifðin er allsstaðar sjáanleg og dómkirkjan gnæfir síðan yfir allt. Síðast en ekki síst er árlega haldin kirkju- og menningarhátíð sem kennd er við Ólaf helga þar sem áherslan er iðulega að miklu leyti á þúsund ára sögu Þrándheims. Og hundrað kílómetra norður af borginni standa Stiklastaðir þar sem starfrækt er menningarmiðstöð allt árið um kring sem sinnir fortíðinni og sviðsetur hana með ýmsum hætti, til dæmis með leikriti um síðustu daga Ólafs konungs helga sem féll á Stiklastöðum árið 1030 og rannsóknnum á sögu hans og menningararfi.

IV

Það er uppörvandi að sjá hversu mikla rækt Þrændir leggja við sögu sína og sagnaarfinn sem þeir eiga sameiginlega með Íslendingum. Og það er ekki síst áhugavert að sjá hvernig þeir gera það. Þeir lífga hann við. Þeir umgangast hann eins og hann sé raunverulegur hluti af samtíðinni. Eins og hann hafi virkilega eitthvað að segja þeim. En jafnframt og ekki síður eins og hann hafi skemmtigildi. Það er kannski svolítið skrýtið að þetta skuli koma Íslendingi spánskt fyrir sjónir.

160803: Höfuðborg ómenningarinnar

I

„Það er ekki af fátækt að við höfum ekki efni á að hafa listasafn, og búum í ljótri sóðalegri borg, heldur af því okkur vantar smekk og almenna menningu og „unnum því lítt sem fagurt er“, einsog Jónas Hallgrímsson orkti. Og við drepum ekki duginn úr æskumönnum okkar með makaríni af því við séum fátækir, heldur af því okkur skortir menningu til að afla okkur smjör.“

II

Þannig kemst Halldór Laxness að orði í greininni Þjóðlygi frá árinu 1944 en hún fjallar um fátækt á Íslandi sem skáldið telur fremur af andlegum og menningarlegum toga en veraldlegum. „Nei, þessi fátæka þjóð hefur frá upphafi vega staðið undir ótrúlega miklum auði. Hvergi á bygðu bóli moka jafnfáar hræður saman jafnmiklu fé,“ segir Halldór og furðar sig á því að þrátt fyrir auðsældina geta Íslendingar ekki reist listasafn yfir listamenn sína eða skreytt borgina fallegum listaverkum. Vesöldin er svo mikil að Íslendingar geta ekki einu sinni þegið listaverk að gjöf, eins og Halldór rekur, en hafnað var boði Sigurjóns Ólafssonar um að hann færði borginni nokkur listaverk til að prýða borgina á þeim forsendum að það þyrfti að borga undir þau flutningskostnað til landsins.

III

Og fátt fer meira í taugarnar á Halldóri en nesjamennskan sem birtist í menningarleysi, illri umgengni og vondum vinnubrögðum. „Reykjavík er höfuðborg fylliraftanna,“ segir hann í grein er nefnist Fylliraftarnir frá 1945. Í grein um landkynningu frá 1944 agnúast hann út í göturnar í Reykjavík: „Þessar götur eru ekki sambærilegar við neitt í heiminum nema ófærðina á austurvígstöðvunum.“ Hann veltir því fyrir sér hvers vegna forráðamönnum bæjarins sé ekki veittur styrkur til að fara til útlanda og „kynna sér“ hvernig götur eru í öðrum löndum. Hann kemst svo að þessari niðurstöðu um landkynningarstarfsemina: „Ég held að það sé aðeins ein stefna til í landkynningu sem er líkleg til að svara kostnaði og bera árángur, og það er að hefja nú með stofnun Lýðveldisins allsherjarstríð gegn ómyndarskapnum, verkmenningarleysinu og draslarahættinum sem á flestum sviðum hefur mátt teljast íslenskt höfuðeinkenni.“ Og Halldór ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Í greininni Vantar leikhús í nútímastíl frá 1943 bölsótast hann út í vinnubrögð Guðjóns Samúelssonar við byggingu Þjóðleikhússins. Hann finnur því flest til foráttu og segir það vera „facade-arkitektúr“ þar sem „fyrst og fremst er hugsað um ytra útlit án tillits til nákvæmrar innanskipunar“.

IV

Þótt sextíu ár séu liðin frá því að Halldór lét vaða á súðum um íslenskt menningarástand má enn finna orðum hans stað. Enn hafa Íslendingar ekki reist sér tónlistarhús og enn kunna Íslendingar illa að (skipu)leggja götur og enn ganga Íslendingar um borgina sína eins og þar byggju tómir fylliraftar eða hvað á að halda um skemmdarverk sem unnin eru á listaverkum sem sett eru upp á Austurvelli almenningi til yndisauka? Er Reykjavík höfuðborg ómenningarinnar?

060903: Skáldsagan og skrifin og höfundurinn

I

Í frábærum fyrirlestri um fagurfræðilega möguleika okkar tíma, sem fluttur var á ráðstefnu um efnið vorið 2002 tileinkaðri Guðbergi Bergssyni sjötugum, sagði Álfrún Gunnlaugsdóttir prófessor og rithöfundur að skáldsagan hefði farið í gegnum sjálfa sig á síðustu öld og endaði nú, að því er virtist, þar sem hún var stödd á 18. öld, í eins konar sjálfhverfu. Álfrún tekur dæmi af *Jakobi forlagasinna* eftir Diderot sem hafi fjallað um það hvernig ætti að segja sögu og hún spyr hvort sjálfhverfan í skáldsögum samtímans sé af öðrum toga. Hún segir hafa verið feng að hugmyndinni um að skáldsaga ætti að vera heimur út af fyrir sig sem var efst á baugi um miðja síðustu öld, skáldsagan átti að vísa sem minnst út fyrir sig og helst ekki að vera annað en list. Áður hafði mönnum hætt til að beina sjónum sínum eitthvert annað en að sögunni sjálfri, svo sem að einkahögum höfundarins, hugsanlegum fyrirmyndum o.fl. Skáldverkið sem skáldað verk hafði tæpast verið á dagskrá. „Nú var öldin önnur,“ segir Álfrún, „og þeir sem tóku við verkinu, lesendurnir, urðu að taka þátt í að skapa það líka. Menn þóttust eygja Edensgarð. En eins og vitað er var Adam ekki lengi í Paradís. Fyrr en varði skrapp hlutur lesandans eða meðskapandans saman. Hann fékk splunkunýtt hlutverk, það að vera aðgerðalaus neytandi, og annaðhvort með eða móti skáldsögu, með eða móti höfundi. Með öðrum orðum, lesendur tóku að líkjast ískyggilega fótboltabullum.“

II

Og þar stöndum við nú, segir Álfrún og heldur því fram að höfundum sem skrifa til að tjá eitthvað mjög einkalegt hafi fjölgað ört; „þeir virðast fyrst og fremst líta á athöfnina að skrifa sem tjáningu sjálfsins, og fellur sú hugmynd ágætlega að hugmyndinni um lesanda sem er aðeins reiðubúinn að vera með eða móti og ekkert umfram það. Í slíkum tilfellum er tæpast á ferðinni samræða milli höfundar og lesanda,“ segir Álfrún. Og hugsanlega er búið að ýta höfundinum út af kortinu líka. Eða getur það verið að höfundurinn sé lítið annað en tæki tungumálsins sem talar gegnum hann, spyr Álfrún. Tungumáls sem getur af sér texta sem kallast á við aðra texta, eða seilist jafnvel djarflega til þeirra. Og Álfrún bætir við: „Þegar notað er orðið texti, líkt og hér er gert, eða gert er nú á dögum, er á ferðinni eins konar útjöfnun. Texti getur verið nánast hvað sem er og vísar ekki endilega til listar.“

III

Og Álfrún heldur enn áfram: „Hafi rithöfundurinn, eins og mörgum virðist, glatað samfélagshlutverki sínu, nema sem hugsanlegt framleiðslutæki texta eða markaðsvöru, gefur augaleið að hann hefur fát að miða við þegar kemur að því að skapa list. Glatað samfélagshlutverk leiðir til þess að öll verk rithöfunda eru lögð að jöfnu, þau gera ekki annað en keppa á svokölluðum markaði. Allt er orðið list, allt er menning.“

IV

Að endingu svarar Álfrún spurningunni sem hún varpaði fram í byrjun erindis síns, hvort sjálfhverfan í skáldsögum (og á hún þá við að sagan snúist að miklu leyti um sjálfa sig) sé af sama meiði og sú sem Diderot var að fást við þegar hann samdi *Jakob forlagasinna*, og hún segir: „Diderot var leitandi höfundur. Hann var að prófa þanþol skáldskaparformisins, og skoða, eins og áður sagði, takmarkanir þess. Að hluta til er hið sama upp á teningnum í skáldsagnagerð nú á dögum, enda hafa ýmsir beinlínis gengið í smiðju Diderot. En ég undirstrika að þetta á aðeins að hluta til um skáldsagnagerð okkar tíma. Til er önnur tegund af sama fyrirbæri, sem er upphafning sjálfsins, hún var aftur á móti fjarri Diderot, en þrífst þrýðilega eins og stendur. Þegar

viðmiðanir, og þá um leið lifandi umræða, eru lítt í sjónmáli liggur beinast við fyrir höfund að snúa sér að sjálfinu. Þó er eins og það hafi tilhneigingu til að leysast upp, vegna þess hversu einkalegt það er og hefur takmarkaða skírskotun.“ Þessi orð Álfúnar eru gott veganesti á bókmenntahátíð.

130903: Saramago, bókmenntir og pólitík

I

Það er eins og að stíga á nýtt meginland að ræða við mann eins og portúgalska nóbelshöfundinn José Saramago. Hann er víðáttumikill. Hann er sjálfstæður í hugsun þótt finna megi undiröldu evrópsks menningararfs í því sem hann segir. Hann er 81 árs og er enn að segja okkur eitthvað nýtt. Hann er einn af þeim rithöfundum sem taka hlutverk sitt af viðeigandi alvöru. Honum þykir heimurinn vondur og vill breyta honum þótt hann segist vonlítill um að það muni takast í bráð.

II

Í opnu hádegisspjalli í Norræna húsinu á fimmtudaginn var Saramago spurður af landa sínum sem sat í salnum af hverju hann hefði ekki tekið þátt í pólitískum umræðum undanfarna mánuði, hann hefði ávallt verið mjög gagnrýninn en síðastliðið eitt og hálf ár hefði hann þagað. Saramago sagði rétt að hann hefði ekki tekið mikinn þátt í opinberri umræðu undanfarna átján mánuði, en það þýddi ekki að hann hefði þagað, hann hefði verið að skrifa þennan tíma. Saramago sagðist vera að ljúka við bók sem hefði mjög sterk pólitísk skilaboð. Hún fjallaði um lýðræði og mannréttindi sem hann teldi vera tvær hliðar á sama peningi. „En skilaboð mín,“ hélt hann áfram, „eru þau að það sé ekkert lýðræði til í heiminum nú um stundir.“

III

Saramago sagði að áheyrendur kynnu að vera undrandi á þessum ummælum en ef þeir hugsuðu málið kæmust þeir að sömu niðurstöðu. Samkvæmt kenningu Arsitótelesar um lýðræði á fátækt fólk að hafa jafn mikið að segja um það hvernig hlutunum er háttáð í samfélagi þeirra og hinir ríku, sagði hann, en við vitum það öll að þannig er það ekki í heiminum í dag. Hinir ríku ráða. Þeir eiga stjórnmalaflokkana og ráða þess vegna því sem þeir vilja ráða. Um þetta er skáldsaga Saramagos sem væntanleg er í janúar og nefnist *Ritgerð um glöggskyggni* og kallast nokkuð á við skáldsöguna *Ritgerð um blindu* sem komið hefur út í íslenskri þýðingu undir titlinum *Blinda*.

IV

Það einkenndi kannski öðrum þræði þá erlendu höfunda sem sóttu hátíðina heim að þessu sinni að vera pólitískir í skrifum sínum. Annað gott dæmi er Ísraelinn David Grossman sem hefur tekið átök heimalands síns við Palestínu til umfjöllunar í verkum sínum. Hann er umdeildur í Ísrael vegna þess að hann hefur sýnt málstað Palestínumanna samúð og skilning. Í viðtali í *Lesbók* í dag segist Grossman samt ekki telja sig vera samfélagslega meðvitaðan rithöfund en í nýjustu bókum sínum hefur hann valið að fjalla um hluti sem deilurnar hafa gert upptæka. „Mér finnst pólitíkin nefnilega menga líf okkar, hún gerir allan innileika og ástúð upptæka og fólk svo ósveigjanlegt,“ segir hann.

V

Einnig mætti benda á Kanadamanninn Yann Martel sem hefur vakið gríðarlega athygli fyrir sögu sína um Pí sem fjallar um trúarlegar og siðferðilegar spurningar. Í viðtali við Martel í *Lesbók* í dag kemur fram að honum þyki það mikilvægt að höfundar dylji ekki tilfinningar sínar og hugsanir í háði, eins og algengt er um þessar mundir. Höfundar þurfa að taka hlutverk sitt alvarlega.

200903: Póstmóðernískur húmanisti?!

I

Er hægt að vera póstmóðernískur húmanisti? Það er auðvitað geggjun að byrja svo stuttan dálk á því að spyrja svo stórt. En sjáum til. Fyrst ber auðvitað að athuga að það eru til menn sem líta á sig sem póstmóðerníska húmanista. Richard A. Schweder, sem er sálfræðingur og mannfræðingur, gerir það til dæmis í nýrri bók sinni, *Why Do Men Barbecue?* Í augum slíkra manna, segir Schweder, er heimurinn ófullkominn ef horft er á hann frá einu ákveðnu sjónarhorni, óskiljanlegur ef horft er á hann frá öllum sjónarhornum í einu og tómur ef ekki er horft á hann frá neinu sérstöku sjónarhorni. Eftir stendur, segir Schweder, að horfa á heiminn víðsvegar að. Og það gerir póstmóðernískur húmanisti.

II

Það er svo sem ekkert nýtt í þessu sjónarmiði Schweders. Menn hafa fyrir löngu horfst í augu við það að vænlegasta leiðin til að nálgast einhvers konar sannleika um heiminn sé að horfa á hann úr mörgum áttum. Hinn algildi eða endanlegi sannleikur er ekki lengur til. Sannleikurinn hefur í sjálfu sér leyst upp og í staðinn höfum við brotackennda mynd af heiminum sem aldrei verður fullkomin.

III

Og það er heldur ekkert nýtt við markmið Schweders sem er að sýna fram á að menningin sé enn við lýði, að við lifum ekki á tímum sem hafa sagt skilið við menninguna eins og við höfum þekkt hana í gegnum aldirnar, á ómenningartímum. Schweder vill halda því fram að ef við lítum á menninguna sem tæki til að horfa á heiminn víðsvegar að en ekki sem miðlun einhvers eins sannleika eða sem nokkurs konar grautarpotts þá hafi hún enn gildi. Þetta verkefni er í raun hið sama og húmanistarnir gömlu, allt frá því á fjórtánda öld, höfðu með höndum, að viðhalda hinni vestrænu menningu, að endurreisa hana, eins og talað var um. Og ástæðan fyrir endurreisninni var sú að menningin og þá einkum og sérílagi hin forna menning Grykkja og Rómverja fæli í sér mannleg verðmæti sem þyrfti að halda í. Húmanisminn var manngildisstefna, hann lagði áherslu á andlegt frelsi einstaklingsins og tækifæri hans til persónulegs þroska um leið og hann lagði áherslu á að grundvöllurinn sem maðurinn stæði á væri hin forna menning.

IV

Sé þetta haft í huga, hvað er það þá að vera póstmóðernískur húmanisti? Er það að trúa á gildi hins persónulega sjónarhorns, að setja einstaklinginn í öndvegi um leið og öllum altækum hugmyndum um gildi mannsins og menningarinnar hefur verið bægt frá, þar á meðal þeim sem komin eru úr fornri menningu?

V

Málið er að þessi tvö hugtök hafa engan samhljóm í eyrum þeirra sem annaðhvort telja sig vera húmanista eða póstmóðernista. Að kalla sig póstmóðerníska húmanista er eins og kalla sig guðhræddan tilvistarhyggjumann. Guð er dauður en ég trúi samt á hann. Öll gildi þarf að endurmeta en samt trúi ég á manninn og menninguna. Að vera póstmóðernískur húmanisti er að minnsta kosti ansi flókin tilvera.

270903: Leit

I

Segjum sem svo að það sé enginn staður til sem ekki hafi verið numinn af mönnum. Segjum sem svo að öllum stöðum hafi verið lýst með nákvæmum hætti í texta sem virðist þekja allt land. Og segjum sem svo að allir staðir hafi verið færðir inn á kort af þar til lærðum mönnum. Hvað hvetur þá til þess að við hreyfum okkur úr stað? Hugsunin um að eitthvað hafi breyst? Vonin um að við munum sjá hlutina öðruvísi en aðrir? Vonin um að við getum hugsanlega bætt einhverju við? Þörfin fyrir að halda áfram að leita? Þörfin fyrir að finna eitthvað nýtt? Kannski. Sennilega. Vonandi.

II

Segjum sem svo að síðasti höfundurinn hafi nú loksins dáið. Með honum hljóðnaði síðasta röddin sem sagði hlutina á sinn hátt. Þögnin tekur við. Segir hún okkur eitthvað? Ef til vill. En hvers söknum við? Raddar höfundarins. Hvers vegna? Vegna þess að hún var einstök. Jafnvel þótt hún ætti það til að endurtaka áður sögð orð hafði hún sinn sérstaka hljóð. Og þessi hljómur fyllti heiminn merkingu.

III

Og segjum nú sem svo að síðasta orðið hafi verið sagt. Til hvers ættum við þá að hugsa? Ekki til neins. Ef síðasta orðið hefur verið sagt þurfum við ekki lengur að finna upp á neinu nýju. Og hver hefur alltaf síðasta orðið? Auðvitað sá sem ræður. Og sá sem ræður hefur sannleikann á sínu valdi. Við lifum því í sannleika síðasta orðsins sem sagt var. Og við verðum engu nær. Við erum fávís.

IV

Predikarinn segir að ekkert sé nýtt undir sólinni. Á sama hátt segja menn stundum að allt hafi þegar verið sagt, að allt hafi þegar verið séð, að allt sé þegar fundið, allt þegar gert. Þessu fylgir mikil írónía og fjarlægð og menn taka að glíma við eftirmyndir í öllum gerðum og það er hlegið að frumleikanum.

V

En þeir sem ekki leita finna vitanlega aldrei neitt. Þeir sem lifa í trúnni á síðasta orðið finna aldrei neinn sannleika fyrir sig. Þeir eiga aldrei síðasta orðið. Þeir óttast sennilega hið óvænta, ólíkt manningnum sem var haldinn þeirri þráhyggju að þurfa að ýta á alla takka sem urðu á leið hans. Hann fór í lyftu og ýtti á alla takkana og áður en hann vissi var slökkviliðið komið að bjarga honum úr sjálfheldunni. Hann fór í strætó og ýtti á alla takkana og áður en hann vissi var honum hent út af bílstjóranum sem var sótraður í framan. Maðurinn vissi að hann myndi að endingu komast að einhverju nýju, einhverjum sannleika sem enginn annar vissi ef hann bara héldi áfram að ýta á takka. Og hann ýtti á alla takkana á tölvunni, í eldhúsinu, í bílnum, í flugvélinni. Og einn góðan veðurdag gekk hann fram á rauðan takka inni í litlu rauðu boxi þar sem stóð hvítum stöfum: Eldur. Hann stakk puttanum inn í boxið og ýtti á takkann og áður en hann vissi stóð mikil eldtunga út úr gati á vegnum og eldurinn læsti sig í hár mannsins sem var svo undrandi og svo glaður yfir því að brunabjalla skyldi ekki klingja, eins og hann hafði búist við, að hann stóð bara þarna með höfuðið í ljósum logum og hló og skríkti. Eldur! var hans síðasta orð. Fundurinn var ekki ýkja merkilegur en tilfinning uppgötvunarinnar nægði þessum manni.

181003: Borgar menning sig?

I

Menning þarf kapítal og menning er kapítal. Menn vilja eiga menningu en menn vilja ekki endilega borga fyrir menningu. Í tilvitnanadálki ofar á þessari síðu er því haldið fram að ríkið eigi alls ekki að leggja fé til menningar. Viðkomandi vill frekar fá þann pening sem lagður er í íslenska menningu beint í vasann sinn. Viðkomandi vill að menningin eigi sig sjálf, standi undir sér sjálf, reki sig sjálf fyrir þá peninga sem njótendur hennar greiða fyrir neyslu sína. Viðkomandi þykir sem sé ekki eðlilegt að eitthvað af þeim milljörðum sem hið opinbera fær í sinn vasa af menningarrekstrinum eigi að renna aftur til menningarinnar, heldur beint í vasann á einstaklingum sem síðan mega ráða því sjálfir hvort þeir neyti menningar fyrir þá eða einhvers annars, til dæmis kóks eða harðfisks.

II

Kosnir fulltrúar Alþingis og sveitarstjórna tala mikið um að þeir vilji hafa menningu í landinu, þannig hljóti það að eiga að vera, án hennar værum við jafnvel ekkert, með henni verðum við gild í alþjóðasamfélaginu og svo framvegis. Hinir kosnu fulltrúar tala um þetta á tyllidögum. Um áramót. Á þjóðhátíðardaginn. Iðulega er talað sérstaklega um bókmenntaarfinn og önnur afrek á því sviði. Þessir sömu fulltrúar standa fyrir því að þó nokkrum rithöfundum eru greidd svokölluð listamannalaun á hverju ári, þeir standa líka fyrir þýðingasjóði sem aðstoðar íslenska höfunda við að koma verkum sínum á framfæri á erlendri grund, þeir standa líka fyrir fjárveitingum í ýmis útgáfuverkefni úr vísindasjóði og menningarsjóði. Í staðinn fá þeir þó nokkrar milljónir í kassann sinn í skatt sem þeir taka af sölu bóka. Árið 1995 seldust íslenskar bækur fyrir 1.284 milljónir íslenskra króna fyrir utan virðisaukaskatt. Og þetta voru bara íslenskar bækur. Það er auðvitað líka tekinn skattur af sölu erlendra bóka í landinu.

III

En auðvitað vilja allir eiga sína menningu. Nú vilja til dæmis allir eiga Ólaf Elíasson. Þjóðverjar gera tilkall til hans því hann á heima hjá þeim nú um stundir. Danir gera tilkall til hans því hann er fæddur og alinn upp í Danaveldi. Íslendingar gera líka tilkall til hans því hann er af íslenskum foreldrum. Og hann var hérna í sveit á sumrum. En af hverju viljum við eiga þennan strák? Jú, hann er klár. Og list hans hlýtur að segja talsvert um það hvernig við erum. Hún hlýtur að segja talsvert um það hvernig það er að vera Íslendingur. Hvað Ísland er. Hvað íslensk menning er. Og. Já. Einmitt.

IV

En hvað er íslensk menning? Er íslensk menning íslensk? Er íslensk menning menning? Er hún séríslensk? Er hún sérmenning? Eða er hún sprottin annars staðar? Af öðru? Getur hún verið það? Eða er hún það sem við höfum borgað fyrir? Og borgar hún sig þá?

251003: Ofurveran

I

Fjölskylda hafði fylgst með vopnaðri lögreglusveit umkringja hús nágrannans en inni var vopnaður maður. Fjölskyldunni var tilkynnt að hún gæti verið í lífshættu og hún ætti því að halda sig til hlés í húsi sínu. Fjölmiðlar voru mættir á staðinn og tóku atburðarásina upp.

Eftir að hættuástandi er aflýst er tekið viðtal við fjölskylduna sem er greinilega slegin yfir því sem gerst hafði. Fréttamaðurinn beinir spurningu til móðurinnar um það hvort fjölskyldan hafi séð það sem fram fór og hún svarar ábúðarfull: Já, við sáum þetta bara í beinni útsendingu hérna út um gluggann.

Raunveruleikinn hefur vikið fyrir beinu útsendingunni. Við komum ekki einu sinni auga á hann þegar hann ryðst með ofbeldi inn á heimili okkar.

II

Í dagblaðsfrétt um mikil flóð í Evrópu er lýst öngþveiti. Rætt er við íslenskan mann í fréttinni sem er íþróttahetja og hann segist í óðaönn að flytja hús gögn og annað innbú upp á efri hæðir húss síns. Blaðamaður bætir því við að í bakgrunni megi heyra sírenuvæl og bílflaut. Íþróttamaðurinn segir algjöra ringulreið ríkjandi og bætir síðan við: Þetta er allt afskaplega óraunverulegt og minnir mest á kvikmynd.

Jafnvel þegar fólk horfir fram á að hús þess muni sökkva í vatn finnst því atburðir ekki raunverulegir. Slíkir atburðir gerast einungis í stórslysamyndum og því geta þeir ekki verið raunverulegir. Við lifum undir öruggri ábreiðu kvikmyndanna.

III

Ungur maður segir frá því hvernig hann fjölfaldar sjálfan sig á Netinu. Líkami hans situr á stól en andi hans afholdgast um leið og hann slær sig inn á vefinn og tekur að margfalda sig. Hann á í samræðum við ýmsa á tölvupóstinum og spjallrásunum. Og hann er aldrei sá sami, í hvert sinn sem hann kynnist einhverjum nýjum á Netinu endurnýjast hann, hann verður sá sem við á hverju sinni. Þegar hann aftengir sig segist hann ekki viss um hver hann sé. Honum þykir þó mikilvægt að gleyma því ekki að hann er fyrst og fremst líkamleg vera. Hann horfir í spegil og fær staðfestingu á því að útlit hans er enn hið sama og að hann er enn hér í þessum heimi.

IV

Sjónvarpsstöðin var í mesta lagi þriggja ára gömul. Hún hafði lagt áherslu á að sýna innlent efni en einnig sýnt talsvert af amerískum sjónvarpsþáttum af ýmsu tagi. Innlenda efnið hafði umfram allt verið spjallþættir og sjaldnast spjallað um annað en dægurflugur. Uppskriftin hafði ekki gengið nægilega vel og nú átti þessi stöð í rekstrarerfiðleikum. Hún hafði því brugðið á það ráð að endursýna spjallþætti sína á besta útsendingartíma, kl. 9 á laugardagskvöldum. Dagskrárliðurinn gekk undir nafninu „Klassíski klukkutíminn“.

Tíminn hefur aldrei beinlínis numið staðar þótt við hafi legið á dimmum vetrarkvöldum og ekkert annað í boði en dagskrá gufunnar. En tíminn hefur aftur á móti aldrei farið jafn hratt og nú þegar hraði rafboðanna og magn stafrænu leiðanna hafa rúið hugtök á borð við klassík og hefð inntaki sínu.

V Karlmaður í danskri kvikmynd segir að konur horfi á sápur vegna þess að þær geti ekki kvatt. En, hugsar áhorfandinn með sér, þær hafa þegar kvatt, þær hafa kvatt veruleikann.

011103: Bókaflóðið, þrileikir Sigurðar Pálssonar, ævisögur

I

Jæja, enn flóð. Það er satt að segja eins og sagan endurtaki sig. Var ekki talað um eilífa endurkomu hins sama? Eða var þá verið að tala um eitthvað allt annað en fólst í orðanna hljóðan? Hver man það? Það er að minnsta kosti ekki hægt að halda öðru fram en að náttúra menningarinnar sé hringrásareðlis eins og önnur náttúra þegar þetta flóð heldur áfram að bresta á svona ár eftir ár.

II

Já, bækur hellast yfir, hvolfast yfir. Að vísu ekki í eins miklum mæli nú og oft áður, að því er virðist. En það eru samt margar góðar bækur. Og margt tilhlökkunarefnið. Í *Lesbók* í dag er rætt við skáld á tímamótum. Sigurður Pálsson hefur lokið þrileikjafernu sinni með bókinni *Ljóðtímavagn*. Þar með er orðinn til ljóðabókabálkur sem á sér fáa líka, tólf bækur sem ortar hafa verið á tuttugu og átta árum, eins konar ljóðskúlptúr sem á köflum hefur virst einkennilega vísindalegur að gerð en þess á milli ögrað sjálfum sér og ásjaendum.

III

Í *Lesbók* verður rætt við fleiri skáld og rithöfunda á næstu vikum eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Fleiri ljóðskáld koma þar við sögu ef að líkum lætur og einnig skáldsagnahöfundar sem virðast vera með hugann við samtíma sinn meira en oft áður. Og kannski ekki síst pólitíska fleti hans eða hugmyndafræðilega þótt það hugtak sé erfitt að nota í sömu málsgrein og minnst er á pólitík nú til dags. Og kannski er það einmitt hlédrægni hugmyndanna sem höfundar vilja glíma við nú.

IV

Annað sem vekur athygli í bókaflóði ársins er fjöldi ævisagna. Rætt hefur verið við ævisöguritarar Stephans G. Stephanssonar í *Lesbók* og fjallað hefur verið um deilur sem risið hafa vegna ritunar ævisögu Halldórs Laxness. Hvað sem henni líður verður að vona að viðkomandi ævisaga standi undir allri athyglinni sem hún hefur fengið. Ævisaga Vilhjálms Stefánssonar vekur einnig eftirtekt og fleiri mætti nefna. Og sjálfsævisagan heldur áfram að nema hin myrku meginlönd. Þar vekur sérstaka athygli bók Jóns Kalmans Stefánssonar, *Snarkið í stjörnunum*, en Jón Kalman hefur á undanförunum árum skrifað nokkrar bækur á mörkum skáldsögu og sjálfsævisögu.

V

Það er orðin málvenja að tala um bókaflóð á haustin. Flóðið skellur á okkur og kaffærir, enginn fær við neitt ráðið. Og þetta flóð er ekki bara bækur heldur auglýsingar um bækur, fréttir um bækur, viðtöl um bækur, ritdómar um bækur. Allt hellist þetta yfir okkur af því líkum jötunmóð að um stund er eins og allt annað standi í stað, það sé ekkert annað líf, enginn annar tími - aðeins þessi bókatími.

Bókaútgáfan er orðin ein af höfuðskepnum landsins, náttúruafl sem við berum óttablandna virðingu fyrir. Samt vildum við ekki vera án þess, frekar en óblíðrar veðráttunnar eða eldsins í iðrum jarðar, því að það er þetta sem gerir okkur að Íslendingum, það er glíman við höfuðskepnurnar sem hefur gert okkur jafnharðdræg og raun ber vitni - við erum Íslendingar vegna þess að við kunnum að lifa af eld og ís - og bækur. Að lifa af bækur. Á því byggist lífið í landinu. Lesturinn er veruháttur Íslendingsins. Að lesa er að vera. Lífsbarátta Íslendingsins fer fram í bókunum, í bókmenntunum. Tilvera hans byggist á því að hann hafi sogið í sig merginn úr arfinum og skilað honum frá sér í nýju formi, í nýju efni, með nýju inntaki - nýtt á gömlum merg, það er Ísland, land í sífelldri endurnýjun, líf æxlast af lífi, orð af orðum, bækur af bókum.

081103: Babl og turnar

I

Viðfangsefnið er að orða einhvern veruleika, en að endingu standa þau öll innan í gríðarlegum babelsturni með engum gluggum, og þau sjá ekkert nema veggina sem teygja sig hátt, hátt upp og svo þakið eins og asklok. Þau vona og trú á því að þessi turn muni standa til eilífdar, en þau vita ekki - nema þá löngu seinna, þegar mesti byggingarmóðurinn er runninn af þeim - að allt í kring rísa aðrir turnar sem hver hefur sinn innilokaða byggingarmeistara. Þessir turnar standa svo lengi sem von og trú leyfa. Síðan hrynja þeir til grunna eins og allir turnar gerðir af babli.

II

Eru þetta fræðin? Tímabundin eins og allt streð. Eða eigum við frekar að líta svo á að tíminn vinni ekki á hugmyndum okkar heldur með þeim? Að með tímanum þróist eitthvað, verði eitthvað nýtt til á grunni einhvers sem áður var hugsað? Og að endingu komumst við þá að einhverri niðurstöðu um manninn og heiminn og lífið? Endanlegri niðurstöðu?

III

Við gætum hugsanlega sæst á það að gluggar væru mikilvægir. Það þarf að vera einhver samræða á milli hugmynda, menn verða að sjá úr einni byggingunni yfir í aðra, það þýðir ekki að múra sig inni.

IV

En hvenær og hvers vegna múrar fólk sig inni? Er það ekki þegar það telur sig hafa fundið einhverja endanlega lausn, eitthvert svar sem virðist leysa allar gátur mannlífsins? Jú, og slík svör eru stórbyggingar steiptar á altækum, alræðum grunni - og þær eru algerlega gluggalausar. Inni í stórbyggingum eru auðvitað sagðar stórsögur og vegna þess að þykkur múrinn umlykur hlustendur dag og nótt þá skortir þá útsýn til þess að geta dregið þær í efa.

V

Það er alltaf ákveðin hætta á einangrun þegar fólk sest niður til að hugsa. Fólk einangrast í eigin hugarheimi, í eigin fagi, í kreðsinni sinni. Einangrun er ágæt upp að vissu marki en þegar hún er orðin að gluggalausni virki þá er hún vond.

VI

Nýlega sagði maður úr heimi tískunnar við neðanmálsritara að ekkert hefði gerst í þeim heimi síðan á níunda áratugnum. Þá voru mjög afgerandi línur dregnar, sítt að aftan, útvíðar buxur urðu þröngar og það var pönk og það var diskó. Það fór hrollur um skrifarann. Á tíunda áratugnum og allt fram til þessa dags hafi afskaplega lítið gerst, sagði maðurinn, að minnsta kosti hafi ekki verið neinar afgerandi línur, í raun sé allt leyfilegt og frekar lögð áhersla á persónulegan smekk, einstaklingsbundið útlit. Þessum manni þótti hin persónulega áhersla greinilega ágæt, fjölbreytnin væri vissulega góð en það hefði samt verið meira spennandi að lifa tískulífi á níunda áratugnum, það var einhver háski fólgin í því að vera annað hvort inni eða úti, að þræða einstigið.

VII

Svo virðist sem þessi leiði yfir fjölbreytninni sæki á fleiri en tískufólk. Menningin öll saknar hinna skýru lína, listirnar sakna hinna skýru lína, pólitíkin saknar hinna skýru lína, fjölmiðlarnir sakna hinna skýru lína, fræðin sakna hinna skýru lína - fólk saknar hinna „stóru“ hugmynda til að sameinast um eða rífast um. Á meðan fólk er bara að ræða saman virðist ekkert gerast. En turnar eru alltaf að rísa og turnar eru alltaf að hrynja.

221103: Dauði Högna

I

Ég ætla að hlaupa yfir götuna en hætti við einhverra hluta vegna og geng áfram gangstéttina niður alfaraleiðina. Og rétt í því sem ég hef skipt um skoðun þá skýst köttur fyrir fætuna á mér og út á götu og mikið hemlunarhljóð heyrir og allt verður hvítt um stund. Þvottabíll frá Fönn hefur keyrt yfir köttinn, beinlínis straujað yfir hann og hann liggur á götunni eins og hver önnur tuska. Ég tek hann upp blóðugan og það er undarlegt að finna hvað hann er þungur og linur svona steindauður. Ég kannast strax við hann og skoða ólína til að fullvissa mig um að hann sé sá sem ég held hann sé. Þetta er köttur höfundarins, hann Högni, andvana, andlaus, líflaus, búinn. Mér bregður nokkuð. Högni hafði verið mikill köttur, breiður yfir herðar og brjóst, eilítið útfættur og þykkfættur, með djúpsett augu og stingandi, langleitur og skarpleitur. Hann var mikill veiðiköttur og spörfuglar hvergi þar sem hann fór. En hann var besta skinn.

Bílstjóri Fannar, sem heitir Hrannar, sýnir ekki mikil geðbrigði enda þykir mörgum ekki mikið þótt það verði einum kettinum færra í borginni. Ég segi honum að ég muni láta eigandann vita.

II

Þegar ég banka upp á hjá höfundinum með Högna blóðstorkinn í fanginu kemur enginn til dyra en hurðinni hefur ekki verið lokið aftur almennilega svo ég geng inn. Íbúðin er vandlega skipulögð með það að augnamiði að auðvelt sé að rata um hana. Höfundurinn er ekki sérlega áttvís og hvað myndi hann taka til bragðs ef hann fyndi ekki bókaherbergið þangað sem hann sækir hráefnið? Þar situr höfundurinn nú umkringdur bókum.

Bókaherbergið er hið raunverulega vinnuherbergi hans, þar fer úrvinnslan fram, vinsunin, þar er leitað, þar er klippt, þar er skorið - þar er vettvangur hins eiginlega glæps og það vita allir.

III

Fyrir miðju herberginu undir glugga sem snýr í norður er fallegur stóll sem líkist Chesterfieldstól, hann er með þykkum örmum og er klæddur leðurlíki. Þar situr höfundurinn með stafla af bókum uppi á hvorum arminum. Hann virðist hafa sofnað ofan í eina bóka sinna. Hann er að vísu náfölnur. Hann gæti þess vegna verið dauður. En ég þori ekki að ganga úr skugga um það. Ég myndi ekki ráða við annað dauðsfall í dag. Andlit hans er friðsælt. Það er eins og allir vöðvar þess séu í algerri hvíld og fyrir vikið er hann ókennilegur á svip, eiginlega óþekkjanlegur - þetta gæti verið hver sem er. Hann drúpir höfði og hallar eilítið fram en bókastaflarnir upp af örmunum styðja við hann og varna því að hann falli alveg.

Ég fikra mig nær og sé að þetta eru kunnuglegar bækur. Neðst í staflanum vinstra megin er *The Order of Things* eftir Michel Foucault þar sem fall mannsins er boðað í lokakaflanum. Ofan á Foucault eru nokkrar bækur eftir Roland Barthes og höfundarbækur Jóns Karls Helgasonar. Þar er einnig *Höfundur Íslands* eftir Hallgrím Helgason. Á hinum arminum er undirstaðan *Simulacra & Simulation* eftir Jean Baudrillard.

Höfundurinn hefur verið að lesa *Roland Barthes eftir Roland Barthes* þegar hann lognaðist út af en á hné hans liggur opin bók á grúfu sem nefnist *The Death & Return of the Author* og er eftir Seán Burke.

Mér verður hálfómótt við að standa þarna yfir hugsanlegu líki og með annað í fanginu. Ég legg Högna í kjöltu höfundarins og hugsa með mér að þeir muni þó altént hittast í himnaríki.

Ég læðist svo burt.

291103: Höfundurinn er drottnari

I

Höfundurinn er drottnari, hann vill beita valdi, kvelja, niðurlægja. Hann á erfitt með að hemja sig því innst inni veit hann að það er ekki hann sem hefur valdið í sínum höndum heldur sá sem lætur beita sig valdi - það er hinn sem leggur línurnar, hvað má gera, hversu langt má ganga. Þannig eru reglurnar og án reglna og samþykkis hins væri enginn leikur. Höfundurinn reynir á þessi mörk hins leyfilega og smámsaman taka reglurnar að bogna undan þrýstingi hans og á endanum gefur eitthvað sig í höfundinum og hann gengur alla leið - lýsingarnar eru hrikalegar og brjóta í bága við allt velsæmi en höfundurinn upplifir í fyrsta skipti alsælu, hreinan valdlosta sem fer um hann eins og elding.

II

En krafan um hið opinbera líf vefst fyrir höfundinum. Hann á í fyrsta lagi erfitt með að umgangast annað fólk vandræðalaust eins og fram kemur í dagbókum hans. Líkt og herra Palomar öfundar hann þá sem hafa alltaf rétt orð á vörum hvar sem þeir koma, geta heilsað og kvatt á fumlausan hátt, fitjað upp á nýjum og nýjum umræðuefnum, sagt eitthvað fyndið þegar það á við, sýnt hluttekningu þegar það á við, verið hæfilega strangir og hæfilega reiðir þegar það á við, kunna að hafa orðið án þess að vera yfirgnæfandi, kunna að þegja án þess að vera dónalega fjarrænir eða hrokafullir - kunna með öðrum orðum að vera innan um fólk án þess að vera á nálum og setja allt í uppnám, kunna að kalla fram það besta í sjálfum sér og öðrum við ólíklegustu aðstæður.

III

Höfundurinn hefur reynt að temja sér þetta en ekki dottið niður á réttu aðferðina. Að auki er einhver þúki í honum þegar kemur að samskiptum, kurteisvenjum og almennri hegðun. Honum þykir samtíminn einkennast af ofuráherslu á framkomu, á yfirborðið, viðmótið. Lunginn af vitsmunalegri orku fer í að skapa sér góða ímynd, að búa sjálfan sig til en ekki í sama tilgangi og Baudelaire talaði um heldur til þess að aðrir sjái eitthvað sem þeir vilja sjá. Orkan fer í að koma rétt fram, að klæða sig á viðeigandi hátt og tala á viðeigandi hátt. Höfundinum þykir því öðrum þræði ekki eftirsóknarvert að temja sér eða semja sér aðra hegðun en er honum edlislæg.

IV

Hann kannast samt við að hafa logið upp á sig hlutum, bæði í viðtölum og í dagbókinni, þótt undarlegt megi virðast. Fyrir vikið sækja á hann hugsanir um það hver hann sé í raun og veru. Dagbókin átti upphaflega að vera tæki til að komast nær kjarnanum í sjálfum honum en smámsaman hefur hann komist að því að hann er annar en hann hélt og sennilega alls ekki sá sami á blöðum dagbókarinnar og í veruleikanum, hver sem hann nú annars er. Dagbókin hans er enginn heilagur sannleikur þótt lesendur eigi vafalítið eftir að lesa hana þannig. Höfundurinn getur stundum ómögulega séð sig í þessum skrifum. Þar er ýmist einhver upphafning eða úrdráttur. Það er iðulega eins og eitthvert tilbúið sjálf hafi orðið.

061203: Katalónar og samtíminn

I

Höfundurinn situr við, hokinn í herðum með höfuðið fullt af bókum sem aðrir hafa skrifað, oftast í erlendum borgum enda Reykjavík ekki staður fyrir skriftir eftir því sem eldri höfundar hafa reynt. Allir fóru þeir eitthvert annað, ef ekki út þá út á land, þá altént út úr þessari borg sem er ekki annað en samhengislausar tilvitnanir í borg. Hann hafði sjálfur reynt Klaustur en fljótlega horfið á braut. Í raun keyrði hann bara í gegn, leist ekki á það og vissi raunar ekki hvort það væri bær, bara keyrði og hélt þetta væri yfirgefin þyrping. Kannski var það Gerði, vissi það ekki fyrir víst, stoppaði síðan þarna einhvers staðar í fásinni sléttunnar og fékk sér hamborgara sem var stærri en flestir slíkir og franskarnar flóðu yfir með þykkri slettu af sósu - þarna voru líka menn með sundlaugarbotna.

II

Næst hitti ég höfundinn á kúbanska barnum við Carrer Francesc Giner. Hann var að lesa bók um sögu Barselónu eftir Robert Hughes. Hann sagðist vera að missa trúna á borginni og Katalónum við lesturinn; þeir væru með hönnun og útlit á heilanum en hugsuðu minna um innihald og varanlegri gildi. Mér sýnist þjóðareðlið endurspeglast ágætlega í bakkelsinu, sagði hann, það lítur ákaflega vel út en bragðast þeim mun verr. Þetta er að vissu leyti rétt hjá honum, maldaði ég í móinn, það getur verið erfitt að finna gott bakkelsi í Barselónu en góður arkitektúr er þar nánast á hverju götuhorni.

III

Höfundurinn var ekki sannfærður og nefndi til sögunnar arkitekt að nafni Ricardo Bofill sem Hughes gagnrýnir harðlega í bók sinni. Bofill átti, að því er virtist, einkennilegan feril að baki. Hann hafði teiknað nokkur hús sem talin voru ónýt fáeinum árum eftir að þau voru reist. Íbúðarhús sem hann teiknaði í úthverfi borgarinnar var til dæmis óíbúðarhæft frá upphafi; þakið lak, lyftur biluðu og rafmagn og pípulagnir voru aldrei í lagi auk þess sem klæðningin utan á húsinu hrundi af smámsaman; þurfti að strengja net utan um bygginguna til að koma í veg fyrir slys á fólki þegar steinflísarnar féllu. En Katalónarnir voru hrifnir af byggingunni vegna þess að hún var hönnuð samkvæmt einhverri sósíalteóríu í lok valdatíma Francos. Þeir voru líka ánægðir með Bofill vegna þess að hann vakti athygli í útlöndum, það hrærði þjóðernistaugina. Frakkar sáu myndir af byggingum hans í tímaritum um arkitektúr og virtist þær merkilegt framlag til byggingarlistar en myndirnar sýndu vitanlega ekki að byggingarnar voru ónothæfar og Bofill fékk úthlutað stórum verkefnum rétt utan Parísar og í Montpellier. Af sömu ástæðu eru byggingar eftir hann í Bandaríkjunum.

IV

Robert Hughes telur upphefð Bofills gott dæmi um samtímaástandið, sagði höfundurinn alvarlegur, þar sem fólk er í litlum tengslum við veruleikann en yfirborð hlutanna, útlit þeirra og ímynd, skipti meira máli en inntak þeirra, hvað þá notagildi. Ég sá að það þýddi lítið annað en að samsinna þessu. Ég þekkti reyndar lítið til Bofills, vissi að hann væri arkitektinn að nýrri flugstöðvarbyggingu í Barselónu og hún hefði verið gagnrýnd harðlega fyrir mikið glervirki sem hefði valdið truflunum í ratsjá þeirra sem stjórna flugumferð um völlinn. Jú, sennilega eru Katalónar samtíminn holdtekinn.

131203: Hið stóra ég

I

Í dag heldur höfundurinn fyrirlestur um upptök skáldskaparins á bókasafninu. Hann segir skáldskap afurð túlkandi hugar. Mig langar til að kalla fram í og segja að ég sé ekki sammála en sit á mér innan um allar bækurnar. Og til þess að komast að upphafi skáldskaparins þarf hver og einn að finna andartakið þegar hann fann sig fyrst túlka, heldur höfundurinn áfram. Hvað á hann við, hugsa ég. Er þetta enn ein tilraunin til sjálfupphafningar, enn ein tilraunin til að upphefja hið gullna upphaf, til að skálda um skáldskapinn. Og hvar liggur upphaf minnar túlkunar, staðfestir höfundurinn grunsemdir mínar. Í fyrsta ég-inu, spyr hann með heimspekilegri áherslu, eða í sjúklegum æskulygum mínum?

II

Ég á erfitt með að sitja kyrr þegar höfundurinn heldur áfram og segir að hann verði fyrst að svara þeirri spurningu hvort hann eigi sér eitthvert sjálf, eitthvert einstakt ég sem skynji heiminn með sérstökum hætti, finni til með sérstökum hætti og eigi sína sérstöku sögu. Er ég ég, spyr hann eins og fífl. Er ég sjálfur ég, spyr hann aftur eins og fífl. Og ég heyrir það á þykkri þögn fjöldans í lestrarsalnum að fáir ef nokkrir skilja hvað höfundurinn er að fara, en enginn nema ég sér í gegnum fíflið.

III

Hann er einn af þessum mönnum sem allir halda að sé alltaf um það bil að fara að segja eitthvað snjallt, eitthvað sem breytir öllu, snýr heiminum á hvolf beint fyrir framan nefið á manni. Hann er einn af þessum mönnum sem stundum segir hluti sem enginn er alveg viss um að skilja, sem enginn veit með vissu að eru ekki bara tómt bull því þeir hljóma eins og einhver hyldjúp þekking búi að baki. Eins og: Þegar allt er búið halda allir sína leið eins og ekkert hafi í skorist. Eða: Viskan á sér enga von því hún er ekkert án mannsins. Eða: Ó-eðlisfræði (pataphysics) hvatalífsins kennir að biðin sé dyggð. Og þannig má halda áfram að telja án þess að nokkur átti sig alveg á því hvað höfundurinn er að fara eða hvernig maður hann sé í raun, hvort honum sé í alvöru treystandi fyrir þessum orðum. Sjálfur trúir hann hverju orði enda er það grundvöllur trúverðugleikans, hætti hann að trúa missir hann alla trú. Það segir sig sjálft.

IV

Að endingu segir höfundurinn frá verki sínu. Hann hefur verið að glíma við að rannsaka veruleikann sem tungumálið lýsir. Hann segir að í heimi þar sem allt sést, þar sem enginn fer í felur með neitt, hafi orðið til háþróuð tækni sem heiti sjónhverfingar, þar sem veruleikinn sé látinn hverfa. Bókmenntirnar eiga að fjalla um þetta hvarf, segir höfundurinn, og eina leiðin til þess er að höfundurinn opinberi sig. Og það ætlar höfundurinn að gera. Hann ætlar að skrifa bókina um sig. Um þetta stóra ég sem hann hefur verið að leita frá fyrstu tíð. Og í orðun þessa ég-s felst hinn harði kjarni veruleikans, segir hann, kjarninn sem er handan þess sem ekki sést, handan upphafsins.

201203: Kynlíf og botnlangabólga

I

Og auk þess að vera um sjálfan hann þá fjallar bók höfundarins auðvitað um kynlíf og ríkjandi ástand, samtímann með kostum sínum og göllum, neyslunni, frjálslýndinu, hraðanum, þversögnunum, tvístringnum. Sögumaður tekur þátt í leik á Netinu.

II

Hópur fólks skráir heimilisfang sitt á lista. Hópurinn samanstendur af fimmtíu manns hvaðanæva, körlum og konum. Á ákveðnu tímabili fara þátttakendur í heimsókn hver til annars og hafa samfarir. Eftir hverja heimsókn gefur gesturinn gestgjafanum einkunn frá núll og upp í tíu. Í einkunnagjöf er tekið tillit til aðbúnaðar á vettvangi, fimi gestgjafans og áhuga. Komi eitthvað þægilega á óvart skal tekið tillit til þess. Einu hömlurnar sem þátttakendum eru settar er að varast tilfinningar. Í upphafi leiks setja þátttakendur tilfinningastuðla til að komast hjá óþægilegum uppákomum. Stuðlarnir eru misháir og gefa til kynna hvernig þátttakendum má líða og hvað þeim ber að varast. Ástríðustuðullinn er þannig mjög lágur og sömuleiðis öryggisstuðullinn, haturstuðullinn, vonarstuðullinn, munúðarstuðullinn, andúðarstuðullinn, söknuðarstuðullinn og örvæntingarstuðullinn. Vanlíðunarstuðullinn má aftur á móti vera ansi hár og einnig vellíðunarstuðullinn þó að þar beri að fara varlega í sakirnar. Í því tilliti er rétt að gera skýran greinarmun á líkamlegri líðan og andlegri. Eina tilfinningin sem alls ekki má vera með í spiliinu er ástin. Þetta er ekki ástarleikur. Honum fylgja engar skuldbindingar. Engir eftirmálar. Hver þátttakandi tekur ábyrgð á sér. Sá vinnur leikinn sem stendur uppi með hæstu meðaleinkunn þegar allir þátttakendur hafa heimsótt hver annan.

III

Opinberunin verður algjör. Höfundurinn á jafnvel erfitt með að lesa sinn eigin texta. Hann veltir því fyrir sér hvort þetta sé ekki vís leið til þess að selja ógrynni bóka, vekja gríðarlega athygli. Hvernig er hægt að standast allt þetta: Persónulega afhjúpun, kynlíf, samfélagsádeilu, samtímarýni? Er þetta ekki bókin sem beðið er eftir?

IV

Bókin heitir *Botnlangar* og hún hefst svona: Botnlangabólga er eins og barnsfæðing. Ég man bara að þegar ég var lítill (um það bil 8-10) þá hélt ég að ég væri kominn með það sem fullorðið fólk kallaði botnlangabólgu eða botnlangakast. Ég var með mikinn verk og mamma var alveg viss og hringdi fyrst á sjúkrahúsið og svo í heimilislækninn sem skoðaði mig en hann var ekki viss og dró frekar úr en hitt og ég fór heim og beið milli heims og helju að mér fannst með verkinn í kviðnum. Og á þeim tíma var sem mörg ár liðu, meðan ég var átta og alveg þangað til ég varð tíu, og verkurinn var alltaf þarna í kviðnum og ég alltaf með hugann við botnlangann sem mér var sagt að væri lítill og óþarfur, eiginlega hálfgerður aðskotahlutur, og ég skildi ekki hvers vegna mætti þá bara ekki fjarlægja hann svo ég gæti hætt með verkinn og hætt að hugsa um botnlangann en enginn vildi gera neitt og ég beið og beið og tímarnir liðu og æskan fór hjá og ungdómsárin í einu hrikalegu kasti og svo komu mörg óljós ár, mikil bólgutímabil sem ég kann ekki að skýra og nú, já nú þegar allt ætti að vera liðið hjá þá sit ég í þessum botnlanga og kemst hvergi fyrr en ég hef fundið lykilorðið. Kannski. Ég veit það ekki. Hvernig losnar maður við botnlanga(upp)kast? Hvernig verður maður verklaus?

271203: Hvernig losnar maður við verk?

I

Hvernig losnar maður við verk? Hvernig á þessi fæðing sér stað? Þegar botnlangi er rifinn innan úr manni og færður upp á einhvers konar fat þar sem hann fær að liggja, baðaður skærum ljósum í fyrstu en síðan hent á einhvern haug.

II

Þetta er sagan af því þegar ég varð óléttur og hélt að ég myndi fæða botnlanga eða að minnsta kosti losa mig við verk sem hafði vaxið innan í mér eins og hornótt fóstur. Löngu síðar fékk ég það staðfest að botnlanginn var virkilega bara lítil tota þangað sem hlutir, er engu máli skipta, rötuðu.

III

Sjálfur lendi ég iðulega í botnlöngum.

Ég á erfitt með að skilja bækur. Fyrsti lestur er fullur af götum, gloppóttur, ég dett út, missi þráðinn en held samt áfram á meðan hugurinn reikar burt, og orðin á síðunum hverfa inn í mig og deyja, þau eru eins og flugurnar sem lýsa stutta stund en samlagast svo myrkrinu; þær eru þarna samt enn þá, sveimandi um og kannski kviknar á þeim aftur. Ég veit það ekki. Ég bara held áfram að tína orðin upp af síðunum þótt ég týni þeim jafn óðum, sem er samt ekki endilega rétt því að hugsanirnar eru aldrei jafn líflegar og þegar ég les og gleymi mér milli línanna. En ég þarf oftast að lesa bókina aftur ef ég ætla að fá einhvern botn í hana - sem er raunar ekki alltaf nauðsynlegt eða eftirsóknarvert. Sennilega les ég bækur sjaldnast tvisvar. Þær deyja bara innan í mér. Enda og deyja. Dauðir endar. Botnlangar.

IV

Og þannig skröltir maður áfram með líkin í vagninum.

V

Hvernig losnar maður við verk? Verk í fæðingu. Fæðingarverk. Allt frá fyrstu stundu hef ég fundið þennan þráð herðast að. Kannski var upphafið fyrir austan fjall. Minnst ferðar, við tveir feðgarnir snemma um nótt í lok desember. Það er slagveður og hafði verið bylur fyrr um kvöldið og við stöndum fastir á steisjóninum í miðri brekku, glerhálli og þorum eiginlega ekki að láta renna aftur niður vegna þess að þar er ein af mjóu brúnum sem eru ekki auðhittar í björtu. Hann stendur bíllinn í botn en dekkinn vinna ekkert á brekkunni og þegar hann stígur á bremsuna tekur bíllinn að skríða niður hallann undan eigin þunga. Ég gríp um sætisbrýkina og lít skelfdur á föðurinn sem gnagar saman jöxlum og kremur stýrið með krumlunum ... en bíllinn rennur ofan í freðnum förunum alla leið niður á brú, beint inn á brú. Og þaðan hleyp ég út í myrkrið í leit að hjálp.

VI

Seinna sömu nótt í þykkri þoku á heiðinni. Ekkert skyggni, ekki glóra, bara móða sem smámsaman breyttist í litla dropa sem þrýstast upp eftir framrúðunni og minna á sæðisfrumur í æðisgenginni leit að óvissum áfangastað.

VII

Smámsaman losnar um seiðandi verk sem hefur hreiðrað um sig innan í mér, frjóvgun.

2004

030104: TLS og bækur ársins

I

Times Literary Supplement hefur haldið þeim góða sið í lok hvers árs að fá nokkurn fjölda rithöfunda héðan og þaðan í heiminum til þess að segja frá bestu bókunum sem þeir hafa lesið á árinu. Að þessu sinni segja 36 höfundar frá þeim bókum sem þeim þóttu áhugaverðastar á árinu. Athygli vekur að margir þeirra liggja í sagnfræðilegum ritum, ekki síst um tuttugustu öldina, og einnig virðast þýðingar eiga mjög upp á pallborðið hjá höfundunum sem er væntanlega til marks um að þeir leggi sig eftir því að kynnst bókmenntum frá öðrum málsvæðum. Athygli vekur að aðeins tveir norrænir höfundar komast á blað og báðir norskir, Per Petterson og ensk þýðing á bók hans *In the Wake* og Lars Saabye Christensen og þýðing á bókinni *Hálfróðurnum* sem einnig kom út í íslenskri þýðingu á síðasta ári. Það er Paul Binding sem nefnir báðar þessar bækur.

II

Breska skáldkonan A.S. Byatt segir að mest áhrif á sig hafi haft þýðing á fyrstu skáldsögu japanska rithöfundarins Saiichi Maruya er nefnist *Grass for My Pillow* en Haruki Murakami hefur sagt hana eina af uppáhaldsbókum sínum. Byatt nefnir einnig úrval austurríks skáldskapar frá síðustu öld og á sviði fræða segist hún hafa notið best *Menzel's Realism* eftir Michael Fried og *The Coming of the Third Reich* eftir Richard Evans en þá bók segir hún lýsa með skýrasta hætti sem hún hefur lesið þýsku þjóðlífi fyrir tíma nasista og á meðan þeir voru við völd. Af breskum skáldsögum nefnir Byatt *The Cryptographer* eftir Tobias Hill, *The Whole Story* eftir Ali Smith og *Landing Light* eftir Don Paterson.

III

Breski bókmenntafræðingurinn Terry Eagleton nefnir bókina *The Puppet and the Dwarf* eftir Slavoj Zizek en hún inniheldur greiningu á aðskiljanlegustu hlutum og forvitnilega bók eftir Angus Calder sem nefnist *Gods, Mongrels and Demons* sem fjallar um 101 sérkennilegan mann allt frá Billy the Kid til Ludwig Wittgenstein. Nadine Gordimer nefnir *Crabwalk* eftir Grass og spænski rithöfundurinn Juan Goytisolo nefnir skáldsöguna *Nembrot* eftir landa sinn José María Pérez Álvarez. Joyce Carol Oates nefnir enska þýðingu Edith Grossman á *Don Kíkóta* og Susan Sontag nefnir *The Book of Disquiet* eftir portúgalann Fernando Pessoa. Sontag nefnir einnig bókina *Al Qaeda and What It Means To Be Modern* eftir John Gray og aðra bók sem tengist stríði, *Une Saison des machettes* eftir Jean Hatzfeld en hún inniheldur viðtöl við tíu rúandíska menn af Hutuættbálknum sem tóku þátt í morðunum á 800.000 Tútsum á sex vikum árið 1994. Mennirnir sátu í fangelsi þegar viðtölin fóru fram en þeir lýsa hugarástandi sínu meðan á morðunum stóð og reyna að svara þeirri spurningu hvort þeim ætti að verða fyrirgefið. Sontag segir bókina skyldulesningu.

IV

Fleiri áhugaverðar bækur eru nefndar í *TLS* en það er athyglisvert að fáar bækur eru nefndar oft en einu sinni en þeirra á meðal eru æviminningar Paul Baileys *A Dog's Life* og ævisaga W.B. Yeates eftir Roy Foster, *The Arch Poet*.

170104: Gæludýr Braga Ólafssonar

I

Nú þegar mikið er talað um innbrot af ýmsu tagi og menn eru hættir að hugsa um bókmenntir eftir stutta en frétt næma vertíð er kannski ástæða til að rifja upp kynnin af Hávarði Knútssyni í *Gæludýrum* Braga Ólafssonar. Hávarður þessi brýst inn í íbúð Emils, sem hann hafði kynnst lítillaga fyrir fimm árum en ekki séð síðan. Tilgangurinn er ekki að ræna innbúinu, eins og þjófur er háttur, heldur að slökkva undir sjóðandi vatni á eldavél og koma hugsanlega í veg fyrir ískyggilegt brunatjón. En Hávarður veit ekki að Emil er heima þegar innbrotið er framið, nýkominn úr flugi frá London - Hávarður veit ekki að Emil vill bara alls ekki hleypa honum inn vegna þess að kynni þeirra forðum höfðu ekki verið sérlega ánægjuleg. Og til þess að þurfa ekki að hitta þessa leiðindaskjóðu og láta hana hanka sig á því að vilja ekki hleypa henni inn þegar henni þóknast að banka upp á, þá grípur Emil til þess vanhugsaða ráðs að skriða undir rúm og fela sig, auðvitað í þeirri tálvon að óboðni gesturinn hafi sig á brott hið snarasta. En Hávarður er ekki kominn til að fara, heldur slær hann upp brjáluðu partyi sem Emil fylgist með undan rúminu, berskjaldaður fyrir öllu því sem fólk gerir óséð, vanmáttugur og vanvirtur eins og allir sem fylgjast með atburðarás frá þröngu en afhjúpanði sjónarhorni. Hann þarf að horfa upp á Hávarð hægja sér og fróa, hnýsast í einkalíf hans og bjóða til veislu eins og hann væri húsbóndinn sjálfur, og á endanum liggja undir því að verða kannski kokkáladaður í eigin rúmi.

II

Bróðurhluti *Gæludýranna* er sagður frá sjónarhorni Emils. Sagan fjallar öðrum þræði um eðli og hlutverk sögumanns í fyrstu persónu frásögn. Sífelld er rætt um takmarkað sjónarhorn hans, hvort hann heyri það sem fram fer og hvernig honum líði á sál og líkama við þennan þrönga aðbúnað. Plús Ex er þannig á vissan hátt líka í öndvegi undir rúmi, þótt honum hafi í raun verið úthýst úr sögunni, sinni eigin sögu, hann sé ekki með í partyinu á sínu eigin heimili (180).

III

En Emil er ekki einu sinni viss um að hann sé týndur og allir séu að leita hans jafn ákaft. Það læðast að honum grunnsemdir um að Hávarður viti af honum undir rúminu. Og það er raunar Hávarður sem hefur tögl og hagldir í lok sögu. Þótt efast megi um að Hávarður hafi höfundarvit er það hann sem kastar vænum bita á gólfið undir lok sögu og lokkar hundtryggan lesandann til að halda áfram þrátt fyrir snubbóttan endi sögunnar. Þótt lesandanum þyki lítið hafa gerst í bókinni, eins og flestir gagnrýnendur bentu á, getur hann ekki annað en haldið áfram þar sem sagan skilur við Emil undir rúmi, Hávarð hálfnakinn uppi í því og berfætta vinkonu Emils í svefnherberginu að sparka af fótum sér klístrugum nærbuxum Hávarðar. Í þessum óvænta þríhyrningi er einhver merking fyrir lesandann að jóðla á meðan sagan vinnur sitt verk í hljóði og rennur hægt og hægt saman við bókmenntavitundina, sem skáldsaga um það hvernig saga er sögð og líka hvernig saga er lesin - eða hverslags reynsla það er að segja sögu og lesa, lituð af gægjuþörf, jafnvel sadómasókisma - hvernig saga verður til í skapandi samstarfi eða togstreitu skrifa og lesturs.

240104: McLuhan og áhrif miðla

I

Við hugleiðum það örugglega of sjaldan hvaða áhrif miðlarnir sem við notum dagsdaglega hafa á okkur. Og þá er ekki átt við inntak þessara miðla eða skilaboð þeirra heldur áhrif miðlanna sjálfra, tækninnar sem miðlað er með. Hvaða áhrif hafa til að mynda rafvæddir miðlar á borð við sjónvarp og tölvur haft á líf okkar og hugsun?

II

Að mati kanadíska bókmennta- og fjölmiðlafræðingsins Marshalls McLuhans (1911-1980) getum við enn ekki gert okkur fulla grein fyrir því hvaða áhrif þessir tilteknu miðlar hafa haft á okkur vegna þess að við erum enn of upptekin af inntaki þeirra sem er, samkvæmt kenningum McLuhans, eldri miðlar, ljósmyndin og kvikmyndin í tilfelli sjónvarpsins en prentið, útvarpið, sjónvarpið, síminn, símbréfið í tilfelli tölvunnar. McLuhan er hins vegar sannfærður um að samfélög hafi ætíð mótast meira af eðli þeirra miðla sem menn hafa samskipti með en efninu sem miðlað er eða inntaki þess.

III

Og McLuhan skoðaði ekki aðeins áhrif hinna hefðbundnu miðla, svo sem bókarinnar, dagblaðsins, sjónvarpsins og útvarpsins, á líf okkar og samfélag heldur leit hann svo á að allir manngerðir hlutir væru miðlar. Í frægustu bókinni sinni, *Understanding Media. The Extensions of Man*, rannsakaði hann áhrif 26 miðla en á meðal þeirra voru vegir, föt, húsnæði, peningar, klukkur, hjólið, reiðhjólið og flugvélin, bifreiðin, leikir og vopn. Allir þessir hlutir hafa haft geysileg áhrif á líf okkar með einum eða öðrum hætti, þeir hafa beinlínis breytt lífi okkar, breytt gangi þess, breytt merkingu þess og því eru þeir augljóslega miðlar einhverra tíðinda, nýrra tíðinda, ólíkt mörgum þeim miðlum sem við köllum því nafni dagsdaglega.

IV

McLuhan benti á að nýir fjölmiðlar hefðu alltaf fyrst í stað verið boðberar gamalla tíðinda og því væri það ekki innihald þeirra sem skipti máli þegar áhrif þeirra eða þýðing fyrir samfélagið væru könnuð. Þannig hefðu 90% alls efnis sem prentað var fyrstu tvær aldir prenttækninnar verið ættuð frá miðöldum. Sextánda og sautjándi öldin höfðu sökum þessa mun meiri aðgang að miðaldatextum en miðaldamenn sjálfir höfðu haft. Á sama hátt hóf sjónvarpið göngu sína með því að miðla gömlu efni að stórum hluta, ekki síst gömlum bíómyndum, og gerir það raunar enn. Netið er einnig gott dæmi þessa en þar er fyrst og fremst að finna efni sem einnig er hægt að finna á prenti eða í útvarpi og sjónvarpi. Enn hefur Netið varla fært okkur ný tíðindi. Áhrif þessara nýju miðla á skynjun mannsins á heiminum, hugsun hans og starfshætti eru hins vegar gríðarleg.

V

Satt að segja hlýtur hver maður sem fylgist með efni fjölmiðla að verða þess var að þar er ekki margt nýtt að sjá eða heyra. Eilíf endurkoma hins sama er hinn sorglegi veruleiki þeirra. Tíðindin verða ekki í fjölmiðlunum sjálfum heldur annarsstaðar, í öðrum miðlum.

310104: Póstmóðernismi: Sjónarhorn og ástand

I

Á Íslandi hefur það verið í tísku um nokkurt skeið að fórna höndum þegar póstmóðernisma ber á góma og segja: Hvað er nú það? Veit það einhver? Það hefur einnig verið í tísku hér á landi síðustu ár að setja sig upp á móti þessum isma og þá á þeim forsendum að hann stæði umfram allt fyrir einhverja voðalega vonða og illkynjaða afstæðishyggju. Nú síðast var lýst stríði á hendur áhangenda þessa fyrirbæris vegna þess að þeir væru umfram allt marxistar eða öllu heldur fólk með eðlisfar vinstrimanna.

II

Til þess að geta tekið þátt í umræðu um póstmóðernisma er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga. Það er að minnsta kosti hálf öld síðan það fór að móta fyrir nýrri hugsun eða aðferðafræði í hugvísindum sem síðar átti eftir að verða kennd við póststrúktúralisma og póstmóðernisma. Sumir líta á fyrstu bók franska fræðimannsins Roland Barthes, *Skrifað við núllpunkt* (1953), sem upphaf póststrúktúralisma en hún kom nýlega út í íslenski þýðingu (2003). Þar má finna hugmynd um hinn opna texta, sem Barthes kallaði síðar svo, en í honum mást burt mörk á milli andstæðra afla, sem strúktúralisminn hafði gert mjög út á, til dæmis milli höfundar og lesanda en í hinum opna texta renna þessar tvær meginpersónur í sögu bókmenntanna saman í eitt. Og með sífellt aukinni áherslu á upplausn eða afbyggingu slíkra andstæðutvennda í ýmsum aðstæðum verður póststrúktúralisminn til á sjöunda áratugnum, ekki síst í verkum Frakkanna Michels Foucault, Jacques Derrida og Rolands Barthes.

III

Póststrúktúralisminn átti eftir að hafa gríðarleg áhrif á hugvísindi næstu áratugina, segja má að enginn fræðimaður hin síðari ár hafi komist hjá því að annaðhvort nýta sér aðferðafræði hans eða taka skýra afstöðu til hans í rannsóknum sínum. Þegar hinn víðsýni og aldni félagsfræðingur, Zygmunt Bauman, var spurður í viðtali hér í *Lesbók* fyrir rúmu ári hvað honum þætti um þá gagnrýni að póstmóðernískir fræðimenn væru ekki ábyrgir í skrifum sínum svaraði hann: „Ég held að þessi gagnrýni eigi ekki rétt á sér nema að takmörkuðu leyti. Framlag póstmóðernismans hefur verið mjög mikilvægt, kannski ekki síst vegna þess að hann hefur verið ákaflega gagnrýninn. Hann hefur fært okkur mörg tæki til að rýna í ástand samtímans, fletta ofan af hinum póstmóðernu tímum. Ég sé ekki að við hefðum getað gert það með aðferðum móðernismans.“

IV

Þegar talað er um póstmóðernisma er því iðulega verið að tala um tvennt: Annars vegar ástand samtímans - við lifum á póstmóðernum tímum - og hins vegar ákveðna hreyfingu í hugvísindum sem varð til á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og hefur verið nefndur póststrúktúralismi. Þessi rannsóknaraðferð hefur fært okkur mörg tæki til að rýna í ástand samtímans, eins og Bauman bendir á, og sennilega hefðum við ekki jafn víðtækan skilning á gangverki hinna póstmóðernu tíma ef ekki hefði verið fyrir þetta nýja sjónarhorn.

V

Þegar fræðimaður segist vera póstmóðernisti er hann væntanlega að tala um að hann sé póststrúktúralisti, að hann nýti sér aðferðir þeirra fræða. Þessir sömu fræðimenn og allt annað fólk, sem lifir þessa óljósu tíma, eru hins vegar póstmóðernistar í þeim skilningi að þeir eru hluti af í hinu póstmóðerníska ástandi samtímans.

070204: MVS

I

Menning og svitasæla, sagði hann og maður hlaut að taka undir, jú, auðvitað, menning og svitasæla, það er málið. „Sú var tíðin að menning var ekki andstæða svitasælu,“ sagði hann, „hún var indælt og líkamlegt stríð sem lét engan ósnortinn. Núna klæðast menn henni eins og sparifötum á hátíðarstundum í eilífu kapphlaupi sínu um athygli og fjármuni. Sumir einstaklingar virðast hafa meiri menningaráhuga en aðrir menn; oft er hann þó holur að innan - einkum þegar stjórn málaforingjar eiga í hlut - það er talað í belg og biðu, höfð uppi fögur fyrirheit með málskrúði frá seinustu öld og fárast yfir mikilvægi íslenskrar menningar í hraðfluga heimi tölvutækni og gervihnattasjónvarps. Kannski hugur fylgi máli í einstaka tilvikum en mér er það til efs - þegar til kastanna kemur skipta fjármál, valdapríl og viðskipti öllu máli. Þetta er m.ö.o. upphafinn vaðall um ekki neitt enda samrýmist hann engum veruleika. Það er því ósköp eðlilegt að margur dragi jafnaðarlínu á milli einskisnýtrar fordildar og menningarumræðu - að listir og fræði komi venjulegu fólki ekkert við.“

II

Við erum nefnilega hvergi óhult fyrir endalausum blaðri sem eins og skefur merkinguna innan úr orðunum hægt og bítandi, ýmist lyftir þeim upp í himinhvolfið þar sem þau svífa um í tómi eða draga þau niður í fastan massa jarðarinnar. Og hann hélt áfram: „Hreint út sagt er það hreinasta mildi að ekki hefur tekist að kjafta allt vit úr íslenskri menningu. Fólk rembist við að skrifa smásögur, semja tónverk, fara á listsýningar og stunda andleg fræði hvað sem yfir það gengur. Þeir eru að vísu til sem taka hlýju og svita holdsins fram yfir óhagnýta ræpu munnsins sem tvístrar sálinni. Furðu fáir eru þeir samt. Þetta er einhvers konar óskynsemi sem fæstir komast með öllu undan; jafnvel harðsvíraðir kaupsýslumenn með dollara í augna stað lesa ljóð viðkvæmra skálda í rúminu á kvöldin og vikna. Þetta er veikleiki sem holar styrk okkar að innan og minnir sérhvern á hvað hann er - mannskepna í leit að merkingu og hamingju. Eitthvað fær okkur til að velta stöðugt vöngum yfir nautn holdsins og tilgangi andans, stöðu okkar í tilverunni, þótt það gefi lítið í aðra hönd og sé þaðan af síður til nokkurs. Þessi veikleiki verður á hinn bóginn stöðugt meira feimnismál sem breitt er yfir með háfleygu orðagjálfri um heimskunna arfleifð, þjóðkunna sagnaþuli og ljóðlist á hraðfleygri stund. Stundum er eins og merkingarleysi skálaræðunnar hafi hellst út yfir menningarlífið allt - og maður spyr sjálfan sig: Af hverju stundar þetta fólk ekki fremur sælulist holdsins en að bjástra við menningu?“

III

Og þannig hélt þessi kennari áfram að segja okkur hvernig hlutirnir væru í raun og veru, þegar umbúðunum hafði verið svipt af skein í bert hold á þúsund ára hefð og hann sagði okkur að pota í það, klípa það, kryfja það. Og maður hlaut að gegna.

140204: Brjóst Roths

I

Það er viðeigandi nú á þessum tímum líkamsfurða og opinberana að rifja upp söguna um manninn sem breyttist í konubrjóst, risavaxið konubrjóst. Það var held ég engin önnur skýring á því að aumingja maðurinn varð að brjósti en sú að eitthvert gríðarlegt ójafnvægi hafði verið í hormónalífi hans. Hann uppgötvaði það bara einn daginn að myndast hafði einhver hnúður við kynfæri hans, ef ég man rétt, það var rauður hnúður sem minnti á geirvörtu. Hann kallaði á lækni um hæl enda hélt hann að um krabbamein væri að ræða. En svo var ekki. Þetta var geirvarta á konubrjósti.

II

Frá þessu er sagt í skáldsögunni *The Breast* eftir bandaríska rithöfundinn Philip Roth sem kom út árið 1972. Maðurinn, sem hefur þessi hamskipti, heitir David Kepesh og er bókmenntaprófessor. Eina skýringin sem hann hefur á þessari upptöku er sú að hann sé genginn af vitinu af of miklum bókmenntalestri, að hann sé farinn að lifa bækur sínar, að hann hafi lifað sig svo inn í *Hamskipti* Kafka og *Nefið* eftir Gogol að hann sé gripinn skæðri ímyndunarveiki sem lýsi sér með þessum hætti, að hann haldi sig vera brjóst. Hann skilur bara ekki hvers vegna hann breyttist í brjóst en ekki eitthvað annað líffæri. Hvaða óreiðukenndu tilfinningar búa þar að baki? Hverslags girndarbrenslun er það eiginlega? Eða, er það ótti sem brýst út með þessum hætti, frumstæð virðing bernskunnar fyrir hinu kvenlega?

III

Kepesh veit ekki sitt rjúkandi ráð. Hann er fluttur á sjúkrahús, 155 punda brjóst. Honum er þvegið einu sinni á dag og gestir koma í heimsókn, unnusta hans, faðir hans og samstarfsmenn við háskólann. Smám saman uppgötvar Kepesh að öll snerting er honum mjög mikilvæg, nú þegar hann er orðinn að kvenmannsbrjósti verður hver snerting að munúðarfullu ævintýri. Brjóstið verður sífellt kröfuharðara á gesti sína, vill að þeir strjúki sér og kyssi; þetta brjóst hefur kynferðislegar langanir til kvenna. Kepesh á reglulega fundi með sálfræðingi sem ræðir ástandið. Þegar Kepesh reynir að telja sér trú um að þetta sé bara sjúkleg ímyndun þá leiðréttir sálfræðingurinn hann og segir eins og er: Þú ert kvenmannsbrjóst. Verst þykir honum þó að rektor háskólans, sem hann taldi vera einn yfirvegaðasta og vandaðasta mann sem hann hefði kynnst, fær óstöðvandi hláturskast þegar hann sér Kepesh í líki brjósts. Þar með var niðurlægingin algjör, jafnvel hinn menntaði og greindi vinur hans skynjaði aðeins fáránleika þessara aðstæðna.

IV

Hið stórkostlega hormónaójafnvægi sem veldur, að sögn, hamskiptum Kepesh virðist með einum eða öðrum hætti vera orðið að ástæðu helsta þjóðfélagsvanda á Vesturlöndum. Og það í víðum skilningi. Öll mörk hafa máðst burt, ekki bara á milli kynjanna heldur á milli allra hluta; fólk veit ekki lengur sitt rjúkandi ráð í þessum heimi, það veit ekki sinn stað, það er bara eins og ofvaxnir líkamspartar sem skynja umhverfi sitt sem stöðugt áreiti; það hefur skerta sjálfsvitund og sjálfsvirðingu, og veit sennilega aldrei hvernig það mun bregðast við því sem að höndum ber, það er einungis ómengið viðbragð, ótrufluð taugaboð, efni.

280204: Umgjörðin: Íslensk menning

I

Það má ekki tala illa um umgjörðina, alls ekki, hún er tvímælalaust mikilvæg, ef ekki nauðsynleg; umgjörðin skiptir máli: Stofnanirnar, byggingarnar, leiktjöldin og búningarnir, aðstaðan yfirleitt, umgjörð lista og menningar. Við þurfum að huga að henni. Við þurfum að stofna til fleiri stofnana, byggja fleiri byggingar, tjalda fleiri tjöldum, búa til búninga fyrir allar þessar sýningar - þetta eru jú alltaf sýningar, við erum að setja okkur á svið, sýna hvað við getum, hvað við erum. Og þá þarf almennilega umgjörð.

II

Okkur skortir almennilega umgjörð um íslenska menningu. Við þurfum að hlúa að listinni. Veita henni skjól. Það gengur ekki að íslensk menning sé á vergangi. Við megum ekki missa sjónar á því að íslensk menning hvílir á fornum grunni, á arfi horfinna alda sem enn er að miklu leyti órannsakaður, arfi sem geymir þekkingu sem er okkur að nokkru hulin. Við megum ekki missa sjónar á því að tunga okkar varðveittist á mismorknuðum skinnhandritum ekki síður en á vörum okkar þar sem hún lifir enn. Við megum ekki missa sjónar á því að við verðum að halda áfram að hugsa á íslensku og rannsaka á íslensku, að við verðum áfram að hafa ástæðu og dug til þess að segja eitthvað sem skiptir máli fyrir aðra en okkur sjálf, að við verðum að hafa einhverja merkingu í augum heimsins, að við verðum að hafa einhverju að miðla. Við megum ekki missa sjónar á því sem skiptir máli. Við megum ekki missa sjónar á því að umgjörðin skiptir máli, hún er tvímælalaust mikilvæg fyrir viðgang íslenskrar menningar. Ef við glötum skarpskyggni okkar og réttsýni í þessum efnum þá er voðinn vís, þá er úti um íslenska menningu.

III

Þetta er kjarninn í íslenskri menningarumræðu nú um stundir. Og það er brýn nauðsyn að við gerum okkur grein fyrir því að ef þessi umræða verður ekki til lykta leidd með farsælum hætti áður en langt um líður þá mun illa fara, þá sigur fold í mar og hverfa af himni heiðar stjörnur.

IV

Við megum ekki tala illa um umgjörðina. Hún skiptir máli. Hún er nauðsynleg. Og við verðum að horfast í augu við það að hún kostar sitt, hún kostar mikla peninga. Það er raunar ákaflega merkilegt að umgjörðin kostar yfirleitt miklu meiri peninga en innihaldið eða inntakið. Hugsum okkur tónverk, myndverk, leikverk eða annað skáldverk og hugsum okkur launin sem tónskáldið, myndlistarmaðurinn, leikskáldið og rithöfundurinn fá fyrir að semja þessi verk og hugsum okkur síðan hvað það kostar að flytja, sýna, framleiða þessi verk, hugsum okkur allar stofnanirnar sem koma að þeirri starfsemi, allar byggingarnar sem hýsa þessi verk, öll leiktjöldin, alla búningana utan um inntakið sem verkin vilja miðla okkur. Það má ljóst vera að umgjörðin kostar umtalsvert mikið meira en inntakið. Enda er augljóst að umgjörðin skiptir máli. Og við ættum að huga betur að umgjörðinni, stofna, byggja, tjalda og búa til, búa til eitthvað í kringum þetta allt. Í kringum íslenska menningu og íslenska list. Kringum og utan um. Umfram allt.

060304: Inntakið

I

Við upphefjum inntakið. Merkingin er merkileg. List er ekki list nema hún hafi inntak. Afstraktið var tæpast list vegna þess að það þótti merkingarlítið.

Móðernisminn var tæpast list vegna þess að hann þótti merkingarlítill. Þetta var nánast óskiljanleg list, að mati margra, og því varla list; þetta var krass og pár út í loftið. Við viljum inntak, djúpa merkingu - dýptin er málið.

II

En hvað er merking? Og hvað er djúp merking? Getur ein merking verið dýpri en önnur? Er inntakið í ljóðinu Alsnjóa eftir Jónas með einhverjum hætti dýpra en inntakið í *Kill Bill* eftir Quentin Tarantino? Sennilega þykir mörgum það. En ef spurt yrði hvers vegna yrði sennilega fátt um svör. Raunar hefur mönnum gengið seint og illa að finna inntakið í ljóði Jónasar. Og þannig er það auðvitað oft, merkingin liggur ekki alltaf ljós fyrir. Ekki heldur hjá Tarantino. Oftast heyrir talað um að myndir hans einkennist af tilgangslausu ofbeldi. Og hvað á það að þýða? Það hlýtur að vera einhver mjög djúp pæling þar á bak við. Eða er Tarantino kannski ekkert að hugsa? Nema hugsanlega um að framleiða innantóma skemmtun. Sumum þykir það sjálfsagt sennilegt en hið sama yrði aldrei sagt um Jónas. Alsnjóa er illskiljanlegt ljóð en það er ekki hugsunarlaust. Það er djúpt, svo djúpt að við komumst ekki til botns í því.

III

Þetta eru allt saman sjálfsagðir hlutir. En við erum samt ekki farin að skilja merkinguna. T.S. Eliot sagði að merking ljóðs væri eins og kjötbitinn sem innbrotspjófurinn hefur með sér til að gefa hundinum meðan hann rænir innbúinu; á meðan lesandinn japlar á merkingunni fær ljóðið að vinna sitt verk og hafa áhrif á skynjun og hugsun lesandans. Inntakið skiptir sem sé ekki svo miklu máli, meiru skipta áhrifin sem ljóðið hefur á lesandann. Við eigum að skynja ljóð, ekki skilja þau. Margir eru þessarar trúar. Susan Sontag skrifaði gegn túlkun um miðjan sjöunda áratuginn. Hún hélt því fram að túlkunarviðleitnin væri til marks um að ofvöxtur hefði hlaupið í vitsmunalíf mannsins á kostnað krafts og tilfinningalegrar greindar. Hún sagði að túlkun væri hefnd vitsmunanna gegn listinni. Túlkun, segir hún, holar textann að innan og eyðileggur hann, hún fer „á bak við“ textann til að finna undirtexta sem á að vera hinn eini sanni. Að mati Sontag er hins vegar ekkert „á bak við“ textann. Textinn er hvorki meira né minna en það sem við sjáum svart á hvítu. Og merkingin er sú sem textinn segir að hún sé. Með þessu virðist Sontag útiloka þátt lesandans í merkingarsköpuninni, en Eliot leit svo á að lesandinn væri merking ljóðsins.

IV

Hér virðist dýptin ekki vera vandamál enda hefur túlkandinn sem slíkur ekkert hlutverk. Er það ekki ákjósanlegt ástand? Hvernig væri að biðja túlkendur um að draga sig í hlé um stund. Við yrðum laus við myrkvað djúpið og fengjum að njóta áhrifanna af táknaflokkum á yfirborðinu. Það myndi varla ræna okkur skynseminni.

130304: Skáldsagan og ógnarverkin

I

Don DeLillo benti á það í skáldsögu sinni *Mao II*, sem kom út árið 1991, að hryðjuverkamenn hefðu tekið við því hlutverki af skáldsagnahöfundum að breyta innra lífi menningarsamfélaga. Og það er satt að segja auðvelt að trúa þeim orðum, að minnsta kosti virðist varla vera hægt að sinna mörgum jafn fánýtum störfum nú um stundir og að skrifa skáldsögu. Að setja orð á hvítan pappír um tilbúnar sálir, um mannlegar tilfinningar, um ástand heimsins, um hugmyndalíf samtímans - lýsingin ein hljómar meira að segja innantóm. Nei, sennilega er ekki hægt að hugsast sér neitt jafn fánýtt og að skrifa skáldsögu þegar ógnarverkin hafa talað. Skáldsagan verður meira eins og sníkjudýr á tímanum, á lesendum, á fjölmiðlum, í mesta lagi eins og pirrandi kláði.

II

En sennilega varir þetta ástand einungis um stutta stund. Áður en langt um líður verðum við búin að taka skáldsöguna í sátt á ný. Hún mun halda áfram því verkefni að varpa ljósi á menningu okkar og samtíma en ólíklegt er að hún muni fá einhverju breytt sem máli skiptir. Skáldsagan er, eins og allt prentað mál um þessar mundir, algjörlega áhrifalaus miðill, hún er saklaust listform, erkitýpískt tákn sem er orðið svo inngróið í okkur að það er löngu hætt að koma á óvart. Það var rétt hjá DeLillo að það eru ekki skáldverkin sem tala nú heldur ógnarverkin, og þau tala mál sem við fáum engan veginn skilið, sem kemur okkur alltaf á óvart. Einmitt vegna þess eru ógnarverkin öflugasti og áhrifamesti miðill samtímans. Ólíkt skáldsögunni breyta þau því hvernig við hugsum, hvernig við tölum, hvernig við hegðum okkur, hvernig við lifum lífinu. Það er ekkert eins og það var eftir ógnarverkið. Það er allt eins og það var eftir skáldverkið.

III

En við munum samt sem áður halda áfram að deila um þetta listform, við munum samt halda áfram að tala um það hvernig best sé að lýsa þessum áhrifum af ógnarverkunum, hvernig best sé að orða á hvítum pappír það sem við ekki skiljum. Og alltaf skal einn og einn maður skjóta upp kollinum sem orðar hlutina á einhvern þann hátt að okkur finnst við sjá í gegnum móðuna. DeLillo er sannarlega einn af þeim höfundum. Hann er með loftnetið uppi. Hann er strákpjakkurinn sem stendur upp úr þvögunni öllum á óvart, bendir á keisarann og segir hátt og snjallt: Þú ert allsber! Og það er einmitt málið. Ef skáldsagan hefur eitthvert hlutverk í samtímanum þá er það að afhjúpa blindu samtímans á sjálfan sig, að rjúfa þögnina sem samþykkir alla vitleysuna ... að benda og segja, svona eru hlutirnir í raun og veru.

IV

Stendhal sagði að skáldskapur væri spegill sem ferðast væri með eftir alfaraleið. Spegillinn er sennilega raunsæjasti miðill sem til er. Þegar sprengjur hafa verið sprengdar þar sem þúsundir manna fara daglega um í sakleysi sínu þarf að líta á hlutina með raunsæjum hætti. Það verður svo að koma í ljós hvort nokkur maður þolir að sjá það sem spegillinn sýnir okkur eftir það sem á undan er gengið.

200304: Netíð og bókmenntirnar

I

Það eru um það bil tíu til fimmtán ár síðan Netíð kom til sögunnar og varð að mikilvægum hluta af miðlaflórinni. Segja má að Netíð eða veraldarvefurinn hafi gjörbreytt fjölmiðlun á þessum tíma þó að enn séu eldri miðlar við lýði, til að mynda prentið, sem hefur óskiljanlega endingu, útvarpið og sjónvarpið. Og auðvitað hefur Netíð breytt ýmsu öðru, áhrif þess á daglegt líf fólks eru mögnuð og nægir að nefna tölvupóstinn sem dæmi. En sennilega gerum við okkur þó enga grein fyrir öllum þeim breytingum sem þessi tækni mun hafa í för með sér. Við erum að vissu leyti enn blind á áhrif hennar en jafnframt er hún svo ung að umhverfi hennar virðist vera eins og í deiglu.

II

Þetta á kannski ekki síst við um hugmyndafræðilegar breytingar. Ýmsar hugmyndir sem við höfum fengið í arf af eldri miðlum ganga enn ljósum logum í umræðunni og smita kannski skilninginn á hinum nýju miðlum. Þegar við ræðum um listræn skrif á Netinu, þá tölum við ósjálfrátt um bókmenntir. Sennilega eru fá orð í vestrænni menningu jafn gildishlaðin og orðið bókmenntir. Og fylgifiskar þessa hugtaks eru auðvitað margir. Hugmyndir eins og höfundur og frumleiki koma upp í hugann. Og bókmenntirnar hafa sömuleiðis getið af sér ýmsar formlegar stofnanir svo sem eins og útgáfufyrirtæki og rithöfundasamtök.

III

Þegar við notum þessi hugtök um þá sem skrifa á Netíð kemur fljótlega í ljós að þau eiga annað hvort illa við eða alls ekki. Það væri kannski réttara að tala um vefmenntir en bókmenntir þegar skrif eða önnur miðlun á veraldarvefnum er til umræðu. En það er ef til vill ekki jafn augljóst hvað á að kalla þá sem stunda þessa miðlun á vefnum. Er til dæmis hægt að kalla þá höfunda? Höfundurinn er hugmyndaleg afurð prenttækninnar. Hann varð til þegar farið var að fjöldaframleiða bækur. Þegar menn sáu að ritverk þeirra fengu áður óþekkta útbreiðslu tóku þeir að leiða hugann að því hvort þeir ættu ekki að merkja sér þessa framleiðslu. Bókin var líka söluvara. Það var því fyrst og fremst eignarrétturinn sem bjó til höfundinn og síðan fékk hann aukna vídd og hlutverk á átjándu og enn frekar níjtjándu öld þegar menn tóku að líta á skrif sín sem afurð frumleika. Allir vita hvaða þýðingu og stöðu höfundurinn hefur í samtímanum. Hann er ekki bara markaðsvera, hann er stofnun.

IV

En hvað með þá sem skrifa á Netinu? Það er engin markaðsstarfsemi í kringum þá. Það er engin útgáfa. Það er bara ýtt á takka. Og hvað með höfundarréttinn? Er höfundarréttur á vefskrifum? Og hvað þá með frumleikann? Er eitthvað upprunalegt á Netinu? Er til upphaf og endir þar? Er meira að segja veflesandinn, sá sem stiklar á milli texta, ekki jafn mikill upphafsmaður og vefhöfundurinn?

030404: Höfundarhugtakið

I

Það stefnir allt í að höfundarhugtakið verði mikið í umræðunni næstu vikur og þó kannski ekki síður höfundarrétturinn. Vert er að rifja upp nokkur atriði í sögu þessara hugmynda.

II

Í frægri grein Michels Foucault um spurninguna Hvað er höfundur? segir að gildi höfundarins hafi verið síbreytilegt í gegnum tíðina. Einstakar gerðir skrifa hafa þannig ekki alltaf krafist höfundar, til dæmis bókmenntir og vísindi. Á miðöldum skipti höfundur sjaldnast máli í bókmenntum, hefð og aldur nægðu til að sanna áreiðanleika verka. Í vísindum var þessu öfugt farið, höfundarnafnið var grundvöllur áreiðanleika. Á sautjándu og átjándu öld þróuðust nýjar hugmyndir manna um höfundinn og þetta snerist við, höfundurinn varð að miðstöð merkingar og mikilvægis bókmenntatexta. Mönnum þótti einnig nauðsynlegt að geta þess hvar og hvenær verkin voru samin og jafnvel aðstæðanna sem þau voru samnin við. Allt var reynt til að finna höfund texta. Í vísindum aftur á móti þótti höfundarnafnið ekki lengur vera nein trygging fyrir áreiðanleika kenningarinnar, nú var frekar lítið til þess hvenær kenningin var sett fram.

III Gildi höfundarins hefur ekki alltaf verið hið sama en með gildi er átt við þætti eins og sköpunargáfu, innblástur, frumleika o.s.frv. Höfundarhugtakið ber þessi hugtök í sér en það fer eftir því á hvaða tíma við erum uppi hver þessara þátta er ríkjandi í eðlisfari höfunda. Nokkrir þættir virðast þó nokkuð fastmótaðir í eðli höfundarins. Þetta kemur skýrt fram í því að aðferðir nútímabókmenntafræði litast mjög af Biblíuskýringum sem gengu út á að sanna mikilvægi textans með því að staðfesta uppsprettu verksins. Bókmenntafræðingar nú til dags byggja þannig flokkun sína á höfundum mikið til á kenningum Hieronymusar um uppruna texta. Hieronymus sagði að þótt margir textar hefðu sama höfundarnafnið þyrfti ekki að vera sami höfundur á bak við þá. Í fyrsta lagi gætu margir höfundar átt sama nafnið og í öðru lagi gæti höfundur stolið nafni annars höfundar. Hieronymus benti því á fjóra þætti í gerð verka sem vert væri að skoða náið ef feðra ætti texta: (1) Að gæði textans séu í samræmi við annað sem höfundurinn hefur samið, (2) að hugmyndir textans séu í samræmi við hugmyndir höfundarins í öðrum verkum hans, (3) að ekki sé misræmi í stíl og orðanotkun á milli textans og annarra texta eftir höfundinn og (4) að sögulegar staðreyndir í textanum stangist ekki á við æviskeið höfundarins.

IV

Þess má geta að Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson var fyrstur til að nota orðið höfundarréttur í greininni „Friðþjófssaga eftir Essias Tegnér, íslenzkuð af Matthíasi Jochumssyni“. Greinin var prentuð í fyrsta sinn í ritsafni Gröndals frá 1950 en hún var sennilega skrifuð á ofanverðum sjöunda áratug nítjándu aldar. Fyrstu íslensku höfundarlögin voru sett árið 1905 en hugmyndina um höfundarrétt má rekja mun lengra aftur, að minnsta kosti aftur til aldamótanna 1800.

170404: Lestur, sjónvarp, Net

I

Hvenær skyldum við hætta að lesa prentað efni? Hvenær hættum við alveg að lesa? Þetta eru erfiðar spurningar en þær eru tímabærar. Lestur bóka og dagblaða er á hröðu undanhaldi samkvæmt könnun Þorbjörns Broddasonar prófessors á fjölmiðlanotkun tíu til fimmtán ára barna á Íslandi. Í nýlegri frétt um könnunina, sem fór fram á síðasta ári, kom fram að 33% 10-15 ára barna höfðu enga bók lesið, að skólabókunum undanskildum, síðustu þrjátíu daga fyrir könnunina. Árið 1997 var þetta hlutfall 27% og 18% árið 1991. Einnig hefur lestur dagblaða minnkað mikið, 40% barnanna sögðust lesa eitthvert dagblað daglega eða nær daglega í fyrra, en sex árum áður var hlutfallið 61% og 68% árið 1991. Á síðustu sex árum hefur dagblaðalestur farið úr 61% niður í 40% hjá þessum aldurshópi! Þetta eru svakalegar sviptingar og augljóst að fjölmiðlanotkun er að breytast mjög hratt. Prentið sem hefur verið ráðandi miðill í fimm aldir mun líklega hætta að þjóna sem upplýsingamiðill innan skamms, dagblöð hætta að koma út í núrverandi formi og sennilega mun bókaútgáfa minnka umtalsvert. Bækur verða fyrst og fremst að saklausu listformi, rétt eins og vefstóllinn er eingöngu notaður í listrænum tilgangi eftir að rafknúnar vélar leystu þær af hólmi.

II

En hvað kemur í staðinn? Sjónvarpstækjum fjölgar enn á heimilum landsmanna, eru nú 2,85 að meðaltali á heimili en voru 2,15 árið 1997 og 1,73 árið 1991. Sjónvarpstækin eru að leggja undir sig hvert herbergið á fætur öðru á heimilum landsmanna. En hversu lengi munum við sætta okkur við þennan ófullkomna tvívíða miðil? Sjónvarpstæknin er þegar orðin algerlega úrelt og í raun óþolandi. Hvað er fátánlegra en að sitja heima í stofu eða eldhúsi eða svefnherbergi eða á klósettinu fyrir framan þennan kassa? Sjónvarpið gerir manninn að óvirku og heimsku kjötfjalli. Önnur tækni hlýtur að vera á næsta leiti. Draumurinn er að hægt verði að fylgjast með raunverulegum atburðum, til dæmis knattspyrnuleik, á rauntíma með aðstoð tækni sem flytur mann á vettvang í sýndarveruleika. Áhorfandinn myndi þá setjast uppi í stúku, eins og aðrir áhorfendur á vellinum, og fylgjast með á hinu þrívíða sviði. Hann yrði sýndarþátttakandi í viðburðinum.

III

Netið er í mikilli sókn samkvæmt könnuninni. Þar eigum við eftir að lesa texta enn um sinn. Líklega hafa ungmenni sjaldan lesið meira en einmitt eftir tilkomu Netsins. En það er hins vegar augljós galli á lestri að hann tekur mikinn tíma. Þegar hefur bókina þurft að láta undan sökum þessa. Það er til að mynda fjótlegra að horfa á eina bíómynd en að lesa meðallanga skáldsögu. Það kostar heldur ekki jafnmikið erfiði. Og myndmálið sækir á á fleiri sviðum. Auglýsingar innihalda æ minni texta. Fólk á æ auðveldara með að lesa í myndmál eftir því sem myndmiðlar verða meira ráðandi. Smám saman gætum við farið að afla okkar meiri og meiri upplýsinga í myndmáli. Ein mynd segir jú meira en þúsund orð. Síðan er aftur spurning hvaða miðill sé handan myndarinnar.

240404: Blogg

I

Fyrsta mars síðastliðinn voru stofnaðar 570 nýjar bloggsíður á folk.is en nýskráningar höfðu þá undanfarna daga rokkað á milli 400 og 500. Þetta kemur fram í frétt á heimasíðu folk.is en þar segir einnig að vefurinn sé sá fjórði vinsælasti á landinu samkvæmt samræmdum mælingum og með næstflestu flettingarnar á eftir Morgunblaðsvefnum.

II

Íslendingar hópast á vefinn til að blogga. Og hvað er blogg? Jú, síður þar sem einstaklingar búa til tengla á forvitnilegt efni sem þeir finna á Netinu og skrifa um þessa tengla og raunar allt milli himins og jarðar. Bloggarinn leggur þó höfuðáherslu á að lýsa daglegri reynslu sinni - oft í pínlegum smáatriðum - og hugsunum sem spretta í hversdagslífinu. Blogg er oftast eins og milliliðalaus tjáning, eins konar vitundarflæði; bloggarinn lætur allt vaða, hann veltir því ekki mikið fyrir sér hvort textinn sé vel stílaður, rétt stafsettur, hvort samhengi sé gott osfrv. Og síst af öllu veltir hann því fyrir sér hvort það sem hann skrifar geti hugsanlega komið einhverjum öðrum við en honum sjálfum. Bloggið lýtur engri utanaðkomandi ritstjórn, það er enginn útgefandi, bloggarinn er sjálfs sín herra. Forsendur bloggsins eru því allt aðrar en annarra opinberlegra skrifa og þó einkum prentaðs efnis. Innihald bloggsins er ekki endilega mjög frábrugðið því sem fólk skrifaði áður í dagbækur og bréf, en Netið hefur breytt því að nú koma þessir textar fyrir almenningssjónir.

III

Blogg er eins konar framlenging á taugakerfi mannsins. Bloggarinn opinberar sálarlíf sitt. Þekktur bandarískur bloggari, Joe Clark, segir að bloggið sé tækni til þess að flytja sálarlífið út úr líkamanum. „Bloggið þitt er eins og nýr útlímur, nýr munnur og nýtt heilahvel. Þú ert ekkert líklegri til þess að skera þessa nýju líkamshluta af þér en hina sem fyrir eru. Ég held áfram að blogga, ekki fyrir peninga, ekki til þess að verða frægur, heldur aðeins fyrir sjálfan mig,“ segir Joe Clark.

IV

Bloggið er hugsanlega hápunktur hinnar sterku játningamenningar samtímans sem birtist einnig með skýrum hætti í fjölda fjölmiðlaviðtala og í raunveruleikaþáttum. Játningamenningin er afleiðing rafrænnar fjölmiðlunar, eins og Marshall McLuhan benti á. Nálægðin sem hinir rafrænu miðlar skapa var ef til vill óbærileg í fyrstu en smámsaman féllu múrar einkalífsins. Nú eru allir menn að öllu leyti hluti af innviðum allra manna, sagði McLuhan. „Það er ekkert einkalíf og engir leyndir líkamshlutar. Í heimi þar sem við erum öll að innbyrða og melta hvert annað eru dónaskapur og klám ekki möguleg. Slík eru lögmál hinna rafvæddu miðla sem teygja taugarnar svo þær myndi heimsnet sem fangar allt.“ Bloggið opnar allar gáttir. Bloggið sameinar okkur í einu taugakerfi. Við vitum auðvitað ekki enn hvernig þetta breytir okkur. Verður sjálfsmynd okkar skýrari? Verður heimsmyndin þrengri?

010504: Menning og lýðræði

I

Hvað er menning? Það er orð sem rímar við orðið þrenning, svaraði amma Steins Steinars eins og frægt er. Sumum þykir það ekki verri skilgreining en hver önnur. Við getum sett á langar ræður um að menning sé það sem gerir okkur mennsk eða að menning sé tilraun mannsins til að skilja sjálfan sig og heiminn eða að menning sé fagurfræðilegar gjörðir mannsins eða að menning sé allt sem maðurinn gerir og hugsar og segir. En við sitjum eftir sem áður uppi með þann óefaða sannleika að menning rímar við þrenning.

II

Ekki nóg með það. Við sitjum líka uppi með aðra spurningu sem er jafnvel enn erfiðari viðfangs. Til hvers er menning? Það liggur við að neðanmálsritari biðji lesendur afsökunar á því að vekja máls á þessari spurningu. Hún er ekki beinlínis árennileg. Hún er raunar fremur þreytandi. Eiginlega óþolandi. Hverju er svo sem hægt að svara? Er yfirleitt hægt að segja eitthvað af viti um þessa spurningu? Er hægt að bæta einhverju við það sem þegar hefur verið sagt? Það er nú varla!

III

Og það er heldur ekki ætlunin að reyna það hér, heldur að vekja athygli á því að það eru til spurningar sem okkur finnst við hafa svarað, jafnvel með endanlegum hætti, eða okkur finnst - allavega öðrum þræði - ekki ástæða til að velta frekar fyrir okkur. Þegar að er gáð einkennast umræður í samfélaginu af því að þar eru notuð hugtök sem almenn sátt virðist vera um. Þetta eru oft afar stór hugtök sem standa djúpum rótum í sögu okkar og menningu og við umgöngumst nánast eins og einhvers konar fasta eða óumbreytanlegan sannleika. Fyrir vikið notum við þessi hugtök í algerri blindni. Við leiðum ekki hugann að upphaflegri og eiginlegri merkingu þeirra.

IV

Eitt af þessum hugtökum er lýðræði. Við göngum út frá því að lýðræði sé rétt og góð hugmynd. Og ekki nóg með það. Við göngum líka út frá því að við lifum við lýðræðislegt skipulag hér í hinum vestræna heimi, það er að hugtakið lýðræði sé rétt og góð lýsing á því kerfi sem við búum við. Þetta má til dæmis sjá í umræðum um fjölmiðlafrumvarpið þessa dagana. Þar er talað um lýðræði sem ríkjandi ástand. Þar er talað um að frumvarpið sé ýmist til þess að verja lýðræði eða til þess að grafa undan lýðræðinu. Sumir halda því raunar fram að aðdragandinn að framlagningu frumvarpsins hafi ekki verið nægilega lýðræðislegur og efast þannig máski um að við búum við lýðræðislegt skipulag.

V

Um það efast raunar fleiri. Í nýútkominni skáldsögu sinni, *Ritgerð um glöggskyggni*, fjallar portúgalski nóbelshöfundurinn, José Saramago, um lýðræðið og heldur því fram að það sé alls ekki það kerfi sem hinn vestræni heimur býr við um þessar mundir. Þvert á móti lifum við í kerfi sem gengur út á að þeir ráði sem eiga mesta peninga. Þannig séu það ekki hinir lýðræðislega kjörnu fulltrúar sem ráða því hvernig málum er háttað í samfélögum heims heldur þeir sem eiga stórfyrirtækin.

VI

Sjálfsagt yrði Saramago fyrstur til að viðurkenna að þetta væri ekki nýstárleg athugasemd - jafnvel þessi gagnrýni er eins konar fasti í hugum okkar, við vitum öll að þetta er svona - en Saramago veit manna best að það þarf að orða hlutina til þess að þeir verði mögulega að veruleika. Og það er einmitt eitt af hlutverkum listanna, að orða sjálfsagða hluti, að orða það sem við vitum en erum hætt að hugsa um.

080504: Hvernig á maður að vera?

I

Í bráðskemmtilegri bók eftir breska heimspekinginn Alain de Botton, er nefnist *Status Anxiety* (2004), er fjallað um þær kröfur sem samfélagið gerir til einstaklingsins ef hann vill vera maður með mönnum og tilvistarangistina sem það kostar að standast þessar kröfur (ekki). Í kafla sem nefnist Pólitík rekur de Botton til dæmis hvernig vestræn samfélög hafa á ýmsum tímum þróað með sér smekk fyrir ákveðnum manngerðum. En ef fólk er ekki af tiltekinni manngerð á tilteknum tíma þá er það nánast útskúfað úr samfélaginu eða að minnsta kosti ekki talið til æðri borgara. Þetta vitum við auðvitað.

II

Til að vera meðal hinna vel metnu í gríska borgríkinu Spörtu 400 f. Kr. þurfti fólk í fyrsta lagi að vera karlmaður og þó einkum bardagamaður, árásargjarn með stóra vöðva, mikla kyngetu, lítinn áhuga á fjölskyldulífi og viðskiptum en mikinn áhuga á drápum, einkum á Aþeningum. Í Vestur-Evrópu á tímabilinu 476 til 1096 voru hinir vel metnu einkum sannkristnir menn, dýrlingar, eins og kirkjan kallaði þá, sem aldrei gripu til vopna, vógu ekki mann og annan og reyndu líka að komast hjá því að drepa dýr. Dýrlingar fyrirlitu veraldlegan auð, áttu hvorki hús né hross og lifðu á grösom. Á síðmiðöldum, eða frá 1096 til 1500, kom tími riddaranna í Vestur-Evrópu. Þeir voru undantekningarlítið af auðugu fólki, áttu heima í köstulum, sváfu í rúmum, borðuðu kjöt og þótti sjálfsagt að drepa fólk sem ekki var kristið eins og þeir sjálfir, einkum þó múslima. Tímanum sem þeir höfðu aflögu frá manndrápum vörðu þeir til að drepa dýr eða tæla konur við hirðina, oft með dýrt kveðnum vísom. Á Englandi frá 1750 til 1890 þótti danskunnátta meira virði en vígaferli. Hinir vel metnu voru herra menn fram í fingurgóma, auðugir en gerðu fátt annað en að stýra eignum sínum, hugsanlega gutluðu þeir við iðnað eða viðskipti en vörðu sig þó á að láta ekki rugla sér saman við iðnaðar- og verslunarmenn. Þeim átti að þykja vænt um fjölskyldur sínar og þeir áttu að forðast að bera börn sín út, en samt máttu þeir eiga hjákonu í bænum. Að síðustu tekur de Botton dæmi af Cubeo-ættbálkinum í Brasilíu á tímabilinu frá 1600 til 1960. Hinir vel metnu meðal hans voru karlmenn sem töluðu fátt, dönsuðu ekki, tóku ekki þátt í barnauppleidi og voru fyrst og fremst góðir í að drepa jagúara. Sá sem drap flesta jagúara átti mesta möguleika á því að verða höfuð ættbálksins.

III

En hverjir skyldu vera aðalmennirnir í vestrænum samfélögum nú um stundir, árið 2004. Að mati de Botton eru bæði karlar og konur meðal hinna vel metnu um þessar mundir en þau þurfa að hafa góðar tekjur, mikil völd og hafa öðlast frægð og virðingu fyrir störf sín (frekar en ættartengsl) á einhverju af helstu sviðum viðskiptalífsins svo sem íþróttum, listum eða vísindarannsóknum. Við trúum því að sá sem auðgast eigi það skilið vegna þess að við treystum því að samfélagið verðlauni verðleika. Sköpunargáfa, hugrekki, gáfur og úthald eru verðmætustu eiginleikarnir en lítið er gefið fyrir hógværð og heilagleika. Menn ná ekki árangri með því að treysta á guð og lukkuna heldur með því að hafa trú á sjálfum sér. Sá sem auðgast er því dyggðum þrygður maður. Sá sem engist í fátækt er það ekki. Hann getur aðeins sjálfum sér um kennt. Ef þetta er rétt greining hjá de Botton erum við sennilega lítið betur stödd nú en mennirnir voru á tímum Spartverja, riddara og jagúardrápara í Brasilíu, og það er augljóst að við erum engir dýrlingar.

150504: Kuspit og póstlist

I

„Póstlist er algerlega banöl list - án vafa hversdagsleg list, hvorki kits né hálist heldur hvorki-né-list sem feugar hinn hversdagslega veruleika á meðan hún þykist rannsaka hann. Póstlist segist vera gagnrýnin á hinn hversdagslega veruleika en svíkur hann í raun með sorglegum hætti.“ Þannig kemst bandaríski listfræðingurinn Donald Kuspit að orði í glænýrri bók sinni með því kunnuglega nafni *The End of Art* (2004). Í henni heldur Kuspit, sem er sagður einn af virtustu listgagnrýnendum Bandaríkjanna um þessar mundir og skrifar meðal annars í *Artforum* og *Sculpture*, því fram að listin, eins og við þekktum hana, sé búin að vera vegna þess að hún hafi glatað fagurfræðilegu inntaki sínu. Í stað listar er því komin póstlist (hugtakið er komið frá Alan Kaprow) sem „tekur hið augljósa fram yfir hið leyndardómsfulla, hið klámfengna fram yfir hið helga, sniðugheit fram yfir sköpunarkraft“, eins og Kuspit kemst að orði.

II

Að mati Kuspit hafa listamenn samtímans glatað fagurfræðilegri tilfinningu. Hann telur þessa hnignun eiga upptök sín hjá Marcel Duchamp og Barnett Newman en hin fagurfræðilega gengisfelling nær hámarki sínu í póstmóðernískri list. Andstætt móðernískri list, sem Kuspit segir óreiðukennda og hafa lýst inn í undirvitund mannsins, er póstmóðernísk list orðin úrkynjuð tjáning á þröngum hugmyndalegum áhugasviðum.

III

Kuspit er greinilega ekki hrifinn af samtímalist, hann er til dæmis ekki hrifinn af þeim löndum sínum sem við getum nú séð í Listasafni Íslands, en hann er þó ekki úrkula vonar um að handan póstmóðernismans sé list sem muni endurheimta hin glötuðu gildi fagurfræðilegrar hugsunar. Hann segist sjá fyrir sér að fram á sjónarsviðið brjótist nýir gamlir meistarar, eins og hann kallar þá, meistarar sem munu bera okkur mannlega og fagurfræðilega framtíð. „Í stuttu máli,“ segir hann, „er list hinna nýju gömlu meistara bæði fagurfræðilega hljómmikil og full af innsæi. Hún er tilraun til að endurlífga hálistina og segja skilið við póstlistina. Hún hverfur aftur til vinnustofunnar og segir skilið við hversdaginn á götunni. Listin verður aftur stórfengleg fagurfræðileg aðferð án þess að glata gagnrýnu viðhorfi sínu til umhverfisins.“

IV

Skrif Kuspits eru sannarlega innblásin. Og lesandi hlýtur að vera glaður þegar hann fær svona bók upp í hendurnar. Það vekur vonir að enn skuli vera til menn eins og Kuspit sem berja hausnum við steininn af annarri eins þrautseigju og rökvísi - Kuspit gerir enga tilraun til þess að flækja hlutina með óþarflega listfræðilegu málsniði eða orðaleikjum sem gætu afvegaleitt lesandann - og halda því fram að fagurfræðilegt mat sé ekki afstætt heldur endanlegt, að listin hafi einhvern tímann verið rétt og sönn, fullkomin með einhverjum hætti, og nú sé hún úrkynjuð og vond. Það er satt að segja hvetjandi að lesa slík skrif. Menn gætu jafnvel verið til í að stökkva fram á ritvöllinn og setja fram einhverja absalút kenningu um lífið og tilveruna, láta eins og enginn annar viti neitt í sinn haus og segja hlutina í eitt skipti fyrir öll: Listin er dauð og guð lifir!

120604: Bókmenntagagnrýni

I

Rithöfundurinn og gagnrýnandinn James Wood lýsti fyrir skömmu í bókmenntatímaritinu *London Review of Books* áhyggjum af því að bókmenntagagnrýni væri um það bil að deyja drottni sínum sem áhugaverð og sýnileg umræða fyrir almenning. Þetta er að gerast á sama tíma og fleiri skáldsögur eru gefnar út en nokkru sinni fyrr, bókaklúbbar og leshópar blómstra, dagblöð og tímarit helga fjölda síðna bókaumfjöllun og bókmenntaverðlaunum fjölgar. Woods hefur sérstakar áhyggjur af því að færri og færri geti skrifað krítík sem kalla megi bókmenntir. Hann telur að Bretar eigi ekki lengur neinn VS Pritchett eða slíkir esseiistar séu að minnsta kosti afar fáir nú um stundir. Þegar litið er yfir sviðið hér á Íslandi verður ekki annað sagt en að við virðumst eiga við sama vanda að stríða. Er einhver að skrifa um bókmenntir hér á landi nú eins og til dæmis Sigfús Daðason gerði?

II

Wood telur vandann liggja hjá höfundunum sjálfum. Þeir séu í nánú sambandi við fræðasamfélagið en séu ófærir um að skrifa læsilega umsögn vegna þess að fræðin séu svo upptekin af því að setja alla hluti í samhengi og afbyggja. Þeir segi okkur að við ættum að lesa *Ódysseif* eftir Joyce vegna þess að hún veiti innsýn í það hvernig Dyflinnarborg var á fyrri hluta síðustu aldar, vegna mórernísks uppbrots hennar á skáldsagnaforminu eða vegna flókinna sálfræðilegra þátta. Þetta séu vissulega áhugaverðir hlutir en eftir sem áður eigi eftir að svara mikilvægri spurningu: Er bókin góð? Sú spurning er oft talin klén og lítilvæg í gagnrýni samtímans, að mati Woods.

III

Wood hefur kannski nokkuð til síns máls. Bókmenntagagnrýni er vísast meira og minna orðin að geldri, vísindalegri orðræðu um aukaatriði. Og hér er átt við bókmenntagagnrýni í blöðum og tímaritum sem er ætluð almenningi. Í stað þess að leggja beinlínis mat á það hvort bækur séu góðar eða vondar, hvort höfundar þeirra kunni yfirleitt til verka, þá velta gagnrýnendur sér endalaust upp úr hugmyndafræðilegum skírskotunum ef þeir bisa ekki við að máta einhverja heimspeki- eða félagsfræðikenninguna á textann. Hugsanlega kallaði tíminn á þess konar umfjöllun. Síðustu fjörutíu ár tuttugustu aldar voru tími hinnar ágengu og alltumvefjandi teoríu, það voru kenningar sem rifu niður kenningar um það hvernig kenningar ættu að vera. En er sá tími ekki liðinn nú?

IV

Ef til vill er kominn tími til að gagnrýnendur hugsu meira um að tala við fólk en kenningar í skrifum sínum. Hugsanlega þurfa gagnrýnendur að huga betur að eigin fræðum, bókmenntafræðunum, en kenningum um það hvernig konur hegða sér í hópum og karlmenn í strætóskýlum, eða hvort heimurinn sé tilbúningur eða eftirlíking af einhverju sem aldrei hefur verið til. Kannski þurfa gagnrýnendur að huga betur að því formi sem þeir eru að vinna með. Kannski þurfa þeir að fara að líta á gagnrýnina sem bókmenntaform í stað þess að taka upp á því hver á fætur öðrum að skrifa skáldsögu. Að minnsta kosti er ljóst að bókmenntagagnrýni er ekki áhugaverðasta lesefni blaða og tímarita um þessar mundir.

190604: Vonnegut og Sontag um myndir

I

Bandaríski rithöfundurinn Kurt Vonnegut birti harðyrta grein í *In these Times* 12. maí sl. Vonnegut er 81 árs og hefur enga trú á því að heimurinn verði neitt betri en hann hefur verið frá upphafi vega. Mannkyninu til málsbóta segir hann þó að því sé áskapað að lifa á þessari jörð þar sem alls konar furðulegir leikir fara fram sem geta gert mann brjáláðan þótt maður sé það ekki endilega fyrir. Sumir þessara leikja fjalla um ást og hatur, segir Vonnegut, sumir um frjálsslyndi og íhaldssemi, bíla og kreditkort, golf og kvennakörfubolta. „En það er jafnvel til klikkaðri leikur en golf,“ heldur hann áfram, „sem eru amerísk stjórnsmál þar sem, þökk sé sjónvarpinu, við getum einungis verið annaðhvort frjálsslynd eða íhaldssöm.“

II

Vonnegut segir að í sakleysi sínu hafi hann talið það mögulegt fyrir mörgum árum að Bandaríkjamenn gætu orðið sú mannlega og skynsama þjóð sem margir af hans kynslóð dreymdi um að hún yrði. „Okkur dreymdi um þá Ameríku í kreppunni miklu þegar engi vinnu var að fá. Og við börðumst og dóum margir fyrir þennan draum í síðari heimsstyrjöldinni þegar friður var af skornum skammti. En núna veit ég að það er engin von til þess að Ameríka verði mannleg og skynsöm vegna þess að völdin spilla okkur, og algjör völd spilla algjörlega. Manneskjur eru apar sem fara á valdafyllirí,“ segir Vonnegut og heldur því fram að leiðtogar Bandaríkjanna séu apar á valdafyllirí sem noti hermenn eins og leikföng sem spilltur krakki hefur fengið í jólagjöf.

III

Landa Vonneguts, Susan Sontag, birti grein um myndirnar úr Abu Ghraib í *The Guardian* 24. maí sl. Sontag heldur því fram að myndirnar endurspegli hina nýju utanríkis- og innanríkisstefnu Bandaríkjastjórnar sem finni hljómgrunn í sífelld ofbeldisfyllra bandarísku þjóðfélagi. „Merking þessara mynda,“ segir Sontag, „er ekki aðeins sú að þessir hlutir voru gerðir, heldur að gerendurnir báru ekki skynbragð á að eitthvað bogið væri við það sem myndirnar sýndu. Og í ljósi þess að myndirnar áttu að koma fyrir allra augu er það jafnvel enn ógeðfelldara að þeir virtust skemmta sér ágætlega. Þess konar skemmtun er því miður í síauknum mæli - og þvert á það sem Bush heldur fram - hluti af „hinu sanna eðli og hjarta Ameríku“,“ segir Sontag.

IV

Vonnegut virðist á sama máli, en að hans mati hefur maðurinn bara alltaf verið vondur. Hann nefnir krossfestingu Krists sem dæmi og spyr hvort lesendur geti gert sér í hugarlund aðra eins meðferð á manneskju. „Ekkert mál,“ heldur hann áfram, „þetta er dægrastytting. Spyrjið bara hinn sannkapólska Mel Gibson sem hefur af tómrí guðrækni grætt fúlgur fjár á bíómynd um það hvernig Kristur var píndur. Við skulum ekki velta okkur of mikið upp úr því hvað Kristur sagði.“ Vonnegut rifjar það enn fremur upp að Hinrik áttundi, stofnandi ensku kirkjunnar, hafi látið sjóða óvin sinn lifandi fyrir allra augum. „Annað tækifæri fyrir skemmtanabransann. Næsta mynd Mel Gibsons ætti að heita Óvinurinn. Hagnaðarmetið yrði slegið á ný,“ segir Vonnegut og bætir við: „Einn af fáum kostum nútímans er þessi: Ef þú deyrð á hræðilegan hátt í sjónvarpinu hefurðu ekki dáðið til einskis, þú hefur stytta stundir.“

260604: Hverjir eru gáfumennirnir í samfélaginu?

I

Ný kynslóð mikilla hugsuða í Bretlandi samanstendur af miðaldra fólki sem kann á fjölmiðla og getur skrifað læsilegan texta um yfirgripsmikil efni að mati blaðamanns *The Independent* Ians Herbert. Flestir hinna gáfuðu eru, samkvæmt lista sem heimspekítímaritið *Prospect* hefur birt, vísindamenn, rithöfundar og álitsgjafar en athygli vekur að afskaplega fáir eru úr hópi stjórnámálanna. Gordon Brown mun vera eini pólitíkusinn sem kemst á listann. Á listanum eru hins vegar hvorki Isaiah Berlin, Boek Wittgenstein né Eric Hobsbawm sem telja hefði mátt örugga inn á hann fyrir fimmtíu árum. Heimspekingar á listanum eru innan við tíu.

II

Listann má sjá á heimasíðu *Prospect* (www.prospect-magazine.co.uk) og meðal þeirra sem hann verma eru rithöfundarnir Martin Amis, Salman Rushdie, AS Byatt, Michael Frayn, Seamus Heaney, VS Naipaul og Ian McEwan, heimspekingurinn Onora O'Neill, sagnfræðingarnir Perry Anderson og Karen Armstrong, læknaprófessorinn Thomas Kirkwood, hagfræðiprófessorinn Richard Layard, bókmenntafræðingarnir Terry Eagleton og James Wood, höfundur þriðju leiðarinnar Anthony Giddens, tónlistarmaðurinn Brian Eno og sjónvarpsmaðurinn Melvyn Bragg.

III

Flestir þeirra sem komast á listann eru vísindamenn og sagnfræðingar sem, að mati Ians Herbert, hafa nýtt sér sjónvarpið og dagblöðin með árangursríkum hætti til að koma áhugamálum sínum og viðhorfum á framfæri. Af sömu ástæðum eru ýmsir pólitískir dálkahöfundar á listanum svo sem eins og Michael Ignatieff, Timothy Garton Ash, John Gray og Christopher Hitchens. Allir eru þeir búnir þeim eiginleika að geta skrifað læsilegan texta um yfirgripsmikil efni, að mati Herberts, og allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa tilfinningu fyrir því hvað má og hvað má ekki í pólitík og vera hallir undir alþjóðahyggju.

IV

Þessi listi vekur óneitanlega spurningar um það hvernig gáfumenn verða til í samfélaginu, hvernig þeir gera sig gildandi. Svo virðist sem fjölmiðlarnir eigi stóran þátt í því að búa til elítuna. Sá hópur er vissulega áhrifamikill en einstaklingarnir innan hans þurfa ekki endilega að vera þeir áhrifamestu eða bestu á sínu sérsviði. Í nútímasamfélagi eru áhrif kannski frekar spurning um að geta orðað flókna hluti með einföldum hætti en að hafa djúpa þekkingu á ákveðnu sérsviði.

V

En listinn vekur einnig spurningar um hlutverk gáfumanna í samfélaginu. Um þetta hefur reyndar meira verið fjallað í fjölmiðlum en mörg þeirra mikilvægu málefna sem gáfumennirnir hafa sérþekkingu á. Tvenns konar hefðir hafa mótast. Annars vegar þeirra sem loka sig inni í flabeinsturni sérþekkingarinnar og hins vegar þeirra sem hafa það að sérsviði að tala í fjölmiðla. Hvorug hefðanna er góð. Það væri sannarlega verðugt viðfangsefni að skapa vettvang fyrir faglega jafnt og þverfaglega samræðu þeirra sem hafa mikla sérþekkingu á ákveðnum sviðum. Hugsanlega er einhvers konar akademía lausnin. Hugsanlega gætu fjölmiðlar tekið að sér forystu um að skapa slíkan vettvang. Hugsanlega þurfa Íslendingar einfaldlega að huga betur að umræðuhefðum sínum.

030704: Að dreita menn inni: Fuck You Right Back

I

Í Laxdælu er talað um að dreita menn inni. Átt er við að sitja fyrir húsi óvinarins þannig að hann komist ekki út að ganga örna sinna. Um síðir hlýtur viðkomandi að gefast upp vegna þess að ólíft er í húsum. Þetta er frumleg herkænska, og líklega séríslensk. En nú er spurt: Getur verið að bandarísku samtímalistamennirnir Jason Rhoades og Paul McCarthy hafi lesið Laxdælu? Þeir sýna nú verk í galleríi Kling og Bang við Laugaveg sem er búið til úr sauðafitu, lút og ullarlögðum. Verkið heitir „Sheep Plug“ eða Sauðatappar en þeir eru að forminu til uppstækkaðir þarmatappar, „butt plugs“, eins og gagnrýnandi *Morgunblaðsins* kemst að orði í *Lesbók* í dag. Hann segir sauðatappana svipaða þeim sem listamennirnir notuðu í umdeilda sýningu árið 2002 í Hauser & Wirth í Þýskalandi sem þeir kölluðu „Shit plug“. „Vorur mótin þá fyllt með úrgangi listgagnrýnenda, listamanna og listunnenda sem safnaðist í útihúsum á stórsýningunni Documenta XI í Þýskalandi.“ Fýlan í galleríi Kling og Bang er svakaleg um þessar mundir og listunnandinn hlýtur að spyrja sig: Er það ætlun samtímalistarinnar að dreita okkur inni með menningarsögulegum úrgangi?

II

Hugtakið „ruslmenning“ hefur stundum verið notað um dægurmenningu samtímans. Hún hefur þó sennilega ekki nýtt sér úrgang og afganga ýmiss konar í jafn bókstaflegum skilningi og til dæmis sumir myndlistarmenn í gegnum tíðina. En það er eitthvað við dægurmenninguna sem gerir það að verkum að sumum þykir hún lággúrleg. Kannski er hún það bara samkvæmt skilgreiningu. Sé hún skoðuð gaumgæfilega má sjá að hún vinnur stöðugt að því að færa út þolmörk fólks, hún leitast ef til vill ekki síður við að dreita okkur inni í stöðnuðu hugarfari en samtímalistin.

III

„Fuck It“ heitir lag sem tók að klifra upp vinsældalistana snemma á þessu ári. Undirtitillinn er „I don't want you back“ en í laginu syngur hipphopparinn Eamon um framhjáhald kærustunnar sinnar. Hann virðist niðurbrotinn en ber sig vel og hreytir í sína fyrirverandi ókvæðisorðum í tilskildar þrjár mínútur toppslagarans: „Fuck what I said, it don't mean shit now.“ Nokkrum vikum eftir að lagið sló í gegn sendi Frankee, sem sennilega er umrædd kærasta, frá sér andlag við „Fuck It“ sem nefnist einfaldlega „F.U.R.B.“ en það er skammstöfun á orðunum „Fuck You Right Back“. Þar sakar Frankee Eamon um að vera óspennandi elskhugi og lúsugur.

IV

Í Ensk-íslenskri orðabók er „fuck“ sagt „óviðurkvæmilegt“ orðalag. Þrátt fyrir það verður vart sagt að þessir tveir ástarsöngvar séu lággúrlegir. Þvert á móti verður að segja að þetta sé ákaflega áhugaverð og raunar hjartnæm uppákoma. Í opinberuninni felst djúpstæð þrá eftir því að lofta út úr innstu skúmaskotum.

100704: Majónes

I

Íslendingar eru mikið majónesfólk. Sennilega voru þeir þó meira gefnir fyrir majónes fyrir tveimur eða þremur áratugum en þeir eru nú um stundir. Nóg hefur að minnsta kosti verið talað um hversu óhollt það er að borða mikið majónes, ekki síst þetta hefðbundna majónes sem er ekki fituskert og kalorískert. Venjulegt majónes er búið til úr eggjum, olífuolíu, hvítvínrediki og hugsanlega smávegis af sinnepi, auk salts og pipars.

II

Í gamla daga var bara til ein tegund af majónesi hér á landi, og það var orgínaltýpan, óskert. Og sennilega var bara til eitt merki af majónesi, Gunnars. Farðu út í búð og kaupu Gunnars majónes! kölluðu mæður út um eldhúsgluggana þegar veisla stóð fyrir dyrum. Og börnin sneru aftur með majóneslituðu plastdollurnar sem hægt var að fá í öllum mögulegum stærðum, að því er virtist, allt eftir því hversu stór veislan átti að vera. Boðið var upp á brauðtertur með dágóðum smurningi af Gunnars majónesi, sentimetra þykkt lag virtist vera algert lágmark. Majónesið var svo gott. Það var líka boðið upp á rækjusalat, hnausþykkt af majónesinu hans Gunnars. Það þurfti ekkert annað í það salat en majónes og nokkrar rækjur. Majónesið var einnig notað á hamborgarana og pylsurnar og samlokurnar og í sósugerð. Kokteilsósan varð til við samruna majóness og tómatsósu. Ekkert annað þurfti í þá sósu en majónes og slatta af tómatsósu.

III

Gunnars majónes sló algerlega í gegn. Þeir sem eru fæddir eftir 1960, þegar Gunnar hóf að framleiða majónesið góða, þekktu lengst framan af ævi ekkert annað majónes. Þeim sem fermdust, giftust eða áttu verðugt afmæli á tímabilinu frá 1960 og allt fram á tíunda áratug síðustu aldar datt ekkert annað í hug en að nota Gunnars majónes í veislunni. Gunnars majónes var hornsteinn íslenskrar matarmenningar. Fólk gat ekki einu sinni hugsað sér að fara til útlanda án þess að taka með sér dollu. Og Neðanmálsritari þekkir dæmi þess að Íslendingar búsettir erlendis hafi látið senda sér fötur af Gunnars majónesi þegar eitthvað mikið stóð til. Majónesið hans Gunnars mátti ekki vanta ef góða veislu skyldi gjöra. Síðan kom erlent majónes til sögunnar, til dæmis Hellmann's majónes sem er til í öllum hugsanlegum gerðum, fituskert, kalorískert, jafnvel kólesteróllaust en í slíku majónesi er engin eggjarauða. Smátt og smátt fór að bera minna á Gunnars majónesi og majónesi yfirleitt, Íslendingar tóku að hugsa meira um línurnar en majónes og veislur breyttust, urðu jafnvel majóneslausar.

IV

Þetta er merkilegur kafli í menningarsögu þjóðarinnar, ekki síst vegna þess að majónesið er alls ekki íslenskur matur að uppruna. Samkvæmt ritinu *Matarást* er majóness fyrst getið á átjándu öld. Það er þekkt á Spáni og í Suður-Frakklandi um 1750. Í þessum löndum og víða um heim hefur majónesið verið notað með ákaflega fjölbreytilegum hætti í matargerð. Majónesið er enn eitt dæmið um innflutta hefð sem hefur verið þýdd og staðfærð af svo mikilli alúð að hún hefur orðið gildur þáttur í þjóðarvitundinni.

170704: Stjórnarskráin, lögfræðingar og túlkanir

I

Lögfræðingar hafa deilt hart síðustu daga og vikur um túlkunaratriði og þegar deilt er um túlkunaratriði má gera ráð fyrir að seint fái botn í málið. Nietzsche sagði að allt væri túlkun, allur texti væri túlkun á eldri túlkun á enn eldri túlkun og þannig mætti rekja sögu mannsandans aftur í aldir alda, hver veröldin tæki við af annarri, maður af manni af manni, enginn upphafleiki, enginn fullkomleiki, enginn endanleiki. Nú vill reyndar svo til hér uppi á Íslandi að deilt er um grundvallartexta, sjálfa stjórnarskrána sem er upphafsplagg Lýðveldisins, frumtextinn. En eins og aðrir slíkir textar, eins og allt sem lagt hefur verið til grundvallar um manninn og menninguna frá örófi alda þá hefur þessi texti verið talaður í kaf. „Nú um stundir,“ sagði Nietzsche, „hverfur textinn iðulega undir túlkunina.“

II

Vandinn er kannski sá að það er enginn einn tiltekinn höfundur að stjórnarskránni sem hægt er að ganga að og spyrja: Hvað áttirðu við? En jafnvel þótt sá maður væri til þá stæðum við frammi fyrir þeim vanda að leggja út af orðum hans nú sem væri auðvitað túlkun höfundar á áratuga gömlum texta sínum. Texti verður til í ákveðnu samhengi. Túlkun verður einnig til í ákveðnu samhengi. Þetta flækir málið. Skoðum þetta nánar: Í sumum tilfellum hljótum við að leita að merkingu texta í fórum höfundarins. Þegar við til dæmis lesum bréf frá vini viljum við umfram allt komast að því hvað hann vill segja okkur. Þegar texti er hins vegar ekki stílaður á einhvern einn viðtakanda heldur á tiltekið samfélag, eins og stjórnarskráin, veit höfundur að hann mun verða lesinn og túlkaður á ýmsa vegu, og þá ekki endilega með það í huga hvað höfundurinn vildi sagt hafa. Þessi tiltekni lesendahópur hefur að geyma fjölda ólíkra einstaklinga sem búa yfir mismunandi þekkingu á tungumálinu, menningarlegum fjársjóði þess og túlkunarsögu hans. Lestur þessa texta er þannig háður ýmsum öðrum þáttum en ætlun höfundarins, þáttum sem sumir telja vega þyngra en hún. Í þessu tilfelli verður lesturinn spurning um eins konar átök eða árekstur á milli færni lesandans annars vegar, þekkingar hans á heiminum, og færni höfundarins hins vegar, þekkingarinnar sem fram kemur í textanum, svo sem menningarlegra tilvitnana hans. Einnig verður að hafa í huga tilgang lesandans. Það er munur á því að nota og túlka texta. Það má nota texta til að sýna fram á ákveðna virkni hans eða vekja innblástur en ef ætlunin er að túlka texta einhvers verðum við að taka tillit til menningarlegs og mállegs bakgrunns hans. Það mætti síðan gera því skóna að í hverjum texta byggi innbyggður lesandi, innbyggður túlkandi sem væri þá sú menningar- og túlkunarhefð sem hann er skrifaður í, þannig væri ætlun textans komin til.

III

Það er verulega vont að vita til þess að friðurinn veltur á túlkunaratriði. Lögfræðingar búa yfir misjafnlega góðri þekkingu á tungumálinu og menningarsögulegu inntaki þess. Lögfræðingar hafa líka misjafnan tilgang með störfum sínum. Ætlun sumra er að nota textann til að sýna fram á ákveðna merkingu eða virkni en ætlun annarra er að skilja hann, túlka. Þegar upp er staðið fjalla deilurnar, sem nú standa yfir, sennilega alls ekki um stjórnarskrána og merkingu hennar heldur um lögfræðingana og tilgang þeirra. En hann er líka túlkunaratriði. Neðanmálsritari spáir því að það fái botn í málið sem ekki verður umdeilanlegt túlkunaratriði.

240704: Vitundarverðirnir

I

Hvers vegna hefur maður það á tilfinningunni að gáfumenn eða vitundarverðirnir svokölluðu, hinir velmeinandi hugsjónamenn úr röðum háskólanna, fræðimanna, listamanna og gagnrýnenda, séu ekki eins áberandi í samfélagsumræðunni og þeir voru lengst af á síðustu öld? Sennilega er ekkert einhlítt svar til við þessari spurningu. Árið 1987 hélt pólski félagsfræðingurinn Zygmunt Bauman því fram að vitundarverðirnir gegndu ekki lengur neinu hlutverki við að móta þekkinguna og (sið)menningarleg gildi. Ástæðuna taldi hann vera ákveðna tækni- eða vísindahyggju í rekstri hins opinbera. Hin húmaníska umræðuhefð væri ekki lengur nauðsynleg og varla æskileg við lausn vandamála sem upp kynnu að koma í samfélögum manna. Til þess væru ráðnir sérfræðingar og vísindamenn af öllu hugsanlegu tagi, hinir svokölluðu teknókratar. Þessi skýring kemur að minnsta kosti heim og saman við það að almenn umræða um þjóðfélagsleg vandamál eða viðfangsefni virðist hafa tilhneigingu til að einangrast innan í litlum kreðsum. Gott dæmi eru misheppnaðar tilraunir hugsjónafólks um betra borgarskipulag til þess að taka þátt í mótun hugmynda um legu Hringbrautarinnar í Reykjavík. Annað gott dæmi eru óljósar deilur lögfræðinga undanfarið um stjórnarskrána.

II

Gullöld vitundarvarðanna var sennilega sjöundi áratugurinn og kannski má halda því fram að þeir hafi dregið sig í hlé eftir að draumar og vonir blómatímans dofnuðu eða brustu hver á fætur annarri á áttunda og níunda áratugnum. Hugsanlega situr það í þeim að hugmyndafræðileg róttækni beið skipbrot í lok síðustu aldar en vitundarvörðurinn var róttækur í eðli sínu. Hugsanlega hefur vitundarvörðunum einfaldlega ekki tekist að hasla sér völl í nýjum og breyttum heimi sem einkennist síður af hugmyndafræðilegum átökum og hugsjónabaráttu en hagsmunagæslu, umsýslu með völd, peninga og sérfræðiálit, stöðubaráttu og ímyndarmótun. Og að vissu leyti hafa vitundarverðirnir ekki lengur jafn skýra stöðu eða ímynd og áður. Þeir voru til dæmis lykillinn að skilningi okkar á ákveðnum menningarsögulegum grundvallartextum en eftir að múrarnir milli há- og lágmenningar voru rifnir niður hafa þeir ekkert slíkt túlkunarlegt forræði. Umráðasvæði eða umræðusvæði vitundarvarðanna er með öðrum orðum á reiki. Þetta er kannski aðalskýringin á langdregnum, óljósum og óskipulegum deilum um íslensku stjórnarskrána að undanfögnu. Þar eru skilin á milli sérfræðiálita og hugsjóna ekki alltaf skýr. Fyrir vikið er hið túlkunarlega forræði í uppnámi. Það er ómögulegt að vita hverju á að treysta.

III

Í *Lesbók* í dag eru tvær greinar sem fjalla með einum eða öðrum hætti um hlutverk vitundarvarðanna. Birt er viðtal við Adriano Sofri, fyrrum leiðtoga ítölsku samtakanna Lotta Continua sem stundum hafa verið kennd við námsmannauppreisnina 1968, en Sofri afplánar 22 ára refsídóm fyrir orð sem hann á að hafa sagt í tveggja manna tali árið 1972. Sofri lítur svo á að uppreisnar- og hugsjónamenn sjöunda áratugarins hafi ekki verið sigraðir heldur hafi þeir „beðið virðingarverð gjaldprot“. Að hans mati heldur baráttan áfram enda sé hún göfug í sjálfri sér. Í grein eftir François Ricard er aftur á móti spurt hvers vegna ljóðskáld séu orðin að kvakandi hópsálum.

310704: MVS og beygurinn mikli

I

Í greininni „Nætursýnin og Beygurinn mikli“ sem birtist í *Skorrdælu*, nýútkomnu minningarriti um Svein Skorra Höskuldsson prófessor, fjallar Matthías Viðar Sæmundsson um kvæði eftir Einar Benediktsson út frá deildum skoðunum samtíðarmanna hans um vísinda- og skynsemistrú og yfirvofandi guðleysi sem varpaði þeim inn í svartnætti dauðabeygs, tilfinningalegrar óvissu, öryggisleysis og angistar. Matthías rekur orðasenu í blöðum árið 1874 sem lýsti vel því róti sem komið var á hugmyndalíf landsmanna og átti smámsaman eftir að magnast. Hefðbundnar andstæður guðs og djöfuls, lífs og dauða, ljóss og skugga leystust upp og við tók ástand sem virtist ekki eiga sér neina kjölfestu, sannleikurinn fór á flot og ný heimsmynd lýsti frekar óreiðu en skynsamlegri skipan hlutanna.

II

„Margir ímynduðu sér að tilfinningar þeirra skiptu ekki máli,“ segir Matthías, „vogarskálar trúar og skynsemi fóru úr jafnvægi, guðstrúin varð að gagnslausum frösum, margnotuðum og fullum af mótsögnum. Menn hrukku upp með andfælum og drógu af því ályktun um að Guð væri dauður! Sumir gátu ekki lifað við vitneskju um að tilviljun ein réði því hver lifði og dó hverju sinni, hvort menn kvöldust eða ekki: líf án Guðs var óbærilegt öngþveiti í augum þeirra.“ Í þessari orðasenu tók Jón Hjaltalín landlæknir einarða afstöðu gegn þróunarkenningu Darwins, pósitívisma August Comte og heimspeki efnishyggjunnar sem hann kallaði „lærdómsbygging[u] í grauti og mótsögnum“, reist í guðleysi sem leiddi til óstjórnar og upplausnar, eins og Matthías segir. Jón var málsvari staðnaðrar andspyrnu, íhalds og afturhvarfs, segir hann ennfremur, „stéttar embættismanna sem hafði einokað sannleikann, haft á honum „monopol“, enda gat hún ekki haldið uppi rökræðu við framandi viðhorf“. Jóni var svarað í *Norðanfara* þar sem haldið var fram „menningarlegu afstæði og bent á að í samtímavísindum sé sannleikurinn ekki „lengur álitinn „monopol“ heldur allsherjar gullnáma mannlegs anda“.

III

Hin nýja heimsmynd guðleysis og vísindahyggju kemur fram í tilvistarglímu, ókennd og trúarefasemdum í ljóðum Einars Benediktssonar frá því á níunda áratug nítjándu aldar, svo sem í „Nóttinni helgu“ sem Matthías skoðar sérstaklega og einkennist af hugsunum um guðlausa veröld. Að mati Matthíasar velur Einar leiðina út í myrkur öryggislauss frelsis þess sem ákveður að takast á við hinn guðlausa heim fremur en að trúa í blindni og óvirkni og lifa í helsi falsks öryggis. En það er einmitt andspænis þessu vali sem nútímamaðurinn hefur staðið með Beyginn mikla fyrir hjarta allar götur síðan. Kierkegaard, Heidegger og Sartre lýstu þessum kröggum mannsins og komust að sameiginlegri niðurstöðu sem Matthías orðar þannig: „Manneskjan geti því aðeins lifað af heilindum að hún takist á við Beyginn mikla, hvort sem henni er það ljúft eða leitt; þá og því aðeins getur hún yfirstigið öryggisleysi, sundrung og kvíða, þroskast sem heill einstaklingur, hvort sem það er með absúrdum hætti eða eftir leið einhvers konar trúar. Annað hvort sogast hún inn í hringsól hlutanna eða þroskar frelsi sitt innan marka sem hverjum eru sett. Við getum til einföldunar talað um þrjá tilvistarhætti í framhaldi af þessu: Sá fyrsti einkennist af flóttu undan tilvistarlegum líf skjörum, sá næsti felur í sér afdráttarlaust samþykki, en hinn þriðji raunsæi án samþykkis: við viðurkennum það sem er en sættum okkur ekki endilega við það.“

210804: Fegurð borgarinnar

I

Forseti Konunglegu bresku arkitektastofnunarinnar, George Ferguson, hefur lagt það til að ljótar byggingar í Bretlandi verði settar á niðurrifslista. Ferguson telur ekki ástæðu til þess að leyfa byggingum sem allir eru sammála um að séu misheppnaðar að standa. Þær valdi sjónmengun og skemmi iðulega heildarsvip þeirra borgarhluta sem þær eru í, sjúgi andrúmið úr umhverfinu. En Ferguson segir í viðtali við *The Daily Telegraph* að það sé ekki aðeins fagurfræðilegar ástæður fyrir því að rífa ljótar byggingar. „Við þurfum að læra að búa til samfélög en ekki bara raðir bygginga. Við höfum glatað hæfileikanum til að búa til stræti og torg sem hvetja fólk til að koma saman.“ Ferguson bendir á að í Evrópu sé að finna fjölda lifandi stræta og torga af þessu tagi. Í Bretlandi hafi hins vegar verið skapað mikið af tilgangslausu rými og hugmyndaauðgi skorti. Ferguson vill að það fari fram almenn umræða um hvaða byggingar eigi að fá að fjúka. Hann telur að spurningin um „góðan“ arkitektúr snerti ekki aðeins byggingarlist heldur og andlega heilsu þjóðarinnar, ljótt umhverfi sé mannum beinlínis hættulegt.

II

Þetta er mjög róttæk og djarfleg tillaga sem Reykvíkingar ættu ef til vill að taka til skoðunar. Hún snertir á þremur hlutum sem borgarbúar mættu gefa meiri gaum: fegurð bæjarins, skorti á strætum og torgum sem gerð eru fyrir fólk og áhrifum þessa á mannlíf. Það má efast um að fagurfræðileg viðmið séu höfð í hávegum þegar hugað er að skipulagi og hönnun bygginga í Reykjavík. Svo virðist sem oftar séu sjónarmið notagildis látin ráða ferð. Að minnsta kosti má sjá hverja stórbygginguna rísa á fætur annari án fagurfræðilegs metnaðar, að því er virðist. Hvert er til dæmis framlag nýrra bygginga við Sæbraut til íslenskrar byggingarlistar? Og stundum er einmitt ekki tekið tillit til heildarsvips eða andrúms í þeim borgarhlutum sem byggt er í. Er staðsetning nýs Náttúrufræðahúss til dæmis í samræmi við hugmyndir Alvars Aaltos um umhverfi Norræna hússins? Og hvernig stendur á hinu gríðarlega ferlíki Orkuveitunnar í lágreistri byggð Hálsanna? Og það þarf auðvitað ekki að nefna hið nýja Hringbrautarskipulag sem virðist enn miða að því að gera Reykjavík frekar að borg fyrir bíla en fólk.

III

Í Stokkhólmi er starfandi nefnd sem tekur fagurfræðilega afstöðu til allra nýrra bygginga í borginni. Svíar álíta að höfuðborgin eigi að vera falleg. Eru Íslendingar sömu skoðunar um höfuðborg sína? Fer fram umræða um fegurð Reykjavíkurborgar? Hugsar einhver um það hvort byggingar sem á að reisa séu fallegar? Hvort þær falli inn í umhverfið sem þær eiga að prýða? Hefur farið fram einhver fagurfræðileg stefnumótun um skipulag og útlit borgarinnar? Getur verið að Íslendingar séu með einhverjum hætti fráhverfir fagurfræðilegum sjónarmiðum? Það skyldi þó ekki vera. Tilfinningaleg rök hafa að minnsta kosti ekki átt upp á pallborðið, til að mynda í umhverfismálum. Kannski væri ráð að stefna þjóðinni á tilfinningatorgið á menningarnótt. Þar hlýtur mannlífið að vera forvitnilegt og gott.

280804: New York og fjölmennning

I

Vís leið til að koma sér í vandræði í New York er að glápa á förunaut sinn í neðanjarðarlestinni, einkum ef hann er af öðrum kynþætti. Það mun ekki líða langur tími uns spurningin vaknar: Á hvað ert þú að glápa? Skynsamlegt svar á ekki eftir að bjarga málum. Eina leiðin til að komast úr klípunni er að standa upp og færa sig um set yfir í næsta vagn og fara síðan út á næstu stöð. Önnur vís leið til að koma sér í vandræði í borginni er að kalla ókvæðisorð um svarta eða aðra kynþætti í neðanjarðarlestinni. Viðkomandi getur enga björg sér veitt, hann er dauðans matur. Enn ein vís leið til að koma sér í vandræði í þessari stórkostlegu borg er að syngja þjóðsöng Bandaríkjanna mjög illa og helst með röngum texta í neðanjarðarlestinni. Maður gæti hugsanlega sloppið lifandi með það.

II

Fjölmennning er eitt af lausnarorðum samtímans. New York er fjölmennningarlegt samfélag. Borgin hefur verið kölluð suðupottur eða deigla. Allajafna gengur sambúðin vel en stundum - og kannski oftast en ekki - sýður upp úr. Hugmyndin á bak við fjölmennunguna var í upphafi samlögun eða sambræðsla ólíkra þjóða, kynþátta og hópa, en eins og Neal Ascherson bendir á í ágætri grein í veftímaritinu *Butterflies and Wheels* þá er nú frekar farið að tala um einhvers konar hræring enda samlögunin fullmikil hjartsýni. Að mati Ascherson felur hugmyndafræði fjölmennningarinnar hins vegar í sér ákveðna tengingu við þjóðernishyggju eða hóphyggju, hún gerir ráð fyrir að þjóðir eða hópar sem eigi sameiginlega menningu eigi hver og einn að fá að njóta sín í einhvers konar samkrulli. Ascherson telur að þessi hugmynd hafi ekki gefið góða raun og næsta skref sé að móta grundvöll fyrir því að mennirnir geti lifað saman í samfélagi á grundvelli þess sem sameinar þá, það er að segja á grundvelli einstaklinganna og vilja þeirra.

III

Það er sannarlega rétt hjá Ascherson að fjölmenningin er í raun íhaldssöm hugmyndafræði. Hún byggist á úreltum hugmyndum um að þjóðir og aðrir hópar eigi sér sameiginlega sjálfsmynd sem sé jafnvel æðri eða mikilvægari en sjálfsmynd eða sérkenni hvers einstaklings. Hún byggist á hugmyndum um að einstaklingurinn tilheyri ákveðnum hópi sem hann skuli fylgja að málum. Það er hins vegar vitað að þjóðir og aðrir hópar eru tilbúningur, sögulegur eða hugmyndafræðilegur tilbúningur. Að mati Ascherson eigum við fyrir höndum að skapa þjóðfélag sem byggist á algerrri blöndun, þjóðfélag einstaklinga sem tilheyra engum hópum og engri menningu. Þegar það verður unnið munum við standa frammi fyrir mjög pólitískum veruleika þar sem einstaklingar munu takast á um lýðræði og á lýðræðislegan hátt.

IV

Þetta er vissulega afar rómantísk hugmynd hjá Ascherson en hún vekur hollar spurningar um alla þá áherslu sem lögð er á menningu eða sameiginleg einkenni þjóða og hópa.

040904: Long Island Rail Roads

I

Undir Madison Square Garden, þar sem Repúblíkanar héldu flokksþing sitt í vikunni, er stærsta lestarstöð New York borgar, Penn Station. Gríðarlegur fjöldi fólks fer þar um dag hvern, fólk frá Long Island, Brooklyn, Bronx, New Jersey, New York, alls konar fólk, flest á leið í og úr vinnu, svartir, hvítir, gulir, rauðir, gagnkynhneigðir, samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, fólk með alls konar hneigðir og þarfir og skoðanir, gera má ráð fyrir að rúmur helmingur sé þó annaðhvort demókratar eða repúblíkanar, hinir kjósa ekki, sem þýðir þó ekki að þeir hafi ekki skoðun, það felst líka afstaða í því að kjósa ekki.

II

Lestarverðirnir hjá Long Island Rail Roads eru flestir svartir eða konur, fáir hvítir karlar klæðast blásvarta búningnum. Verðirnir ganga um vagnana og rukka ferðalanga um miða sem þeir gata með þar til gerðri töng. Þeir bjóða góðan dag eða spyrja hvernig maður hafi það og óska manni svo góðrar ferðar. Fólkið situr fremur þétt saman. Axlir snertast og læri, það getur verið erfitt að koma fótunum fyrir ef tveir hávaxnir sitja gegnt hvor öðrum. Mikill maður vexti, brúnaþungur, nánast illúðlegur með spjald hangandi um hálsinn sem gefur til kynna að hann starfar sem öryggisvörður fær sessunaut sinn til þess að anda rólega. Andlitsfríð stúlka með ljóst hár, klædd stuttu pilsu, þunnri skyrtu og rauðum strigaskóm fær hjartað til að slá örur.

III

Spenskumælandi fjölskylda situr í næstu röð fyrir framan. Hún er hávær. Litlu börnin orga, eldri börnin rífast en foreldrarnir sitja hljóðir og stara út um gluggann. Svört stúlka um tvítugt ráfar fram og til baka um vagninn og muldrar eitthvað fyrir munni sér. Öðru hverju grípur hún litla stílabók úr vasa og byrjar að hripa eitthvað niður í miklum flýti. Allt í einu kemur ungur maður hlaupandi í gegnum vagninn. Hurðinn við enda vagnsins skellur aftur. Rétt á eftir honum kemur annar maður á hlaupum. Hurðin skellur aftur. Hvað er á seyði?

IV

Lestin þýtur fram hjá hverjum bænum á fætur öðrum. Reyndar eru skilin á milli þeirra óljós, helst að maður greini mun á hreinlæti, í sumum bæjum eru húsin líka reist af litlum efnum, í sumum hverfunum eru aðeins blokkir, dökkbrúnar blokkir með svörtum gluggum í álrómmum og ryðguðum eldvarnarstigum. Á næstu lestarstöð kemur stór, ljóshærður maður inn í lestina. Hann stendur við dyrnar, slagar svolítið, rennir uppspenntum augum yfir sætaraðirnar, flestir líta undan. Hann er sinaber, klæddur skítugum gallabuxum og rifnum stuttermabol. Hann er í sandölum og engum sokkum. Hann hefur ekki greitt sér lengi. Hann festir augun á manni í svörtum jakkafötum að tala í síma. Maðurinn talar hátt en lækkar róminn þegar honum verður litið í glyrnurnar sem stara á hann. Lestarvörðurinn gengur fram hjá mannum án þess að rukka um miða.

V

Stutta síðar er stúlkan í stutta pilsinu og þunnu skyrtunni að þjóna til borðs á veitingastaðnum Hooters úti á eyggi. Það starfa einungis stelpur á þessum stað. Þær eru allar svona léttklæddar. Þær eru allar með sítt, ljóst hár. Þær eru allar ljósar yfirlitum. Þær eru allar mjög grannar. Þær eru allar með jafn stór brjóst.

110904: Heimska markaðarins

I

Meirihlutinn hefur ekki alltaf rétt fyrir sér. Meirihlutinn hefur til dæmis ekki gott gildismat, hann er iðulega úti á þekju þegar kemur að því að meta hvað er fagurt og gott. Það er auðvelt að benda á dæmi eins og Hitler sem fylkti fjöldanum á bak við sig í Þýskalandi nasismans en hafði tvímælalaust rangt fyrir sér; hann hafði ekki fallegan og góðan málstað. Fleiri söguleg dæmi mætti tína til en það magnaðasta blasir þó við í samtíma okkar. Ein skýrasta sönnun þess að meirihlutinn hefur ekki alltaf rétt fyrir sér er glámskyggni markaðarins á það sem er fagurt og gott. Það sem markaðurinn hefur ákveðið að sé besti kosturinn með sinni grimmilegu útilokunaraðferð er ekki endilega rétt. Markaðurinn kann að verðleggja hluti með kolröngum hætti bara vegna þess að hann er fávís um það sem skiptir máli, vegna þess að gildismat hans er brenglað, vegna þess að hann er blindaður af flottheitakröfum og innantómu stjörnugliti, tilgangslausum umbúðum.

II

Um þetta höfum við tvö mjög skýr dæmi frá íþróttaviðburðum sumarsins. Á Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu í júní brugðust þeir leikmenn sem markaðurinn hefur verðlagt hæst og raunar sannfært okkur flest um að séu þeir bestu - já, og fallegustu í heimi hér um þessar mundir. Liðin sem voru skipuð þessum leikmönnum, sum jafnvel í nánast hverri einustu stöðu innan sem utan vallar (Frakkarnir, Englendingarnir, Ítalirnir, Spánverjarnir, Hollendingarnir), þurftu að yfirgefa Portúgal með skít og skömm. Liðin sem voru skipuð fáum ef nokkrum nafntogudum leikmönnum stóðu sig aftur á móti undantekningarlítið vel. Lið Grikkja, sem hafði engan þekktan knattspyrnumann innanborðs, stóð uppi sem sigurvegari á mótinu. Það sama gerðist síðan í körfuknattleikskeppni Ólympíuleikanna í Aþenu í ágúst. Þar mættu Bandaríkjamenn með ofurlaunaða, markaðsdýrkaða leikmenn sem héldu að þeir væru mættir til þess að sitja fyrir á ljósmyndum leikmanna annarra liða. Í fyrsta leik voru þeir teknir í bakaríð af Puertó Ríkó, síðan af Litháum og svo af Argentínumönnum. Allir höfðu talið öruggt að Bandaríkjamenn myndu sigra í körfuknattleikskeppninni að vanda en á endanum tókst þeim að bjarga sér fyrir horn með því að vinna til bronsverðlauna.

III

Markaðurinn er ekki eins stórkostlegt tæki og hann lítur út fyrir að vera. Það stírnir oft á hann eins og stórkostlegt sigurverk en þegar betur er að gáð kemur í ljós að hann er vart annað og meira en stagbætt ræksni. Markaðurinn er heimskari en hann lítur út fyrir að vera. Hann missir sjónar á augljósum sannindum. Þess vegna er vilji markaðarins líka vondur mælikvarði á listir. Um það fjallar Jónas Sen í athyglisverðri grein um dvínandi mörk há- og lágmenningar í *Lesbók* í dag en þar kemur meðal annars fram hörð gagnrýni á Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir að láta undan ofurvaldi markaðslögmálanna.

251104: Eru til íslensk hugvísindi eða bara þýdd?

I

Eru til íslensk hugvísindi? Svarið við þessari spurningu virðist liggja í augum uppi. Auðvitað eru til íslensk hugvísindi. Það eru þau hugvísindi sem Íslendingar leggja stund á. En spurningin leynir kannski svolítið á sér. Í henni felst einnig spurningin hvort til séu íslensk hugvísindi í þeim skilningi að þau hafi orðið til hér á landi, séu sprottin af íslensku hugmyndalífi, séríslensk á einhvern hátt. Eru með öðrum orðum til hugvísindi hér sem voru einhvern tímann hvergi annars staðar til? Íslenski skólinn kemur fyrst upp í hugann; sú kenning Sigurðar Nordals, Einars Ólafs Sveinssonar og fleiri frá fjórða áratug síðustu aldar að Íslendingasögurnar séu höfundarverk. Það þarf hins vegar ekki að kafa langt ofan í þá kenningu til þess að sjá að hún er sprottin af evrópskri skáldskaparfræði rómantíska tímabilsins. Og sennilega er alveg sama hvaða hugmynd íslenskra hugvísindamanna við myndum nefna, hún hefur að öllum líkindum orðið til í samræðu við erlenda hugsun ef hún er ekki beinlínis þýdd og staðfærð úr erlendu máli.

II

Gauti Kristmannsson þýðingafræðingur heldur því fram í viðtali í *Lesbók* í dag að þetta eigi við um flesta hluti. Ekki aðeins bókmenntir eru þýddar á íslensku af erlendum málum, listform og samfélagsstofnanir eru einnig þýddar, auglýsingar eru þýddar, löggin eru þýdd og þannig mætti áfram telja. Þetta gera þjóðir til að komast upp á sama stig og aðrar þjóðir, verða hámenningarþjóðir. „Að þýða er samstofna orðinu þjóð. Að þýða er að vissu leyti að þjóðgera, það er tilraun til þess að vera þjóð meðal þjóða,“ segir Gauti.

III

Þjóðir, tungumál þeirra og hugmyndalíf, þrífast því á öðrum þjóðum. Þó að hver þjóð eigi sín sérkenni þá eiga þær ansi mikið undir því komið að eiga í góðum og lifandi samræðum við aðrar þjóðir. Í þeim tilgangi eru þýðingar nauðsynlegar. Hér á landi er þrátt fyrir allt ekki nægilega mikill skilningur á þessu. Oft og mörgum sinnum hefur verið bent á þá skammarlega litlu upphæð sem ríkið lætur renna til bókaþýðinga í landinu. Sjö milljónir eru eins og dropi í hafið þegar litið er til þeirra verkefna sem fyrir liggja. Og þá er ekki aðeins átt við allar þær erlendu bókmenntir sem við eigum ekki á íslenskri tungu, en þurfum svo nauðsynlega á að halda til þess að halda í okkur lífinu, heldur einnig þau endalaus verkefni sem fyrir liggja við að koma útlenskri fræðihugsun á íslenska tungu. Ef eitthvað hrjáir íslensk hugvísindi nú um stundir er það óbærilega lítil snerting tungunnar við erlenda hugmyndastrauma. Eins og Gauti bendir á er fyrir vikið ekki til íslensk orðræða á mörgum sviðum. Við lærum um ýmsar hugmyndir á erlendum málum, við skiljum þær en við getum ekki tjáð okkur um þær á íslensku vegna þess að það vantar texta. Hugsanlega séu til orð til að lýsa hugmyndunum en oft skorti samkomulag um þau. Og það er ekki fyrr en orðin hafa verið notuð í fimm til tíu útgefnum textum að það verður til ákveðið samkomulag um að þau eru hluti af tungumálinu. Margt gott hefur verið unnið í þessum efnum á síðustu árum en það er líklega eitt af mest aðkallandi verkefnum fyrir hugmyndalíf íslenskumælandi fólks að huga betur að þýðingum.

021004: Lesbók og póstmóðernismi

I

Það mætti kalla kaldhæðni örlaganna að *Lesbókin* sem birti greinaflokk Kristjáns Kristjánssonar heimspekings um tíðaranda í aldarlok árið 1997 og sverti svo ímynd póstmóðernisma á Íslandi að stór huti þjóðarinnar telur hann enn kominn frá skrattanum skuli hin síðari ár verið sögð eitt helsta vígi þessa -isma á landinu (sbr. Jakob F. Ásgeirsson í *Viðskiptablaðinu* í byrjun árs). Líklega hafa fáar blaðagreinar um menningu í seinni tíð valdið jafn miklu uppþoti og þessi skrif Kristjáns. Margir urðu til þess að mótmæla harðlega og halda uppi vörnum fyrir póstmóðernisma. En skaðinn var skeður. Þeir sem lásu óvenju andmikil fúkyrði Kristjáns um póstmóðernisma og vissu ekki betur virðast í mörgum tilfellum hafa fengið meгна óbeit á fyrirbærinu.

II

Árið 2002 gaf Kristján greinaflokkinn út á bókinni *Mannkostum* ásamt öðrum greinum. Líklega merkir það að Kristján hefur ekki skipt um skoðun á póstmóðernisma þrátt fyrir afar hörð andmæli og þrátt fyrir að mikil og upplýsandi umræða hafi farið fram um hann á undanförunum árum. Og enn þykja greinarnar undarlega harðyrta og fullar af misskilningi. Jón Ólafsson skrifar afar beitta gagnrýni á *Mannkosti* í nýjasta hefti *Hugar*, tímarits Félags áhugamanna um heimspeki, og deilir sérstaklega á umfjöllun Kristjáns um póstmóðernisma. Jón segir sláandi hversu hitinn sé mikill í málflutningi Kristjáns. Jón kemst að þeirri niðurstöðu að rökleg tök Kristjáns séu losaraleg og alhæfingar hans um póstmóðernisma séu einfaldanir sem valdi því að „skrif Kristjáns [séu] stundum strákslega gróf, stundum allt að því einfeldningsleg“. Jón telur að markmið Kristjáns með flokknum séu hin sömu og æsiblaðamannsins: „Hann vill búa til sögu um póstmóðernismann, hneykslanlega sögu, sem kallar fram hjá lesandanum ákafa andúð á því sem hinn heimspekilegi æsiblaðamaður lýsir. Þessu markmiði nær Kristján vafalaust með marga lesendur sína.“

III

Sem dæmi um umfjöllun Kristjáns nefnir Jón ábendingarskilgreiningar, sem Kristján kallaði svo sjálfur, en það eru dæmi um ýmiss konar viðhorf til samfélagslegra og heimspekilegra álitaefna sem á að vera hægt að beita til að bera kennsl á póstmóðernisma. Slíkar ábendingarskilgreiningar segir Jón að séu „algengastar í samhengi pólitískra öfgastefna á borð við fasisma og stalínisma, og kannski mætti bæta við öðrum -isma, McCarthyisma. Einfaldar og villandi lýsingar sem notaðar eru til að saka talsmenn ákveðinna skoðana um að vera á mála hjá illum öflum, eða um að aðhyllast hataða hugmyndafræði, eru fylgifiskur nornaveiða“.

III

Gagnrýni Jóns er afar hörð og athyglisverð en undir lok greinar segir: „Ég veit ekki hvort hugmynd Kristjáns með greinaflokki sínum um póstmóðernisma var í upphafi að „forða oss frá illu“ - að benda fólki á bölið í því skyni að koma í veg fyrir að menn ánetjist því. En við því er á endanum aðeins það að segja að ef til vill er hyggilegra þegar til lengri tíma er litið að rækta heimspekilegar dygðir sínar með öðrum hætti en þeim að útmála lesti óvinanna. Það er að mínu mati miklu meiri öfugþróun fólgin í útilokunaráráttunni sem einkennir margan heimspekinginn og Kristján Kristjánsson í ríkum mæli, heldur en í þeim hringum og krókaleiðum sem póstmóðernisminn hefur haft í för með sér í vestrænum hugvísindum á síðustu árum.“

091004: Saramago og lýðræðið

I

„Valdið er annars staðar,“ segir portúgalski rithöfundurinn José Saramago í grein sinni Nafnið og inntak þess í nýjasta hefti *Ritsins*, tímarits Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem er helgað lýðræði. Saramago heldur því fram að hið lýðræðislega vald hafi verið tekið úr sambandi, valdið sé alls ekki hjá fólkinu eins og hugmyndin var meðal Grikkja til forna. Valdið er hjá markaðinum, hjá stórfyrirtækjunum. Markaðurinn nú á tímum, segir Saramago, „er framúrskarandi tæki hins eina og óhrekjandi valds sem rís undir nafni, hins efnahagslega og fjármálalega valds sem teygir sig yfir landamæri og heimsálfur, þessa valds, sem er ekki lýðræðislegt af því að fólkið kaus það ekki, er ekki lýðræðislegt af því að fólkið stjórnar því ekki, og ekki lýðræðislegt af því að það stefnir ekki að hamingju fólksins“.

II

Saramago er beinskeyttur í þessari grein eins og í nýjustu skáldsögu sinni þar sem hann fjallar einnig um brotalamir hins vestræna lýðræðis. Hann tekur að sér óvinsælt hlutverk drengstaulans í ævintýrinu um nýju fötin keisarans og bendir á að það standi harla lítið eftir af hinni upprunalegu og fögru hugsjón um lýðræði í þessum heimi. Það lýðræði sem við vesturlandabúar viljum gera að „alþjóðlegri skyldu“ er skrípamynd af hugmynd Grikkja, okkar kerfi er, að mati skáldsins, meira í ætt við það sem var við lýði í Rómaveldi þar sem efnahagsleg ítök landeigendaaðals komu í veg fyrir að lýðræðisskipulagi kæmist á. Þetta vita allir menn en loka augunum fyrir því. Hið efnahagslega lýðræði hefur verið leyst af hólmi af „gróflega sigrihrósandi markaði“, hugmyndin um menningarlegt lýðræði hefur vikið fyrir „ekki síður grófa fjöldaframleiðslu menningar, þennan falska bræðslupott sem á að dylja alger yfirráð einnar menningar“ og hið pólitíska lýðræði er í varðhaldi hjá flokkum, þingum og ríkisstjórnnum sem þykjast aðeins vera lýðræðislegar valdastofnanir en eru í raun og veru hvorki lýðræðisleg né valdastofnanir.

III

Saramago segir að við þurfum að fara að tala um hlutina eins og þeir eru, annars stefni grundvöllur samfélaga okkar í þrot og stöðnun: „Við skulum því horfast í augu við staðreyndirnar. Það þjóðfélagskerfi sem við höfum hingað til kallað lýðræðislegt líkist æ meir auðvaldsstjórn (þar sem hinir ríku ráða) og æ minna lýðræði (þar sem fólkið ræður).“ Saramago telur að hið svokallaða vestræna lýðræði sé „statt á braut hnignunar og með öllu ófært um að stöðva sig og snúa þróuninni við“. Hann telur allt benda til þess að það muni á endanum afneita sjálfu sér. En hvað er til ráða? Saramago leggur til að við hættum að hugsa um lýðræðið „eins og hlut sem við höfum höndlað, skilgreint í eitt skipti fyrir öll og snertum aldrei frammar“. Nú um stundir sé rökrætt um alla skapaða hluti nema lýðræði. „Við skulum rökræða um lýðræðið, við skulum rökræða um það án afláts, við skulum rökræða um það alls staðar, af því að ef við gerum það ekki meðan enn er tími til, ef við uppgötuum ekki leið til að finna það upp að nýju, já, finna það upp að nýju, glötum við ekki aðeins lýðræðinu, heldur einnig voninni um að sjá mannréttindi einhvern tíma virt eins og þeim ber á þessum vansæla hnetti.“ Þessi grein Saramagos ætti að vera skyldulesning fyrir þá sem vilja gera vestrænt lýðræði að „alþjóðlegri skyldu“.

161004: Derrida

I

Jacques Derrida er ekki allra, það er ljóst, en það sama má segja um flesta afburðamenn á hvaða sviði sem er, þeim tekst að segja hluti sem aðrir hafa enn ekki komið auga á og oft með þeim hætti að aðrir eiga erfitt með að sjá út úr augum, stílbeitt orðin þyrla upp rykinu sem hefur safnast fyrir í huga viðtakandans. Derrida kom fram á sjónarsviðið á afar gagnrýnum tímum á síðari hluta sjöunda áratugarins. Frakkland varð eiginlega að aðalsögusviði þessara uppreisnartíma. Þar kom fram hópur hugsuða sem vildu brjótast út úr aldalangri hefð í heimspeki og hugvísindum. Þetta var sannkallaður suðupottur sem við njótum enn góðs af. Í viðtali sem Jean Birnbaum, blaðamaður á *Le Monde*, tók við Jacques Derrida 18. ágúst síðastliðinn og var endurbirt í blaðinu á þriðjudaginn var talar Derrida um skapandi ólgu þessara tíma: „En því má ekki gleyma að á þessari „blómlegu“ tíð var ekkert öruggt og lítil sáttfýsi. Allt snerist um mun, mismun og skoðanamun í þessari kreðsu sem var allt annað en einsleit og sem fáránlegt er að spyrða saman í kippu og kalla „68 hugsuði“ [...] maður verður að vera þessum skoðanamun trúur, þ.e. halda samræðunum áfram - t.d. við Bourdieu, Lacan, Deleuze, Foucault sem ég hef meiri áhuga á en þeim sem fjölmiðlarnir hanga utan í þessa dagana (að sjálfsgöðu með undantekningum). Ég held þessari rökræðu lifandi til að hún fletjist ekki út og verði klisjunn að bráð.“

II

Í viðtalinu er Derrida harðorður um þá sem hafa gagnrýnt þessa kynslóð og vilja afgreiða hana í fáum orðum og kalla hana óskiljanlega eða óþarfa. Hann varar við ræktarleysi, hræðslu við hið flókna og heimsku: „Það sem ég hef sagt um mína kynslóð gæti einnig átt við fortíðina: Biblían, Platon, Kant, Marx, Freud, Heidegger osfrv. Ég vil ekki afneita nokkrum sköpuðum hlut, ég get það ekki. Vitið þér, að læra að lifa, það hlýtur að vera narsíkt: maður vill lifa eins mikið og eins lengi og hægt er, bjarga sér, þrauka, og rækta allt það, sem er svo margfalt magnaðra og merkilegra en maður sjálfur en er samt hluti af þessu litla „ég-i“ [...] Að krefjast þess af mér að ég afneiti því sem hefur mótað mig, því sem ég hef unnað svo heitt, jafngildir því að biðja mig um að deyja. Í tryggðinni er að finna eins konar sjálfsbjargarviðleitni. Að hætta við flókna útskýringu, þversögn eða flækju vegna þess að einhverjum kynni að þykja hún tormelt eða þá vegna þess að tiltekinn fréttamaður, sem kann ekki einu sinni að lesa, ekki einu sinni bókartitil, þykist viss um skilningsleysi lesanda eða áhorfanda og að fyrir vikið muni áhorfskannanir hrapa og þar með tekjur hans sjálfs, er í mínum huga óásættanleg óhæfa. Það er eins og að biðja mig um að játa mig sigraðan, og leggjast flatan - eða deyja úr heimsku.“

231004: Menningin lifir fyrst og fremst á snilld

I

Í *Lesbók* sunnudaginn 15. ágúst 1926 birtist grein eftir Halldór Laxness á forsíðu sem hann nefnir „Um skáldsögur“. Þetta var tveimur árum eftir að *Undir Helgahnúk* kom út og ári áður en Halldór sendi frá sér *Vefarann mikla frá Kasmír*. Greinin er forvitnileg en í henni ræðir Halldór um viðkvæmt samband milli skálds og samfélags. Hann hefur greinina á að ræða um mikilvægi þess að skáld finni sjálf sig, uppgötvu persónuleika sinn og rannsaki hæfileika sína. Hann telur þekkingu á lögmálum skáldskaparins skipta litlu ef skáld hafi „engan persónuleik til að bera, enga djúpa reynslu, sem hann þrái að miðla af, enga opinberun sem hann þarf að gera heyrum kunna, engar dýpri sýnir inn í víðerni tilverunnar“. Halldór segir að verstur skáldskapur komi frá fólki „sem ekkert hefir til að bera í áttina við sjálfstæðan persónuleik, en brýtur þar að auki allar reglur fyrir vanþekkingarsakir, sem hægt er að brjóta“. Halldór heldur því fram „að Ísland sje eina bókmenntalandið í heimi, þar sem skáldrit eftir slíkt fólk hafa skilyrði til að komast á markað, enda er búið að gera eftirminnilega út af við íslenskan bókmenntasmekk með þessum fjanda...“

II

Halldór er hins vegar á þeirri skoðun að hér á landi sé hægt að skrifa jafngóðar sögur nú á dögum eins og á þrettánda öld „ef menn vildu hætta að hýma eins og draugar og forynjur yfir leiðum gullaldarbókmenntanna“. Eigi að síður þurfa menn að kunna allar reglur frásagnarlistarinnar áður en þeir geta skapað eitthvað nýtt: „Fyrst þegar hann hefur lært allt, þá eru skilyrði til að hann vaxi upp úr því sem hann hefir lært.“ En skáldið verður að skapa eitthvað nýtt ef það vill vera mikilsháttar snillingur: „Vegurinn liggur út í sjaldgæfið, þangað sem persónuleikurinn fær að þroskast án þess að vera háður hinni vjelrænu fjelagshugsun, þar sem allir straumar fara í hringi eins og eilífðarvjel.“ Halldór talar um að mannum beri skylda til að „hugsa og tala um viðurkennd efni á viðtekinn hátt“, uppeldi þjóðfélagsins sé í því fólgið að kenna manni „að hugsa löglega“. Það geti því valdið stórtíðindum að fram komi hugsun sem fer í bága við „hugmyndafræði hópsálarinnar“ enda séu þeir litnir hornauga sem „yfirgefa hjörðina til þess að leita að sjálfum sjer“. Og þó að sá sem fór hafi jafnan verið sá máttugasti í hópnum þá kosti það ævinlega mikið argaþras að „fá nýja hugsun lögleidda í heiminum, eða höfund viðurkenndan sem hefir fundið sjálfan sig“.

III

Halldór fann tvímælalaust sjálfan sig, hann hafði sterka rödd sem sannfærði sennilega jafnmarga og hún hneykslaði. Hann hlaut sína viðurkenningu árið 1955 en ekki án þess að því fylgdi mikið argaþras eins og komið hefur í ljós. Smám saman varð þó meiri og meiri sátt um skáldið en aldrei svo að lygndi fullkomlega. „Menningin lifir fyrst og fremst á snilld,“ segir Halldór í *Lesbókargreininni* og líklega má halda því fram að menningarumræðan geti lifað mjög lengi á snilld.

301004: Hannesarmál

I

Eftir hlé. Sviðið er á breiddina, minna á dýptina. Ljósinn kvikna og það sést einn maður, tvöfaldur á breidd, lengst til vinstri. Andlit hans er hulið skugga. Hann segir eitthvað en enginn hlær. Búningurinn er í fánalitunum og skórnir hefðbundnir. Enn þá hlær enginn. En þá kviknar sterkt ljós hægra megin á sviðinu þangað sem meðalmaður í svörtum gúmmístígvélum kemur blaðskellandi. Hann talar mikið. Þegar hann hefur talað mjög mikið þá taka áhorfendur að hlæja, sumir reyndar bara inn í sig en aðrir svo að allir heyra. Í skugganum vinstra megin á sviðinu stendur sá tvöfaldi enn. Andlitsdrættir eru afar óljósir en hann hlær ekki heldur muldrar eitthvað ofan í bringuna um að það hafi verið hlegið á röngum stað.

II

Fyrir hlé. Mennirnir hægra megin keyptu brauðgerðina sem þeir vinstra megin höfðu stofnað og rekið af miklum myndarbrag um langan tíma. Brauðgerðin hét Brauðhús. Hægrimmennirnir, sem við getum kallað svo, hlógu mikið enda höfðu þeir sölsað undir sig þann hluta sviðsins sem vinstrimönnunum, sem er eiginlega ekki hægt að kalla svo því þeir voru flestir komnir yfir á hinn helminginn, voru stoltastir af og þótti vænst um. Þeir hægra megin urðu svo kátir að þeir blésu í herlúðra og söfnuðu liði. Ætlunin var að fara í frekari landvinninga. Þeir ætluðu að koma höndum yfir frjókornin í sannleiksbrauð uppskriftameistara brauðgerðarinnar. Maður í svörtum gúmmístígvélum tók til við að moka á frjókornalagernum. Hann var hamhleypa til verka. Svo duglegur var hann að áður en langur tími var liðinn hafði hann mokað nær öllum frjókornunum ofan í gríðarmikla skruddu. Hann var ánægður með verkið og sýndi það öllum sem vildu sjá. Hann sagðist hafa komist fyrir um uppskriftina að sannleiksbrauðinu. Þegar betur var að gáð kom í ljós að hann hafði breytt uppskriftinni og hugðist gera að sinni. Þegar fólk áttaði sig á þessu svaraði stígvélaði maðurinn því til að hann færi bara að alveg eins og gamli uppskriftameistarinn í Brauðhúsum. Í raun og veru væri hann mikill uppskriftameistari sjálfur og þá skipti engu þótt frjókornunum hefði verið stolið. Hann væri hinn eini sanni Jón í Brauðhúsum og augu hans væru blá eins og í sakleysinu. Hér hættu þeir hægra megin að hlæja.

061104: Listir og samfélagsumræðan

I

Hversu mikinn þátt taka listamenn og fræðimenn á sviði mannvísinda í skoðanamyndun samfélagsins? Er hægt að segja að þessir tveir hópar eigi í samræðu við til dæmis stjórnámálamenn og fjölmiðla um grundvallarspurningar í þjóðlífinu? Taka þeir jafn mikinn þátt og til dæmis lögfræðingar? Eiga þeir ef til vill ekki jafn greiðan aðgang að umræðunni og lögfræðingar? Tala listamenn og fræðimenn kannski með þeim hætti að þeir séu vart viðræðuhæfir? Er kannski erfitt að bregðast með röklegum hætti við táknafráttum og kenningahröngli þessa fólks?

II

Sigfús Bjartmarsson skáld lýsir þeirri skoðun sinni í viðtali í *Lesbók* í dag að nú kalli margt á það að bókmenntirnar taki virkari þátt í skoðanamyndun og umræðu. Reyndar finnst honum að fræðimenn í húmanískum greinum mættu einnig láta meira í sér heyra. „En þeim finnst það kannski hægara sagt en gert. Sérhæfingin hefur náttúrlega fjarlæggt fræðin og þeirra vit frá fólkinu. Almennur skilur ekki einu sinni tungumálið. Og margur virðist annað hvort ekki nenna eða geta einfaldlega ekki brúað bilið. Ef það er eitthvað til í því að skáldin yrki aðallega hvert fyrir annað þá gildir það um margan fræðimanninn líka.“

III

Það er varla hægt að horfa fram hjá því að samfélagsumræðan fer fram á ólíkum plönunum - örugglega fleirum en þeim tveimur sem hér hafa verið nefnd - sem lítt eða ekkert snertast. Það er mjög sjaldgæft að til að mynda bókmenntaverk, kvikmynd, leikverk, hvað þá myndlist verði tilefni til umræðna um samfélagsmál - menntun, atvinnumál, siðferði, réttlæti, hugmyndafræði - á hinum pólitíska vettvangi, á Alþingi, í leiðurum dagblaðanna eða jafnvel í hinni endalausum umræðu fjölmiðlanna í spjallþáttum, fréttatengdum þáttum eða aðsendum greinum. Ástæðan getur að hluta til verið sú að fá listaverk nú um stundir fjalli um samfélagsmál eða hugmyndafræði. Ástæðan getur verið sú að fræðimenn hafi talað sig út í horn. Ástæðan kann einnig að vera sú að þeir sem fyrst og fremst taka þátt í opinberri umræðu líti svo á að það sem listamenn eða fræðimenn geri komi málunum lítið við. Enn ein ástæðan getur verið sú að orðræðuhættir - talsmáti, hugtakakerfi, vísanakerfi, menning - annars vegar stjórnámálanna og annarra sem mest ber á í hinni daglegu umræðu og hins vegar listamanna og fræðimanna séu svo ólíkir að sífellt sé talað í kross.

IV

Lesbók hefur í dag umfjöllun um bókavertíð haustsins. Að vanda er gríðarlegur fjöldi bóka að koma út. Kannski mætti í tilefni af þessu varpa einni spurningu út í þjóðmálaumræðuna: Hvaða máli skipta bókmenntir í íslensku samfélagi?

271104: Skáldsagan og samfélagsumræðan

I

Í allri þeirri mergð skáldsagna sem er að koma út þessa dagana er tilhneiging til þess að endurvekja samfélagslegt hlutverk þessa aldna og að mörgu leyti úr sér gengna bókmenntaforms. Stefán Máni skrifar um íslenska undirheima í bók sinni *Svartur á leik*. Stefán segist hafa stundað rannsóknir á undirheimalífinu meðan hann skrifaði bókina. Þráinn Bertelsson fjallar um íslenskt viðskiptalíf í bók sinni *Dauðans óvissi tími* en þar er svokölluð lykilsaga á ferðinni, persónur hennar þykja minna á menn sem hafa verið áberandi í þjóðlífinu undanfarin uppgangsár. Gerður Kristný fjallar um heim íslenskrar blaðaútgáfu um leið og hún varpar upp mynd af fjölskyldu í reykvískum samtíma í sögu sinni *Bátur með segli og allt*. Og áfram mætti telja.

II

Það er fyrir löngu búið að lýsa yfir dauða félagslegu skáldsögunnar. Hún varð úrelt í síðasta lagi í kringum 1980. Bandaríski rithöfundurinn Philip Roth tók í raun af skarið þegar hann sagði að amerískur veruleiki væri í raun furðulegri, óvæntari og sjúklegri en við gætum nokkurn tímann ímyndað okkur; veruleikinn slær við hæfileikum okkar til að semja sögu um hann. Ímyndunaraflið er með öðrum orðum ekki lengur nothæft tæki til þess að búa til óvænta sögu.

III

Í langri grein sem Jonathan Franzen, annar bandarískur skáldsagnahöfundur en af yngri kynslóð, skrifaði um stöðu skáldsögunnar árið 1996 lýsir hann áhyggjum sínum af því að skáldsagan virðist ekki hafa neitt hlutverk lengur í hinni samfélagslegu umræðu. Sjónvarpið hefur tekið við því hlutverki skáldsögunnar að lýsa og fjalla um samfélagsveruleikann. Skáldsagan er raddlaus, að mati Franzen, enda er hún ekki lesin lengur svo neinu nemi. Í örvæntingu sinni skrifaði Franzen bréf til eins af fremstu rithöfundum Bandaríkjanna, Dons DeLillo, og lýsti efasemdum sínum um þá iðju að skrifa skáldsögur. DeLillo svaraði á yfirvegaðan hátt og sagði að skáldsagan væri það sem skáldsagnahöfundar væru að fást við hverju sinni. „Ef við verðum hætt að skrifa stórar félagslegar skáldsögur eftir fimmtán ár þá þýðir það sennilega að skynbragð okkar á bókmenntir hefur breyst - við munum ekki hætta vegna þess að markaðurinn hefur ekki áhuga.“ DeLillo segir að rithöfundurinn fari ávallt sínar eigin leiðir, að hreyfiaflið búi innra með höfundinum en ekki í fjölda lesendanna. Og jafnvel þótt félagslega skáldsagan sé á heljarþröm þá muni hún ef til vill verða tekin alvarlegar sem grein í útrýmingarhættu.

IV

Að endingu leggur DeLillo þó áherslu á að skriftir séu höfundinum fyrst og fremst spurning um að lifa af: „Skrif veita einstaklingnum frelsi. Þau frelsa okkur frá því að verða hluti af múgsálinni sem við sjáum í mótun alstaðar í kringum okkur. Þegar upp er staðið munu rithöfundar ekki skrifa til þess að verða útlagahetjur í einhverri neðanjarðarmenningu heldur umfram allt til þess að bjarga sjálfum sér, til þess að lifa af sem einstaklingar.“ Það væri satt að segja mjög áhugavert að vita hvaða augum íslenskir höfundar líta skáldsöguna. Hvers vegna skrifa íslenskir höfundar skáldsögur? Til hvers skrifa þeir skáldsögur?

041204: Helgi Hálfðanarson og Völuspá

I

Það er sögð merkileg saga í grein Eysteins Þorvaldssonar í *Lesbók* í dag. Eysteinn segir frá bók Helga Hálfðanarsonar um Völuspá sem ber það skrytna nafn *Maddaman með kýrhausinn*. Þessa bók, sem kom fyrst út árið 1964 en var endurútgefin árið 2002, segir Eysteinn að sé athyglisverðasta rit sem birst hefur um Völuspá, þar séu settar fram kenningar og skýringar sem varpi nýju ljósi á margt sem fræðimenn hafi hingað til átt erfitt með að skilja í þessu forna kvæði. En það sem er merkilegt er að allar götur síðan Helgi gaf út þessa bók hefur hún legið í þagnargildi; fræðimenn á sviði fornþókmennta hafa nánast ekki veitt henni neina athygli. Eysteinn segir það „með ólíkindum að stofnanir og starfsmenn íslenskra fræða skuli í fjóra áratugi hafa þagað þunnu hljóði“ yfir kenningum Helga um Völuspá. Hér er ástæða til að staldra við og kanna hvað er á seyði.

II

Það er til þókmenntastofnun sem mótar viðhorf til þókmennta og skilning á þeim. Skilgreina mætti þókmenntastofnunina með eftirfarandi hætti: Sú opinbera og viðurkennda orðræða sem á sér stað um þókmenntir á hverjum tíma og þeir sem taka þátt í henni, hafa vald á henni. Hið opinbera, viðurkennda viðhorf myndast í samræðu sem á sér stað á opinberum vettvangi en hana má greina í nokkur lög. Þessi samræða er sýnilegust í fjölmiðlum eins og dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi. Undir henni liggur svo akademískari eða fræðilegri umræða sem birtist í þókmenntatímaritum á borð við *Skírni* og *Ritið*, tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Og slík umræða á sér einnig stað í bókum um þókmenntir og á málþingum og ráðstefnum af ýmsu tagi. Þessi fræðilega umræða skilar sér að vissu marki inn í fjölmiðlana sem styðja sig að meira eða minna leyti við hana. Annað lag er síðan þarna undir, ef við viljum skoða þetta á þessum lóðrétta skala, en það er sú samræða sem á sér stað inni í háskólastofnunum sem vel að merkja mennta og móta bróðurpartinn af þeim sem taka þátt í umræðunni á öllum fyrrnefndum plönum.

III

Það er þó einkum Háskóli Íslands sem er uppeldisstöð þeirra sem hafa vald á hinni viðurkenndu þókmenntaorðræðu, þar læra menn ákveðið klíkumál, læra að fara með ákveðin grunnhugtök og grunnhugmyndir sem eru lyklarnir að þókmenntastofnuninni, að hinni opinberu umræðu um þókmenntir. Þarna verða sem sé þókmenntafræðingarnir til sem verða síðan uppistaðan í orðræðusamfélagi þókmenntanna og það eru yfirleitt aðeins þeir sem geta í krafti þekkingar sinnar á opinberu orðræðunni brotið upp eða jafnvel umbylt viðteknum viðhorfum. Ef breyting verður á viðhorfum þá verður hún yfirleitt alltaf innan frá.

IV

Það er því hægt að tala um ákveðnar útilokunaraðferðir sem orðræðusamfélagið beitir. Þú þarft til dæmis að kunna skil á klíkumálinu, orðaforðanum, innanhringsgolfrönskunni, eins og Halldór Laxness kallaði það, til þess að geta tekið þátt í hinni opinberu umræðu um þókmenntir. Ef þú kannt ekki klíkumálið þá er ekki tekið mark á þér. Ef þú hefur ekki vald á hugtökum eins og „myndhverfing“, „allegoría“ eða „orðræðusamfélag“ þá ertu ekki gjaldgengur í umræðunni og þetta útilokar væntanlega bróðurpartinn af almenningi og áhugamönnum.

V

Helgi Hálfðanarson er lyfjafræðingur, þýðandi og áhugamaður um þókmenntarannsóknir. Í skýringum sínum og túlkun á Völuspá beitir hann ekki hefðbundnum aðferðum. Þótt hann skyggnist í handrit kvæðisins þá fylgir hann ekki

ströngum lögmálum textafræðinnar. Aðferð Helga felst í því að kanna form kvæðisins og nýta það til leiðbeiningar um efnisskipan þess, eins og Eysteinn skýrir. Þetta hafa hofprestarnir á Árnastofnun, eins og þeir hafa verið kallaðir, og aðrir gæslumenn þjóðararfsins hugsanlega ekki kunnað að meta og því ákveðið að hunsa bókina. Íslenska bókmenntastofnunin tekur hlutverk sitt alvarlega; hún stendur vörð um helgidóminn og hleypir, að því er virðist, engum að nema þeim sem kunna lykilorðin.

111204: Bækur ársins samkv. TLS og NYTBR

I

Breska bókmenntablaðið *Times Literary Supplement* hefur það fyrir sið að leita til nokkurra þekktra rithöfunda um að segja frá bókum sem þeim þykja merkilegastar á árinu. Mest áberandi í þessum óformlegu tilnefningum höfundanna að þessu sinni eru tvær bækur. *Cloud Atlas* eftir David Mitchell, breska bókmenntaundrið sem kallað hefur verið Thomas Pynchon sinnar tíðar. Mitchell var spáð Bookernum í grein sem birtist í *Lesbókinni* á liðnu hausti en svo fór þó ekki. Í *TLS* fær hann mikið hrós frá ekki ómerkari lesendum en til dæmis A.S. Byatt og Paul Binding. Hin bókin eru æskuminningar Richards Wollheim sem nefnast því skondna nafni *Germs* og komu út að honum látnum. Hún er sögð hrífandi, fyndin, afar sérstök og þykir minna á meistaraverk Prousts, *Í leit að glötuðum tíma*, án þess að vera með nokkrum hætti gamaldags. Meðal þeirra sem mæla með þessari bók eru bókmenntafræðingurinn Frank Kermode en hann segir hana undarlega og fallega skrifaða, einlæga en jafnframt íburðarmikla rétt eins og Rousseau væri skrifaður af Proust.

II

Meðal annarra bóka sem höfundarnir nefna eru hin nýja og umtalaða skáldsaga bandaríska rithöfundarins Philips Roth, *The Plot Against America*. Suður-afríski nóbelsverðlaunahöfundurinn Nadine Gordimer segir að eftir að Bush var endurkjörinn forseti Bandaríkjanna sé hægt að trúa sögu Roths um að Lindbergh hafi einu sinni verið kjörinn í embættið. Ástæðuna segir hún ekki vera þá að Bush aðhyllist nasisma. Ástæðan er sú að hún telur þá brennandi fylgispekt þjóðarinnar við valdamennina sem birtist í endurkjörinu, á meðan synir hennar og dætur koma heim í líkpokum hvert á fætur öðru og myndir birtast af limlestum líkum í Írak, hún telur slíka fylgispekt merki um ákveðinn sjúkleika. „Stórkostleg skáldsaga,“ segir Gordimer.

III

Í *The New York Times Book Review* frá síðustu helgi eru birtir listar yfir athyglisverðustu bækur ársins að mati blaðsins. Í skáldsagna og ljóðaflokki eru auk *Cloud Atlas* og *The Plot Against America* meðal annars nefndar *Aloft* eftir Chang-Rae Lee, *The Amateur Marriage* eftir Anne Tyler, *The Falls* eftir Joyce Carol Oates, *I am Charlotte Simmons* eftir Tom Wolfe, *The Jane Austen Book Club* eftir Karen Joy Fowler, smásagnasafnið *The Lemon Table* eftir Julian Barnes, *Magic Seeds* eftir V.S. Naipaul og smásagnasöfnin *Men and Cartoons* eftir Jonathan Lethem og *Oblivion* eftir David Foster Wallace.

181204: Klíkur póstmóðernista

I

Sögur herma að til standi að gera bíómynd um íslensku pómó-maffuna. Bókaforlagið Bjartur mun framleiða myndina enda dytti engum öðrum það í hug, Friðrik Þór Friðriksson leikstýrir enda fallinn af stallinum og Marlon Brando afturgenginn mun fara með hlutverk guðföðurins Ástráðs Eysteinsonar. Myndin mun heita *Guðfaðirinn og gengi hans* og lýsa inn í dimmustu kima íslenska menningarglæpasamfélagsins þar sem höfundurinn er drepinn, skáldsagan er úrelt, sannleikanum er gefið á kjaftinn, veruleikinn fær spark í rassinn, hefðin er snúin úr háslíðnum og orðræður eru endalausar og fjalla eingöngu um sjálfar sig. Kvikmyndin mun og innihalda löng og flókin hugtök af erlendum uppruna enda bönnuð innan BA-prófs.

II

Íslensk klíkustarfsemi hefur beðið alvarlegan hnekki ef marka má frásagnir blaða undanfarna daga um hópamyndanir í bókmenntaheiminum; þær virðast allnokkrar en vandinn er sá að sama fólkíð er nánast í þeim öllum. Einu sinni skiptust menn í fylkingar eftir greinilegum línunum, það var á gósentíð tvenndarhugsunar og kalds stríðs; í þá daga lét enginn spyrjast að hann tilheyrði báðum klíkunum og einungis dramatískar breytingar á lífsskoðun eða gamaldags eiginhagsmunapot gátu orðið til þess að stigið væri yfir víglínuna sem var dregin skýrum dráttum í landslagið; en hver svo sem ástæðan var voru viðkomandi ævinlega taldir svikarar fyrir lífstíð. Nú eru engin skýr mörk, að því er virðist, nánast allir eru í öllum klíkum og enginn skilur neitt í neinu þótt delfísk skilaboð berist frá blaðaútgáfunni Vé-Frétt.

III

Og það er einmitt kjarni málsins: Það veit orðið varla nokkur maður hvernig landið liggur. Ástandið sem kallað er póstmóðernismi einkennist ekki síst af upplausn hugmyndakerfa. Hinir svokölluðu póstmóðernistar hafa unnið að því hörðum höndum síðustu áratugi að rífa niður þær hugmyndir sem okkur var farið að þykja sjálfsagður sannleikur. Og þar sem þeirra aðalstarf hefur verið að brjóta niður múra og ganga þvert á markalínur hefur verið afar erfitt að staðsetja þá. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að póstmóðernistar eru á gráa svæðinu sem einn úr hópi hinna forhertustu segir að sé róttækasta afstaða sem hægt sé að taka nú um stundir: á gráa svæðinu ertu algerlega ófyrirsjáanlegur.

IV

Þessi vandi við að staðsetja póstmóðernista og reikna þá út birtist með afar skýrum hætti í tilraunum blaða til þess að kortleggja íslenska bókmenntaheiminn. Þær misheppnast vegna þess að klíkustarfsemi þrífst af augljósum ástæðum ekki á gráa svæðinu. Og það er kaldhæðnislegt að niðurstöður þeirra eru eingöngu réttar að því leyti að þær staðfesta hugmyndir um að við lifum nú á upplausnartímum póstmóðernismans.

080105: Íslensk menning

I

Í riti sínu *Íslensk menning* bendir Sigurður Nordal á að rithöfundur sé „engu ónauðsynlegra að kunna að þegja en segja, þó að hann yrði ekki rithöfundur, ef hann byndist allra orða“. Blaðamenn eru undir sömu sökina seldir, ef þeir kynnu að þegja - að minnsta kosti á réttum stöðum - þá væri þessi heimur sennilega öllu betri. Og reyndar er það svo að neðanmálsritara hefur oft langað til að þegja þegar íslensk menning er annars vegar og hann hefur reyndar oft þagað.

II

Íslensk menning er eitt af undarlegustu sköpunarverkum heims, svona löng og slitin, í stöðugri verðandi, alltaf að rífa sig upp, gera sig breiða, alltaf að uppgötva eitthvað nýtt en samt umfram allt gömul, þó fyrst og fremst í bókum en einnig í fáeinum gripum frá fyrri tíð til matargerðar, sjósóknar og heyvinnu en á síðasta ári var einmitt tekið í notkun endurnýjað og glæsilegt Þjóðminjasafn til að sýna þessa muni. Nordal var annt um samhengið í þessari sögu en það var á tímum þegar menn trúðu á Hegel og að allt myndi á endanum koma saman í einum algerum anda.

III

Í *Lesbók* í dag eru birt skrif nokkurra einstaklinga um íslenska menningu árið 2004. Slíkar greinar mætti skrifa með ýmislegum hætti, út frá óteljandi sjónarhornum og því augljóst að hér er ekki kveðinn upp neinn stóridómur. Tilgangurinn er þó öðrum þræði að reyna að fanga anda liðins árs, þefa af réttunum og vita hvort minningar vakna, kanna erindi þeirra sem létu til sín taka, kanna hvort það sé líf á plánetunni íslensk menning. Eins og margoft hefur verið sagt er saga samtímans ómögulegt verkefni og því ekki nokkur leið að sjá einhverja heildarmynd, þetta eru brot og brotabrot sem gefa hugmynd um það hvað gerðist. Úr þessum greinum má þó lesa ákveðna bjartsýni sem er eitt af höfuðeinkennum íslenskrar menningar, það er alltaf mjög bjart framundan þrátt fyrir þaulsætna þokubakkana út við sjóndeildarhring. Þetta þýðir þó ekki að árið hafi verið átakalaust. Líklega var þetta eitt mesta átakaár í íslenskri menningu um langt skeið. Bókmennta- og fræðaheimurinn deildi um ævisagnaskrif og höfundarrétt, lyktir í svokölluðu málverkafölsunarmáli vöktu reiði meðal margra sem töldu að nú væri íslensk menning að syngja sitt síðasta og undir lok árs magnaðist upp mikil umræða um leikhúslíf landsmanna sem sumum þótti ganga sinn vanagang en öðrum þótti vera um það bil að fjara út. Líklega valda slík hnútköst sumum áhyggjum en það er í raun aldrei jafn gaman og upplífandi að fylgjast með íslenskri menningu og þegar hún logar í illdeilum. Þetta var því gott ár og það er líklega bjart framundan.

III

Íslensk menning er þó langt frá því að vera komin á endastöð, samhengi hennar er alls ekki ljóst, niðurstaða hefur ekki fengist í nokkrum sköpuðum hlut. Ef svo ólíklega myndi vilja til að við kæmumst að einhverri niðurstöðu um samhengi hlutanna í íslenskri menningu skulum við þakka saman og halda aftur út á haf.

2005

150105: Súpersæsað með þresti

I

Um daginn keypti neðanmálsritari sér McDonaldshamborgara í bílalúgunni við Suðurlandsbraut. Hann fékk sér BigMac-stjörnumáltíð með stækkun, súperstækkun enda hafði hungurpúkinn feiti nagað allt bitastætt innan úr maganum. Vanalega gerir ritari þetta ekki, hann borðar varla nokkur tíma McDonaldshamborgara og hann hafði aldrei súpersæsað áður en nú lá mikið við og enginn tími til að hugsa eða elda. Hann lagði bílnum í stæði á planinu fyrir framan veitingastaðinn og hóf átið.

II

Fljótlega tók hann eftir því að nokkur hópur af akfeitum smáfuglum hafði safnast saman á malbikinu við hlið bílsins. Þeir spígsporðu fram og til baka eins og þessir fuglar gera og ritari sá ekki betur en þeir gjóðu augunum öðru hverju til hans. Líklega voru þeir að bíða eftir því að hann henti til þeirra bita. Ritari veitti því ekki frekari athygli og hélt áfram að gæða sér á hamborgaranum með risaskammtinum af frönskum og kók. Mínútur liðu og ritara þótti maturinn allgóður. Áður en langt var liðið flaug feitasti þrösturinn upp af malbikinu og settist með þó nokkrum fyrirgangi á hliðarspegilinn á bíl ritara. Og nú var ekki um að villast lengur, þrösturinn vildi fá að éta hamborgarann með ritara. Fuglinn horfði inn um rúðuna með augnaráði sem ritari hélt að söngfuglar ættu ekki til. Hann fékk gæsahúð, hann hafði heldur aldrei séð svo stóran og feitan þröst. Eftir að þeir tveir höfðu horfst í augu um stund rétti ritari eina franska kartöflu upp að rúðunni þar sem dýrið sat til að athuga hvort það myndi bera sig eftir fæðunni. Fuglinn goggaði fast í rúðuna, tikk tikk, tikk tikk. Ritari fann hvernig kaldur hlátur hreiðraði um sig í maga hans og þrýsti sér upp í gegnum kokið, hoh. Síðan varð hann reiður. Fjandans frekja er þetta! Og hvað eru þessir fuglar að hugsa! Hnöttóttir af fitu! Þeir drepast úr hjartaáfalli! Ritari hélt áfram að éta og hunsaði þröstinn á speglinum. Hann kláraði hamborgarann fljótt en það var enn langt til botns í kartöfluöskjunni. Þegar síðasti bitinn hvarf upp í ritara stökk fuglinn eldsnöggt yfir á húdd bílsins beint fyrir framan hann, sneri sér þar í einn hring og skeit. Það kom tókallsstór hvítur kúkur á svart lakkið. Síðan flaug kvikindið upp og allir fuglarnir með að bíl sem viðskiptavinur hamborgarabúllunnar hafði rétt í því lagt skammt frá.

III

Þessi saga af matargrimmd borgarfugla er ekki einsdæmi. Í *Morgunblaðinu* í gær var sagt frá gæsum sem réðust að konu og barni, sem hugðust gefa fuglunum brauð, og gleyptu á endanum bíllykla konunnar. Haft var eftir starfsmanni borgarinnar að gæsirnar séu aðgangsharðar á þeim stöðum sem þær eru fóðraðar. Þetta er fremur svæsin hegðun og óhugnanleg en kannski speglast í henni hvaða áhrif óhófið hefur. Einu sinni sungu þrestir á grein, gæsir görguðu eða flugu tignarlegar yfir, börn léku sér og fólk hafði tíma til að hugsa og elda.

220105: Bush og L-orðið og F-orðið

I

George W. Bush var vígður inn í embætti forseta Bandaríkjanna annað kjörtímabil sitt í vikunni. Í sjónvarpsviðtali á CBS-sjónvarpsstöðinni af þessu tilefni spurði fréttamaður Bush hvort hann mætti spyrja hann út í L-orðið. Bush þóttist hvergi bregða og spurði hvort það væri Laura (sem er nafn eiginkonu hans). Fréttamaðurinn hló við og sagði, nei, hehem, það er orðið „legacy“, hvernig viltu að dómur sögunnar um forsetatíð þína hljóði? Tja, svaraði forsetinn, ég held ég verði nú í fyrsta lagi ekki hér þegar sá dómur fellur. En þú hlýtur að velta þessu fyrir þér, ítrekaði fréttamaðurinn og forsetinn átti svolítið erfitt með sig: Æ, ja, eiginlega, ég held að eh, ja, hvað segirðu um þetta: George W. Bush notaði hinn mikla áhrifamátt Bandaríkjanna til þess að breiða út frelsi, bæði heima og erlendis.

II

Sennilega má deila um það hvort heimurinn verði sífellt frjálssari. Hins vegar gæti heimurinn verið að stefna í átt að meira frjálsslyndi. Á þessu er munur. Á fyrra kjörtímabili Bush gerðist það til dæmis sem engum datt í hug að gæti gerst í Ameríku: Sjónvarpsþáttur sem fjallar um lesbískar ástir sló í gegn meðal almennings. Þátturinn heitir einmitt *L-orðið* eða *The L word* og hefur verið sýndur hér á landi um nokkurt skeið við góðar undirtektir. Á sama tíma og Bush lagði til að stjórnarskrá Bandaríkjanna yrði breytt þannig að hjónaband samkynhneigðra yrði bannað - og frelsi þeirra þar með skert - virtist hugarfar almennings á allt annarri leið, einmitt í átt að meira frjálsslyndi.

III

Líklega hafa margir það á tilfinningunni að frelsistal Bandaríkjaforseta sé óttalegt orðagjálfur. Það liggur eiginlega alveg í augum uppi að einhvers staðar á langri leið hefur inntak þessarar séramerísku orðræðu trosnað, orðið að klisju, hugmynd sem gegnsýrir svo umræðuna að fólk er löngu hætt að velta upprunalegri merkingu hennar fyrir sér. Líklega hefur engum fréttamanni dottið það í hug einusinni að spyrja Bush um F-orðið enda myndi það líklega kveikja erfiðari hugrenningatengsl en svo að forsetinn fengist til þess að svara. Það væri samt mjög áhugavert að heyra skilgreiningu Bandaríkjaforseta á hugtakinu „frelsi“.

IV

Sjónvarpsþættinum *The L word* hefur verið lýst sem hinseginútgáfunni af *Sex and the City* eða *Beðmálum í borginni* sem nutu gríðarlegra vinsælda hér á landi sem í Bandaríkjunum. *Beðmálin* þóttu rífa niður tröllvaxna siðgæðismúrana í Ameríku. Þar töluðu fjórar vinkonur í New York nánast látlaust um kynlíf sitt í fimmtíu mínútur á viku. Þetta hafði aldrei sést áður í bandarísku almenningssjónvarpi. *The L Word* stígur vissulega skrefinu lengra og nú eru hafnar sýningar á arftaka Beðmálanna á UPN-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum er nefnist *Girlfriends*. Þar er einnig sagt frá fjórum bersöglum vinkonum en munurinn er sá að tvær þeirra eru blökkukonur. Það telst líka talsverður áfangi í Ameríku.

050205: Myrkrið í borginni

I

Nú er myrkur í Reykjavík. Það hangir yfir henni eins og dómsdagur. Ljósín kvikna seint og illa. Það getur varla nokkur maður vitað hvert hann stefnir. Myrkrið er bara klofið og látið skeika að sköpuðu um hvað fyrir verður. Og þetta myrkur hvílir ekki aðeins yfir götum borgarinnar - lýstar af ljóskerum sem hanga úti á enda heljarlangra staura sem slúta framyfir sig einn og einn á stangli vítt og breitt um bæinn - þetta myrkur hvílir yfir öllum leiðum í skipulagi hennar. Allar liggja þær til fjalla, upp á heiðar og út í móa, einkum út í móa, hraðbrautir inn í myrkrið. Fólk er líklega löngu búíð að gefa upp alla von um að það finnist nokkurn tímann leið út úr þessum fjára, borgin verður á endanum úti á heiðinni, kaln á sál og líkama.

II

Enn einn borgarstjórinn er kominn til sögunnar í Reykjavík. Hann er ungur, af alveg nýrri kynslóð borgarstjóra. Hann hefur áhuga á skipulagi og er menntaður í sagnfræði, veit um myrkur miðaldanna, tíma grútartýrunnar í borginni, steinolíubyltinguna og gasstöðvarundið sem kveikti 207 ljósker á götum bæjarins snemma hausts 1910 og svo auðvitað rafvæðingu borgarinnar. En samt talar hann um nauðsyn þess að hafa flugvöll í Vatnsmýrinni eins og fyrirrennarar hans. Nauðir nú. Hvenær lýkur þessari sögu? Hver stígur hjól hringekjunnar af svo miklum krafti? Hver er sá vondur maður sem stendur á bak við þetta plott? Hver er flækjan? Hvenær kemur lausnin? Deus, hvar ertu nú?

III

Það hefur lengi verið myrkur í Reykjavík. Í lok nítjándu aldar skrifaði Gestur Pálsson skáld svona um þennan stað: „...í flestum húsum einhverjar ljóstýrur fyrir heimilisfólkið, ætíð það minnsta, sem komist verður af með, og fyrir utan þennan fátæklega ljóshring, sem þessar „familíu“-týrur gera, ekkert nema kolsvart myrkur, niðdimm nótt, sem ekki veit af því, að nokkurt ljós eða nokkur himinn sé til.“ Nú er ljósið í Reykjavík ofan í jörðinni. Þar hleypur það eftir leiðslum frá Orkuveitunni sem hirðir hins vegar ekki um að lýsa okkur veginn ofanjarðar. Þar er einna helst ljós frá bílamergðinni sem rennur eftir hraðbrautunum stystu leið upp á heiði. Líklega endum við neðanjarðar, þar er framtíðin og skynsemin, er okkur sagt, ljósglæta undir moldum sem mun leiða okkur inn í nýja tíma, inn í ofbirtu viskunnar, upplýsingu á ljóshraða - við bíðum eftir ofurveru í neðraveldi þar sem myrkrið hefur vikið að eilífu.

IV

Hvenær tekur þessi vitleysa enda? Hvenær lýkur þessu hernámi Vatnsmýrarinnar? Það eru sextíu ár síðan stríðinu lauk! Hvaða ósköp eru þetta? Hvenær í ósköpunum ætlar myrkrið að víkja úr þessari borg? Við bíðum. Og við bíðum. Við bíðum. Enn blaktir ekki á skarinu í Ráðhúsinu.

120205: Algjör efnishygga

I

Það góða við strúktúralismann er að hann fellir sjálfsagða hluti í kerfi. Það góða við póststrúktúralismann er að hann rífur niður öll kerfi um sjálfsagða hluti. Það góða við það sem kemur eftir póststrúktúralismann hlýtur þá að vera að það býr til nýja heimsmynd sem verður ekki sjálfsögð, eins og sú sem við höfum nú glatað, heldur eitthvað miklu, miklu betra.

II

Veruleikinn er þarna, segir Páll Skúlason í viðtali í *Lesbók* í dag. Þetta eru góð orð og raunar huggunarrík fyrir fólk sem hélt um tíma að veruleikinn væri jafnvel horfinn fyrir fullt og allt sem haldgott viðmið; hann væri einungis til í mistráustum orðum og hugmyndum. Nei, veruleikinn er þarna og hann er miklu, miklu stórkostlegri en við getum nokkru sinni ímyndað okkur, hann er stærri en öll okkar orð, hann er merkilegri en allar okkar hugmyndir, að mati Páls.

III

Hugsanlega er veruleikinn hið nýja viðmið sem hljómar samt eins og einhver brandari vegna þess að ef veruleikinn er þarna þá hefur hann alltaf verið þarna og allt það sem við segjum og hugsum er og hefur alltaf verið viðbrögð við honum. En kannski verður veruleikinn ekki hið nýja viðmið heldur sú afstaða að hann sé tvímælalaust þarna og við skyldum hætta að ímynda okkur eitthvað annað, að hann sé horfinn, að það sé ekkert til að tala um nema það sem býr innan í sjálfum okkur og það sem við segjum um það sem býr innan í sjálfum okkur - sú afstaða að við segjum loksins skilið við Hegel og þá díalektísku draumsýn hans að við munum að endingu finna hinn algera anda og snúum okkur frekar að því sem við höfum fyrir framan nefið á okkur, hinn alltumvefjandi, áþreifanlega og ótrúlega augljósa veruleika.

IV

Það vill reyndar svo til að þessa afstöðubreytingu, þetta nýja viðmið, hafði franskur póststrúktúralistinn Michel Foucault spáð um í frægustu bók sinni *Les mots et les choses* eða *Orðin og hlutirnir* sem kom út um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Í lok þeirrar bókar gekk Foucault þvert á kenningu Hegels og hélt því fram að maðurinn sem ríkjandi viðmið og algildur útgangspunktur í fræðum og vísindum væri um það bil að deyjja drottni sínum, að þurrkast út smátt og smátt eins og andlit dregið í fjörusand, og við tæki hinn algeri efnislegi veruleiki.

V

Foucault gekk að vísu skrefinu lengra en Páll sem vill ekki segja skilið við manninn, útiloka hann. Páll vill að við tölum um veruleikann eins og hann sé þarna, og hann vill að við tölum um hann eins og við sjáum hann en ekki eins og við upplifum hann. Það verður hins vegar að segjast eins og er að ríkjandi hugarfar gagnvart náttúrunni hér á landi, sem Páll er að andmæla í bók sinni um Öskju og viðtalið fjallar um, minnir óþægilega mikið á það ástand sem Foucault lýsti sem algerri efnishyggu.

260205: Samræður Íslendinga

I

Kunna Íslendingar að tala saman? Kunna þeir að komast að niðurstöðu? Eða er hringavitleysan og móaflanið það eina sem Íslendingar kunna? Hvers vegna er svona erfitt að hefja umræður um hluti hér á landi? Hvað gerir það að verkum að ef einhvern langar til að ræða ákveðið efni á þessu landi þá er viðmælandinn nánast umsvifalaust farinn að snúast í kringum sjálfan sig eins og skopparakringla eða hlaupinn út í móa að elta lóaspóa? Þarf þetta virkilega að vera svona? Erum við virkilega svona?

II

Hver eru lögmál samræðunnar? Þau eru eftirfarandi: Tveir eða fleiri ræða saman með það að markmiði að komast að niðurstöðu. Og hvernig komast þeir að niðurstöðu? Með því að hlusta á orð hins, leggja skilning sinn í þau og svara síðan með það í huga að reyna að fikra sig nær einhvers konar niðurstöðu. Það er til annars konar samræða sem er mikið stunduð hér á landi, og kannski er það eina samræðan sem stunduð er á Íslandi um þessar mundir. Þetta er pólitísk samræða en hún er af allt öðrum toga en hin fyrrnefnda. Þar ræða tveir eða fleiri saman með það að markmiði að komast *ekki* að niðurstöðu; þátttakendur stefna orðum sínum ætíð gegn hver öðrum án þess að hugsa um röklegan framgang. Pólitísk samræða á þannig margt skylt með pólitískum áróðri en honum trúir enginn heilvita maður.

III

Þessi vanþekking á list samræðunnar birtist ekki aðeins í umræðum um flest þjóðþrifamál landsins, eins og til dæmis um stöðu og stefnu Íslensku óperunnar í þessari viku, heldur og í borgarlandslaginu. Á þetta var bent í grein um viðbyggingar í miðbæ borgarinnar í síðustu *Lesbók* og í dag er fjallað um skort á heilbrigðri samræðu milli nýbygginga við Sæbrautina í Reykjavík. Þegar íslenskir arkitektar teikna ný hús eða viðbyggingar virðast þeir oft og iðulega stefna byggingum sínum gegn byggingunum sem eru fyrir án þess að skeyta nokkuð um röklegan framgang, hvað þá fagurfræðilegt samhengi. Milli Borgartúns og Sæbrautar hafa á undanförunum árum risið sex nýjar og miklar byggingar hlið við hlið án þess að taka nokkurt tillit til útlits eða inntaks hvor annarrar. Hið sama virðist gilda um Laugaveginn sem hefur verið í umræðunni síðustu vikur. Guðni Elísson fjallar um byggingarlist hans í fjölmiðlapistli sínum ofar á þessari síðu og kemst að þeirri niðurstöðu að þar sé heldur ekkert samhengi að finna: „Laugavegurinn gerir nefnilega þá kröfu til áhorfandans að hann takist á við fjölpætt ferlegheit frá ólíkum tímasteiðum í íslenskri byggingarsögu,“ segir Guðni og setur skoðun sína fram umbúðalaust: „Laugavegurinn er ljótur.“

IV

Er hugsanlega kominn tími til að Íslendingar læri eitthvað um samræðu, hvernig hún fer fram, hver sé tilgangur hennar, hvert sé gildi hennar? Kjarni málsins er þessi: Það sem sagt er hefur ekkert gildi nema það sé sagt við einhvern sem nennir að hlusta.

050305: Hollywood í íslenskum bíóhúsum

I

Það er merkileg þversögn fólgin í Óskarsverðlaununum sem veitt voru um síðustu helgi. Þau eru almennt talin meðal virtustu kvikmyndaverðlauna en jafnframt eru þau yfirleitt talin ómarktæk vegna þess að þau eru fyrst og fremst markaðsverðlaun og bundin hinni óstöðvandi og, að því er virðist, hugsunarlausu framleiðsluvél í Hollywood. Um þessa þversögn fjallar Árni Þórarinsson í Sjónarhorni í *Lesbók* í dag.

II

Það er sorgleg staðreynd að íslensk bíómenning skuli vera undir jafn miklum áhrifum af Hollywoodvélinni og raun ber vitni. Á síðustu tveimur áratugum eða svo hefur varla nokkuð annað verið sýnt í íslenskum kvikmyndahúsum en dellumakeríð úr þessari borg. Fyrir vikið hafa án mikils vafa vaxið úr grasi nokkrar kynslóðir Íslendinga sem þekkja varla aðra kvikmyndagerð en þessa. Það mætti líkja þessu við það að bókmenntaútgefendur á landinu hefðu varla gefið út annað en Morgan Kane og bækur eftir Danielle Steele í tuttugu ár. Ljóst má vera að bókmenntalegu uppeldi þjóðarinnar hefði þá farið mjög hrakandi sem lýsti sér einna helst í því að hér seldust ekki aðrar bókmenntir en þær sem líktust fyrrnefndum verkum. Einmitt þetta virðist vera vandinn við íslenska kvikmyndahúsamenningu nú um stundir, myndir sem ekki eru framleiddar í Hollywood eiga ekki upp á pallborðið hjá íslenskum bíógestum nema í undantekningartilfellum. Við upphaf Óskarshátíðarinnar um síðustu helgi kannaði hinn bráðfyndni og beitti kynnir, Chris Rock, kvikmyndaáhorf Hollywoodborgara með óformlegum hætti. Könnunin - sem fór fram á skyndibitastað - leiddi í ljós að fáir ef nokkrir þeirra sem spurðir voru höfðu séð myndir á borð við *Sideways* og *Closer*, sem ekki eru framleiddar í Hollywood, og reyndar heldur ekki sumar þeirra Hollywoodmynda sem voru tilnefndar, en allir höfðu þeir séð einhverjar Vin Diesel-myndir og *White Chicks*. Líklega yrði niðurstaðan ekki ósvipuð hér á landi.

III

Margar ádrepur sem þessar hafa verið skrifaðar undanfarin ár. Enn eru Hollywoodmyndirnar samt í miklum meirihluta þeirra mynda sem sýndar eru í íslenskum kvikmyndahúsum. Líklega er ástæðan sú að rekendur húsanna telja sig ekki geta grætt á því að sýna aðrar myndir. Það er út af fyrir sig eðlilegt viðskiptalegt viðhorf og líklega rétt sem slíkt. En skyldi ástæðan fyrir því hugsanlega vera sú Hollywoodstefna sem rekin hefur verið í húsunum á undanförunum áratugum?

120305: Ísfrétt: ráðfræðingar ráðherra

I

Útvarp Reykjavík. Ísfrétt.

Hafís nálgast landið. Reiknað er með því að hann muni leita inn á flóa og firði hvað úr hverju. Vindar standa upp á okkur. Það blæs köldu. Landið er ískalt þessa dagana.

Undir núlli. Og spurt er: Hversu langt undir núlli hættir líf að þrífast? Eða: Hversu langt undir núlli þolir siðferðiskennd okkar við?

II

Nýjustu fréttir úr Útvarpinu herma að hafísinn sé kominn að landi. Fréttir herma að hafísinn sé nú genginn á land. Fréttir herma að hafísinn liggi á okkur eins og mara. Fréttir herma að hafísinn hvíli á brjóstum okkar. Fréttir Ríkisútvarpsins herma að hafísinn hafi nú tekið völdin. Fréttir Útvarpsins herma að íslenska Ríkið sé nú undir núlli á siðferðiskvarða. Líf er í hættu á ísa köldu landi.

III

Upphaf núllsins má, samkvæmt *Vísindabókinni* sem kom nýlega út hjá Máli og menningu, rekja til Indlands. „Á 7. öld notuðu stærðfræðingar oft orð til að tákna fjarveru tölustafs í talnakerfi sínu þar sem staða tölustafs skipti máli (þannig aðgreindu þeir til dæmis 305 frá 35 eða 350). Smámsaman var farið að nota punkt í stað orðs og að lokum varð til hringur eða núll,“ segir í bókinni. Þetta minnir á aðferðafræði við ráðningar í opinberar stöður á Íslandi þrettán öldum síðar.

Ráðfræðingar, stundum nefndir ráðherrar, nota oft ráðsmenn sína til að tákna fjarveru starfsmanns í ríkiskerfi sínu þar sem staða starfsmanns skiptir máli. Þannig aðgreina þeir til dæmis þóknanlega starfsmenn frá þeim sem eru þeim ekki þóknanlegir. Og eins og núllið getur táknað ekki neitt þegar stærðfræðingurinn vill það þá getur ráðsmaður ráðfræðingsins táknað ekki neitt vilji hann það. Og rétt eins og núllið getur einnig táknað mögnun upp í óendanlegar stærðir þá getur ráðsmaðurinn verið notaður til að magna upp mál í óendanlegar stærðir. Núllið hefur því enn numið ný lönd inni í óendanlegri vitleysunni.

IV

Landið liggur undir ísi. Við erum fiskar sem synda hægt, ofurhægt undir næturþungum ísi. Blóð okkar er kalt. Það rennur hægt, ofurhægt í æðum okkar.

190305: Borgarvitund, samfélagsvitund

I

Talað er um borgar- og samfélagsvitund í grein um borgarskipulagið í *Lesbók* í dag. Hvað er borgarvitund? Er það að kunna að búa í borg? Og hvað er samfélagsvitund? Er það að kunna að búa í samfélagi? Ef svo er þá er það líklega rétt sem fram kemur í viðtali við Salvöru Jónsdóttur í áður nefndri grein að Íslendingar hafi ekki sterka borgar- og samfélagsvitund.

II

Íslendingar kunna illa að búa í borg. Ástæðan virðist vera sú að þeir eiga ekki langa borgarmenningu eins og flest önnur Evrópulönd. Íslendingar eru tiltölulega nýfluttir á mölina. Og það eru líklega ekki nema um það bil fimmtíu ár síðan Reykjavík fór að taka á sig einhvers konar borgarmynd. Og þar sem hún var byggð af sveitamönnum að stórum hluta fengu áttahagsjónarmið að ráða miklu um skipulag hennar. Menn þurftu mikið land undir húsin sín, þeir þurftu tún og þeir þurftu fjallasýn. Og vegna þess að Reykvíkingar hafa ekki vanist miklu nábyli í dreifbyggðri borginni sinni hafa þeir heldur ekki þróað með sér sterka borgar- og samfélagsvitund.

III

Hægt væri að nefna óteljandi dæmi um þetta. Eitt óhuggulegasta dæmið um lélega borgar- og samfélagsfærni Reykvíkinga er umgengnin í miðbænum um helgar. Þeir sem ganga þar um á sunnudagsmorgnum verða iðulega vitni að ástandi sem varla getur talist siðuðu samfélagi til sóma. Glerbrot og annað drasl úti um allt, mannlegur úrgangur á stéttum og grasbölum, ruslatunnur sem hefur verið tortímt, ljósastaurar og annað skraut sem hefur verið eyðilagt af svo miklu hugmyndaflugi að undrun sætir. Þetta eru afleiðingar hinnar íslensku fylleríssamkomu sem fer fram um hverja helgi árið um kring í miðbæ höfuðborgarinnar. Halldór Laxness sagði að íslenski fyllirafturinn væri skrímsli sem tilheyrði sérstökum kapítula náttúrufræðinnar enn óskrifuðum: „Sú fullnaðaruppgjöf og fótumtroðsla mannlegs virðuleiks sem einkennir venjulegan Íslending undir áhrifum áfeingis er óhugsanleg meðal siðaðra manna.“ Þetta skrifaði Halldór árið 1945 og enn erum við að horfa upp á aðfarir hinnar íslensku borgarbullu í Reykjavík.

IV

Auðvitað mætti gagnrýna borgaryfirvöld fyrir að láta ekki þrifa borgina nægilega hratt og vel eftir þessi gleðilæti. Það er satt að segja dapurlegt að sunnudagaskólabörn skuli þurfa að verða vitni að þessum dæmalausum sóðaskap. En við gætum líka horft í eigin barm, hvert og eitt okkar.

090405: Tákningar og lýðræði

I

Í upphafi er allt upprunalegt, segir Jean Baudrillard og í kjölfarið kemur rökleiðsla sem fær sumu til að kalla þennan Fransmann fátalning frekar en fræðimann: Veröldin á sér ekkert jafngildi. Þessi fullyrðing gæti verið skilgreining á veröldinni. Hún gæti líka verið skilgreiningarvandi hennar í hnotskurn. Veröldin á sér ekkert jafngildi, engan tvífara, enga tákmynd, enga spegilmynd. Spegillinn myndi vera hluti af veröldinni sjálfri hver svo sem hann væri. Og það er ekki nægilegt rými fyrir bæði veröldina og tvífara hennar. Sökum þessa er ekki til nein staðfesting á því að veröldin sé til. Þetta er ástæðan fyrir því að „raunveruleikinn“ er blekking. Veröldin er talsýn þar sem það er ekki hægt að staðfesta að hún sé til. Þessi óvissa um tilveru veraldarinnar hefur lengi verið eitt af meginviðfangsefnum mannsandans sem hefur átt erfitt með að trúna því að það væri eitthvað til fyrir utan hann sjálfan - orðið veröld er jú hugtakið maður tvítekið. Margir hafa styrkst í trúnni en aðrir veita því stöðugt meiri athygli hvernig maðurinn vinnur jafnt og þétt að því að ræna veröldina upprunaleikanum. Fjallað er um veldi hins tilbúna tákneims mannsandans í grein Jóns Karls Helgasonar á miðopnu *Lesbókar* í dag.

II

Ef lýðræði þýðir að lýðurinn eigi að ráða þá hlýtur það að vera andlýðræðislegt að lýðurinn megi ekki andmæla ráðagerðum ráðamanna, jafnvel þótt þeir hafi verið lýðræðislega kjörnir til þess að ráða fyrir málum lýðsins. Eða er það ekki allt að því óþægilega afhjúpanði dæmi um umskipti á ágætri hugmynd að setja fólki stólinn fyrir dyrnar í kerfi sem snýst um almenning og er á allan hátt haldið uppi af almenningi? Nei, það er eins og að hafa sporð fyrir haus þegar manni er sagt að mótmæli - og jafnvel þótt það séu harkaleg mótmæli - hins almenna vinnandi manns séu óþörf og meira að segja algerlega óæskileg afskipti af því hvernig hlutirnir eiga að vera. Og þá vaknar enn einu sinni spurningin sem ennþá hefur ekki tekist að svara svo vel sé: Hverju á ríkið að ráða? Fjallað er um ríkið í grein Torfa H. Tuliniusar á baksíðu *Lesbókar* í dag.

III

Við erum afurð fortíðarinnar, sagði forveri Baudrillards í franska stórskotaliðinu, Michel Foucault. Í hugsunum okkar og orðum býr allt það sem þegar hefur verið sagt og gert. Spurningin er að geta bætt einhverju við. Til þess þarf að þekkja hefðina til hlítar. Sjö rithöfundar skrifa um helsta áhrifavald sinn á næstu opnu. Á forsíðunni eru birt nöfn áhrifavalda í listum og menningu. Þar vantar mörg nöfn, eitt þó sérstaklega.

160405: Camus og Kriegel um Foucault

I

Myndin um Albert Camus í Sjónvarpinu á miðvikudagskvöld olli kannski svolitlum vonbrigðum. Sá sem lék skáldið var ekki mjög sannfærandi í hlutverkinu, kannski oflék hann, það var að minnsta kosti eitthvert holrúm í túlkuninni, bak við sljó augun í þessum annars eldspúandi dreka sem Camus var. Sennilega hefði verið betra að láta Steven Berkov leika skáldið, hann hefði kveikt í Camus.

II

Blandine Kriegel hélt fyrirlestur um annan franskan heimspeking Michel Foucault í Alliance Française á fimmtudagskvöld en hún var annar tveggja samstarfsmanna hans ásamt François Ewald. Hún var eini starfandi fræðimaðurinn á rannsóknarstofnun Foucaults í College de France en hún segist ekki hafa verið lærisveinn hans: „Foucault átti enga lærisveina,“ sagði Kriegel, „það stríddi gegn hugmyndum hans og skapgerð, hann þoldi ekki tilhugsunina um að eiga sér einhvers konar þjóna eða sporgöngumenn.“ Kriegel bætti við að það væri heldur ekki hægt að halda áfram verki Foucaults einfaldlega vegna þess að hann skildi ekki eftir sig neina arfleifð, „ekkert verk eða tíðaranda í hegelskum skilningi. Það gat ekkert komið í staðinn fyrir Foucault og hann vissi það sjálfur; það fór enginn í skóna hans“. Kriegel varpaði á margan hátt nýju ljósi á þennan áhrifamikla fræðimann í erindi sínu en um þessar mundir fer fram mikið endurmat á kenningum hans í Frakklandi og víða um heim.

III

Kriegel talaði um Foucault sem listamann. Í huga Foucaults voru skrif - sem var listform hans - endurreisn orðræðunnar, sagði Kriegel. „Þau voru ekki tilraun til að líkja eftir heiminum eða lýsa vitundarlífinu. Fagurfræði hans er afstraksjón, hið óhlutbundna; áræði hans gekk líka stundum þvert á hefðbundin sjónarmið, rétt eins og Jackson Pollock gerði; eftir því sem Pollock færði sig meira út í afstraktið því meira styrkti hann eigin stíl. Á sama hátt jókst hugvitssemi Foucaults og frumleiki eftir því sem hann afneitaði viðfangsefninu meira, dró úr sköpunarkraftinum, hafnaði nafni sínu, afneitaði einkennum sínum, hafnaði höfundarmarki sínu og dró úr ákafanum.“ Að mati Kriegel sýndi Foucault mikla hæfileika en þeir voru annað og meira en bara hæfileikar listamanns, hann bjó yfir stórfenglegum ritstíl en það var ritstíll sem gekk þvert á hugmyndir um það hvað höfundur er. Sjálfur sagði hann: „Ég stunda ákveðna tegund af sagnfræðilegum skáldskap. Á vissan hátt veit ég að það sem ég segi er ekki satt. Von mín er sú að bækur mínar muni verða sannar á sínum eigin forsendum þegar þær hafa verið skrifaðar.“

IV

Kriegel spurði hvers konar maður Foucault hefði verið og svaraði: „Hann var fyrst og fremst hugrakkur maður; hann hafði hugrekki til að hugsa.“

230405: Íslenskt leikhús og markaðsandstöðupráhyggja gagnrýnenda

I

Birgir Sigurðsson leikskáld talar um gerviveröld leikhúsanna í viðtali í *Lesbók* í dag. Hann segir að allt gangi út á „show“. Hann telur að þetta eigi við um leikhús um allan heim. Birgir er ekki einn um þessa skoðun. Á síðustu árum hefur leikhús orðið uppteknara af umbúðunum en innihaldinu. Þetta er einkar áberandi hér á landi. Sýningar eru settar upp með þvílíkum umbúnaði að það hálfra væri nóg. Leikmyndir, búningar, ljósasjó og hljóðmyndir svokallaðar eru yfirgnæfandi í hverri sýningunni á fætur annarri. Þetta á bæði við um sýningar á nýjum verkum og klassískum. Þessi mikla og líklega mjög dýra umgjörð hefur einnig áhrif á leik sem er undantekningarlítið afar stílfærður, eiginlega farsakenndur þótt efni og inntak leikverkanna kalli ekki alltaf á slík tilþrif. Hreyfingar eru stórar og klossakenndar, svipbrigði eru einhvers konar geiflur, framsögn er öfgakennd og fyrir vikið er lítil von til þess að það bæriskt einhver realísk tilfinning í kroppi áhorfandans. Hugsanlega hefur Birgir rétt fyrir sér um að sýndarvera og gervimennskan sem einkennir samfélagið almennt hafi smitast inn í leikhúsið með þessum hætti. En hver sem ástæðan kann að vera er sýn leikskáldsins að minnsta kosti hnýsileg.

II

Birgir telur að sýndarveruleikinn hafi einnig náð tökum á bókabransanum, meira að segja ritdómar séu orðnir fullir af innihaldslausri orðræðu auglýsinganna. Þetta kallast skemmtilega á við umræðu um bókmenntagagnrýni á gagnrýnendaþingi *Morgunblaðsins* fyrir skömmu. Þar var því haldið fram af talsmanni Félags íslenskra bókaútgefenda, Kristjáni B. Jónassyni, að ritdómarar væru haldnir „markaðsandstöðupráhyggju“. Taldi Kristján að gagnrýnendur væru ekki í takt við lesandi almenning í landinu vegna þessa. Stefán Máni rithöfundur andmælir því harðlega í grein í *Lesbók* í dag að gagnrýnendur eigi að taka mið af mati markaðarins við skrif sín um bókmenntir.

III

Rök Kristjáns voru reyndar afar athyglisverð. Hann hélt því fram að bókmenntir samtímans væru afsprengi gríðarlega umfangsmikillar markaðssetningar á hugmyndum sem hófst með uppfinningu Gutenbergs á prentvélinni, fyrsta tækinu sem gert var til fjöldaframleiðslu. Að setja sig upp á móti markaðnum væri því eins og að setja sig upp á móti prentun bóka yfirleitt og jafnvel bókmenntunum. Málflutningur Kristjáns var mjög í anda kanadíska fjölmiðlafræðingsins Marshalls McLuhans sem talaði einmitt um stjörnuþoku Gutenbergs í þessu sambandi og heimsþorpið sem væri afleiðing af rafrænni miðlun upplýsinga. Og raunar gerði Kristján sig sekan um sömu mistökina og McLuhan var gagnrýndur hvað harðast fyrir, að trúa blint á möguleika tækninnar, að gera ráð fyrir því að markaðurinn og/eða efnahagsleg öfl létu tækninni eftir að dreifa hugmyndum og upplýsingum og þar með valdi. Auðvitað er prentið dýrleg uppfinning, það er enn mikilvægasta markaðstorg hugmyndanna, en eins og á öllum markaðstorgum gilda lögmál framboðs og eftirspurnar einnig í bókmenntunum: það eru einhverjir að reyna að selja verk og aðrir sem vilja kaupa þau; gagnrýnendur eru eins konar miðlarar í þessum viðskiptum og því þátttakendur í leiknum, en þeir eiga ekki og mega ekki verða leiksoppar lögmála hans.

300405: Ljóð

I

Það er gefið út mikið af ljóðum þessa dagana. Ekki verður betur séð en að minnsta kosti fjórir hafi sent frá sér ljóðabók á þessu vori. Gyrðir Elíasson skrifar draumljóð í bók sinni *Upplitað myrkur*. Þar er ljóðið Á Gljúfrasteini sem lýsir heimsókn sofandi manns í vinnuherbergi Laxness. Skáldið hefur nýlega skrifað bók um Jónas Hallgrímsson „í ljósu bandi með fallegu lettri/og rauðu í titilsíðu“. Skáldið gefur gestinum eintakið og hann ekur með það heim um lágnættið: „Þegar ég vaknaði morguninn eftir/og leit syfjulega yfir heildarsafn HKL,/kom einkennilega við mig að sjá ekki/bókina þar, því ég mundi vel/að við heimkomuna hafði ég sett/hana milli Kristnihaldsins/og Dagleiðar á fjöllum“. Ljóðið hefur undirtitilinn Sýndarveruleiki en það er alveg öruggt, algjörlega pottþétt að þessi bók er til í hillu einhvers á milli *Kristnihaldsins og Dagleiðar á fjöllum*.

II

Njörður P. Njarðvík er líka á slóðum draumaskálda í bók sinni *Aftur til steinsins*. Hann fer í hús Pablos Nerudas í samnefndu ljóði: „Við þessa glugga/var gott að vakna/með sýn til sjávar“ segir í ljóðinu sem lýkur á tilvitnun í orð Nerudas: „Sérhvern morgun/lífs míns/dreg ég úr draumi/annan draum“. Jónas Þorbjarnarson yrkir einnig til skálda í bók með sýndarverufræðilegum titli, *Hvar endar maður?* Í ljóðinu Fylgiröddum dvelur hann ásamt tveimur Bukowski-klisjum við greinaskrif í sumarhúsi í Vaglaskógi, önnur: „vogar sér aldrei/að hugsa segja skrifa nema eitthvað vogað“ og hin: „fylgir nú af skátalegri einurð/nýjustu innhandbók/þarf oft að fletta upp áður en svarar“.

III

Fjórða ljóðabókin sem komið hefur út á undanförunum dögum er eiginlega ekki ljóðabók, eða: hún er ekki ljóðabók frekar en við viljum, hún er safn prósa eftir Steinar Braga og heitir *Útgönguleiðir*. Þetta er vegamynd, þeysireið um samtímamann, full af holdi, blóði, gori, fýlu, djöfulgangi en líka náttúru og hversdagslegum hlutum. Hér er á köflum óljóst um sýnd og reynd. Og sambandið verður stundum lélegt. Stundum eins og það sé talað til þess eins að fylla upp í þögnina: „Ég opna munninn til að segja eitthvað en hika, ég finn það - hvernig ég þagna, eins og ég geti ekki meira, ég þegi og hún líka og við þegjum öll saman og hlerum.“

030905: Þorsteinn Gylfason og tákn

I

Lesbók sóttist eftir að fá að birta erindi eftir Þorstein Gylfason um tákn fyrr á þessu ári. Þorsteinn sagði að það ætti að birtast í afmælisriti um Pál Skúlason heimspeking (*Hugsað með Páli* sem nú er komið út hjá Háskólaútgáfunni) og því ekki hægt að prenta það annars staðar. Skömmu síðar kom hann á blaðið og þakkaði áhugann með því að færa umsjónarmanni *Lesbókar* erindið útprentað. Það var fallega gert.

II

Í erindinu fjallar Þorsteinn um tákn út frá sjónarmiði Ferdinands de Saussures sem setti fram kenningu um þetta fyrirbæri í byrjun síðustu aldar sem hefur orðið áhrifamikil, einkum meðal málfræðinga, mannfræðinga og bókmenntafræðinga. Eins og Þorsteinn rekur var það draumur Saussures að setja saman allsherjarkenningu um tákn. Saussure taldi að tákn væru hendingar, merking þeirra réðist af hendingu. Það er til dæmis tilviljun að hundur skuli heita hundur og kýr kýr. Þetta taldi hann vera þýðingarmeira einkenni á mennsku máli en fólk hefði almennt gert sér grein fyrir eða allt þar til hann benti á það.

III

Saussure vissi að hugmyndin um allsherjarkenningu væri líklega bara draumur og færir Þorsteinn rök fyrir því í erindi sínu. Hann segir að tákn séu of sundurleit til þess að hægt sé að smíða allsherjarkenningu um þau og líklega sé heldur engin ástæða til þess að glíma við slíkt verkefni: „Kraftaverk Krists eru tákn í allt öðrum skilningi en krossinn er tákn kristindómsins. Og ör púls táknar sótthita í enn öðrum skilningi. Eða könguló sem táknar systur manns samkvæmt draumráðningabók. Eða pottbrot í jörðu sem eru tákn þess að þar hafi búið fólk. Um svona dæmi er nærtækast að spyrja: hvers vegna í ósköpunum skyldum við vilja **kenningu** sem fjallar á einu bretti um sjúkdómseinkenni, dýr í draumum og kraftaverk? Eða umferðarljós, spor í sandi og þjóðfána? Þurfum við slíka kenningu til að varpa ljósi á mælingar á sjúkrahúsum, umferðarreglur, fornleifar, þjóðerni og drauma? Svári þeir sem vita.“

IV

Þorsteinn bendir enn fremur á að hendingarkenning Saussures sé alls ekki vel til þess fallin að varpa ljósi á fjölmörg tákn sem við erum vön að líta á sem slík. Það er til dæmis ekki tilviljun að vogarskálar tákna réttvísi og það er heldur ekki tilviljun að hönnun Þjóðleikhússins, það er að segja byggingarinnar sjálfrar, minnir á álfhamar. Þessi tákn eru greinilega af öðrum meiði en þau sem Saussure talaði um en eru engu að síður venjuleg tákn samkvæmt íslenskri málvenju.

100905: Bókmenntir og umheimurinn

I

Á Bókmenntahátíð í Reykjavík er að þessu sinni lögð áhersla á samband skáldskapar og umheims, snertifleti við pólitíska framvindu síðustu ára og alþjóðlega þróun. Það er líklega fátt sem þarfnast meiri umræðu í bókmenntum og listum nú um stundir en einmitt sambandið við umheiminn, pólitíkina og atburði á alþjóðlegum vettvangi. Það er satt að segja stundum auðvelt að fá það á tilfinninguna að heimur bókmennta og lista skarist afskaplega lítið við þann heim sem við köllum veruleika eða samfélag, heiminn sem fjölmiðlar reyna til dæmis að endurspegla dag frá degi, stundum af mjög veikum mætti. Að sumu leyti virðast bókmenntirnar ekki hafa mikinn áhuga á því sem er að gerast utan þeirra og að sumu leyti virðast þær hreinlega ekki vera nægilega gott tæki til þess að fjalla um ytri heim. Að minnsta kosti virðast til dæmis skáldsögur ekki oft ná máli í pólitískum umræðum samtímans, þær koma ekki oft til tals þegar til dæmis stórvíðburðir ríða yfir lönd og þjóðir, þær eru ekki nefndar jafnvel þótt þær hafi fjallað um atburði í líkingu við þá sem eiga sér stað í raunheimum. Hvað veldur?

II

Í upphrópunarpistli annars staðar á þessari síðu veltir Hermann Stefánsson því fyrir sér hvort fólk hafi andúð á fagur- eða hábókmenntum. Hann telur raunar að svo sé. Segist hafa heyrt talað með þeim hætti á mannamótum. Á sömu stöðum segist hann hafa orðið var við óvild í garð spennusagna sem nýlega hafa reyndar fengið þegnrétt í íslensku bókmenntakerfi. Hugsanlega er ástæðan fyrir því að bókmenntir ná ekki í gegn í almennri umræðu um hugmyndir, stjórnmal og atburði í heiminum sú að fólk er illa við þær, þykir þær þarflaus iðja, eitthvert dútl við orð sem hefur verið hafið upp yfir annað daglegt stúss af hálfgerðum misskilningi, að minnsta kosti sé nú orðið erfitt að sjá til hvers menn ættu að standa í þessu rjástli við orð meðan þeir gætu tekið til hendinni og annaðhvort smíðað eitthvað sem að gagni kæmi í heiminum eða notað orðin til þess að ræða um raunveruleg málefni. Að mati Eiríks Guðmundssonar, sem skrifar hugleiðingu í tilefni af Bókmenntahátíð í Reykjavík á næstu síðu, er reyndar kominn tími til þess að rithöfundar spyrji sig þeirrar spurningar til hvers þeir eru að skrifa bókmenntir.

III

„Það er orðið svo langt síðan ég hef heillast algerlega af skáldsögu að það er nánast dapurlegt,“ segir Stefán Máni í þriðju greininni um bókmenntaástand sem birt er í *Lesbók* í dag. Stefán Máni telur að skáldsagan sé komin að leiðarlokum, hún eigi í raun lítið erindi við lesendur lengur, hún geti ekki lengur kallað fram þau áhrif sem hún þyrfti að gera. Og hann spyr: Er líf eftir skáldsögunum? Líklega fæst ekki svar við þessari spurningu í bráð og efasemdir um gildi bókmenntanna fyrir heiminn munu sennilega halda áfram að sækja á fólk um sinn. Nema einhver þeirra höfunda sem heiðra bókmenntahátíðina að þessu sinni kunni einhver svör, huggunarorð eða stríðssöng.

221005: Jakob F. og póstmódernismi

I

Jakob F. Ásgeirsson var í *Silfri Egils* um síðustu helgi vegna útkomu fyrsta heftis nýs tímarits sem hann ritstýrir og nefnist *Þjóðmál*. Af samtali þeirra Egils mátti skilja að tímaritinu væri meðal annars stefnt gegn póstmódernískum straumum í þjóðfélaginu. Jakob hefur áður lýst andúð sinni á póstmódernisma en þó iðulega með þeim formerkjum að enginn vissi hvað þetta fyrirbæri væri. Það er reyndar mjög undarlegt að vera andvígur einhverju sem maður veit ekki hvað er en í samtalinu við Egil Helgason endurtók Jakob þetta samt og líka þær aðfinnslur sínar að það væri bara einhver fámenn klíka sem aðhylltist þennan isma og hann einkenndist af „stórhættulegri afstæðishyggju“. Það á líklega við um fleiri hluti hér á landi að þeir eigi sér aðeins fámenna fylgishópa en það var hins vegar rétt sem Egill benti á að hið póstmóderníska menningarástand hefði áhrif langt út fyrir fámennar klíkur. Egill gerði þannig hárréttan greinarmun á þeirri aðferðafræði sem kennd hefur verið við póstmódernisma (eða póststrúktúralisma) og því sögulega ástandi sem kallað hefur verið þessu sama nafni.

II

Ef orð Jakobs eru rétt skilin þá er honum fyrst og fremst illa við hina póststrúktúralísku aðferðafræði og „klíkuna“ sem aðhyllist hana. Þessa aðferðafræði segir hann einkennast af stórhættulegri afstæðishyggju en hann hefur hins vegar ekki útskýrt enn hvað hann á við með þeim orðum. Það er alveg hægt að tala um afstæðishyggju þegar póststrúktúralisminn er annars vegar en það er líka og kannski miklu frekar hægt að kenna hann við róttæka efahyggju. Póststrúktúralistarnir sem ruddust fram á sviðið á sjöunda áratugnum efuðust um hinar miklu byggingar mannsandans. Uppruni hugmyndanna sem héldu kenningarkerfunum saman var skoðaður og afhelgaður, viðtekin hugtök voru rifin í sundur til að sjá hvernig þau voru saman sett í raun og veru, orðræða um tilteknar hugmyndir og kenningar var greind til þess að komast fyrir um það hverjir töluðu og hverjir ekki, hvernig þeir töluðu og til hvers; byggingarnar voru með öðrum orðum afbyggðar. Þessi árás á vestræna hugsunarhefð fór fyrir brjóstið á mörgum og gerir það greinilega enn. Hún hefur hins vegar skilað sér í dýrmætri endurnýjun á hugvísindum.

121105: Blaðið og skjárinn

I

Við höfum sífelldar áhyggjur, við erum áhyggjudúkkur. Nú þegar bókatíðin er hafin höfum við áhyggjur af því að hún muni áður en langt um líður hljóta sömu örlög í menningu okkar og heyskapartíðin og síldarvertíðin svo ekki sé talað um sláturtíðina - hún muni verða ekki mikið annað en nafnið tómt, kannski bara ljúfsár minning eða fylliríshátíð með þjóðlagaívafi á einhverjum forlagskontór sem hefur glatað rómantísku andrúmi sínu eins og sveitirnar á sumrin og firðirnir fyrir norðan og austan. En eru þessar áhyggjur á rökum reistar? Eru bækurnar á undanhaldi?

II

Ef marka má grein sem birtist í breska dagblaðinu *The Independent* nú í vikunni þurfum við ekki að hafa miklar áhyggjur sem stendur en stafrænu tækninni fleygir samt hraðar fram en nokkurn getur órað fyrir. Í greininni heldur vísindablaðamaðurinn Charles Arthur því fram að fólk lesi æ minna en ekki bara vegna þess að færri dagblöð seljast nú en nokkru sinni í Bretlandi og Bandaríkjunum (hann nefnir ekki ókeypis blöðin) og að í þeim standi færri orð en fyrr á tíð heldur einnig vegna þess að fólk les meira og meira af skjátexta og þann texta les það mun hægar en prentaðan texta, raunar helmingi hægar. Sé lesið af pappír kemst fólk almennt yfir 300 orð á mínútu (þeir hraðlæsu ná allt að 1.000 orðum) en á skjá getur fólk lesið að meðaltali 150 orð á mínútu og á handheldum tækjum aðeins 50 til 80 orð á mínútu. Skilningur á skjátexta er enn fremur verri.

III

Ástæðan fyrir þessu er sú að augun þurfa að hafa meira fyrir því að nema stafi á skjá en prenti og enn meira á handheldum tækjum. Upplausnin á skjánum er enn of lítil til þess að geta keppt við prentið sem þýðir að punktarnir sem mynda stafatáknin standa ekki nægilega nálægt hver öðrum. Þeir sem hyggjast kaupa sér tölvuskjá ættu, að sögn Arthurs, að hafa hann með eins mikilli punktaþjöppun og hægt er, sé hún 0,25 millimetrar eða meiri er hún góð. Það er þó fjarri því að nálgast upplausn prentsins en þar er hægt að koma fyrir 2.500 punktum á hverri tommu („dots per inch“ eða dpi) en tölvuskjái koma mest 72 punktum fyrir á hverri tommu. Það er ekki furða þótt augun þreytist. Í ofanálag bætist öll sú truflun sem augað verður fyrir á tölvuskjá sé lesið á netinu, til dæmis af blikkandi auglýsingum og endalausum skruninu upp og niður síðuna.

IV

Tölvuframléiðendur vinna að því hörðum höndum að bæta upplausnina á skjám sínum en gengur hægt. Á síðasta ári kynntu Sony, Philips og fyrirtæki sem nefnist E-Ink tæki sem þau nefna Librié í Japan. Skjár þess kemur fyrir 170 punktum á hverri tommu. Prentið hefur því vinninginn enn sem stendur og bókatíðin íslenska virðist ekki í bráðri hættu. Sennilega kemur þó að því að við getum lesið jafn hratt á skjá og blaði, kannski kemur að því að skjárinn verður að blaði.

191105: Fowles

I

Enski rithöfundurinn John Fowles lést 5. nóvember síðastliðinn. Hann var einn af tilraunaglöðustu og leikglöðustu rithöfundum Breta á sjöunda, áttunda og níunda áratugnum en síðan hefur varla heyrst frá honum. Síðasta skáldsagan hans, *A Maggot*, kom út árið 1985. Hann sendi frá sér greinasafnið *Wormholes* árið 1998 og í fyrria birtist hluti dagbóka hans, *The Journals. Volume I*, en titillinn bendir til að hann hafi stefnt að því að gefa út meira af þeim. Skáldskapurinn lét hins vegar á sér standa. Líklega eiga margir eftir að velta því fyrir sér hvers vegna.

II

Fowles var sennilega frægastur fyrir skáldsögurnar *The Magus* og *The French Lieutenant's Woman* en báðar komu þær út á sjöunda áratugnum. Sú síðarnefnda og fyrsta skáldsaga Fowles, *The Collector* (1963), hafa komið út í íslenskum þýðingum Sigurðar A. Magnússonar og Magnúsar Rafnssonar. Aðrar skáldsögur hans eru *The Ebony Tower* (1974), *Daniel Martin* (1977) og *Mantissa* (1982). Þetta eru ekki margar skáldsögur en í þeim tekst Fowles að spanna gríðarlegt svið í skáldsagnaritun allt frá raunsæi til þróðustu tilraunastarfsemi. Í grein um *Ástkonu franska lautinantsins* segir Ástráður Eysteinnsson um verk Fowles: „Í sögum hans ríkir iðulega mikil frásagnargleði sem og óskeikul tók á hefðbundinni frásagnartækni; honum er í lófa lagið að skapa bráðlifandi persónur og kvíkt umhverfi, og fella þetta saman í hrífandi framvindu realískrar sögu.“ Ástráður segir að því sé gjarnan haldið fram að leita verði aftur til hinna miklu raunsæishöfunda Breta á nítjándu öld svo sem Dickens og George Eliots til að finna ofjarla Fowles í raunsönnu samspili persóna og samfélags: „En Fowles er vakandi fyrir því að nútíma-sagnagerð hefur ekki hvað síst einkennst af andófi gegn þessari hefð, og í sögum sínum, að þeirri fyrstu ef til vill frátalinni, grefur hann látlaust með annarri hendi undan þeim söguheimi sem hann skapar með hinni.“

III

Fowles var menntaður í frönskum bókmenntum frá Oxford-háskóla og hafði sérstakt dálæti á Camus og Sartre. Hann var kominn af íhaldssamri fjölskyldu sem bjó í fínu úthverfi Lundúna. Hann sagðist alla ævi hafa reynt að flýja undan uppvextinum í þessu umhverfi. Hann virðist eigi að síður hafa tekið eitthvað af íhaldsseminni í arf því fyrrnefnd dagbókarskrif hans, sem birtust á síðasta ári og spanna árin 1965 til 1990, lýsa meðal annars andúð á samkynhneigðum, gyðingum og íslam. Í breskum fjölmiðlum hefur þetta verið dregið fram á undanförunum dögum. Í *The Guardian* er meðal annars vitnað í kostuleg skrif Fowles um eiginkonu sína í dagbókunum: „Hún þolir ekki landið, hún þolir ekki húsið, hún þolir mig ekki, hún þolir ekki líf mitt sem rithöfundur og í kaupbæti þolir hún auðvitað ekki sjálfa sig heldur. Að eiga heima hérna er eins og að klifra upp á fjall með lík á bakinu. Öðru hverju er maður verðlaunaður með góðu útsýni eða hamingjustundum. En síðan byrjar líkið að kvarta, orga.“

101205: Pinter og Nóbél og Bush

I

Breska leikskáldið og andófsmaðurinn Harold Pinter hlýtur nóbelsverðlaunin í bókmenntum í dag. Hann getur reyndar ekki veitt þeim viðtöku sjálfur vegna veikinda en á miðvikudaginn hélt hann nóbelsræðu sína í beinni útsendingu á netinu sem hann hefði annars flutt við hátíðlega athöfn í Stokkhólmi í dag. Hann þakkaði fyrir sig með eitruðum sendingum til ráðamanna valdamestu þjóða heims og hernaðarbrólti þeirra fyrir og nú. Nóbelsverðlaunahafar hafa raunar löngum verið harðskeyttir pólitískir gagnrýnendur - eða að minnsta kosti samfélagslega ábyrgir í verkum sínum - og víkur Pinter því ekki langt frá hefðinni þótt það sé reyndar óvenjulegt að hann hefur varla starfað sem rithöfundur svo heitið geti í tuttugu ár heldur miklu fremur sem andófsmaður. Í ræðu sinni spyr Pinter reyndar: Hvað hefur orðið um siðferðisvitund okkar?

II

Pinter beinir spjótum sínum einkum að utanríkisstefnu Bandaríkjamanna og Breta en það hefur verið helsta umfjöllunarefni hans síðustu tvo áratugi eða svo en þeim tíma hefur hann ekki varið til leikritaskrifa heldur aktífrar andstöðu við ríkisstjórnir þessara landa. Ræðan er þannig eins og ágætis upprifjun á mörgum þeim greinum sem Pinter hefur skrifað undanfarin ár í nafni málstaðarins - og sem fyrir er hann magnaður. Titill ræðunnar er Art, Truth & Politics eða List, sannleikur og stjórnsmál og í samræmi við hann leiðir Pinter okkur frá sannleikann í listum til sér hjartfólgnara máls sem er sannleikurinn í stjórnsmálum. Munurinn er sá að í listum er enginn einn sannleikur til, í listum er enginn greinarmunur gerður á raunveruleika og óraunveruleika eða sannleika og lygi, en þegar kemur að samfélagslegum eða pólitískum veruleika verður maður að spyrja: Hvað er satt? Hvað er lygi? Pinter bendir hins vegar á að stjórnsmálamaður séu sjaldnast uppteknir af sannleikanum, þeirra ær og kýr séu völdin. Og til þess að halda völdum segir hann nauðsynlegt fyrir stjórnsmálamann að fólk sé fávíst um það hvernig hlutirnir eru í raun og sannleika. „Við lifum því í þéttriðnu neti lyga sem við sækjum okkur næringu í,“ segir Pinter. Eftir örstutta lýsingu á því hvernig verk hans verða til upp úr einni setningu, einu orði eða mynd fjallar hann í löngu máli um utanríkisstefnu Bandaríkjanna frá lokum seinni heimsstyrjaldar sem hann segir hafa snúist um að styðja við eða stofna til allra þeirra hægriöfgasinnuðu herstjórna sem sögur fara af þessi sextíu ár. Hann segist eiga við Indónesíu, Grikkland, Úrúgvæ, Brasilíu, Paragvæ, Haítí, Tyrkland, Filippseyjar, Gvatemala, El Salvador og auðvitað Síle: „Hörmungarnar sem Bandaríkjamenn ollu Sílebúum árið 1973 verður aldrei hægt að má burt og aldrei hægt að fyrirgefa.“ Hann segir að hundruð þúsunda manna hafi látið lífið í þessum löndum. „Eða hvað? Dó allt þetta fólk? Og hefur dauði þess verið settur í samband við utanríkisstefnu Bandaríkjanna? Svarið er já,“ segir Pinter, „þetta fólk dó og dauði þess tengist utanríkisstefnu Bandaríkjanna. En þú myndir bara aldrei hafa frétt af því.“ Og Pinter heldur áfram: „Það gerðist aldrei. Það gerðist aldrei neitt. Jafnvel á meðan það var að gerast gerðist það ekki. Það skipti ekki máli. Það kom engum við. Glæpir Bandaríkjanna hafa verið kerfisbundnir, viðvarandi, grimmilegir, samviskulausir en samt hafa mjög fáir talað um þá í raun og veru. Maður verður að viðurkenna að Bandaríkjamenn hafa komið sér upp mjög vísindalegri misnotkun á valdi um heim allan á sama tíma og þeir sigla undir fána hins algóða afls. Þetta er eitursnjöll, jafnvel bráðfyndin og einstaklega vel heppnuð dáleiðsla.“

III

Í lok ræðunnar dregur Pinter þá ályktun að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að reyna að skilgreina hvað sé *raunverulega satt* í þessum heimi. Það sé skylda okkar. Ef við heykjumst á því pólitíska verkefni eigum við enga möguleika á að endurheimta mennsku okkar. Pinter spyr í ræðunni hvað hafi orðið um siðferðisvitund okkar. Gárungarnir kunna að spyrja á móti: Hvað varð um bókmenntirnar?

171205: Pamuk og réttarhöldin

I

Í gær voru réttarhöld yfir tyrkneska rithöfundinum Orhan Pamuk, sem ákærður hefur verið fyrir nið gegn tyrkneskri þjóðarvitund, stöðvuð af dómara skömmu eftir að þau höfust. Dómarinn sagði vafa leika á því hvort lög sem gera nið um þjóðarvitundina refsivert ættu við í máli Pamuks.

II

Upphaf málsins er að Pamuk lét hafa það eftir sér í viðtali við svissneskt dagblað í febrúar síðastliðnum að „30.000 Kúrdar og ein milljón Armena hafi verið myrtir á þessum slóðum og enginn nema ég þorir að tala um það“. Orð hans vísuðu til þeirra sem voru myrtir í átökum Tyrkja við kúrdíska uppreisnarmenn, sem stóðu í tvo áratugi, og Armena sem voru drepnir í Ottómanveldinu á dögum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Í fréttum af málinu segir að samkvæmt nýjum hegningarlögum í Tyrklandi geti sá sem móðgi tyrkneska þjóðarvitund, tyrkneska lýðveldið eða þingið átt yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsisdóm. Hafa sumir saksóknarar byggt á þessu ákæru á hendur þeim sem gagnrýna meðferð tyrkneskra yfirvalda á minnihlutahópum, einkum Armenum og Kúrdum. Lögmenn Pamuks halda því aftur á móti fram að orðin sem hann lét falla hafi verið sögð nokkrum mánuðum áður en lögin tóku gildi. Dómari greip því til þess ráðs að fresta réttarhöldunum til sjöunda febrúar á næsta ári.

III

Málið hefur vakið gríðarlega athygli enda fáheyrt núorðið að svo grímulausar tilraunir séu gerðar til þess að hefta málfrelsi meðal evrópskra þjóða. Svo vill reyndar til að Tyrkland hóf fyrir skömmu aðildarviðræður við Evrópusambandið. Hefur sambandið sagt að vandlega verði fylgst með réttarhöldunum yfir Pamuk og er ekki ólíklegt að niðurstaðan í þeim geti haft áhrif á það hvort Tyrkland kemst inn í sambandið.

IV

Skemmst er þó að minnast þess að kanadíska skáldkonan Margaret Atwood gerði málið að umfjöllunarefni í opnunarræðu sinni á Bókmenntahátíð í Reykjavík í september síðastliðnum og sagði meðal annars að Íslendingar ættu að taka tyrkneska rithöfundinn Orhan Pamuk í guðatölu vegna þess að guðir hinnar norrænu ásatrúar komu upphaflega frá Tyrklandi, eins og talað væri um í Snorra-Eddu, eða að minnsta kosti gera hann að heiðursborgara vegna þess að hann hefur sýnt að hann er jafnsjálftæður í hugsun og jafnóhræddur við að láta skoðanir sínar í ljós og Íslendingar hafa ætíð verið.

V

Atwood talaði um tilgang bókmenntahátíða og sagði þær fjalla um og fagna tungumálinu og réttinum til að beita því og bætti við: „Hvers vegna eru kúgunarstjórnir svona hræddar við þá sem segja sannleikann? Hvers vegna handtaka þær og bæla og pynta og drepa rithöfunda um alla veröld? Ástæðan er yfirleitt sú sama, vegna þess að þeir segja það sem allir vita en enginn þorir að færa í tal. Þvinguð þögn er eftirlætisvopn kúgaranna. Að segja sögu þjóðar sinnar eins og hún var í raun og veru er hugrekki vegna þess að sannleikurinn er aldrei sléttur og felldur; þeir sem leiða hann í ljós eru heldur aldrei vinsælir meðal ríkjandi valdamanna. En rithöfundar eins og Orhan Pamuk og Halldór Laxness eru ekki hér til þess að skjalla okkur og fela sannleikann.“ Þess má geta að í *Lesbók* verður fljótlega fjallað um glænýja bók Pamuks, *Istanbul*, en þar rekur hann saman ævi sína og sögu borgarinnar sem hann fæddist í og hefur aldrei skilið við síðan, að eigin sögn.

311205: Haugurinn sem blasir við heima: Íslensk menning

I

Íslensk menning hefur sennilega aldrei gert það eins gott í útlöndum og á árinu sem er að líða. Og líklega hefur íslensk menning aldrei verið jafnmikils virði í peningum talið og einmitt á þessu ári. Það er svo annað mál hvort íslensk menning hafi aldrei verið jafngóð og nú, jafnmerkileg, jafnmikilvæg, jafnfróðleg, jafndjúp. Það er eitthvað sem segir manni að svo þurfi ekki endilega að vera en það kunna að vera fordómar aftan úr rómantískri fortíð þegar menningin átti að vera hrein og ósnert af gráðugum fingrum peningavaldsins. Fuss og svei!

II

En hvað gerðist? Hvers vegna er íslensk menning, sem í aldir hefur haft á sér sérþjóðlegt yfirbragð, allt í einu orðin alþjóðleg? Og hvers vegna kostar hún svona mikið? Þetta hófst kannski með Björk þó að íslenskir tónlistarmenn hafi auðvitað gert víðreist fyrir hennar tíð. Í kjölfar hennar fylgdu aðrir íslenskir rokkarar eins og Sigur Rós sem sýndu það og sönnuðu á tónleikum ársins í Laugardalshöll að þeir eru hverrar krónu virði. Síðan gerðist eitthvað í myndlistarheiminum, einkum tengt ið og frægð Ólafs Elíassonar, sem varð að alþjóðlegri myndlistaruppákomu Listahátíðar í Reykjavík í vor. Íslenskt leikhúsfólk er meira að segja farið að ferðast til London með loftfimleikasýningar á klassískum verkum eins og *Rómeó og Júlíu* og *Woyzeck* sem slá þar í gegn og hljóta himinhrópandi dóma. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn gera myndir fyrir erlent fjármagn í meira mæli en áður þekktist - Baltasar er fyrsti íslenski Hollywood-leikstjórinn. Og meira að segja íslenskar bókmenntir eru orðnar að söluvöru og metfé erlendis, einkum vegna ótrúlegrar velgengni krimmahöfundarins Arnaldar Indriðasonar. Hvað er að gerast?

III

Þetta hefur auðvitað ekki gerst í einu vetfangi. Gleymum ekki þeim sem skópu jarðveginn, gruflluðu í íslenskri mold með sorgarrendur undir nöglum árum og öldum saman og náðu fæstir máli utan héraðsmarka. Og auðvitað eru flestir íslenskir listamenn enn ofan í íslenskum jarðvegi króklöppnir á puttunum að reyna að grafa eitthvað upp um lífið á skerinu. Og í mörgum tilfellum virðist það einmitt vera frjósemi og sérkenni íslensku moldarinnar sem útlendingar sækjast eftir, upp úr henni spretta furður í hugum þeirra. Þegar upp er staðið og augum skotrað út yfir moldarbinginn þá kemur kannski í ljós að það eru ekki stórsamningar og frægð í útlöndum sem skipta mestu máli heldur haugurinn sem blasir við heima.

2006

070106: Hvað hugsaði sænska akademían haustið 1955

I

Enn er í raun og veru ekki vitað með vissu hvað gekk á í sænsku akademíunni í októbermánuði árið 1955 þegar ákvörðun var tekin um að veita Halldóri Laxness Nóbelsverðlaunin. Leynd var létt af skjölum akademíunnar síðastliðinn mánudag. Blaðamaður *Morgunblaðsins* hafði sent formlega beiðni til aðalritara akademíunnar um að fá að skoða skjölin en hefur enn ekki fengið nein svör. Skjalavörður akademíunnar sendi blaðamanninum reyndar tölvupóst daginn eftir að skjölin voru opinberuð og sagðist hafa verið í fríi. Hún sagðist þar ekki enn hafa fengið svar við því frá aðalritaranum hvort blaðamaður fengi leyfi til að skoða skjölin. Fréttamaður Ríkisútvarpsins fékk sömu svör og var reyndar tjáð að skjölin væru ekki opin öðrum en starfandi fræðimönnum. Starfsmaður akademíunnar reyndi síðan að koma í veg fyrir að fréttamaðurinn gæti haft viðtal við sænska fræðimanninn Lars Lönnroth sem var sá eini sem fékk að skoða skjölin í akademíunni á mánudaginn. Miðað við þessi vinnubrögð akademíunnar mætti ætla að skjöl hennar geymdu mjög safaríkar sögur.

II

Halldór Guðmundsson virðist hafa verið sá eini hérlandis sem tókst að fá skjölin send frá akademíunni á mánudeginum. Hann mun reyndar hafa beitt samböndum sínum við akademíuna til þess að mýkja hinn harðsvíraða skjalavörð. Eins og fram kemur í grein Halldórs hér á næstu síðu geyma skjölin ýmsan fróðleik um ákvörðun akademíunnar haustið 1955 en samt er enn ýmislegt á huldu. Það liggur til dæmis ljóst fyrir að þriggja manna undirnefnd akademíunnar, svokölluð Nóbelsnefnd, lagði til 23. september þetta ár að Gunnar Gunnarsson og Halldór Guðmundsson fengju verðlaunin saman. Ekkert í þeim gögnum sem Halldór hefur undir höndum bendir hins vegar til þess að sú tillaga hafi einu sinni verið rædd. Líklega liggur skjalavörðurinn enn á einhverjum gögnum um það hvaða afstöðu akademían hefur tekið til þessarar tillögu. Getgátur hafa verið um að framámenn í íslenskum bókmenntum hafi sent skeyti til akademíunnar þar sem varað var við því að Gunnar fengi verðlaunin. Menn hafa gert því skóna að það kunni að hafa haft áhrif á niðurstöðu akademíunnar. Samkvæmt svörum sem Halldór Guðmundsson fékk frá skjalaverðinum á mánudaginn - líklega hefur Halldór truflað hann í fríinu - er ekkert slíkt skeyti varðveitt hjá akademíunni. Slíkt skeyti kann hins vegar að hafa verið sent einhverjum meðlima akademíunnar persónulega.

III

Í grein sinni í *Lesbók* í dag setur Halldór fram tilgátu um skeytamálið. Hún gæti hugsanlega staðist. Eftir sem áður vitum við enn ekki með vissu hvað fór fram í sænsku akademíunni þessa haustdaga 1955.

140106: Hreinskilin hjörtu og önnur alvörumál

I

Eftir 11. september 2001 var talað um dauða íróniunnar. Í grein sem Úlfhildur Dagsdóttir skrifaði hér í *Lesbók* 1. desember 2001 sagði hún frá hugmyndum Susan Sontag um þetta: „Eins og plott Sontag gefur til kynna felur hvarf íróniunnar í sér endurkomu hetjunnar, eða Hetjunnar með stórum staf, sem er ekki lengur sjálfshæðin - eins og hetjur kvikmynda tíunda áratugarins - heldur svöl og sjálfsörugg; enda hefur hún ekki um neitt að efast. Og karlkyns, það virðist sem svo að hvarf íróniunnar boði einnig afturhvarf til hefðbundinna kynhlutverka, þar sem hetjur eru karlmannlegir her(ra)menn og konur eru dömur, í hættu en undir verndarvæng her(ra)manna. Stríð er þó eftir allt strákaleikur. Woody Allen er búinn, nú er runninn upp tími Johns Wayne.“

II

Í grein Arnars Eggerts Thoroddsen í *Lesbók* í dag er minnst á „nýju hreinskilnina“ í popptónlist síðustu ára en það mun vera hugarfar sem beint er gegn kaldhæðni póstmóðernismans. Arnar Eggert segir þó að þessi „nýja“ hreinskilni sitji beggja vegna borðsins, „menn gera hlutina af heilindum um leið og þeir sjá sköndu hliðina. Líkt og að „fíla“ Iron Maiden af öllu hjarta en gera sér þó grein fyrir því að það er í góðu lagi að brosa í kampinn yfir síðhærðum mönnum í sokkabuxum“. Á mannamáli myndi þetta sennilega kallast hreinskilni með hálfum huga. En eigi að síður, menn eru að reyna að taka sjálfa sig alvarlega enda kannski ekki annað hægt á þessum hættulegu tímum.

III

Og það þýðir að leikurinn er líka dauður, eða hvað? Í viðtali *DV* fyrr í vikunni við Eirík Guðmundsson, sem nýlega kom aftur til starfa í *Víðsjá*, var talað um hvernig leiknum hefði verið hætt og alvaran tekið við. Páll Baldvin Baldvinsson, sem nú er orðinn ritstjóri *DV*, spurði Eirík hvort hann væri ekki spenntur fyrir leiknum, og Eiríkur svaraði: „Leikinn? Nei ég hef fengið nóg af leikjum. Bókmenntir eru í mínum huga mikið alvörumál, ég trúi því að þær skipti máli, það að lesa er að grafa upp hauskúpur og velta þeim milli handanna, helst í óleyfi. Það er ekki þar með sagt að ég kunni ekki að meta skrif sem rjúfa kyrrstöðu, blanda saman formum, bregða á leik með hefðina svo úr verður eitthvað annað en við höfum nýlega séð, handsprengja, tindáttar, eða eitthvað yndislegt. En mann verður helst að verkja undan slíku eins og öðrum yndisleika.“

IV

Ef þetta er allt saman rétt, að írónián hafi vikið fyrir karlmannlegum hetjum og dömum án skopskyns, að í stað kaldhæðni og afhjúpandi fjarlægðar sé komin uppgerðarleg hreinskilni og alvarleiki, að í stað leiksins séu komin alvörumál, tja, þá er ekkert eftir annað en að pakka saman og fara. Þau ykkar sem haldið að sannleikann sé að finna í tilgerðarlegum hetjusöngvum um hreinskilin hjörtu og önnur alvörumál getið verið áfram.

210206: Tungan og útrásin

I

Níutíu og fimm prósent af kvikmyndum sem sýndar eru í íslenskum bíóhúsum eru frá Hollywood. Áttatíu prósent alls efnis á netinu er á ensku. Rúmlega fjórutíu prósent alls efnis í íslensku sjónvarpi er á ensku. Um það bil helmingurinn af bókunum í eigu neðanmálsritara eru á ensku. Ekkert af þessu kemur neitt sérstaklega á óvart. Svona er þetta. Enskan blífur.

II

En stöldrum nú aðeins við. Í samtölum við háskólafólk í *Lesbók* í dag kemur fram að kennsla í íslenskum háskólum fer í auknum mæli fram á ensku. Mestallt MBA- og MA-nám í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík fer til að mynda fram á ensku. Ástæðan er líklega sú að það er verið að búa nemendur undir störf í íslenskum fyrirtækjum sem starfa í alþjóðlegu umhverfi. Í samtali við talsmenn útrásarfyrirtækjanna svokölluðu kemur fram að innan þeirra sé enska jafnmikið töluð og íslenska og í einu þeirra sé hún orðin aðalmálið. Það er líkast til ekki einsdæmi. Hvað þýðir þetta? Er eitthvað að gerast sem við höfum ekki full tök á?

III

Pétur Gunnarsson rithöfundur benti á það í samtali við neðanmálsritara í vikunni að þetta ástand minnti á aðstæður við siðaskiptin árið 1550. Þá streymdu danskir embættismenn inn í landið og smám saman varð danskan mjög fyrirferðarmikil í íslensku stjórnsýslu á kostnað íslenskunnar. Allir þekktu hvernig fór. Eftir þrjú hundruð ára hörmungartíð risu Íslendingar upp tungu sinni til varnar. Núna gerast hlutirnir hraðar. Útrásin er varla þriggja ára gömul. Hugsanlega er aftur kominn tími til að taka pólitíska ákvörðun um að efla stöðu málsins.

220106: Íslendingar eru hrifnir af húsum

I

„Í Bandaríkjunum og Evrópu eru byggð söfn því það sárvantar stað fyrir listaverkin en hér er það þveröfugt.“ Þetta eru ekki orð Íslendinga heldur japanska sýningarstjórans Nobuo Nakamura í samtali við *Morgunblaðið* fyrir átta árum. Nakamura lýsti japanskri menningarstefnu síðustu áratuga. Eftir að hafa gleymt að sinna listastarfsemi fyrstu áratugina eftir seinni heimsstyrjöld, vegna þess að óbilandi vinnusemin fór öll í svokallaða uppbyggingu landsins, var byrjað á því að reisa alls konar menningarbyggingar, tónlistarhús og söfn. Það voru til dæmis reist um 120 listasöfn í Japan á áttunda, níunda og tíunda áratugnum. En þegar húsin voru risin uppgötvuðu Japanar að þeir áttu svo að segja enga myndlist til þess að setja inn í þau, að sögn Nakamura, japönsk samtímamyndlist stóð á brauðfótum.

II

Nakamura bendir til dæmis á stórglæsilegt listasafn í Kokura í borginni Kitakyushu sem hannað er af hinum þekktu japanska arkitekt Arata Isozaki sem er einnig höfundur nútímalistasafnsins í Los Angeles. Myndlist sem var verðug svo glæsilegs umbúnaðar fundu sýningarstjórar nýju safnanna ekki í Japan og keyptu þeir því fræg og dýr verk eftir evrópsku meistarana. Mynd eftir Monet kom í hlut listasafnsins í Kitakyushu. Lítið var hins vegar eftir af peningum þegar söfnin höfðu verið reist og meistaraverkin keypt, til að fylla upp í rými safnanna voru því keypt verk eftir heimamenn í bæjunum og borgunum þar sem byggingarnar stóðu en þar á meðal voru listamenn „sem seint myndu teljast til brautryðjenda í listasögunni,“ eins og Nakamura komst að orði.

III

Japanska aðferðin er ekki til eftirbreytni, en Íslendingar standa að vissu leyti í sömu sporum og Japanar. Nakamura segir að þeir hafi lengi átt erfitt með að tengja sig við vestræna myndlistarhefð og hreinlega átta sig á henni, hefðina hafi skort auk þess sem Japan hafi verið fjarri hringiðu listheimsins. Á sama hátt er íslensk samtímalist ekki byggð á langri og ríkulegri hefð. En hvað er hægt að gera við því? Varla er svarið að byggja hús. Ef það er gert vaknar fljótlega spurningin: Utan um hvað er verið að byggja? Hugsunarháttur Íslendinga er hins vegar því miður sorglega líkur Japana að þessu leyti, Íslendingar eru mjög hrifnir af húsum, þeir vilja byggja, fjárfesta í steinsteypu. Þegar íslensk menningarumræða hefur orðið hvað viðamest og háværust síðustu áratugi hefur hún snúist um hús, borgarleikhús, óperuhús, tónlistarhús, hús fyrir Listasafn Reykjavíkur, hús fyrir glænýjan Listaháskólann, hús fyrir óstofnaða stofnun um íslensk fræði svo einhver dæmi séu nefnd.

IV

Íslendingar verða nefnilega foxillir ef einhver mótmælir húsbyggingu og segir að það eigi frekar að verja fénu í eitthvað annað, til dæmis menningarstarfsemina sjálfa, sköpunina, rannsóknir eða þýðingar sem fjallað er um í *Lesbók* í dag. Hús gæti ekki komið þýðingum til góða, nóg er af húsum, þýðendur eru allir í húsum nú þegar. Þýðendur þurfa pening til þess að þýða. Sem stendur ver íslenska ríkið tólf og hálfri milljón til bókaþýðinga á ári! Síðastliðinn september ákvað ríkisstjórnin hins vegar að leggja fram eitt þúsund milljónir til nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða - Árnastofnun sem rísi við hlið Þjóðarbókhöðunnar við Suðurgötuna. Með þessu vill ríkisstjórnin heiðra að árið 2011 verði 100 ár liðin frá stofnun Háskóla Íslands og 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Þetta voru peningar úr símasjóðnum. Hvað ætli hefði mátt þýða margar bækur fyrir þennan pening? Eða semja? Rannsaka? Kaupa?

Bókafátækt Bóklöðunnar stendur jú íslenskum rannsóknum fyrir þrifum á öllum sviðum.

V

Íslendingar vilja helst byggja þegar þeir eiga að vera að skapa og hugsa, þeir vilja reisa súlur þar sem kannski þarf bara borð og stól. Hvenær skyldu Íslendingar eignast menntamálaráðherra sem hefur kjark til að veðja á sköpunarkraftinn í fólki?

040206: Íslensku bókmenntaverðlaunin

I

Jón Kalman Stefánsson hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin á fimmtudaginn fyrir skáldsögu sína *Sumarljós, og svo kemur nóttin*. Þetta voru svo sem ekki mikil tíðindi, bók Jóns Kalmans hefur hlotið afar góðar viðtökur. Í flokki fræðibóka og rita almenns efnis hlaut *Kjarval* verðlaunin, stór og mikil bók um listamanninn eftir sex höfunda, Kristínu G. Guðnadóttur, Gylfa Gíslason, Arthur C. Danto, Matthías Johannessen, Silju Aðalsteinsdóttur og Eirík Þorláksson. Það kom í sjálfu sér heldur ekki á óvart að þessi bók skyldi verða fyrir valinu, um er að ræða stórvirki í íslenskri bókaútgáfu. Eitt nafn í höfundahópi bókarinnar vekur þó athygli í þessu samhengi en það er Matthías Johannessen.

II

Matthías hefur allt frá því að Íslensku bókmenntaverðlaunin voru stofnuð mótmælt því harðlega hvernig að þeim er staðið. Hann hefur heldur aldrei leyft útgefendum verka sinna að leggja þau fram til verðlaunanna. Að þessu sinni er hann aðeins einn af sex höfundum og hefur því vart haft neitt um það að segja hvort bókin var lögð fram eða ekki. En óneitanlega er það svolítið kaldhæðnislegt að sá höfundur sem hefur andmælt verðlauninum frá upphafi skuli nú hafa fengið þau, eiginlega óforvarandis. Matthías stendur hins vegar enn fast á sínu, hann var auðvitað ekki á Bessastöðum á fimmtudaginn til þess að taka við verðlauninum.

III

En hverju er Matthías að andmæla? Fyrst og fremst því að forlögin þurfi að greiða með hverri bók sem lögð er fram til verðlaunanna sem gerir það að verkum að einungis hluti bókana sem koma út á hverju ári á möguleika á að fá þau. Markaðstenging verðlaunanna gerir þau líka marklítill, þeim er ætlað að selja jólabækurnar. Bækur eru lagðar fram í nóvember, dómnefndarmenn lesa þær í snarhasti því tilkynnt er um tilnefningar um mánaðamótin nóvember-desember svo hægt sé að líma gullna miðann á þær bækur sem verða fyrir valinu. Þetta hefur gefið góða raun í jólabókaversluninni og útgefendur eru hæstánægðir með þessa tilhögun. Þetta eru auðvitað þeirra verðlaun, þeir standa fyrir þeim, þeir velja í dómnefndirnar. Það er eiginlega brandari hvernig að þessum verðlaunum er staðið sem er auðvitað ekki gott. Í því ljósi er undarlegt hversu mikla athygli þau fá í fjölmiðlum, tilnefningar hafa til dæmis verið tilkynntar í beinni útsendingu *Kastljóssins* undanfarin ár. Og gott ef það var ekki bein útsending frá Bessastöðum í *Íslandi í dag* á fimmtudaginn.

IV

Heyrst hefur að fleiri höfundar hafi lagst gegn því að útgefendur legðu fram verk þeirra til verðlaunanna til þess að mótmæla tilhögun þeirra. Rithöfundar vilja ekki láta bendla sig og verk sín við markaðsstarfsemi af þessu tagi. Matthías er greinilega ekki lengur einn í andstöðunni.

V

Í *Lesbók* fyrr í vetur var lagt til að stofnuð yrðu önnur verðlaun hér á landi. Þeim væri ætlað að styðja við bakið á skáldskap og bókmenntum og vekja athygli á nýjungum í fræðum og skáldskap, frumsömdum og þýddum. Þau gætu notið fulltingis íslenskrar akademíu en dómnefndin þyrfti að vera samsett úr allstórum hópi einstaklinga. Þessum verðlaunum væri síður ætlað hlutverk með tilliti til jólabókamarkaðarins. Eru þau ekki tímabær nú?

110206: Framtíðarhópur Viðskiptaráðs Íslands

I

Framtíðarhópur Viðskiptaráðs Íslands lét móðan mása í vikunni. Fátt virtist vera honum óviðkomandi enda mælikvarði efnahagsins að sumra mati altækur. Þannig var lagt til að leikskólar verði stækkaðir svo að þeir verði hagkvæmari rekstrareiningar burtséð frá því hvort minni skólar geti hugsanlega veitt betri þjónustu. Sömuleiðis á bein kostnaðarþátttaka foreldra og nemenda í skólum landsins að aukast sem væri í sjálfu sér ágætt ef það bætti með einhverjum hætti skólastarfið. En tillögur framtíðarhópsins voru sennilega hvað sérkennilegastar um að Íslendingar eigi að verða jafnvígir á ensku og íslensku.

II

Í frétt um skýrslu hópsins segir að allir Íslendingar verði einfaldlega að vera mæltir á aðra tungu en sína eigin ef þeim á að takast að njóta sín í alþjóðlegum viðskiptum og samskiptum. Til þess að svo megi verða eigi að færa enskukennsluna niður í yngstu bekki grunnskólans og auk þess sé nauðsynlegt að færa inn í skólakerfið, til dæmis á framhaldsskólastigið, þau viðmiðunarpróf sem viðurkennd eru sem aðgangur að námi til að mynda í Bretlandi, Frakklandi og Bandaríkjunum. Í skýrslunni segir enn fremur að árið 2015 verði sjálfsagt að ákveðnar námsgreinar í grunn- og framhaldsskólum verði kenndar á ensku og bækur á ensku lagðar til grundvallar í kennslu eða sem ítarefni. Þannig megi bæði auka námsframboð og víðsýni í ýmsum greinum án þess að kosta til dýrri útgáfu kennslubóka og annars námsefnis auk þess sem slíkt opni fyrir möguleika á að fá til starfa erlenda kennara sem geti borið með sér nýja og ómetanlega þekkingar- og menningarstrauma inn í íslenskt samfélag.

III

Hér þarf að gera nokkrar athugasemdir. Íslendingar geta í fyrsta lagi ekki orðið jafnvígir á íslensku og ensku vegna þess að þá þyrftu þeir að alast upp með báðum málunum frá blautu barnsbeini, helst þyrfti annað foreldranna að hafa ensku að móðurmáli. Jafnvel þótt enskukennsla yrði færð niður í yngstu bekki grunnskóla myndi það ekki duga til. Hins vegar má taka undir það að kennsla í erlendum tungumálum hefst allt of seint í grunnskólanum og auðvitað myndi það bæta kunnáttu í ensku að hefja kennslu hennar fyrr en gert er. Um kennslu ákveðinna námsgreina á ensku í grunn- og framhaldsskólum gætir hins vegar hættulegs misskilnings hjá framtíðarhópnum. Hæpið er að kennsla á ensku, sem Íslendingar hafa aðeins takmarkaða kunnáttu í, myndi auka skilning nemenda eða þekkingu á þeim námsgreinum sem um yrði að ræða. Þvert á móti virðist það liggja í hlutarins eðli að hún myndi draga úr þekkingu landsmanna á greinunum. Segjum sem svo að náttúrufræðigreinar yrðu kenndar á ensku í grunn- og framhaldsskólum. Til er íslensk þekking á þessum fögum sem er að einhverju leyti staðbundin og orðuð á íslensku. Með tíð og tíma myndi hún að einhverju leyti glatast um leið og Íslendingar myndu smám saman týna niður hæfileikanum til þess að hugsa og tala á íslensku um þessar greinar. Værum við þá að auka við þekkinguna? Og hvernig myndi þetta orka á dagleg samskipti okkar eða opinberar umræður? Eða á þekkingarsköpun í samfélaginu yfirleitt? Eða á stöðu tungunnar sem framtíðarhópurinn segist vilja standa vörð um? Er þetta ekki vanhugsuð framtíðarsýn?

180206: Lestur, gróði og græðgi

I

Neðanmálsritari les í bókum nánast öll kvöld. Í þessari viku las hann ævisögu Hermans Melvilles sem fjallað er um á bókaopnunni í *Lesbók* í dag. Þetta er góð bók og neðanmálsritari naut lestursins. Í síðustu viku las hann *In Cold Blood* eftir Truman Capote sem er enn betri bók, raunar miklu betri, hreint meistaraverk. Það var líka mjög skemmtilegt að lesa með henni frábæra viðtalsbók Laurance Grobel við Capote frá 1985 þar sem Capote lætur vaða á súðum um allt og alla, þvílíkur kjaftakar! Vikuna þar áður las neðanmálsritari meðal annars nýtt safn þýddra greina eftir franska heimspekinginn Michel Foucault, *Alsæi, vald og þekking*, og gluggaði meðfram í fyrirlestra Foucaults úr Collège de France sem gefnir hafa verið út á síðustu árum. Þetta var dásamleg upprifjun á innblásnum fræðimanni sem á sér engan líkan. Og vikurnar þar á undan notaði neðanmálsritari kvöldin til þess að lesa nýtt smásagnasafn Dave Eggers, *Níu nætur* eftir Bernardo Carvalho, *Foldu* eftir Thor Vilhjálmsson og eitthvað fleira. Af þessu má ljóst vera að neðanmálsritari á afar huggulegar kvöldstundir með bókunum sínum. Og hingað til hefur hann verið bara mjög ánægður með sig, honum hefur fundist tímanum vel varið, honum þykir mikilvægt að bæta við sig bókmenntalegu kapítali um leið og starf hans kallar á mikinn lestur, hann þarf að fylgjast með, það er eiginlega lífsnauðsynlegt.

II

En neðanmálsritari er ekki lengur viss. Eftir stutt spjall við nágranna sinn í vikunni hafa lægst að honum efasemdir um að hann sé að verja kvöldstundunum rétt. Nágranninn var mjög glaður enda sagðist hann græða mikla peninga þessa dagana, ekki í starfi sínu, sem hann fær þó þreföld laun neðanmálsritara fyrir að gegna, heldur af kvöldgrúski. Nágranninn sagðist nefnilega lesa allt sem hann kæmist yfir um íslenska hlutabréfamarkaðinn á kvöldin til þess að geta fjárfest með réttum hætti. Og það hafi heldur betur tekist vel undanfarið. Hann sagðist hafa „tekið stöðu“ upp á einhverjar 15 til 20 milljónir í bönkunum um áramótin og haft rúmlega hálf milljón upp úr krafsinu á viku. „Vá!“ sagði neðanmálsritari. „Þetta er nú ekki mikið,“ sagði nágranninn drjúgur með sig, „ekki miðað við þá sem eru með einhvern verulegan pening undir. Þeir eru með hálf milljón á dag!“ Neðanmálsritari klóraði sér í hausnum. „En hvernig gengur hjá þér?“ spurði nágranninn, „ertu alltaf að lesa?“ „Já, jú, einmitt, jú jú, alltaf að lesa eitthvað, já já, maður gluggar svona eitthvað í bækur á kvöldin.“ „Og svo er það Lesbókin? Les-bókin, haha!“ „Já, einmitt, ha!“ sagði neðanmálsritari og kvaddi.

III

Neðanmálsritari hafði ekki eirð í sér til þess að setjast niður að lesa þegar heim var komið þetta kvöld. Fjögurhundruð blaðsíðna doðrantur um Melville lá á borðinu með þennan tröllvaxna afburðamann framan á kápunni en neðanmálsritari starði bara út í loftið og hugsaði með sér hvort skáldleg orð hefðu eitthvert gildi lengur. Hvers virði er að eltast við orð kvölds og morgna? Klisjurnar hrönnuðust upp í huganum um gildi orða og skáldskapar, orð eru til alls fyrst, íþrótt vammí firrð og svo framvegis. Og svo dúkkaði upp setning eftir Bacon um að orð væru viðurkennd tákn fyrir hugmyndir eins og peningar fyrir verðmæti. Já, einmitt, orð, tákn, peningar, verðmæti - í þessari röð. Hvers vegna að eltast við orð? Er ekki skynsamlegra að eyða tímanum í peninga? Á endanum reyndi neðanmálsritari að sigrast á þessu ástandi með því að hugsa um Melville og *Moby Dick*. Hver er Ahab skipstjóri í þessu samhengi? Græðgin? Já, græðgin, hlakkaði í neðanmálsritara. Og peningarnir eru skrímslið í hafinu. Já, auðvitað! Þið þarna, nágrannar og aðrir peningasjúkir menn, græðgin mun fara með ykkur í gin ófreskjunnar.

250206: Silvía Nótt og gjaldþrot samtímamennningar

I

„Þið vitið ekki hvað þið hafið kosið yfir ykkur,“ kallaði Romario, kærasti Silvíu Nóttar, þegar úrslit höfðu verið tilkynnt í söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardaginn, og auðvitað hljóta áhorfendur að hafa velt því fyrir sér hverju þeir eiga von á næstu vikur og mánuði svo ekki sé talað um þegar út í alvöruna í Aþenu, háborg fornrar menningar, verður komið. Ef fram heldur sem horfir verður fáránleikinn orðinn alger þegar þar að kemur. Silvía Nótt hefur smátt og smátt orðið öfgafyllri, hún hefur gengið lengra og lengra í meinhæðinni skopstælingu sinni á kvenímynd samtímans, útlitsdýrkuninni, innihaldsleysinu, klámvæðingunni - hápunktinum verður náð í Aþenu þar sem hún springur úr harmi framan í hlæjandi og fagnandi áhorfendurna.

II

Silvía Nótt er ótrúlega vel heppnuð háðsádeila á samtímamann en það er satt að segja hrollvekjandi þversögn að um leið og hún sendir fullorðnum gagnrýnin skilaboð þá fyllir hún börnin aðdáun. Silvía Nótt er eiginlega allt það sem við viljum ekki að börnin okkar séu - yfirdrifin, vitlaus, málhölt, sjálfelsk, montin, glennuleg, glysgjörn og undirgefin - en börnin dýrka hana og vilja vera eins og hún. Hvað segir það okkur? Hefur uppeldið brugðist? Hvers vegna falla börnin okkar fyrir lægsta samnefnaranum? Voru ædolin ekki einhvern tímann hinir sterku, kláru og hugrökku?

III

Í Kastljósviðtali var Silvía Nótt að pissa í sig, hún var með marblett á brjóstinu eftir Romario sem er „að flippa“, hún tafsaði og svaraði út í hött þar til kærastinn hringdi og skipaði henni að drullast út í bíl til sín sem hún auðvitað gerði eins og þæg og auðmjúk stelpa sem þorir ekki að egna kærastann til reiði. Vondir kærastar eru auðvitað þekkt minni í poppheiminum - Ike hennar Tinu Turner kemur fyrst upp í hugann - en þetta leikrit hafði víðari skírskotun þó að það hafi farið fram hjá börnunum sem voru að horfa. Það er þess virði að útskýra fyrir þeim hvað Silvía Nótt stendur í raun fyrir. Og það er örugglega ráðlegt að undirbúa þau fyrir það sem gæti átt eftir að gerast í Aþenu þegar Silvía Nótt mun afhjúpa gjaldþrot samtímamennningar sem upphefur fólk eins og hana.

080406: Hvað ertu að fara að gera eftir orgíuna?

I

Við gerð klámmyndar fer ein stelpnanna - ljóshærð með svart flauelsband um hálsinn - í gegnum allar stellingarnar án þess að bregða svip. Áhugaleysi hennar er tælandi. Í gleðskapnum miðjum hvíslar maður í eyra hennar: „Hvað ertu að fara að gera eftir orgíuna?“

II

Þessi texti er úr bókinni *Cool Memories I* (Svalar minningar) eftir Jean Baudrillard. Hann vekur með einföldum hætti athygli á því furðulega andrúmi sem einkennir klámmyndir, það er eins og leikararnir séu fjarverandi þótt þeir séu þarna í öllu sínu veldi, þeir eru viðstaddir á undarlega ópersónulegan hátt og leikstíllinn einkennist af fálæti. Hugsanlega er þetta varnarháttur manneskju sem afhjúpar sig algjörlega, setur sjálfa sig á svið með þeim hætti að hún getur ekki verið nein önnur en hún sjálf (og er því ekki leikari í eiginlegum skilningi), grímulaus og án hlutverks í öllum skilningi þeirra orða, hreint viðfang raunverulegra aðstæðna, sem er ekki hægt að dylja sem neitt annað en það, og auðvitað myndavélarinnar og glápsins. Það er ekki nema von að leikararnir reyni að hafa hugann við það sem gerist eftir að orgíunni er lokið, við möguleikana handan hins raunverulega svalls.

III

Það er einhver skyldleiki með klámmyndum og raunveruleikabáttum. Klámmyndir eru raunveruleikabættir vegna þess að fólkið sem tekur þátt í þeim er ekki leikarar. Og raunveruleikabættir eru klám vegna þess að þeir miðast að því að afhjúpa fólk algjörlega, girða niður um það fyrir allra augum, rjúfa varnir þess allt þar til að fálætið eitt er eftir, helbert tómlætið, helblár kuldinn sem streymir til okkar í gegnum skjáinn.

IV

Við lifum á tímum menningar án nálægðar, raunveruleika án ímyndunar, gjörða án afleiðinga, kerfis án greiningar. Hvað ertu að fara að gera eftir orgíuna?

220406: Bækur

I

Stundum og kannski oftast getur neðanmálsritari ekki lagt neitt gott til málanna. Að þessu sinni ætlar hann hins vegar að vera jákvæður og uppbyggjandi. Hann getur raunar ekki annað þegar Dagur bókarinnar er annars vegar vegna þess að eftir því sem hann kynnir sér betur þetta fyrirbæri sem bókin er því meira undrandi verður hann. Ástæðan er einfaldlega þessi: Fimm og hálf öld eru liðin síðan bókin varð til og breytti heiminum. Síðan hefur komið til sögunnar urmull nýrra miðla sem hafa sumir sótt mjög fast að bókinni en ekki enn átt erindi sem erfiði, kvikmyndin, hljómplatan, útvarpið, sjónvarpið, myndbandstækið, einstaklingstölvan, netið og stafræna tæknin svo þeir helstu séu nefndir. Bókin er langelsti fjölmiðillinn og sennilega sá þeirra sem krefst hvað mest af okkur en samt heldur hún velli og vel það, hún er enn í vexti, það hafa aldrei verið gefnar út jafn margar bækur og aldrei hafa selst fleiri bækur en nú um stundir. Það getur ekki verið nein önnur skýring á þessu en sú að bókin sé góður miðill, kannski einmitt vegna þess að hún gerir kröfur til okkar.

II

Hér á landi stendur bókaútgáfa með miklum blóma. Hér eru rekin gríðarlega metnaðarfullar bókaútgáfur sem hljóta að vera á heimsmeðalvarða. Sumir telja okkur eyða miklu fé í bókmenntasköpun, við höldum til dæmis úti Launasjóði rithöfunda, heiðurslaunum Alþingis, þýðingaskjóði og kynningaskjóði íslenskra bókmennta en á móti veitir þessi starfsemi mörgum atvinnu og skapar mikinn virðisauka sem er sjálfsagt hærri upphæðir en þær sem lagt er til hennar. Að auki auðgar þessi starfsemi menningu okkar, hún skapar þekkingu og styrkir sjálfsmynd okkar.

III

Það hefur verið baráttumál bókaútgefenda, bókaseljenda og annarra hagsmunaaðila í þessari starfsemi hérlandis að lækka eða leggja af virðisaukaskatt á bókum. Auk þeirra röksemda sem taldar voru hér að ofan hefur það verið nefnt að það þurfi að styrkja stöðu bókarinnar enn frekar því að þótt hún seljist betur en nokkru sinni hefur bóklestur farið stigminnkandi hér á landi síðustu áratugi, einkum meðal barna og unglinga eins og rannsóknir Þorbjörns Broddasonar hafa sýnt fram á. Auðvitað skila bækur miklum tekjum í ríkiskassann en má skilja tregðu stjórnvalda til þess að koma til móts við íslenska bókmenningu sem áhugaleysi á því að hún haldi áfram að blómstra?

290406: Skiptir menning einhverju máli?

I

Skiptir menning einhverju máli? Hún virðist hafa skipt talsverðu máli áður fyrr, til dæmis í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, það eru 35 ár síðan handritin komu heim og það var mikill, táknrænn, menningarlegur sigur okkar yfir fyrrverandi nýlenduveldi. Á tuttugustu öld skiptu líka skáldsögur og önnur listaverk enn máli fyrir samfélagið, bækur eins og *Bréf til Láru*, *Alþýðubókin*, *Sjálfstætt fólk*, *Atómstöðin*, *Skáldatími* og fleiri höfðu pólitíska þýðingu í þeim skilningi að þau höfðu áhrif á pólitískan þankagang og umræðuna. Þessi verk voru tekin til greina.

II

Milan Kundera segir reyndar í nýju ritgerðasafni sínu, *Tjöldin*, sem Friðrik Rafnsson hefur þýtt á íslensku, að það sé löngu liðinn tími að skáldverk eða heimspekirit séu sett á sama plan og gríðarmiklir pólitískir viðburðir, slíkt hafi varla gerst síðan á nítjándu öldinni: „Erfitt er að gera sér í hugarlund“ segir Kundera „að fyrir þrjátíu árum hefði einhver skrifað (til dæmis): Frelsun nýlendnanna, gagnrýni Heideggers og kvikmyndir Fellinis eru táknrænar fyrir meginstrauma okkar tíma. Slíkur hugsunarháttur passar ekki lengur við tíðarandann.“

III

En hvað með nútímann? spyr Kundera. Skiptir menningin máli núna?

„Hver þyrði að leggja að jöfnu menningarverk (listaverk, hugsun) og (til dæmis) hrun kommúnismans í Evrópu?

Er svo mikilvægt listaverk ekki til lengur?

Eða höfum við glatað getunni til að koma auga á það?“

Kundera heldur því fram að slíkar spurningar hafi enga merkingu vegna þess að Evrópa nútímans sé ekki lengur til: „Sú Evrópa sem við lifum og hrærumst í núna leitar ekki lengur að sjálfsmynd sinni í spegli heimspeki sinnar og lista.“

IV

Er þetta rétt? Já, þetta er líklega rétt. Menning skiptir engu máli lengur. Þetta birtist í stóru og smáu. 11. september 2001 yfirgnæfir allar tilraunir mannsandans til þess að varpa ljósi á okkar tíma eða komast inn að rótum hans. Og virkjun hálendis Íslands á örugglega eftir að skyggja á allar tilraunir listamanna til þess að lýsa tíðarandanum sem stóð fyrir henni. Í fjölmiðlapistli hér að ofan er bent á það hvernig menningarhlutverk Ríkisútvarpsins virðist hafa orðið algert aukaatriði í nýrri lagasetningu um stofnunina. Og almennt virðist það skipta meira máli nú að byggja sögulega minnisvarða um menningarstarfsemi en að byggja hana sjálfa upp, eins og dæmin sanna, eða bara yfirleitt taka hana til greina. Nei, menning skiptir engu máli, hún er ekki lengur spegillinn sem við finnum sjálfsmynd okkar í. En þá standa eftir tvær spurningar hjá Kundera: „Hvar er þann spegil þá að finna? Hvar eigum við að leita að andliti okkar?“

060506: Neil Young

I

Lifað með stríði nefnist nýjasta plata Neil Young. Hún er hörð gagnrýni á Íraksstríðið og stefnu George Bush Bandaríkjaforseta. Það er nokkuð langt síðan Young var í fararbroddi í róttæklingarokki en síðastliðna daga hefur platan hans verið til umræðu í öllum spjallþáttum í Bandaríkjunum og á bloggsíðum og orðið að eins konar táknmynd hinnar miklu mótmælaöldu sem risið hefur vestan hafs gegn stríðsrekstri Bandaríkjustjórnar. Sjálfur kom Young fram í viðtali við CNN sjónvarpsstöðina, klæddur kúrekahatti, og sagði: „Ég er að nýta mér málfrelsið. Það er það frábæra við þetta land. Þetta er plata um sameiningu. Enginn á ástandið sem skapaðist eftir 11. september. Allir eiga hlut að því, George Bush og fjölskylda hans, John Kerry og fjölskylda hans, ég og mín fjölskylda.“ Það er hins vegar ekki víst að Bush telji vera mikinn sameiningarkraft í laginu „Let's Impeach the President“ sem Young syngur á nýju plötunni.

II

En Young hefur ekki alltaf vakið jafnmikla lukku fyrir pólitíska afstöðu sína. Frjálslýnda menningarelítan í Bandaríkjunum hafði hann að háði og spotti árið 1984 þegar hann studdi Ronald Reagan með þeim rökum að hann væri orðinn þreyttur á fólki sem væri stöðugt að biðjast afsökunar á því að vera Ameríkanar. Fjórum árum síðar lét hann í ljós stuðning sinn við forsetaframboð blökkumannaleiðtogans Jesse Jacksons. En það eina sem hann hafði gefið út á George Bush yngri þar til nú var lagið *Let's Roll* sem fjallaði um flug 93 og farþegana í því sem tókst að afstýra því að flugvélinni yrði flogið á „skotmark“ sitt 11. september 2001 en allir farþegarnir létust þegar vélin brotlenti. Á nýju plötunni eru sterkir þjóðernislegir undirtónar en hann sakar forsetann um að hafa rænt Ameríku frá Ameríkönum. Þetta er beinskeytt og aðkallandi plata.

III

Flug 93 er einnig til umfjöllunar í glænýrri mynd Paul Greengrass, *United 93*, sem vakið hefur sterk viðbrögð í Bandaríkjunum en í henni er sett fram hörð gagnrýni á stjórnvöld fyrir að hafa ekki brugðist rétt við atburðunum 11. september 2001. Öll spjót standa á Bush og haukum hans um þessar mundir. Ætli þeir viti það?

130506: Hefur menningin gert okkur mennskari?

I

Í vikunni kom út ritið *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins* eftir þýska 18. aldar skáldið og heimspekinginn Friedrich Schiller í Lærdómsritaflokki Bókmenntafélagsins en í því er fjallað um hlutverk listarinnar í samfélaginu, efni sem hefur brunnið á skáldum og heimspekingum í árþúsund og gerir enn. Margt í þessu riti hljómar reyndar eins og lexía sem við hér uppi á Íslandi nú í byrjun 21. aldar ættum að hafa yfir með sjálfum okkur. Þar er til dæmis að finna þessa rökleiðslu: „Maður getur á tvennan hátt verið andstæður sjálfum sér: annaðhvort sem villimaður, þegar tilfinningarnar drottna yfir lífsreglunum; eða sem barbari, þegar lífsreglurnar eyðileggja tilfinningarnar. Villimaðurinn forsmáir siðmenninguna og lítur á náttúruna sem skilyrðislausan yfirboðara sinn. Barbarinn hæðir og óvirðir náttúruna, en hann er að því leyti fyrirlitlegri en villimaðurinn að oftar en ekki heldur hann áfram að vera þræll síns eigin þræls. Hinn siðmenntaði maður gerir náttúruna að vini sínum og virðir frelsi hennar um leið og hann hemur duttlunga hennar.“

II

Schiller telur að samtími sinn sé ekki hallkvæmur listinni. „Rás atburða hefur leitt til aukinnar hættu á því að tíðarandinn fjarlægist hina hreinu list“ segir hann. Hann lítur á listina sem dóttur frelsisins og hún eigi því ekki að beygja sig fyrir nauðþurft efnisins heldur aðeins hlíta því sem andinn býður henni: „Nú um stundir drottna hins vegar efnislegar þarfir og beygja vesælt mannkynið undir harðneskjulegt ok sitt“ segir hann og bætir við: „*Nytsemin* er hið mikla skurðgoð okkar tíma, sem hneppir alla krafta í ánaud og allir þeir, sem einhvers mega sín, verða að lúta. Á þessari grófgerðu vog hafa andlegir verðleikar listarinnar ekkert vægi og eftir að búið er að reyta þannig af henni fjaðrirnar flýr hún háreystina á markaðstorgi aldarinnar.“ Hann telur að jafnvel rannsóknarandi heimspekinnar leggi undir sig sífellt fleiri lendur ímyndunaraflsins, jafnframt því sem mörk listarinnar þrengist, eftir því sem vísindin færi út landamæri sín.

III

Það er eins og þessum orðum sé ekki síður beint til okkar nú en til samtíma skáldsins fyrir 210 árum. Til þess að sporna við ofurveldi hinna efnislegu þarfa í okkur, til þess einfaldlega að samfélagið gangi upp segir Schiller að það þurfi að sinna fagurfræðilegu uppeldi. Hann telur að hér sé um að ræða efni „nátengt því sem mestu varðar fyrir heill og hamingju manna og er heldur ekki fjarskylt því sem göfugast er í mannlegu siðferði“. Spurningin er kannski þessi: Hvernig sinnum við fagurfræðilegu uppeldi nú um stundir? Hefur til dæmis gríðarlegur vöxtur í menningarframleiðslu og -neyslu bætt fagurfræðilegt uppeldi okkar? Hefur menningin gert okkur mennskari? Erum við andstæð sjálfum okkur? Erum við villimenn eða barbarar? Eða eru við meiri manneskjur en fyrir 210 árum? Hvort hefur okkur miðað áfram eða aftur á bak? Svári nú hver fyrir sig.

200506: Rokkstjörnuconsert bókmenntanna

I

„Sölutölur, staðsetning á tímabundnum sölulistum, hafa aldrei skipt nokkru einasta máli í raunverulegu lífi, ég tala nú ekki um langlífi, bókmennta. Aldrei. Það er ekki nokkur vandi að sýna fram á það.“ Þetta segir Sigurður Pálsson skáld í bráðskemmtilegu viðtali við Silju Aðalsteinsdóttur í nýjasta hefti *Tímarits Máls og menningar*, og hann bætir við: „Nú, á sama tíma verða forlöginn og allur mekanisminn að lifa af, ég veit það vel, þannig að sölulistasirkusinn og annar sirkus mun halda áfram. En gleymum okkur samt ekki alveg í samkvæmisleikjum.“

II

Sigurður talar um stöðu bókmennta í samfélaginu og bendir á að á tímum upplausnar í fjölmiðlun sé ágætt að muna að alvöru bókmenntatexti sé eilífur. Og hann er alls ekki á því að ljóðið, sem menn segja dautt með reglulegu millibili, standi illa: „Það skyldi þó aldrei vera að landsliðið í ljóðlist væri bæði fjölbreytilegra og sterkara en nokkurn órar fyrir, þá er ég bæði að tala um magn, þ.e. fjölda höfunda, og gæði.“

III

Sigurður bendir einnig á að í íslenskum bókmenntum sé ljóðið eina samhengið sem við höfum, það er í skáldskap. Og hann spyr hvort það sé virkilega einskis virði að leggja svolítið á sig til þess að taka þátt í þessu ævintýri ljóðlistarinnar sem sé kjarni ævintýrisins um samhengið. „Ef það er rétt að ljóðið sé dautt, þá er hjarta þess ævintýris dautt, ljóðlistin í öllum sínum fjölbreytileik sem hefur stöðugt haldið áfram að þróast. Í þeirri þróun felast lífslíkurnar.“

IV

En viðtalið kemur á góðum tíma því í janúar síðastliðnum voru liðin þrjátíu ár frá uppákomunni frægu í Háskólabíói þar sem listaskáldin vondu, eins og þau kölluðu sig, fluttu verk sín. „Þetta var hópur sem var mikið á móti því að vera hópur,“ segir Sigurður sem var í hópnum ásamt Steinunni Sigurðardóttur, Péttri Gunnarssyni, Þórarni Eldjárn, Guðbergi Bergssyni, Hrafni Gunnlaugssyni, Birgi Svan og Megasi. „Þessi samkoma var ótrúleg lífsreynsla - maður vissi ekki hvað var að ske,“ segir Sigurður en í bíóið komu 1.400 manns. Samt segir Sigurður að kynningartrixin hafi bara verið tvö: Að muna eftir gamla fólkinu og að muna eftir börnunum. „Um þetta leyti var talað mikið um það í fjölmiðlum hve illa væri komið fram við gamla fólkið svo við auglýstum ókeypis inn fyrir ellilífeyrisþega. Margir notfærðu sér það. Svo auglýstum við barnagæslu á staðnum sem var fáheyrt í þá daga!“

V

En hverju breytti uppákomun? „Þessi atburður vakti gríðarlegan áhuga ungs fólks sem var að íhuga að fara út á þessa braut, þetta framtak var köllunarhvetjandi. Löngu síðar hafa nokkrir vinir mínir sagt mér: Já, við vorum í salnum, þessi atburður var mikilvæg sönnun þess að skriftir væru einhvers virði. Einar Kárason var þarna, rúmlega tvítugur, Einar Már sömuleiðis, Sjón líka, hann var fjórtán ára. Þannig mætti áfram telja. Þessi rokkstjörnuconsert bókmenntanna var hugljómandi fyrir þetta unga fólk sem var að máta sig við möguleikana í lífinu.“

270506: Að lesa á milli línanna

I

„Þar er Ísland sögusvið alls kyns ógna þar sem sinnisleysið tröllríður öllu, þar sem laumuspil, samsæri og þögn hafa ráðið ríkjum um áratuga skeið. Öryggi landsmanna er blekking ein og dauðinn ávallt í seilingarfjarlægð.“ Þetta er ekki lýsing á kosningaáróðri einhvers flokkanna sem nú eru að bjóða sig fram í sveitar- og borgarstjórnarkosningum. Þetta er lýsing á fréttáflutningi *DV* í grein Guðna Elíssonar í vorhefti *Skírnis* sem kom út í vikunni. Grein Guðna nefnist „Dauðinn á forsíðunni: *DV* og gotnesk heimssýn“ en í henni heldur Guðni því sem sé fram að fréttáflutningur *DV* undanfarin ár lýsi gotneskri heimssýn eða með öðrum orðum: „Í *DV* má einnig finna hreinræktaðar hrollvekjur, heimsendahrylling og sögur af fólki sem er á valdi annarlegrar fíknar og í engum íslenskum fjölmiðli er fjallað af jafn mikilli ákefð um fræga og ríka fólkið í því þversagnakennda ljósi sem einkennir gotnesku stefnuna þar sem mikill metnaður er ekki endilega slæmur, en ef menn ofmetnast er fallið sjaldan langt undan og venjulega verðskuldað.“

II

Hryllingur, ógn og ótti eru þannig helsta umfjöllunarefni *DV* samkvæmt greiningu Guðna sem hefur reyndar skrifað um þetta efni í fjölmiðlapistlum sínum sem birtast efst á þessari síðu einu sinni í mánuði. *DV* hefur þannig valið sömu fréttastefnu og bandarískir meginstraumsmiðlar hafa fylgt og Michael Moore gagnrýndi harðlega í kvikmynd sinni *Bowling for Columbine*, ekki síst fyrir að fylla landa sína stöðugum en óþörfum ótta. Guðni bendir þó á að gotneskir fréttamiðlar ýki ekki endilega alltaf fréttir af þeim hættum sem finna megi í samfélaginu þó að vissulega megi greina tilhneigingu í þá átt þar sem gotneska sé fyrst og fremst miðlunarform ofbeldis og ótta. Guðni segir mikilvægt að greina atburðina sjálfa (það sem gerðist) frá framsetningarmátanum (lýsingu á því sem gerðist) en hann hafi sérstakan áhuga á hinu síðarnefnda. Guðni ræðir þó sannleiksgildi þeirrar veruleikasýnar sem birtist í *DV* og bendir á að hún gangi nokkuð gegn þeim sannleikshugmyndum sem ríkjandi séu í menningu okkar, en þær séu empirískar og raunsæislegar. Afstaða lesenda sé blandin, sumir taki undir þá sýn sem birtist í *DV* en aðrir séu mjög gagnrýnir á hana. En eins og Guðni vísar til í grein sinni er ekki hægt að skilja framsetninguna frá efninu: „Rétt eins og aðrir fréttamiðlar er *DV* konsept, fyrirfram hannaður veruleikapakki. Allir þeir atburðir sem blaðið greinir frá, raunverulegir sem tilbúnir, eru felldir að þeirri veruleikasýn sem blaðið vill miðla. Í meðförum *DV* fær ofbeldi því ákveðið svipmót sem verður að setja í samhengi ætli lesendur sér að skilja til fulls þá merkingu sem hvílir undir niðri“ segir Guðni. Í þessu samhengi bendir hann síðan á að skáldrit Mikla Torfasonar og Illuga Jökulssonar, sem voru fyrstu ritstjórar hins nýja *DV*, miðli ekki ólíkri veruleikasýn og það sem meira sé, frásagnarform skáldskapar þeirra sé ekki svo frábrugðið því sem við þekkjum í *DV*.

III

Það var örugglega ósanngjarnt að nefna kosningaáróður stjórn mála flokkanna í sömu andrá og fréttaskrif *DV* í upphafi greinar. Hins vegar hefur það varla farið fram hjá nokkrum manni sem fylgst hefur með kosningabaráttunni að þar er einnig mjög varasamt að skilja framsetninguna frá efninu sem verið er að miðla. Í mörgum tilfellum er þar ekki síður stuðst við aðferðir skáldskaparins en í *DV*. Það er verkefni kjósenda að lesa á milli línanna.

030606: Menningarstríð kalda stríðsins?

I

Í kjölfar hins mikla hleranamáls sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur fletti ofan af á Sögupinginu fyrir tveimur vikum tóku menn að rifja upp andrúmsloft kalda stríðsins hér á landi. Talað var um njósnir og áróður og óttann við innrás hins kommúníska rísa í austri. Af þessum frásögnum að dæma var loft hér lævi blandið og enginn treysti neinum, allir bjuggust við hinu versta, menn skulfu eins og hríslur af ótta við það sem kynni að gerast.

II

En bíðum við. Í nýjasta hefti *Sögu*, tímariti Sögufélagsins, birtist grein eftir Tinna Grétarsdóttur og Sigurjón Baldur Hafsteinsson um kalda stríðið og kvikmyndasýningar stórveldanna 1950 til 1975 á Íslandi. Þar koma fram heimildir sem sýna að almenningur var kannski ekki jafn móttækilegur fyrir áróðri stórveldanna og sumir halda fram nú um stundir. Þar segir að kvikmyndir og kvikmyndasýningar hafi gegnt veigamiklu hlutverki í stjórnámálum kalda stríðsins. Þessir miðlar voru nýttir af Bandaríkjamönnum og Sovétmönnum til þess að koma pólitískri hugmyndafræði sinni á framfæri og auðvitað var menning þessara þjóða birt þar í jákvæðu ljósi. Talað hefur verið um „menningarstríð“ í þessu sambandi og „fórnarlömb“ þess áttu að hafa verið almenningur eða almennt viðhorf til þessara tveggja þjóða, það var stefnt að því að vinna trú almennings og traust. Tinna og Sigurjón leiða það hins vegar í ljós að almenningur var ekki jafn ginnkeyptur fyrir áróðrinum og ætla mætti. Hann hélt haus, var gagnrýninn á það efni sem honum var miðlað, hló að því jafnvel. Hér geisaði í raun og veru ekkert „menningarstríð“ og það voru í raun og sannleika engin „fórnarlömb“ heldur.

III

Tinna og Sigurjón segja í niðurlagi greinar sinnar að hugmyndin um „menningarstríð“ hafi fyrst og fremst verið „pólitísk hugmyndafræði stórveldanna sem hefur verið yfirferð a svið almennings og hafa fræðimenn álitid sem svo að almenningur hafi tekið við þessum sendingum stórveldanna gagnrýnislaust“. Það gerði almenningur á Íslandi hins vegar ekki, segja þau og bæta við: „Frá sjónarhóli fólksins sem skipulagði og sá þessar sýningar urðu örlög „áróðursmynda“ stórveldanna oft þau að hlegið var að þeim, menn skoðuðu þær með það fyrir augum að læra um kvikmyndagerð, tæknikunnáttu, byggingar, náttúru og dýralíf o.s.frv.“ Heimildir greinarhöfunda, sem byggjast einkum á viðtölum við fólk sem sá kvikmyndasýningarnar, sýna einnig að sýningarnar voru notaðar til að halda uppi ýmiss konar félagsfundum, stefna sveitungum saman og stytta þeim stundir. Allt bendir þetta til þessa að loftið hafi kannski ekki verið alveg jafn lævi blandið og sumir vilja halda fram nú.

100606: Minningargreinar Moggans og endurlífgun skálds

I

Minningargreinar *Morgunblaðsins* hafa verið í sviðsljósinu undanfarnar vikur sem er ekkert skrítið því að þær eru stórmerkilegur hluti af íslenskri menningu. Fyrir tveimur vikum skrifuðu þrír fræðimenn grein í *Lesbók* sem fjallaði um einkavæðingu minningargreinanna. Þar var því haldið fram að breytingar í minningargreinaskrifum síðasta áratuginn væru hluti af stærra ferli einkavæðingar á Íslandi, þar sem stjórnun sjálfsmyndar einstaklinga og persónulegra tengsla er eitt helsta einkenni nýfrjálslyggjunnar. Í dag ritar síðan Annadís Gréta Rúdólfadóttir, sem er með doktorspróf í minningargreinum *Morgunblaðsins*, um það hvernig karlar og konur birtast með ólíkum hætti í þessum skrifum en það endurspeglar þær hugmyndir sem Íslendingar hafa haft um hlutverk og stöðu kynjanna síðustu áratugi.

II

Óvænt umfjöllun um minningargreinar *Morgunblaðsins* er síðan í nýútkomnu sagnfræðiriti, *Frá endurskoðun til upplausnar*, sem fjallað var um í *Lesbók* fyrir skömmu. Ritið fjallar um hræringar í aðferðafræði íslenskra sagnfræðinga undanfarna áratugi en í eftirmála þess, sem ritaður er af ritstjórum verksins, Sigurði Gylfa Magnússyni, Jóni Þór Péturssyni og Hilmu Gunnarsdóttur, er fjallað um hvernig Tryggva V. Líndal, skáldi og þjóðfélagsfræðingi, hefur tekist að koma skáldskap sínum á framfæri í *Morgunblaðinu* eftir krókaleiðum eða með því að skrifa minningargreinar um fólk sem hann þekkti lítið sem ekkert og birta þar skáldskap og þýðingar eftir sjálfan sig. Raunar gerði Tryggvi gott betur því að inn í hverja og eina þessara greina laumaði hann líka minningarorðum um móður sína sem var sömuleiðis skáld og mun, samkvæmt eftirmálanum, hafa mátt sæta þöggun valdamikilla fjölmiðla eins og sonurinn. Í eftirmálanum segir: „Með gjörningi sínum fetaði hann í fótspor þeirra sem nota kvíksögur til að sporna við hugmyndinni um heiminn, hugmynd sem alltaf er valdatengd og beitt í þágu einhverra aflu. Hann óttaðist ekki að brjóta múra, að deyja og lifna við aftur í nýju formi. Tryggvi hefur stokkið inn í ríki dauðans með það í huga að halda lífi og stuðla þannig að endanlegri upplausn formsins.“

III

Í *Morgunblaðinu* í gær birtist síðan óvæntasta umfjöllunin af öllum þessum skrifum um minningargreinar blaðsins. Þar tók Tryggvi sjálfur til máls í höfuðstöðvum þöggunarvaldsins. Greinin, sem hefur þann frábærlega margræða titil Minning dauðans, samanstendur af stuttum inngangi að langri tilvitnun í umræddan eftirmála þar sem fjallað er um innbrot Tryggva í *Morgunblaðið* og svo stuttu niðurlagi þar sem segir: „Síðan eru endurprentaðar þar [í eftirmálanum] 18 minningargreinar eftir mig. Í heild er þar margt fallett sagt um mig á þeim 40 blaðsíðum af 445 sem bókin spannar. Get ég nú aðeins óskað Morgunblaðslesendum og sjálfum mér til hamingju, og vonað að lestur þessa sagnfræðirits um hugmyndastrauma síðustu áratuga verði svo viðvarandi, að það dugi til að halda minningu skáldskapar míns á lofti; nú þegar sagnfræðistofnun HÍ virðist vera orðin máttugra tæki til að tryggja skáldi framhaldslíf en sjálf bókmenntastofnun þess skóla.“

170606: Saa skyd!

I

Nýlega var minningabók Kristjáns Albertssonar, *Margs er að minnast*, endurútgefin í kilju hjá Bókafélaginu Uglu en það var Jakob F. Ásgeirsson sem skráði. Í þessari bók eru margar bráðskemmtilegar frásagnir úr menningarlífi Íslendinga á tuttugustu öld. Þar er til dæmis sagt frá reyfarakenndum ævilokum Guðmundar Kambans. Um þau skrifaði Kristján grein sem birtist í *Morgunblaðinu* stuttu eftir að Kamban var myrtur 5. maí 1945 í Kaupmannahöfn, fyrsta daginn sem Danmörk var frjáls eftir hernám Þjóðverja.

II

Í greininni segir að Kamban hafi verið staddur á heimili sínu þegar inn koma þrír ungir menn með armbindi frelsishreyfingarinnar sem nú fór um Danmörku og handtók og myrti þá sem hún taldi hafa verið í tengslum við Þjóðverjana á hernámstíma. Mennirnir þrír ætla að handtaka Kamban en hann streitist á móti, stendur frammi fyrir þeim ögrandi á svip. Í greininni er frásögnin svona: „Þetta er alvara,“ segir einn mannanna, „ef þér ekki hlýðið, þá skjótum við.“ Kamban krossleggur arma á brjóstið og segir: „Saa skyd!“ Sibil dóttir hans gekk þá framan að tveim þeirra til þess að aftra þeim frá að skjóta. En á meðan lyfti hinn þriðji byssunni og skaut á föður hennar. Skotið hafði hann í höfuðið, rétt við vinstra augað, og hann féll örendur á gólfið. Frelsisliðarnir skunduðu út og höfðu sig á brott.“

III

En hvers vegna taldi frelsishreyfingin að Kamban hafi verið í tengslum við Þjóðverjana? Kristján setur fram tilgátu um það í minningabókinni. Hann segir að þýskur vísindamaður sem var staddur í Kaupmannahöfn seint á stríðsárunum hafi hringt Kamban upp í síma og boðið honum í mat á Hótel d'Angleterre. Þar ræddu þeir meðal annars um náttúruauðlindir Íslands og Kamban sagði vísindamanninum frá íslenskum sölvum, „næringarmikilli sjávarplöntu sem Íslendingar einir Evrópuþjóða legðu sér til munns, og þó einkum í harðindum, en líka mundi vera höfð til manneldis í Japan og Kína“. Þjóðverjinn skoraði á Kamban að semja vísindaritgerð um söl á Íslandi. Kamban sagði að það myndi kosta sig mikla ólaunaða vinnu. Þjóðverjinn bauðst þá til þess að afla styrks til vinnunnar og tókst það hjá þýsk-dönsku vísindastofnuninni. Kamban stóð nú til boða mánaðarleg upphæð í hálf ár til þess að skrifa ritgerðina. Hann tók starfinu enda hafði hann ekki efni á öðru. En þegar til kom átti hann að sækja þessa mánaðarlegu greiðslu í Dagmarshús þar sem þýsku hernámsyfirvöldin höfðu aðalbækistöð sína, segir Kristján. „Danska mótsþyrnuhreyfingin hafði auðvitað spurnir af mörgu sem þar gerðist og ekki leið á löngu áður en altalað var að Kamban tæki við peningagreiðslum frá Þjóðverjum og að ekki væri vitað til hvers honum væri borgað. Þessi orðrómur mun öllu öðru fremur hafa orðið Kamban að falli.“ Kristján segir að danska stjórnin hafi viðurkennt að Guðmundur Kamban hefði verið drepinn saklaus með því að greiða ekkju hans skaðabætur ævilangt.

240606: Bókmenntirnar eiga að fjalla um hvarf veruleikans

I

Hafa bókmenntir eitthvert hlutverk í samtímanum, í heimi nýrra miðla? Að vera þekktur sem rithöfundur í dag þýðir ekki endilega að vera lesinn heldur að vera tíður gestur í sjónvarpi og blöðum, að nafn manns sé í umferð í fjölmiðlum. Og þessi spurning hlýtur að vakna: Eru bókmenntir til á öld rafvæddra miðla? Rafrænir miðlar draga það í efa. Hin óformlega orðræða þeirra stangast á við formlega orðræðu bókmenntanna. Hugmyndafræðilegir straumar draga það líka í efa, rómantískar hugmyndir um bókmenntirnar hafa verið rifnar niður, til dæmis um höfundinn, um verkið, og fleira. Menn tala um dauða bókmenntanna, gefa út bækur með titlinum „Hvað voru bókmenntir?“

II

Breski bókmenntafræðingurinn Terry Eagleton segir að bókmenntir séu eletískt form og kúgandi. Og bókmenntir hafa augljóslega minni áhrif en áður, að minnsta kosti miðað við hina rafrænu orðræðu - kannski eru þær meira bisniss en þekkingarfræði, þær taka ekki lengur jafn mikinn þátt í því að móta hugsun okkar og samfélag. Að auki er sá tími liðinn að það var ljóst hvað voru bókmenntir annars vegar og hvað var til dæmis gagnrýni hins vegar; það eru engar skýrar línur, allt virðist skarast. Og hvað eru þá bókmenntir?

III

Og ef við göngum út frá því að við lifum ekki lengur á valdatíma prentsins, ef rafrænir miðlar hafa tekið yfir, þá má spyrja: hvernig eigum við að skilja bókmenntir í heimi þar sem hið bókmenntalega á sér engan stað lengur?

IV

Bókmenntir eru stofnun. Með því að nálgast þær út frá brotakenndu sjónarhorni tímans er ekki aðeins hægt að endurskrifa sögu þeirra heldur ljá þeim pólitískt gildi á ný. Saga bókmenntanna er bara saga þess hvernig ákveðinn orðræðuháttur varð að samfélagslegri stofnun. Hlutverk bókmenntanna í heimi sýndarveruleikans er einmitt það að afhjúpa með orðum blekkingu myndanna. Í heimi þar sem allt sést hefur orðið til háþróuð tækni sem heitir sjónhverfingar, en hún getur látið veruleikann hverfa. Bókmenntirnar eiga að fjalla um þetta hvarf.

010706: Ópolandi rómantík

I

Sennilega fara Íslendingar ekki meira í taugarnar á neinni annarri þjóð en Dönnum, nema ef vera skyldi Norðmönnum. Þeir síðarnefndu geta vart á sér heilum tekið vegna þess að Íslendingar segjast eiga Snorra og Leif heppna og nú virðist líflegt tónlistarlífið á Fróni fara óskaplega í taugarnar á þeim, eða að minnsta kosti skýringar Íslendinga á því hvers vegna þeir eiga jafnmikið af framúrskarandi tónlistarfólki og raun ber vitni. Í umfjöllun norskra blaða um kvikmynd Ara Alexanders Ergis Magnússonar um íslenskt tónlistarlíf í þúsund ár, *Gargandi snilld*, tala gagnrýnendur um að myndin sé full af goðsögum og rómantík, Íslendingar geti ekki stillt sig um að auglýsa í sífellu stórfenglega náttúru sína og bókmenntaarfinn. „Íslendingar eru mjög sérstakir,“ segir Ingunn Økland hjá *Aftenposten*, fullsödd af þjóðrembingi frændþjóðarinnar, og bætir við: „Áhugaverðara er að vera tekin með á tónleika í kjallaraholum eða á æfingar í eyðilegum, gömlum kirkjum. Í einni af fáránlegustu senum myndarinnar býður forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, til tónleika með Trabant á heimili sínu. Góðborgarar og embættismenn sjást þar dansa diskó eftir bestu getu.“

II

Vegard Larsen á *Dagbladet* lætur það sömuleiðis fara í taugarnar á sér hvað *Gargandi snilld* dregur, að hans mati, upp rómantíska mynd af tónlistarlífi Íslendinga. Ástæðurnar fyrir gróskunni á þessari 300.000 manna eyju séu of einfaldar og þjóðernisrómantískar, sé eitthvað að marka kvikmyndina. Það rigni mikið á Íslandi og þar sé nokkuð kalt og því dvelji fólk mikið innandyra. Það búi fáir á eyjunni og krakkar hafi því mikinn tíma út af fyrir sig, séu oft ein með gítarinn eða við tölvuna. Íslenskir tónlistarmenn búist ekki við mikilli sölu á tónlist sinni og búi því til frumlega tónlist fremur en fjöldaframleidda og markaðsvæna, og þessi gróska sé hreinlega eðli Íslendinga að þakka, arfinum frá víkingunum, ljóðrænu tungumálinu og hrjúfri náttúrunni. Undir þessa hráslagalegu en útpældu ímynd er, að sögn Larsens, ýtt með myndum af tilkomumikilli, villtri íslenskri náttúru og þorpum þar sem ekki nokkur sála er á ferð. „Jú, jú, þetta er ágæt auglýsing fyrir áttundu stærstu eyju í heimi,“ segir Larsen, álíka þreyttur á íslenskum þjóðrembingi og Ingunn Økland, og bætir við: „En því miður gegnir tónlistin aukahlutverki í þessari sterku myndrænu kvikmyndagerð. Maður kemst aldrei í kynni við listamennina. Heimildamyndin ristir ekki djúpt og setur ekki fram neinar upplýsingar um meira og minna óþekkt listamannsnöfnin sem birtast áhorfendum.“

III

Þetta er auðvitað bráðfyndin gagnrýni. Það er skemmtilegt að sjá hvað Norðmenn eiga erfitt með að þola ímynd Íslendinga sem einangraðrar og „mjög sérstakrar“ víkingaþjóðar með skáldablóð í æðum. Og kannski eru þeir svona glöggir á hana vegna þess að þeir hafa sjálfir byggt talsvert á þessari ímynd. En auðvitað er ýmislegt til í þessari gagnrýni. Og sjálfsagt eru margir Íslendingar samþykkir því að þessi rómantík er nánast ópolandi. Jónas Sen tekur reyndar undir gagnrýni þeirra Øklands og Larsens á *Gargandi snilld* í grein sem hann skrifar um íslenskar heimildamyndir í *Lesbók* í dag. Hann bendir á mun sennilegri skýringu á grósku íslensks tónlistarlífs en þá sem fram kemur í mynd Ara.

080706: Ekkert nýtt gerist

I

Hvað gerðist þegar kalda stríðinu lauk? Bandaríski fræðimaðurinn Francis Fukuyama hélt því fram að sagan hefði lagt upp laupana, stöðvast, andast beinlínis. Hann átti við að sagan í Hegelskum skilningi, þar sem hugmyndafræðileg þróun knýr fram breytingar og viðburði, væri ekki lengur möguleg eftir að hinir tveir meginpólar hægri og vinstri væru ekki lengur til staðar. Fáir voru hrifnir af þessari kenningu. Hún þótti byggjast á of þröngum skilningi á söguhugtakinu og varpa litlu ljósi á það ástand sem ríkti og hefur ríkt eftir að múrinn féll.

II

Franski fræðimaðurinn Jean Baudrillard hefur sett fram mun áhugaverðari kenningar um þetta ástand. Hann heldur því fram að eitthvað mikið hafi í raun gerst. Sagan eins og við þekktum hana sé ekki lengur til en það sé ekki bara endir kalda stríðsins sem valdi því heldur ekki síður breytingar á fjölmiðlun og upplýsingaflæði. Baudrillard heldur því með öðrum orðum fram að aukin fjölmiðlun og sífellt meira upplýsingaflæði hafi skapað ofgnótt sögu eða ofgnótt viðburða sem þýði í raun að sagan sem slík er ekki lengur söm og áður, söguleg framvinda er ekki lengur möguleg þegar ekki er lengur hægt að tala um sögulega viðburði, viðburði sem hafa sögulega þýðingu. Málið er ekki að það séu fleiri viðburðir heldur eru viðburðirnir sjálfir fjölfaldaðir, ef svo má segja, með gríðarlegri útbreiðslu í fjölmiðlum og upplýsingaveitum af ýmsu tagi. „Segja má að það sé ekki lengur hægt að trú á söguna vegna þess að allt er orðið að sögu“ segir Baudrillard. „Hugarfar, daglegt líf, kynhneigð - allt hefur verið fært inn í söguna. Það er þess vegna frekar vegna ofgnóttarinnar en hins sjaldgæfa sem við höfum tapað hugmyndinni um söguna og merkingu hennar.“ Þetta eru ekki endalok sögunnar í skilningi Fukuyama, að mati Baudrillards, heldur útþynning sögunnar sem viðburðar.

III

Þetta sagði Baudrillard reyndar árið 1998. Þremur árum síðar, eftir 11. september 2001 hélt hann því fram að sagan hefði tekið við sér á ný. Slík ógnarverk eru kannski einu viðburðirnir sem geta enn haft áhrif á allt okkar líf og þannig breytt sögulegri framvindu. Fall múrsins markaði hins vegar ekki nýtt sögulegt skeið að mati Baudrillard. Saga Mið- og Austur-Evrópu hafði verið fryst - ekkert gerðist í áratugi - og þegar hlánaði tók hún á sig aðra mynd. Það sem tók við var hins vegar ekki söguleg framvinda heldur söguleg endurvinnsla. Ekkert nýtt gerist.

120806: Vinstrimenn hafa tapað tungumálinu

I

Vinstrimenn hafa tapað baráttunni um tungumálið, segir Geoffrey Nunberg, málvísindamaður við Kaliforníuháskóla, í nýrri bók sem heitir því langa en sláandi nafni *Talking Right: How Conservatives Turned Liberalism Into a Tax-Raising, Latte-Drinking, Sushi-Eating, Volvo-Driving, New York Times-Reading, Body-Piercing, Hollywood-Loving, Left-Wing Freak Show*. Og það sem Nunberg telur að vinstrimenn og frjálslyndir verði að gera er að ná hinu daglega orðfæri fólks aftur á sitt vald, þeir þurfi að hrifsa það úr höndum hægrimanna. Hann segir að bók sín fjalli um hvernig eigi að fara að því.

II

Kenning Nunbergs er sú að það verði að fá fólk til þess að tala með vissum hætti ef það eigi að styðja einhverja ákveðna stefnu og kjósa fulltrúa hennar. Nái maður valdi á tungumálinu séu hin pólitísku völd innan seilingar vegna þess að orðin, sem fólk notar, hafi þá merkingu sem maður hafi léð þeim. Nunberg segir að bandarískum repúblikönnum hafi orðið svo vel ágennt í þessum eignum að jafnvel vinstrimenn þar í landi notist við tungutak sem lýsi heimssýn hægrimanna. Í Bandaríkjunum vísi orðið „gildi“ („values“) til dæmis til sérstakrar áherslu á fjölskyldumál og trúmál, til þess að viðkomandi sé þjóðernissinni en á móti sérhagsmunum, kvótum, fóstureyðingum, hjónaböndum samkynhneigðra og líknardrápum. Nunberg útskýrir líka hvernig repúblikanar hafa breytt ríkinu í hugtak sem lýsir misnotkun eða ofbeldi, gert orðið frjálslyndur að skammaryrði, gert mönnum ómögulegt að vera bæði frjálslyndir og þjóðernissinnaðir, endurskilgreint miðstéttina þannig að nú tilheyra henni bæði kaupmaðurinn á horninu og forseti Bandaríkjanna og allir þar á milli (sem þar að auki sameinist í andstöðunni við latte-þambandi og snobbaða Volvo-eigendur á austurströndinni) - hvernig repúblikanar hafa almennt endurskilgreint hið pólitíska landslag þannig að jafnvel frjálslyndir og vinstrimenn samþykki það vegna þess að tungumál hægrimanna er nú ríkjandi tungutak.

III

Kenning Nunbergs er forvitnileg. Pólitík og ekki síst áróðursstríð, sem stjórnámál nú til dags eru fyrst og fremst, ganga að miklu leyti út á að ná tókum á því hvernig fólk notar tungumálið og skilur það. En auðvitað má deila um það hvort repúblikanar hafi yfirhöndina sem stendur eða demókratar, hægrimenn eða vinstrimenn. Í *Lesbókinni* undanfarnar vikur hefur verið deilt um umræðuhefð í íslenskum stjórnámálum. Þar hefur Guðni Elísson meðal annars haldið því fram að vinstrimenn hafi eignað sér umræðuna um náttúruvernd. Það er örugglega rétt. Og samkvæmt kenningu Nunbergs mætti þess vegna halda því fram að sá sem talar um umhverfisvernd sé að nota orðræðu vinstrimanna, jafnvel róttæka orðræðu. Sá maður fær þá á sig vinstristimpil. Illugi Gunnarsson sjálfstæðismaður brást við með því að skrifa opnugrein í blaðið um umhverfisstefnu flokksins. Í greininni gerði hann augljósa tilraun til þess að ræða umhverfismál með hugtökum hægristjórnamála. Það er ekki ólíklegt að íslenskir hægrimenn eigi eftir að skrifa meira um umhverfismál á næstu mánuðum eða þegar tekur að nálgast kosningar, rétt eins og íhaldsmenn í Englandi hafa gert að undanfögnu til þess að bæta umhverfisímynd sína, koma höndum yfir tungutak umhverfissinnans.

190806: Hvarf Íslands

I

Er hægt að halda því fram að allt frá því að íslenska lýðveldið var stofnað 1944 hafi Ísland verið að hverfa smám saman? Þá er átt við það Ísland sem varð til á landnámsöld fyrir ellefu hundruð árum og hélst svo að segja óbreytt allt fram á nítjándu öld og lítið breytt fram á miðja tuttugustu öld; Ísland var á þessu langa tímabili landbúnaðarsamfélag sem þreifst á sjálfsþurftarbúskap, borgarmyndun var lítil sem engin, iðnaður var lítill og tæknivæðing einnig, menntakerfi var vanþroskað, einnig heilbrigðiskerfi og yfirleitt allur innri strúktúr samfélagsins. En landið var hins vegar svo til ósnortið, fólkið var í sterkum tengslum við íslenska náttúru enda höfðu flestir lífsviðurværi af því að yrkja hana, og fólk var sömuleiðis í sterkum tengslum við menningarlega arfleifð sína, þjóðsögurnar og Íslendingasögurnar voru lifandi veruleiki. Á þessum öldum varð til kjarni íslenskrar þjóðmenningar og íslenskrar þjóðarvitundar sem með svólíttli einföldun tengdist fyrst og fremst fornþókmenntunum og náttúrunni eða náttúruöflunum.

II

Íslenska lýðveldið var búið til í tilraunaglas. Innfluttum hugmyndum um lýðveldi og lýðræði, um ríkiskerfi, um borgarmyndun og samfélag borgara var hellt út í glasið sem var síðan hrist vel. Úr þessari blöndu varð á skömmum tíma til ríki sem í fáu líktist því landi sem hér hafði þróast og mótast á ellefu hundruð árum. Til varð þjóðríki sem var þýtt og staðfært úr öðrum og mun eldri þjóðríkjum. Í kjölfarið flutti þjóðin í stórum stíl úr sveitinni á mölina, eins og það var kallað, aftur úr grárrí fortíð til nútíðar í einum grænum hveli. Sveitirnar stóðu eftir yfirgefnar, en borgin fylltist af sveitamönnum á áttahagabömmur vegna þess að þeir gátu ekki og hafa aldrei getað fyrirgefið sjálfum sér að hafa farið, yfirgefið plássið sitt, dalinn sinn.

III

Þessi ótrúlega hröðu umskipti hafa verið skrásett vandlega í íslenskum bókmenntum, þau voru helsta umfjöllunarefni rithöfunda á fimmta og sjötta áratugnum svo sem Indriða G. Þorsteinssonar og Ólafs Jóhanns Sigurðssonar. Þeir sögðu sögur um það hvernig gamla Ísland varð eftir í sveitunum, menning þess og gildi tóku smám saman að víkja fyrir nýju borgarsamfélagi, tæknivæddu, iðnvæddu og gegnsýrðu af erlendri menningu, bæði evrópskri og bandarískri. Og þetta brotthvarf gamla Íslands er reyndar enn umfjöllunarefni íslenskra listamanna, svo sem myndlistarmannsins Birgis Andréssonar sem hefur undanfarin ár skrásett þá þætti íslenskrar menningar, þann hluta íslenska frumtextans eða frummyndarinnar sem er horfinn eða um það bil að hverfa undir þýðinguna, eftirlíkinguna af erlendum frumgerðum. Þekktar eru mannlýsingar Birgis þar sem hann birtir okkur erkitýpiska Íslendinga í íslenskum litum. Lýsingarnar eru settar saman úr textabrotum sem fengin eru úr gömlum Alþingistíðindum. Í þeim var stundum auglýst eftir afbrotamönnum með kjarnyrta orðalagi sem um margt minnir á mannlýsingar í Íslendingasögum. Hver mannlýsing Birgis er sett saman úr brotum úr mörgum slíkum auglýsingum en útkoman er alltaf erkitýpískur Íslendingur sem þó er ekki til vegna þess að hann er settur saman úr lýsingum á ólíkum einstaklingum. Og svo er verkið í íslenskum litum. Neðst á hverri mynd er gefið upp númer litarins sem textinn er málaður með og svo númer litarins sem er á textaflötinum. En þetta eru númer, ekki litir. Íslenskir litir eru heldur ekki til, ekki frekar en hinn týpíski Íslendingur. Að minnsta kosti ekki lengur.

260806: Tálmyndir

I

Árbæjarsafn er furðulegt fyrirbæri í íslenskri menningu. Þangað getur fólk farið til þess að upplifa Ísland fyrri tíma. Safnið er einn af fáum stöðum í Reykjavík þar sem hægt er að komast í snertingu við fortíðina en borgin er mjög ung, í örum vexti og fátæk af gömlum húsum, hvað þá byggingum frá fyrstu árum bæjarmyndunar. En auðvitað er upplifunin í Árbænum ekki ekta því að samhengið er tilbúið eins og í öllum eða að minnsta kosti flestum söfnum. Í þeim skilningi er safnið í raun ekki til þess að minna okkur á fortíð okkar eða varðveita hana heldur til þess að minna okkur á að hún sé horfin, að gamla Ísland sé ekki lengur til staðar. Spyrja má hvort öll söfn sem fjalla sérstaklega um fortíðina, svo sem Þjóðminjasöfn víða um heim, hafi ekki sömu merkingu eða áhrif, en munurinn er sá að í Reykjavík er hið „raunverulega“ eða „upprunalega“ samhengi löngu horfið, jafnvel þó að borgin sé jafn ung og raun ber vitni.

II

Víkingaþorpið sem risið hefur í Hafnarfirði síðustu ár er líka undarleg áminning um að sá veruleiki sem það reynir að minnast eða jafnvel endurvekja er okkur gjörsamlega framandi. Þorpið fyllist lífi einu sinni á ári þegar alþjóðleg víkingahátíð er haldin þar með tilheyrandi þykjustubardögum og öðrum víkingalegum uppákomum. Kannski er Víkingaþorpið okkar Disneyland: tálmynd sem byrgir okkur sýn á þann fjarstæðukennda veruleika sem Ísland er nú um stundir. Fyrst og fremst er þetta þorp þó gott dæmi um kitsið sem þrífst svo vel í þjóðfélagi eins og okkar, ungu þjóðfélagi sem hefur verið riggað upp á ofurskömmum tíma í anda einhverra fyrirmynda og hugmynda sem þó verða aldrei annað en skugginn af sjálfum sér, meira og minna rúnar innihaldi sínu, fortíð sinni, sögulegu samhengi og þess vegna einhvern veginn úr takti við umhverfið.

III

Einmitt, íslenskur veruleiki getur virst fjarstæðukenndur og kitsaður vegna þess að samhengið skortir, satt að segja er engu líkara en það hafi orðið hér sögulegt rof, að stökkið inn í nútímann hafi orðið fyrirvaralaust eða svo skyndilegt að nánast allt annað gleymdist. Því er reyndar haldið fram í nýjasta hefti *Ritsins* að handritaöldinni hafi í raun ekki lokið á Íslandi fyrr en á tuttugustu öld og þannig mætti segja að miðaldir hafi teygt sig alveg fram á nýliðna öld en ekki lokið í kringum fimmtán hundruð eins og annars staðar á Vesturlöndum. Þetta kann að vera skýringin á hinu sögulega rofi.

090906: Golfstríðið

I

Eftir ógnarverkin 11. september 2001 í New York og Washington hét George W. Bush Bandaríkjaforseti því að efna til nýrrar tegundar af stríði til þess að sigrast á hinn nýju ógn. Stuttu síðar var ráðist inn í Afganistan. Takmarkið var að finna Bin Laden og gera samtök hans, al-Qaeda, óvirk. Þetta tókst ekki. Ástæðan var líklega sú að ráðist var inn í Afganistan með sömu ráðum og inn í Írak rúmlega tíu árum fyrr. Og þótt þau ráð hafi dugað vel í eyðimörkinni þá dugðu þau ekki til þess að finna staðlausa meðlimi al-Qaeda. Fréttaflutningurinn af innrásinni var mestmegnis neikvæður, þrátt fyrir áróður um að stjórn eða stjórnleysi talibana hefði verið hrundið með henni. Snemma árið 2003 var því brugðið á það ráð að ráðast aftur inn í Írak, eitt af öxulveldum hins illa.

II

Sennilega sáu flestir fyrir að innrásin myndi ekki gera mikið gagn í baráttunni gegn ógnarverkum en kannski var hugsunin heldur ekki sú. Því hefur verið haldið fram að árásin í Írak hafi fyrst og fremst átt að gegna því hlutverki að endurtaka það gríðarlega sjónarspil sem fyrra Golfstríðið hafði verið með beinum útsendingum í hnattvæddu sjónvarpi. Það var mikilvægt fyrir Bandaríkjastjórn að sýna einhvern árangur eða að minnsta kosti sýna einhverjar aðgerðir. Sýnilegt stríð, sjónvarpað stríð var í raun eina svarið við ósýnilegum óvini. Og auðvitað var það kostur að margir Bandaríkjamenn töldu hvort eð er að Írakar stæðu með einum eða öðrum hætti á bak við árásirnar á World Trade Center.

II

„Operation Iraqi Freedom“ hófst 20. mars 2003 með beinni útsendingu undir heitinu Íraksstríðið eða Seinna Golfstríðið. Aðferðafræði árásarinnar gekk undir nafninu „Shock and Awe“. Myndirnar af flugskeytum sem hittu beint í mark undir ástríðufullum lýsingum fréttamanna gerðu sitt gagn, Ameríka endurheimti stolt sitt og völd, að minnsta kosti að einhverju leyti. Höggið tókst en spurning var hvort áhorfendurnir heima í stofu fylltust óttablandinni lotningu eða aðdáun yfir myndunum sem bárust af vígvellinum. Líklega ekki. Myndirnar minntu um of á fyrra Golfstríðið, lítið virtist hafa breyst. Fullorðnir sem börn höfðu horft á þessar myndir í tölvuleikjum í meira en tíu ár. Tölvuleikjaframleiðandinn Sony sá eigi að síður ástæðu til þess að kaupa einkaréttinn á yfirskrift árásarinnar, Shock and Awe. En hafi tilgangurinn með innrásinni í Írak verið að vinna einhvers konar áróðursstríð, en ógnarverk eru ætíð öðrum þræði áróðursstríð, þá virðist sú tilraun hafa kostað Bush-stjórnina og bandamenn hennar miklar pólitískar fórnir.

160906: Golfstríðið og Beckett

I

Andrés Magnússon gerði athugasemd við það í dálki sínum Klippt og skorið í *Bláinu* í vikunni að Flóastríðin skuli hafa verið kölluð Golfstríðin í Neðanmáls pistli fyrir viku síðan. Af skrifum hans að dæma virðist hann hafa komið auga á fátíðleika þessarar nafngiftar sem sýnir að hann hefur lesið pistilinn með athygli. Það færir hins vegar ekki sönnur á að Neðanmálið hafi verið skrifað á vondri íslensku eins og Andrés gefur í skyn. Reyndar er Neðanmálsritari ekki fyrstur til þess að nota þessa beinu þýðingu á enska heiti stríðanna, hún hefur áður verið notuð í *Lesbók* og víðar. Þessi nafngift tengir stríðið vissulega við íþróttina golf og dregur þannig fram að það er kannski fyrst og fremst einhvers konar leikflétta.

II

En að öðru. Sigurður Pálsson segir frábæra sögu af því þegar hann hitti skáldjöfurinn Samuel Beckett í París árið 1968 í nýjasta hefti *Tímarits Máls og menningar* sem kom út í vikunni. Sigurður Pálsson, sem var námsmaður í París þetta sögufræg ár, mætti skáldinu úti á götu í hverfinu sínu, þeir komu gangandi úr sinni áttinni hvor og, eins og hver maður getur ímyndað sér, tók tilfinningalíf hins unga og upprennandi íslenska skálds kipp: „Ég fékk hjartslátt,“ segir Sigurður „mig hefði ekki grunað hvað það yrði stórkostleg stund að koma auga á hann, fá staðfestingu á því að hann væri raunverulegur. Hann var undralíkur sjálfum sér á ljósmyndum, ég sá það strax úr fjarlægð. Og hann gekk nær mér og ég gekk nær honum. Rétt bráðum myndum við mætast.“ Og eins og flestir geta sjálfsagt líka skilið þá fór unga skáldið að hugsa um það hvernig ætti að bera sig að við það að mæta svona frægum manni á götu, þessu ídóli sínu. Sigurður hafði tekið þátt í leiklestri á Sal Menntaskólans í Reykjavík á frægu verki Becketts Endatafli, þar las hann hlutverk þjónsins og trúðsfígúrunnar Clov. „Og þarna var ég, sem hafði lesið hlutverk þjónsins Clov og nú kom Hamm á móti mér nema hann var ekki blindur og Clov var ekki kaldur og yfirvegaður eins og í leikritinu, hann var fátíðlega stressaður“ segir Sigurður. Og þar sem þeir tveir nálgast óðum á götunni í París þá fannst honum auðvitað „allt í einu óbærilega þjónalegt að horfa á þennan dásamlega höfund með svona túristalegu flenniviðmóti, stara slefandi á hinn granna og hávaxna Íra, það var alveg óbærilega hálfvitalegt“. Og Sigurður tekur snögga ákvörðun um að láta ekki á neinu bera, en síðan, já síðan gerist eitthvað. Og lesendur verða að lesa þennan frábæra texta Sigurðar í *TMM* til þess að komast að því hvað það var nákvæmlega sem gerðist, en það gerðist.

230906: 10.000 Bandaríkjamenn lesa bækur og 2.000 þýddar

I

Sjálfsgagt kannast ekki margir hér á landi við bandaríska bókaforlagið Dalkey Archive Press. Reyndar er þetta forlag heldur ekki mjög þekkt í heimalandi sínu. Ástæðan er sú að það gefur einkum út þýðingar. Og ekki nóg með það, forlagið sérhæfir sig í að gefa út tilraunakenndan eða jafnvel svolítið skrýttinn skáldskap, eins og einn af stjórnendum útgáfunnar, Chad W. Post, sagði við Neðanmálsritara fyrir stuttu er hann var hér á landi í þeim erindagjörðum að finna íslenskar bækur til útgáfu. Sem dæmi um áherslu forlagsins má nefna bækur af útgáfulista haustsins svo sem *I'm Not Stiller* eftir Max Frisch, *Melancholy* eftir Jon Fosse og *Marks of Identity* eftir Juan Goytisolo. Það eru því ekki aðeins nýjar bækur gefnar út heldur einnig verk sem geta talist til tuttugustu aldar klassíkur. Reyndar gefur forlagið einnig út fræðirit um bókmenntir og tímaritið *Context* sem fjallar um samtímabókmenntir, þýddar sem frumsamdar. Þeir sem vilja kynna sér forlagið betur geta farið inn á heimasíðu þess www.dalkeyarchive.com

II

En hvers vegna þekkja Bandaríkjamenn ekki forlag sem stundar svo metnaðarfulla starfsemi? Ástæðan er sú að þýddar bókmenntir eiga ekki mjög upp á pallborðið í Bandaríkjunum. Að sögn Post eru um það bil 10.000 manns í landinu öllu sem lesa þýddar fagurbókmenntir að einhverju ráði. Hver þýdd bók sem gefin er út selst í um það bil 2.000 eintökum. Reyndar eru til dæmi þess að þýðingar á þekktum evrópskum höfundum seljist í fimmtíu eintökum og færri í Bandaríkjunum.

III

Þetta eru mjög forvitnilegar tölur. Meðalsala á íslenskri skáldsögu er um það bil 1.500 eintök og sala á þýðingum hérlendis er að meðaltali um 7-800 eintök. Chad W. Post gat ekki svarað því hvers vegna svo lítil áhugi væri á þýddum fagurbókmenntum í Bandaríkjunum. Hann sagði reyndar áhuga á skáldskap yfirleitt fara hratt minnkandi í landi sínu. Það mætti meðal annars greina á því að blöð eins og *The New York Times Book Review* hefðu dregið mjög úr umfjöllun sinni um skáldskap. Þar væri aðallega að finna gagnrýni á bækur um Íraksstríðið og önnur dægurmál. Og sá skáldskapur sem fjallað er um sé aðallega metsölubækur. Að hans mati eru ekki mikið fleiri sem lesa frumsamdar fagurbókmenntir en þýddar eða um 10.000 manns. Ómögulegt er að segja til um hver sambærileg tala er hér á landi. Hins vegar vekur það óneitanlega athygli að þýddar bókmenntir hljóta ekki stóran sess í síðustu tveimur bindum *Íslenskrar bókmenntasögu* sem nýlega komu út.

300906: Tvær fréttir

I

Í *Morgunblaðinu* í gær birtust tvær fréttir sem kölluðust skemmtilega á. Á síðu 2 var annars vegar sagt frá nýjum samningi til fimm ára á milli menntamálaráðuneytisins og RÚV um að stórauka framboð á íslensku efni í Sjónvarpinu. Samkvæmt samningnum verður Ríkisútvarpinu gert að styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. „RÚV skuldbindur sig til að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 milljónum kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður 250 millj. kr. eftir fimm ár,“ sagði í fréttinni. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Páll Magnússon útvarpsstjóri lýstu mikilli ánægju með samninginn og sögðu hann marka tímamót. Og Ágúst Guðmundsson, forseti Bandalags íslenskra listamanna (BÍL), tók undir það og sagði að lengi hefði verið beðið eftir breytingum í þessa átt.

II

En á síðu 19 birtist síðan frétt undir fyrirsögninni: „Hvar er íslenskt sjónvarp?“ Þar boðar BÍL með Ágúst Guðmundsson í fararbroddi til fundar í Norræna húsinu í dag, laugardag, en markmið fundarins er að „vekja fólk til vitundar um innlenda dagskrárstefnu í sjónvarpi“, eins og segir í fréttinni. Fríður hópur fyrirlesara ætlar að taka til máls á fundinum og væntanlega býsnast mikið yfir hörmungarástandinu í „íslensku“ sjónvarpi þar sem útlenskt efni, einkum amerískt og enskt, hefur tröllriðið dagskránni. Það er auðvitað alveg hárrétt en nú virðast menntamálaráðherra og útvarpsstjóri hafa orðið fyrri til, og spurningin er hvort samningurinn sem þau undirrituðu muni ekki hafa áhrif á málflutning þeirra sem tala á fundinum í dag. Líklega verður þessum ánægjulega áfanga fagnað en kannski er ólíklegt að fundurinn breytist í einhverja halelújasamkomu, það eru fleiri sjónvarpsstöðvar á Íslandi en Ríkissjónvarpið. Reyndar hafa sumar þeirra sýnt ákveðið frumkvæði í íslenskri dagskrárgerð, bæði Stöð 2 og Skjár einn hleyptu svolitlu lífi í íslenskt sjónvarp á sínum tíma. En það sem þó einkennir íslenska dagskrárgerð þessara sjónvarpsstöðva nú um stundir og síðustu ár reyndar er að hún er ekki íslensk, hún er umfram allt endurvinnsla eða eins konar þýðingar á erlendu sjónvarpsefni, nægir þar að nefna raunveruleikahættina alla. Það sem ekki hefur tekist í fjörutíu ára sögu íslensks sjónvarps er að búa til íslenska sjónvarpshefð með svipuðum hætti og það hefur orðið til íslensk útvarpshefð á Gufunni.

071006: Nautnastuldur

I

Skáldsagan *Nautnastuldur* eftir Rúnar Helga Vignisson hefur verið endurútgefin, endurskoðuð af höfundi. Bókin kom fyrst út árið 1990 og vakti talsverða athygli enda umfjöllunarefnið krassandi, undur maður sem er haldinn svokölluðum nautnastuldi, sálarkvilla sem orsakast af glímu við mótsagnakennd skilaboð, eins og það er orðað á bókarkápu, en einkennin lýsa sér í vanhæfni til að njóta lífsins gæða og sjúklegru feimni. Í grein á heimasíðu Græna hússins, sem gefur bókina út, rifjar Rúnar Helgi upp viðtökur bókarinnar. Örn Ólafsson gagnrýnandi skrifaði fyrsta dóminn og kallaði hana sálfræðihandbók. Höfundurinn varð auðvitað fyrir vonbrigðum en fljótlega lyftist brúnin þegar Matthías Viðar Sæmundsson svaraði Erni í tveimur útvarpspistlum þar sem hann lagði út af bókinni með allt öðrum hætti, sagði hana fást við vanda sem ef til vill væri lykill að samtímareynslu okkar og varpaði fram þessari spurningu sem sennilega hefur ekki enn verið svarað af neinu viti: „Hvenær hættum við að geta skitið af nautn?“

II

Það var þó ekki síst glíma söguhetjunnar Egils Grímssonar við kynhvötina sem vakti athygli á bókinni. Þótti sumum sem hvatalíf hans væri stórum ýkt. Rúnar Helgi rifjar þetta upp í grein sinni og segir að konur geri sér augljóslega ekki grein fyrir því hvers konar ógnarkraftur brjótist út í líkama karlmanns þegar kynhormónin spýtast út í blóðið: „Þetta þekkingarleysi kvenna birtist m.a. í því að konur sem fjallað hafa um *Nautnastuld* hafa sumar haldið því fram að Egill Grímsson sé kynlífsfíkill. Ég segi nú bara fyrir mig þrítvat og persónulega: Ég vildi að svo væri. En viðbrögð karlanna við bókinni benda því miður ekki til þess að hann sé afbrigðilegur að þessu leyti. Hitt er svo annað að flestir karlar reyna að bæla kynhvöt sína til að ofbjóða ekki konum því þeir vita að ef þeir koma ærlega fram verða þeir stimplaðir kynlífsfíklar af mörgum þeirra. Rétt eins og Egill Grímsson.“

III

Nautnastuldur hefur ekki verið fáanleg í bókabúðum um langt skeið og það er því fengur að endurútgáfunni. Bókin á sannarlega jafnmikið erindi nú og hún átti fyrir sextán árum, ef eitthvað einkennist samtímalífið jafnvel enn fremur af nautnastuldi nú en í byrjun síðasta áratugar.

III

En lesendur *Lesbókar* þurfa ekki annað en fletta upp á síðu 10 í blaðinu í dag til þess að lesa Rúnar Helga, hann fjallar þar um nýjustu skáldsögu ástralska rithöfundarins Peters Careys, *Theft - A Love Story*. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á grein Rúnar Helga því hún er langt frá því hefðbundin bókarýni.

141006: Hver les Halldór Laxness?

I

Hver les Halldór Laxness utan heimalands hans? Þannig var spurt á fréttavef AFP í vikunni. Greinin fjallaði um fræga og gleymda nóbelshöfunda. Laxness var talinn meðal hinna gleymdu ásamt meðal annarra sænsku rithöfundunum Eyvind Johnson og Harry Martinson, sem deildu verðlaununum árið 1974, Erik Axel Karlfeldt (1931), Czeslaw Milosz (1980), Odysseus Elytis (1979) og Jaroslav Seifert (1984).

Spurningunni var auðvitað ekki svarað frekar en öðrum retórískum spurningum. Svarið myndi hins vegar vera það að Laxness sé vissulega lesinn annars staðar en í heimalandi sínu, einkum þó á Norðurlöndunum og í Þýskalandi. Nýleg endurútgáfa á *Sjálfstæðu fólki* í Bandaríkjunum virtist líka fá ágætari viðtökur en þýddar bókmenntir eiga sér ekki stóran lesendahóp þar yfirleitt.

II

En auðvitað er eitthvað til í því að Laxness er ekki meðal þekktustu nóbelsverðlaunahafa í bókmenntum. Hann nýtur ekki og hefur aldrei notið viðlíka vinsælda í bókmenntaheiminum og til dæmis Orhan Pamuk sem útnefndur var til verðlaunanna sl. fimmtudag. Pamuk hefur þegar verið þýddur á fjörutíu tungumál. Hið sama má segja um J.M. Coetzee sem hlaut verðlaunin 2003. En það er frekar undantekning en regla að nóbelshöfundar séu vinsælir eða nálgist það að vera metsöluhöfundar. Elfriede Jelinek er ekki metsöluhöfundur, hvað þá Imre Kertész eða Wislawa Szymborska og Gao Xingjian en allt eru þetta höfundar sem fengið hafa verðlaunin fyrir fáum árum. Harold Pinter er hins vegar vel þekktur höfundur og V.S. Naipaul, Seamus Heaney, Dario Fo og Oktavio Paz, en þeir eru engir metsöluhöfundar, þeir eru ekki allra.

III

Þegar listi yfir nóbelsverðlaunahafa í bókmenntum síðustu áratuga er skoðaður kemur reyndar í ljós að áherslan hefur umfram allt verið á höfunda sem eru tiltölulega óþekktir. Páll Valsson, útgáfustjóri Eddu-útgáfu, sagði í sjónvarpinu á fimmtudag að val nefndarinnar að þessu sinni á Orhan Pamuk væri sannarlega djarft, ekki aðeins vegna pólitískra skírskotana þess heldur einnig vegna þess að hann væri vinsæll höfundur og þekktur víða um lönd. Þetta er sjálfsagt rétt en líklega hefur Pamuk ekki orðið fyrir valinu vegna þess að hann er þekktur höfundur heldur vegna þess að hann er góður höfundur sem hefur jafnframt pólitískt og táknrænt gildi. Um það er fjallað í Erindi á blaðsíðu ellefu í *Lesbók* í dag.

211006: Lítið af fréttum í ljóðum

I

Bandaríska ljóðskáldið William Carlos Williams skrifaði á tungu sinni:

It is difficult
to get the news from poems
yet men die miserably every day
for lack
of what is found there.

Það er sem sé lítið af fréttum í ljóðum en menn deyja samt sem áður vansælir á hverjum einasta degi vegna þess að þá vantar einmitt það sem er að finna í þeim. Einar Már Guðmundsson hefur þetta að einkunnarorðum greinasafns síns *Launsona orðanna* sem kom út 1998. Einar Már er nú að senda frá sér nýja ljóðabók sem, eins og segir frá í viðtali við hann hér í *Lesbók* í dag, hefur þegar verið seld til Danmerkur. Það gefur ef til vill til kynna að ljóð séu ekki vonlaus söluvara eins og stundum hefur verið haldið fram. Í viðtalinu ræðir Einar Már um minnkandi útgáfu á ljóðum og segir hana stafa af hagkvæmmissjónarmiðum.

II

En þótt ljóðaútgáfa fari minnkandi þá er ljóðið samt víða, eins og Einar Már bendir á, það hefur fundið sér annan farveg og kannski hefur það alltaf slæðst inn í mjög ólík form tjáningar. Núna eru ljóð auðvitað á netinu og ljóð eru líka í auglýsingatextum og á mjólkurförnum svo dæmi séu nefnd. Kannski segir þetta afskaplega lítið um stöðu ljóðlistarinnar og sjálfsagt myndu margir halda því fram að auglýsingar og mjólkurförnur hefðu ekkert að gera með ljóðlist. Það má aftur á móti spyrja hvort allmikið lakari staða ljóðabóka í bókabúðum hafi ekki eitthvað með stöðu ljóðlistarinnar að gera. Neðanmálsritari hefur á tilfinningunni að á undanförunum árum eða áratugum hafi ljóðabókum, ekki síst safnritum með ljóðum erlendra skálda eða skáldum einstakra þjóða, fækkað umtalsvert í hillum bókabúða. Gott ef ljóðabókahillan þar sem finna mátti erlenda ljóðlist er ekki alveg horfinn úr bókabúðunum. Hvað veldur?

III

Það veitir hins vegar ákaflega forvitnilega innsýn í stöðu íslenskrar ljóðlistar að lesa grein Þorsteins frá Hamri í *Lesbók* í dag, Fagnaðarerindi Nýhils. Þar svarar Þorsteinn einum fulltrúa í hópi svokallaðra ungskálda sem kenna sig við Nýhil. Einar Már nefnir einmitt þennan hóp skálda sem hefur verið talsvert áberandi í bókmenntalífi landsmanna undanfarin ár og einkum haft áhuga á að yrkja ljóð. Af grein Þorsteins má skilja að hann og Nýhilingar hafi allólíka sýn á ljóðið og stöðu þess í íslenskum samtíma. Í stað útleggings er réttara að benda lesendum einfaldlega á að lesa frábæran texta Þorsteins.

281006: Mýs og vín

I

Í tilefni af ádeilu á Námsgagnastofnun fyrir að fjalla um hófdrykkju í samræmdu prófi fyrir þriðjubekkinga skal hér birt vísa eftir Bjarna Jónsson frá Gröf sem var úrsmiður á Akureyri á síðustu öld:

Þessi minnimáttarkennd
er meiri plágan,
sagði Bjarni, saup einn til
og síðan lá hann.

Bjarni hefur þó líklega ekki verið jafn mikill hænuhaus og músin sem vikið var svo óvarlega að í prófinu. Fyrir utan að hófdrykkja er algerlega afstætt hugtak, hófdrykkja eins getur verið annars manns ofdrykkja:...saup einn til og síðan lá hann. Þetta rifjar reyndar upp söguna af Jóni nokkrum austur á landi sem kunni sér ekkert hóf í drykkju og dó iðulega fyrir allar aldir enda aldrei kallaður annað en Jón heitinn. En það er önnur saga.

II

Vísa Bjarna Jónssonar í Gröf er birt í *Eyfirskum skemmtiljóðum* sem nýlega komu út hjá bókaútgáfunni Hólum. Björn Ingólfsson safnaði efninu en áður hafa Hólar gefið út *Skagfirsk skemmtiljóð* í þremur bindum og *Austfirsk skemmtiljóð*. Og til þess að undirstrika afstæði hófdrykkjunnar þá má benda á að ýmislegt kann að spila inn í umgengni manna við áfenga drykki. Þegar áfengi var hækkað um hvorki meira né minna en 30% í júní 1975 orti Jón Bjarnason bóndi í Garðsvík á Svalbarðsströnd þessa vísu:

Snauður bjáni raunir reynir,
ráfar um og þráir vín.
Núna geta auðmenn einir
orðið vitlaus drykkjusvín.

Á rétt rúmlega þrjátíu árum hefur fátt breyst í þessum efnum, enn geta snauðir bjánar sem ekki kunna á peninga ráfað um og þráð vín því þeir hafa örugglega ekki efni á því að kaupa það.

III

Ástæðan fyrir þessari hörðu verðlagsstefnu Ríkisins er augljós, litlar húsamýs með hænuhausa hafa ekkert með of mikið vín að gera, þær tapa bara vitinu eins og Kristján Helgi Benediktsson málari á Akureyri einhvern tímann á síðustu öld:

Vín á borðum var hér nóg,
vitinu hef ég glatað.
Gegn um svona glasaskóg
get ég aldrei ratað.

041106: Bókmenntasögur

I

Er búið að skrifa íslenska bókmenntasögu? Nei, sem betur fer! Það hefur verið gefið út fimm binda verk um íslenska bókmenntasögu. Þar með er ekki búið að segja þá sögu í eitt skipti fyrir öll. Aftur á móti má búast við því að einhver ár ef ekki áratugir líði þar til ráðist verði aftur í slíka útgáfu hér á landi. Erlendis er reyndar einnig von á íslenskri bókmenntasögu. Það hefur ekki farið mjög hátt. Að henni hafa nokkrir íslenskir fræðimenn unnið undanfarin ár en útgefandi er The university of Nebraska Press en forlagið hefur í nokkur gefið út bókmenntasögur Norðurlandanna og er sú íslenska síðust í röðinni.

II

Ritstjóri þessarar bókmenntasögu, sem heitir einfaldlega *A History of Icelandic Literature* og kemur út um næstu áramót, er Daisy Neijmann sem er Halldór Laxness lektor í íslensku og íslenskum bókmenntum við University College London. Bókin mun spanna sögu íslenskra bókmennta frá landnámi til ársins 2000 eins og *Íslensk bókmenntasaga* Máls og menningar en sú síðarnefnda er vitanlega ýtarlegri enda gefin út í fimm bindum. Í enskumæltu bókmenntasöggunni verður eigi að síður lögð áhersla á að varpa upp breiðri mynd en þar verður til dæmis fjallað sérstaklega um leikbókmenntir, barnabókmenntir, kvennabókmenntir og bókmenntir Vestur-Íslendinga.

III

Meðal höfunda bókarinnar eru auk Daisy Neijmanns Vésteinn Ólason og Sverrir Tómasson, sem fjalla um íslenskar fornbókmenntir, Þórir Óskarsson og Guðni Elísson, sem fjalla um bókmenntir frá lokum miðalda til loka nítjándu aldar, Jón Yngvi Jóhannsson, sem fjallar um sagnagerð á fyrri hluta tuttugustu aldar, Silja Aðalsteinsdóttir, sem fjallar um barnabókmenntir, Árni Ibsen, sem fjallar um leikbókmenntir, Eysteinn Þorvaldsson, sem fjallar um ljóðagerð á tuttugustu öld, Ástráður Eysteinnsson, sem fjallar um sagnagerð frá 1940 til 1980, og Úlfhildur Dagsdóttir, sem ásamt Ástráði fjallar um sagnagerð frá 1980 til ársins 2000.

IV

Forvitnilegt verður að bera þetta verk saman við þá bókmenntasögu sem nú er komin út hjá Máli og menningu. Fimm höfundar koma við sögu í báðum verkunum, Vésteinn, Sverrir, Silja, Jón Yngvi og Árni. Eigi að síður verður áhugavert að sjá hvort aðferðirnar sem beitt er við ritun þessara bóka séu ólíkar, hvort nálgun þeirra og sjónarhorn séu ólík. Bókmenntasögur eru jú ekki síst sögur þess sjónarhorns sem höfundarnir beita.

111106: Bókmenntaverðlaun og Jón Arason

I

Tími bókmenntaverðlaunanna er að ganga í garð hér á landi. Það er sérstaklega skemmtilegur tími. Breska skáldinu Oliver Reynolds þykir bókmenntaverðlaun ekkert mjög skemmtileg. Nýlega birti hann ljóð í *Times Literary Supplement* sem heitir *This Poem has Won Nor Prizes*. Fyrsta vers hljóðar svo: „This poem feels that giving prizes to poetry/is another way of not reading poetry.“ Reynolds heldur síðan áfram að lýsa andúð ljóðsins á verðlaunum og segir til dæmis að bókmenntaverðlaun séu í huga þess hluti af auglýsingastarfseminni, ekki bókmenntir. Ljóðið mun ekki bjarga lífi neins en það man hins vegar þá tíð þegar T.S. Eliot var nafn á ljóðskáldi, ekki verðlaunum. Reynolds segir ljóðið sofa í fötunum sínum og lykti af gömlum, blautum hundi. Að endingu biður hann lesandann um að skilja við ljóðið eins og hann vildi sjálfur koma að því - og síðan bætir hann við: „This poem crosses the garage forecourt,/the rainbows of split oil. Bye now.“

II

Þetta er alvöruljóð. Í öllum skilningi. Það eru líka ljóðmæli Jóns Arasonar sem komu út í vikunni. Allir þekkja „Vondslega hefur oss veröldin blekkt“ og svo framvegis, en Jón orti mikið, aðallega trúarleg ljóð svo sem Ljóm sem er ljóðabálkur um sögu heims og manns allt frá sköpuninni til endurlausnar á efsta dómi. Ljómur fór víða og varð þjóðkvæði í Færeyjum. Í formála að þessari fyrstu sérútgáfu á ljóðmælum Jóns segir að hann hafi ekki verið viðurkenndur sem skáld í seinni tíð, hann hafi hins vegar verið eitt helsta skáld miðalda og haft mikil áhrif á lútersk trúarskáld síðari tíma.

Veraldlegar tækifærisvísur hans eru þó skemmtilegastar. Í þessari nýju útgáfu eru þær birtar með stuttum texta þar sem tilefni þeirra er lýst. Bjarnanesreið hin síðari var 1547. Um heimkomu sína úr þeirri reið kvað hann:

Nú er hann kominn til Hóla heim,
hægur í sínu sinni
eg inni.

Orðinn er af elli mæddur,
aldrei trúí'eg hann verði hræddur,
þó ljóðin linni.

Og sennilega var nokkuð til í því ef marka má kveðskap hans undir það síðasta. Á síðustu dögum sínum, eftir að þeim feðgum hafði verið sagt að þeir yrðu líflátnir, er sagt að Jón hafi ort kvæði sem hefst svona:

Þessa hefi'eg snöruna snarpa
snúið að fótum mér.

Hent hefir áður gilda garpa
að gæta lítt að sér.

181106: Þórbergur og bókmenntasagan

I

„Að þú skulir ekki skammast þín að vera kominn - og það lifandi!“ sagði Margrét kona Þórbergs Þórðarsonar þegar hún tók á móti honum í stigaganginum á Hringbrautinni eftir að hafa látið lýsa eftir honum í útvarpi en Þórbergur hafði farið að heiman um morguninn og ekki látið frá sér heyra allan daginn. Þessi saga er ein af mörgum skemmtilegum í áhugaverðu *Skáldalífi* Halldórs Guðmundssonar um Þórberg og Gunnar Gunnarsson. Þórbergur var skrytinn og einhvern veginn á skjön við allt og alla, en stundum var hann bara eins og óþekkur krakki. Það segir þó ekki alla söguna.

II

Þetta á líka við um stöðu hans í íslenskri bókmenntasögu. Eins og Halldór rekur virðist reyndar sem sú almenna viðurkenning að Þórbergur sé einstakur stílisti og vitnisburður nokkurra samtímamanna hans um að hann hafi verið eins konar hirðfífl eða „nánast ídjót“, eins og Laxness sagði, eigi sinn þátt í þeirri útbreiddu skoðun að hann hafi verið „vel skrifandi trúður“. Þessi skoðun fær ekki staðist,“ segir Halldór, og bætir við: „Fleyg orð Georges Buffon frá 1753, að stíllinn sé maðurinn sjálfur, eiga vel við Þórberg. Buffon sagði að umfjöllunarefni og ytri þættir væru breytilegir en rithátturinn væri maðurinn sjálfur, eða öllu heldur: Maðurinn er einsog hann skrifar. Það er vissulega rétt að Þórberg brast dómgreind til að endurskoða sína pólitísku hugsun, gat verið auðtrúa og æði barnslegur þegar hann stóð andspænis því sem hann taldi vitnisburð að handan. Hann hafði líka gaman af eftirhermum og ólíkindalátum svo viðmælendur vissu stundum ekkert hvar þeir höfðu hann. En ritháttur hans var háþrúð og útpæld tækni til að segja sögur og draga upp persónur og þó öllu öðru fremur eina persónu: Hann sjálfan.“

III

Stundum hefur Þórbergur verið talinn til fyrstu módernistanna í íslenskum bókmenntum en Halldór skýtur það niður í bókinni, bendir á að Þórbergur hafi ekki staðið með formbyltingarmönnum í ljóðlist þegar deilurnar um atómljóðin stóðu sem hæst. Honum þóttu atómljóð bæði leiðinlegur og lélegur kveðskapur, segir Halldór og ítrekar að Þórbergur hafi ekki verið nútímahöfundur í anda atómskálðskapar eða absúrdleikhúss. Frumleiki hans er skyldari því sem felst í eldri merkingu orðsins „original“, það er „til frá upphafi“. Bókmenntaleg rödd hans hafi mótast þegar í Suðursveit þar sem hann byrjaði að kortleggja heiminn með sínum hætti. „Í þessu á tal hans um náttúrulegan stíl, orðaforða og rithátt sem hefur samlagast sál höfundarins, rætur,“ segir Halldór.

IV Glíman við að flokka Þórberg innan íslenskra bókmennta hefur staðið ansi lengi. Að setja hann utan allra flokka, eins og Halldór gerir, er orðið að kunnuglegu stafi. Enn vantar okkur ýtarlega rannsókn á skrifum hans.

251106: Listgagnrýni í fjölmiðlum

I

Til hvers er listgagnrýni í fjölmiðlum? Til hvers er hægt að ætlast af listgagnrýnendum sem skrifa í dagblöð? Þetta eru einhvers konar eilífðarspurningar. Kannski vegna þess að svörin við þeim liggja ekki í augum uppi. Og líka vegna þess að sjónarmið listgagnrýnendanna og listamanna fara sjaldnast saman. Listgagnrýnendurnir og þeir sem stýra menningarumfjöllun dagblaðanna eru langflestir á þeirri skoðun að gagnrýni sé fyrst og fremst skrifuð fyrir lesendur blaðanna, til leiðbeiningar fyrir lesendur í menningarneyslu sinni. Lesendur vilja í grófum dráttum vita um hvað viðkomandi verk fjallar, hvernig það tekur á viðfangsefninu og að endingu hvort verkið sé gott eða vont. Markmið dóma eru því nokkuð skýr frá þessum bæjardyrum séð.

II

Úr röðum listamanna heyrast hins vegar oft raddir um að dagblaðagagnrýni sé ekki nægilega fagleg. Á bak við þá skoðun virðist búa krafa um að slíkir dómar eigi að miðast við þekkingu þeirra sem eru innviðir í viðkomandi listgrein, jafnvel fræðin sem fjalla um þá listgrein. Augljóst er að sú krafa stangast á við áður nefnt markmið dagblaðsins og dómanna sem það birtir, það stangast á við þá kröfu að allt efni í blöðunum sé skiljanlegt öllum lesendum og einnig þá kröfu að skrif blaðanna þjóni hagnýtum tilgangi fyrir lesendurna. Þeir lesendur sem vilja fá faglega eða fræðilega umfjöllun um áhugamál sín leita frekar í fagtímarit eða fræðirit. Hér á landi hefur vandinn hins vegar verið sá að það eru ekki til fagtímarit um margar þeirra listgreina sem stundaðar eru í landinu, svo sem tónlist, myndlist, arkitektúr og svo framvegis. Af þeim sökum hafa kröfurnar um faglega og fræðilega umfjöllun flust yfir á fjölmiðlana. Og satt að segja hafa þeir reynt að svara þeim með sínum hætti, að sumu leyti í gagnrýni og að sumu leyti í blaði eins og *Lesbók*. Það breytir því hins vegar ekki að þennan greinarmun á umfjöllun fyrir hinn almenna lesanda og sérfræðinga á aðskiljanlegum sviðum mannlífsins verður dagblað að gera.

III

Þetta þýðir ekki að þeir sem skrifa listgagnrýni í dagblöðum séu ekki fagmenn á sínu sviði. Þeir eru það þvert á móti undantekningarlaust. Margir þeirra eru reyndar hámenntaðir í sínu fagi og með mikla reynslu af miðlun þekkingar sinnar. Og þessa þekkingu og reynslu eiga þeir að nota til þess að greina og skrifa á þann hátt að allir geti skilið og notið. Takist þeim það eru þeir að gegna starfi sínu eins og dagblaðið vill að þeir gegni því, annars ekki.

021206: Hvað er bók?

I

Einhverntímamann var Sjón spurður hvað ljóð væri og hann svaraði eitthvað á þá leið að ljóð væri það sem ljóðskáld segðu að væri ljóð. Þannig mætti sá sem titlaði sig ljóðskáld skrifa þrjú orð á blað og kalla það ljóð. Og þar með væri það ljóð. Enginn gæti í raun mótmælt því. Þetta er auðvitað hárrétt skilgreining á ljóði.

II

Af áréttingu sem birtist í *Morgunblaðinu* í gær frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að dæma hefur nú annarri spurningu af þessu tagi verið varpað fram: Hvað er bók? Engum skyldi detta í hug að þetta væri einföld spurning. Enda þessi virðulega vísindastofnun við Háskólann greinilega í nokkrum vafa. Í áréttingu hennar segir: „Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands tekur saman lista yfir söluhæstu bækurnar fram að jólum og er listinn birtur vikulega í *Morgunblaðinu*. Bók Óttars Martin Norðfjörð *Hannes: Nóttin er blá, mamma*, sem gefin er út af Nýhil, hefur tvær vikur í röð verið á lista yfir söluhæstu bækur í flokki ævisagna og endurminninga. Fjallað er um bókina í *Bókatíðindum* og hún hefur ISBN-númer. Vakin skal athygli á því að bók þessi er óhefðbundin að því leyti að hún er einungis tvær blaðsíður og því langt frá því að vera sambærileg að umfangi við aðrar ævisögur á listanum yfir söluhæstu bækur.“

III

Augljóst er af áréttingunni að Félagsvísindastofnun þykir orka tvímælis að bók sé einungis tvær blaðsíður (sem er reyndar ekki rétt því að bókin er fjórblöðungur gerður úr A4 blaði). Og sennilega vefst það líka fyrir stofnuninni að bókin um Hannes er sem sé bara blað en ekki blöð eða blaðsíður innan í kápu, helst innbundnar. Og segja má: Láti þeim hver sem vill! Allar aðrar bækur eða ævisögur á metsölulistanum eru líklega innbundnar bækur upp á tugi ef ekki hundruð síðna. Og hvers eiga útgefendur þessara bóka að gjalda?

IV

Það vekur hins vegar óneitanlega athygli að ekki er gerð nein athugasemd við annan frágang bókarinnar og innihald. Hún er nefnilega illa prófarkalesin og satt að segja illa skrifuð ef ekki hreint alger vitleysa. En bíðum við! Bækur eru margar einmitt svona, illa prófarkalesnar, illa skrifaðar og vitlausar.

V

En hvað er þá bók? Þegar upp er staðið hlýtur bók að vera það sem höfundur segir að sé bók. Ef Nýhilingar, sem gefa út bókina um Hannes, segja að sú bók sé bók þá er hún því bók.

091206: Alvörumál

I

Menning er alvörumál. Og sérstaklega íslensk menning. Ekkert skiptir meira máli en íslensk menning. En hvað um það. Eftirfarandi átti sér stað í raunveruleikahætti eða kannski falinni myndavél.

II

Fylgst var með hjónum sem sátu á kaffihúsi, konan talaði í gemsu um bankaviðskipti sem hún virtist fjarstýra af kaffihúsinu, hún reykti nokkrar sígarettur á meðan hún afgreiddi málið en eigenmaðurinn drakk kaffi og horfði á borðplötuna og trommaði með fingrunum á hana, öðru hverju dró hann djúpt andann og blés frá sér hægt og rólega. Þrjú kortér liðu og þá hætti konan að tala í símann, drap í sígarettunni, leit á eigenmanninn og án þess að segja neitt benti hún þjóninum að kom með reikninginn sem hún greiddi. Síðan stóðu þau upp og fóru. Myndavélin sem tók samveru hjónanna á kaffihúsinu upp hreyfðist ekkert en nú var skipt yfir á vél sem myndatökumaður hljóp með út úr eldhúsi kaffistaðarins, í gegnum veitingasalinn og út á eftir hjónunum sem gengu hlið við hlið, hann með hendur í vösum og augun á gangstéttinni en hún með báðar hendur um litla tösku sem hún var með um öxlina og horfði beint fram. Þáttastjórnandinn hljóp fram fyrir þau og bað þau um að stoppa eitt augnablik sem eigenmaðurinn gerði. Konan ætlaði að halda áfram en þáttastjórnandinn greip þá í handlegg hennar og bað hana um að stoppa vegna þess að þau væru í falinni myndavél og hann þyrfti að fá leyfi hjá þeim til þess að sýna stutta mynd sem hefði verið tekin af þeim inni á kaffihúsinu. Konan horfði hissa á manninn eitt augnablik en svipurinn varð síðan mjög reiðilegur. Eigenmaðurinn brosti og sagði að það væri sjálfsagt að myndin af þeim yrði sýnd. Síðan gekk hann burt en konan hreytti í þáttastjórnandann hvort það væri ekki vaninn að biðja um leyfi fyrir myndatöku áður en hún færi fram. "Málið er að ná einhverju raunverulegu á filmu" útskýrði þáttastjórnandinn. "Hvað þykist þú vita um raunveruleikann" svaraði konan og tvísté fyrir framan manninn, "þetta er raunverulegt" bætti hún við og sló hann utan undir af öllu afli. Þáttastjórnandinn hrökk undan högginu, greip um kinnina og sneri sér svo að myndavélinni með svip sem lýsti bæði undrun, kæti og fyrirleitningu. "Svona er lífið" sagði hann.

III

Þetta var of mikill veruleiki til þess að sjónvarpa honum ekki, jafnvel þó að fullt samþykki hafi ekki fengist fyrir sýningunni.

161206: Dauðinn á forsíðunni

I

Í nýjasta hefti *Skírnis* er mikið af góðu efni. Sérstakur bókmenntaþáttur hefur verið stofnaður eða endurvakinn í *Skírni* með þessu hefti en þar er birtur nýr skáldskapur, að þessu sinni eftir Matthías Johannessen, Ingibjörgu Haraldsdóttur og Einar Káráson. Hnýsilegasta efnið í þessu hefti er þó örugglega síðari grein Guðna Elíssonar um gotneska heimssýn í *DV* en greinin heitir „Dauðinn á forsíðunni“. Guðni tekur út blaðamennsku og heimssýn *DV* á síðustu misserum þar sem íslenskt samfélag hefur verið dregið upp með ansi dökkum litum en gotnesk hugsun snýst einmitt um ógn, laumuspil, samsæri og þögn. Í *DV* finnur Guðni hreinræktaðar hrollvekjur, heimsendahrylling og sögur af fólki sem er á valdi annarlegrar fíknar og frásagnir af frægu fólki og ríku „í því þversagnarkennda ljósi sem einkennir gotnesku stefnuna þar sem mikill metnaður er ekki endilega slæmur, en ef menn ofmetnast er fallið sjaldan langt undan og venjulega verðskuldað,“ eins og Guðni segir.

II

Í þessari síðari grein rekur Guðni fjölda dæma um slíkar frásagnir í *DV* og spyr síðan að lokum hvort það sé missir að blaði eins og *DV*: „Opnaði það augu Íslendinga fyrir samfélagsvanda sem áður hafði verið sveipaður hulu? Var blaðið róttækur og gagnrýninn fjölmiðill sem krafði samtímamann svara um mikilvægustu málefni líðandi stundar? Ég leyfi mér að efast um allar slíkar fullyrðingar og það segi ég þó að ég taki heilshugar undir þá skoðun Páls Baldvins að mikilvægt sé „að ganga til hreinskilinnar umræðu um mannlíf hér á landi“. Nokkuð vantar á að íslenskir fjölmiðlar gegni því mikilsverða aðhaldshlutverki sem þeir t.a.m. hafa á Bretlandseyjum, en *DV* var einfaldlega of ótrúverðugur fréttamiðill til að geta framfylgt því ætlunarverki með sóma.“

III

Guðni segir að sér þyki þó verstur sá innflutti manns- og veruleikaskilningur sem blaðið reyndi að festa í sessi: „Hann er síst til þess fallinn að varpa ljósi á þann vanda sem steðjar að íslenskum samtíma og getur ef ekki er farið varlega í sakirnar aukið á óttafengnar hugmyndir okkar um alla þá hluti sem hugsanlega leynast í myrkri mannsálarinnar. Ef við gefum okkur hinu gotneska á vald blasir við sá ógnarveruleiki sem litar allt bandarískt mannlíf, þar sem engum er treystandi, reynsluheimurinn stjórnast af kvíða og hryllingurinn er nákominn reynsla. Slík ógnarumræða má vel hvíla í friði,“ segir Guðni í lok frábærrar greinar sinnar sem menn hljóta að lesa með athygli, ekki síst þeir sem nú hafa áhuga á að stofna til nýs blaðs af svipuðum toga og *DV*.

231206: Clint

I

Flags of Our Fathers eftir Clint Eastwood er tvímælalaust ein mesta klisja bandarískrar kvikmyndasögu og er þá mikið sagt. Það segir allt sem segja þarf um Golden Globe-verðlaunin að myndin skuli hafa verið tilnefnd til þeirra fyrr í mánuðinum. Reyndar var svokölluð japönsk útgáfa myndarinnar, *Letters from Iwo Jima*, einnig tilnefnd til þessara verðlauna í flokki erlendra mynda eða mynda á öðru máli en ensku. Neðanmálsritari hefur ekki séð japönsku gerðina en hann hefur enga trú á því að sú gerð sé nokkru skárri því að sami maður leikstýrir.

II

Það er Neðanmálsritara ekkert fagnaðarerindi að geta hneykslast á þessari mynd. Hann hefur verið aðdáandi Clints frá því hann sá þennan magnaða leikara í hlutverki Dirty Harry. Og svo var myndin tekin upp héraendis að nokkru leyti. Sagt er að hún sé stærsta kvikmyndaverkefni sem unnið hefur verið hér á landi. En myndin er því miður afleit. Upplaggið er ágætt. Sagan um fræga ljósmynd, sem tekin var af bandarískum hermönnum reisa fána sinn á japönsku eyjunni Iwo Jima, vekur spurningar um það hverjir eru raunverulegar hetjur og hverjir ekki. En úrvinnslan er sorglega klén. Myndin er bara enn ein upphafningin á amerísku hetjunni og satt að segja vemmileg bíóreynsla.

III

Myndin græðir heldur ekki á samanburði við aðrar stríðsmyndir frá Hollywood. Í henni er til dæmis atriði sem minnir mjög á eftirminnilegt upphafsatriðið í *Saving Privat Ryan* eftir Spielberg sem er raunar framleiðandi að *Flags of Our Fathers* ásamt Clint. Þrátt fyrir að Spielberg hafi haft talsvert meira fé umleikis við gerð sinnar myndar verður að segja eins og er að Clint kemst ekki með tærnar þar sem Spielberg er með hælana í sviðsetningu á stríðsátökum.

IV

Það þykir ekki ólíklegt að Clint fái tilnefningu og jafnvel útnefningu til Óskarsverðlauna fyrir *Flags of Our Fathers*. Sumir halda jafnvel að *Letters from Iwo Jima* fái einnig þessi verðlaun. Verði svo þá má endanlega dæma þau dauð og ómerk. Það eina sem gæti komið *Letters from Iwo Jima* til bjargar er að hún er gerð eftir áhugaverðum heimildum sem eru dagbækur hershöfðingjans Tadamichi Kuribayashi sem stjórnaði hernaðaraðgerðum Japana á eyjunni. Clint fékk síðan Iris Yamashita, kunnan japanskan rithöfund, til að skrifa kvikmyndagerðina. Hugsanlega verður myndin því laus við klisjulega hetjudýrkun, að minnsta kosti af þeirri sort sem Ameríkumenn nærast á.

301206: Áramótauppgjör

I

Hvernig á að gera upp menningarárið með sanngirni? Eina svarið hlýtur að vera að gera það með því að stefna saman eins mörgum sjónarhornum og hægt er. Nafnleysinginn sem skrifar þennan pistil ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í þeim efnum. Byrjum á bókunum. Besta bók ársins er tvímælaust *Draumalandið* eftir Andra Snæ Magnason. Engin önnur bók hefur haft jafnmikil áhrif á íslenskt þjóðlíf í marga áratugi. Sumir segja alveg frá því að *Alþýðubók* Laxness kom út á þriðja áratugnum. *Draumalandið* sýndi svo ekki verður dregið í efa að bókin er enn þá lifandi miðill.

II

Bestu tónleikarnir sem ég, þessi nafnlaus pistlahöfundur, heyrði voru Sykurmolarnir í Laugardalshöllinni. Endurkomur sem þessar hafa aldrei vakið áhuga minn enda iðulega þyrkingslegar samkomur en Sykurmolarnir spiluðu af svo mikilli gleði og hamingju að það var eins og þau hefðu aldrei gert það áður. Tónleikarnir fóru hægt af stað en smámsaman varð bandið þéttara og áferðarfallegra, ekki síst fyrir ótrúlega hæfileika mannsins við trommurnar. Mikið væri gaman ef Sigtryggur Baldursson reyndi sig oftár á slagverkið en við þessa eilífu Sinatra-slagara.

III

Myndlistarviðburður ársins, að mati hins nafnlausa skrifara, var tvímælaust yfirlitssýning Birgis Andrésónar í Listasafni Íslands. Fáir myndlistarmenn hafa gert jafnáhugaverða og afhjúpanði úttekt á íslenskri sjálfsmýnd og Birgir. Hann er einn af mjög fáum íslenskum samtímalistamönnum sem fær mann til þess að missa ekki alveg áhugann á þessari listgrein. Erlendis sá þessi nafnlaus skrifari reyndar sýningu eftir málara sem líklega verður ekki slegið við úr þessu, Diego Velázquez (1599–1660). Óhætt er að taka undir með gagnrýnanda *New York Times* sem sagði að þetta væri sýningin sem fólk ætti að sjá ef það ætlaði bara að sjá eina myndlistarsýningu um ævina.

IV

Ég, einn af þessum ógurlegu nafnlausu pistlahöfundum í *Morgunblaðinu*, hef varla farið í leikhús á árinu og er því ekki dómbær á íslenska leikárið. Ástæðan fyrir því að ég, hinn nafnlaus, hef ekki farið í leikhús er einfaldlega sú að ég hef misst áhugann á íslensku leikhúsi, mér finnst það einfaldlega lélegt.

2007

060107: Bloggið og játningameningin

I

Síðasta ár var að margra mati ár bloggsins. Segja má að bloggarinn hafi verið valinn maður ársins af bandaríska tímaritinu *Time* (það er að segja „þú“ sem ert farinn að taka aukinn þátt í lýðræðislegri umræðu), um 60 milljónir manna blogga um allan heim, tveir nýir bætast við á hverri sekúndu og hér á landi hafa bloggarar aldrei verið meira áberandi í umræðunni og reyndar í fréttamennsku einnig. Steingrímur Sævar Ólafsson sló stundum stóru fréttastofunum við með bloggi sínu (saevarr.blog.is) og að sumra mati er pólitísk umræða hvergi jafn líflæg og á blogginu. Þær raddir verða æ háværarar að hinum hefðbundnu fjölmiðlum, ekki síst prentuðum, stafi mikil hætta af þessum nýja miðli. Flestir þeirra hafa reyndar brugðist við með því að tileinka sér hann með einhverjum hætti eða leiða hann inn í sinn miðil, blogg er þannig orðið hluti af fréttavef *Morgunblaðsins* (*mbl.is*) og tilvitnanir í blogg færslur eru algengar í blöðum, jafnvel umræðupistlar um bloggumræðuna.

II

Augljóst er að bloggið hefur mikil áhrif, ekki bara á aðra miðla heldur einnig á skoðanamyndun. Og líklega hefur það mjög góð áhrif á hina hefðbundnu fjölmiðla og umræðuna í samfélaginu. Ástæðan fyrir því að bloggarinn var valinn maður ársins hjá bandarísku tímariti er einmitt sú að hann tekur nú virkan þátt í skoðanamynduninni og styrkir þar með lýðræðið. En bloggið hefur líka annars konar áhrif sem minni gaumur er gefinn, meðal annars á hinum hefðbundnu fjölmiðlum. Bloggið hefur ekki bara opnað leiðir fyrir fólk að tjá skoðanir sínar, það er einnig gátt fyrir hið persónulega í lífi fólks.

III

Ef samtímameningin hefur eitthvert eitt afgerandi einkenni sem sker hana frá fortíðinni er það opinberun einkalífsins. Þessi afhjúpun hins einkalega á sér ekki aðeins stað í blogginu heldur einnig í hinum hefðbundnu fjölmiðlum sem hafa leitað svara við gagnvirkri beintengingu Netsins við almenning. Raunveruleikapættir í sjónvarpi eru skýrasta dæmið. Valið á „þér“ sem manni ársins hjá *Time* er kannski táknrænt fyrir þetta en á forsíðu tímaritsins þar sem valið var tilkynnt var birt mynd af spegli. Fjölmiðlar hafa stundum verið kallaðir speglar samfélagsins en miðlar eru nú ekki síður orðnir speglar einstaklinganna. Segja má að játningameningin, sem verið hefur hluti vestrænnar menningar um aldir, hafi verið færð á annað stig. Áhrif þess eru ókunn.

130107: Pynchon og Ísland

I

Thomas Pynchon er einn af þessum heimsþekktu listamönnum sem engin þekkir. Hann er maður sem allir vita hver er en enginn hefur séð. Að minnsta kosti ekki nýlega. Nýjasta myndin sem til er af honum var tekin í byrjun sjötta áratugar síðustu aldar. Hann hefur ekki veitt viðtal í áraraðir. Hann á aðeins samskipti við einn mann hjá útgefanda sínum. Ástæðan er sú að hann vill ekki vera þekktur, nema þá einna helst fyrir skáldsögurnar sem hann skrifar. Þær eru nú orðnar sex, sú nýjasta heitir *Against the Day* og hefur hlotið frábæra dóma. Hún gerist að hluta til á Íslandi eins og fjallað er um á síðu 11 í *Lesbók* í dag. Bókin bendir til þess að Pynchon hafi kynnt sér staðhætti og sögu landsins vel. Kannski kom hann hingað. Sáúð þið hann nokkuð?

II

Nei, líklega hefur enginn komið auga á Pynchon ef hann hefur þá lagt leið sína hingað. Það veit enginn hvernig hann lítur út! Það er ekkert að marka fimmtíu ára gamlar myndir. Íslandskafllinn gerist að hluta til á Ísafirði en mest í Reykjavík. Pynchon hefur sjálfsagt gengið um götur, skoðað fjöllin fyrir vestan, fengið sér kaffi á Hressó eða kannski frekar Tíu dropum, komið við í Eymundsson til að kanna hvort hann væri seldur í Reykjavík, kannski spurt afgreiðslufólkið hvort það kannaðist við Thomas Pynchon, sérkennilegan og að margra mati óskiljanlegan póstmóðernista frá Bandaríkjunum sem skrifaði helst ekki færri en 600 síður í einu. Þá var *Mason & Dixon* nýjasta bókin hans, fólkið hefur hrist hausinn og sagt: En við eigum Hallgrím Helgason, hann á líka erfitt með að hætta að skrifa en það er hægt að skilja hann.

III

Pynchon býr í New York-borg. Hann lifir frekar hversdagslegu lífi, er sagt. Hittir vini sína úr rithöfundastétt á kaffihúsum, verslar við kaupmennina í hverfinu og eyðir helgunum utan borgarmarkanna með fjölskyldunni. Það eina sem er óvenjulegt við manninn er að hann hefur skrifað skáldsögur sem markað hafa djúp spor í bókmenntasöguna. Það er í sjálfu sér ekkert skrytið að maðurinn vilji ekki láta birta mynd af sér opinberlega. Flestum þykir hann þó eiga að vera í sviðsljósinu vegna þess að hann hefur skrifað skáldsögur sem skipta máli. Það segir sitt um samtímann. Einstaklingurinn á bak við verkin skiptir miklu máli. Ekki endilega vegna þess að hann muni varpa ljósi á verkið – þar er reyndar ekki á vísan að róa – heldur vegna þess að fólk vill geta séð framan í manninn á bak við verkið. Það vill geta þekkt hann úti á götu. Dáðst að honum. Dæmt hann. Eða hvað? Hvers vegna skiptir það máli að Pynchon er óþekktur?

IV

Sumir halda því reyndar fram að Pynchon sé ekki til. Hann sé jafnvel dulnefni nokkurra manna sem skrifa bækurnar í sameiningu. Það er fólki ekki aðeins ofviða að vita af manni sem ekki vill vera þekktur heldur einnig að trúa því að einn hugur standi á bak við verk eins og þau sem Pynchon er skrifaður fyrir.

200107: Forlögin og trúin á bókmenntirnar

I

Stundum læðist að manni sá grunur að trú íslenskra bókaútgefenda á fagurbókmenntum hafi minnkað síðustu ár. Það blasir til dæmis við að útgefendur auglýsa helst þá titla sem þeir vita að munu seljast í umtalsverðu magni, sem eiga á annað borð erindi út á markaðinn. Þannig eru krimmarnir til dæmis mikið auglýstir en ljóðabækur lítið vegna þess að það er vitað að fleira fólk hefur áhuga á að lesa krimma en ljóð. Glæpasögur eru líka meira áberandi í auglýsingum en aðrar íslenskar skáldsögur. Þær eru líka meira áberandi en ævisögur. Hvað segir þetta um viðhorf íslenskra bókaútgefenda? eru þeir í æ auknum mæli farnir að laga sig að markaðnum? Og er það þá ekki bara ágætt? Hvers vegna ættu bókaútgefendur ekki að reyna sitt ýtrasta til að koma bókunum sem flestir vilja lesa til fólks? Eða þýðir þetta kannski líka að trú útgefenda á fagurbókmenntum (og þá líklega bókmenntaþjóðinni svokölluðu) hefur minnkað? Telja þeir að það þýði lítið að reyna að selja Íslendingum aðrar skáldsögur en krimma? Og hvað þá ljóð!

II

Hér er auðvitað bara byggt á tilfinningu. Engin rannsókn á auglýsingum eða sölutölum býr að baki þessum orðum. Annað bendir þó í sömu átt. Þýðingar á klassískum bókmenntaverkum virðast koma æ sjaldnar út. Og nú þarf að beina spjótunum sérstaklega að stóru útgáfunum. Heimsbókmenntaflokkur Máls og menningar var talsvert öflugur um tíma en síðustu ár hefur fátt bitastætt komið úr þeirri átt. *Nostromo* eftir Joseph Conrad er í raun eina þýðingin í þessum flokki sem kom út hjá Eddu á síðasta ári. *Frankenstein* eftir Mary Shelley var eina klassíska þýðingin sem JPV gaf út á síðasta ári. Og *Wuthering Heights* eftir Emily Brontë sú eina sem kom frá Bjarti. Þetta eru auðvitað vonbrigði. Edda og Bjartur höfðu verið sérlega stórtæk á þessu sviði. Hver man ekki eftir þýðingum Péturs Gunnarssonar á fyrstu tveimur bindunum í *Leitinni að glötuðum tíma* eftir Proust. Hvar er framhaldið? Þar komu einnig út merkar þýðingar á Tsjechov, Martin A. Hansen og fleirum. Edda á að baki Shakespeare allan og grísku harmleikina auk yngri klassíkur í miklum mæli. Hvers vegna er ekki haldið áfram? Þessi útgáfa var iðulega mesta tilhlökkunarefni bókaorma á haustin.

III

Á síðasta ári vildi svo til að litlu forlögin stóðu sig ýmist jafn vel eða betur en þau stóru í að gefa út þýðingar á klassískum bókmenntaverkum. Minna má sérstaklega á Hávallaútgáfunum sem sendi frá sér *Mírgorod* eftir Gogol og *Theresu* eftir Mauriac. Uglya gaf út *Borgarstjórnin í Casterbridge* eftir Thomas Hardy, Uppheimar gáfu út *Ógæfusömu konuna* eftir Brautigan og Háskólaútgáfan gaf út *Umskiptin* eftir Kafka. Var Kafka ekki gefinn út hjá Eddu áður? Og Brautigan líka? Hvers vegna gefa stórfolög slíka meistara upp á bátinn?

270107: Hlutverk bókmennta

I

Bókin skiptir engu máli lengur en bækur geta skipt máli. Þessi miðill hefur með öðrum orðum engin áhrif lengur á það hvernig við hugsum um heiminn eða okkur í honum, en auðvitað er enn til fólk sem hefur einhverju forvitnilegu að miðla í bókum. Hugsanir fólks eru enn áhugaverður og eftirsóttar, sem betur fer. Um leið og hugsanir okkar verða einskis virði verðum við óþörf. Það gerist sennilega löngu eftir að fólk verður hætt að skrifa bækur.

II

En hvers vegna skrifar fólk? Þegar stóra samhengið er haft í huga hlýtur svarið að vera það sem talað var um hér að framan, við skrifum vegna þess að við erum hugsandi verur og höfum eitthvað fram að færa. Eða vegna þess að við teljum að einhver hafi áhuga á því sem við hugsum. Í nóbelsfyrirlestri sínum segir tyrkneskri rithöfundurinn Orhan Pamuk að hann skrifi vegna innri þarfar. Það er í raun umorðun á því að maður skrifi vegna þess að maður hugsar. En Pamuk segist enn fremur skrifa vegna þess að hann geti ekki unnið venjulega vinnu eins og annað fólk. Þetta er nú fremur ótrúlegt. Svör hans eru reyndar miklu fleiri og af ýmsu tagi. Sjálfshælið: „Ég skrifa vegna þess að mig langar til að lesa bækur eins og þær sem ég skrifa.“ Pirrað: „Ég skrifa vegna þess að ég er reiður út í alla.“ Masókískt: „Ég skrifa vegna þess að mér þykir gott að sitja í herbergi allan daginn og skrifa.“ Rómantískt: „Ég skrifa vegna þess að ég trúi á bókmenntir, á list skáldsögunnar, meira en nokkuð annað.“ Heiðarlegt: „Ég skrifa vegna þess að ég er hræddur við að gleymast.“ Sömuleiðis heiðarlegt: „Ég skrifa vegna þess að mér þykir gaman að vera lesinn.“ Skáldskaparfræðilegt: „Ég skrifa ekki til þess að segja sögu heldur til þess að semja sögu.“ Sorglegt: „Ég skrifa vegna þess að mér hefur aldrei tekist að vera hamingjusamur.“ Vongott: „Ég skrifa til að vera hamingjusamur.“

III

En auðvitað bjóða skrif upp á ýmislegt fleira. Áhugavert við skáldskaparskrif er að þar getur höfundur komið á framfæri vondum eða jafnvel sjúklegum skoðunum án þess að verða fordæmdur fyrir sjálfur. Í skáldskap er hægt að láta allt flakka. Bókmenntir hafa þannig alltaf verið boðberar bannfærðra og fáránlegra skoðana. Hvar annars staðar væri til dæmis hægt að tala gegn lýðræði nú á tímum? Þetta er sennilega eitt mikilvægasta hlutverk bókmenntanna og þar með rithöfunda. Að halda fram því sem ekki eða varla stenst. Nánar er fjallað um nóbelsræðu Pamuks á síðu 11.

030207: Fordæmi krimmans?

I

Eitt af megineinkennum íslenskra bókmennta á síðasta ári var áhersla á samfélagsleg umfjöllunarefni. Og það sem meira er, þær bækur sem fjölluðu um samfélagsleg mál nutu yfirleitt meiri vinsælda en aðrar bækur. Krimmarnir eru auðvitað besta dæmið og kannski má halda því fram að ástæðan fyrir vaxandi vinsældum krimmans eða uppgangi hans hérlendis síðasta áratug eða svo sé sú að lesendur vilji lesa bækur um samtíma sinn og samfélag. En það eru fleiri dæmi, *Tryggðapantur* eftir Auði Jónsdóttur fjallar um stöðu innflytjenda í ónefndu evrópsku ríki og *Sendiherrann* eftir Braga Ólafsson fjallar um siðferðislegar spurningar sem sannarlega brenna á fólki í samtíma okkar. Hið sama á við um ljóðabók Ingunnar Snædal, *Guðlausir menn: hugleiðingar um jökulvatn og ást*, en þar er meðal annars fjallað um samkynhneigð og ábyrgð gagnvart náttúrunni. Hér mætti einnig nefna bók Andra Snæs Magnasonar um Draumalandið, sem er ein af söluhæstu bókum síðasta árs. Hún inniheldur greiningu á einu helsta deiluefni íslensks samtíma. Síðan hvenær fóru slíkar bækur að seljast í bílförnum?

II

Þetta á ekki aðeins við um bókmenntirnar. Hið sama er að gerast í íslenskum kvikmyndum. Þær kvikmyndir sem framleiddar voru hér á landi á síðasta ári og nutu einhverrar athygli höfðu allar sterka samfélagslega skírskotun. *Mýrin* eftir Baltasar Kormák sló auðvitað í gegn en hún byggir reyndar á samnefndri glæpasögu Arnaldar Indriðasonar. *Blóðbönd* eftir Árna Ólaf Ásgeirsson gerist í reykvískum samtíma og fjallar um upplausn fjölskyldu. Kvikmyndin *Börn* eftir Ragnar Bragason gerir slíkt hið sama og nú síðast systurmynd hennar, *Foreldrar*, eftir sama höfund. Allt eru þetta frábærar bíómyndir sem vakið hafa mikla athygli. Það kæmi raunar ekki á óvart þótt síðasta ár markaði ákveðin tímamót í íslenskri kvikmyndagerð. Loksins fóru myndirnar að fjalla um eitthvað sem kemur íslenskum áhorfendum við. Þessa samfélagslegu skírskotun hefur einnig mátt sjá í íslensku leikhúsi undanfarin misseri en þó ekki með jafnafgerandi hætti.

III

Vitanlega er ýmislegt annað að gerast en það sem vekur kannski sérstaka athygli er að þær bækur og bíómyndir sem fjalla um samfélagsleg mál hafa meira og minna slegið í gegn. Og nú má spyrja að ástæðunum fyrir því. Eru listamenn að koma til móts við einhverja þörf? Finna þeir sig knúna til að taka þátt í umræðunni? Eða er fordæmi krimmans svona sterkt?

100207: Anna Nicole Smith

I

Hvers vegna varð allt þetta fjölmiðlafár um dauða Önnu Nicole Smith? Hún hefur auðvitað lengi verið eitt af þessum óhuggulegu gæluverkefnum fjölmiðlanna. Hún var fyrst og fremst fræg fyrir að vera fræg en óendanleg óhamingja hennar fólst kannski fyrst og fremst í því að henni fórst þetta hlutverk sitt hreint óskaplega illa úr hendi, eins og reyndar mörgum.

II

Frægðarferill hennar hófst með því að sitja fyrir í *Playboy* hálfprítug og vera valin svokallaður leikfélagi ársins, hún varð nokkuð þekkt fyrirsæta, átti síðan misheppnaðar tilraunir til þess að verða leikkona en hámarki frægðarinnar náði hún þegar hún giftist 29 ára gömul háöldruðum en moldríkum karli með mikinn áhuga á fatafellum sem lést um það bil ári síðar. Allar götur síðan hefur Anna Nicole verið í fréttum fyrir að standa í málaferlum við börn eiginmanns síns vegna þess að þau vilja ekki viðurkenna að það hafi verið í lagi með gamla manninn þegar hann arfleiddi hana að helmingi auðæfa sinna.

III

Yfirleitt allar aðrar fréttir af Önnu Nicole voru einnig neikvæðar, hún var um tíma of feit að mati fjölmiðla, hún varð gjaldþrota, hún lék í lélegum bíómyndum, hún tók þátt í misheppnuðum raunveruleikabætti, hún átti við eiturlyfjafíkn að stríða, átti mörg misheppnuð ástarsambönd, það var ekki fyrr en fyrir nokkrum vikum að ljósglæta kom inn í líf hennar með stúlkubarni sem hún fæddi en jafnvel þá reið ógæfan yfir, þremur dögum síðar lést sonur hennar á sjúkrahúsinu þar sem dóttirin fæddist vegna ofneyslu þunglyndis- og eiturlyfja og ekki nóg með það, síðustu fréttir af Önnu Nicole lifandi fjölluðu um það að tveir menn deildu um faðerni dótturinnar nýfæddu og gera reyndar enn. Að vísu voru fréttirnar ekki bara neikvæðar, umfjöllunin um Önnu Nicole var iðulega meinhæðin, það var auðvelt að draga dár að henni, eins og sjónvarpsstjarnan Larry King sagði á CNN á fimmtudagskvöld.

IV

Sumir fjölmiðlar halda því fram nú að Anna Nicole hafi verið elskuð af þeim sjálfum og almenningi vegna þess að hún var holdtekja ameríska draumsins, hún vann sig upp úr engu og varð fræg. Og það hafi einungis aukið á vinsældir hennar að hún upplifði líka skipbrot þessa sama draums. Bandarískir fjölmiðlar hafa jafnvel líkt henni við Marilyn Monroe. Larry King sagðist alltaf hafa dáðst að Önnu Nicole, sagði hana hafa verið sérstaka, óvenjulega, sanna, hún hefði haft klassa („she had some class“). En þetta er enn einn harmleikurinn í sögu Önnu Nicole. Draumur hennar um einhvers konar viðurkenningu rættist ekki fyrr en of seint og þá fyrir samviskubit og hræsni þeirra sem höfðu gert sér mat úr sorgum hennar.

240207: Nótur um skandal

I

Heiða Jóhannsdóttir kvikmyndagagnrýnandi *Morgunblaðsins* virtist ekkert sérstaklega hrifin af *Notes on a Scandal* sem nú er sýnd á vegum Græna ljóssins í kvikmyndahúsum borgarinnar. Heiða segir að myndin fari vel af stað en hún fjallar um samband tveggja kvenna, Barböru og Shebu sem Judi Dench og Cate Blanchett leika. Barbara hefur verið kennari í skóla í London fyrir lágstéttarbörn í áraraddir en finnst hún bæði yfir starfið hafin og nemendur sína. Hún býr ein í kjallaraíbúð, er einmana, beisk og köld en telur sig njóta virðingar. Sheba er nýbyrjuð að kenna myndlist í skólanum eftir að hafa sinnt barnauppleði um árabil, hún er hlý, björt og full af áhuga um starfið en skortir sjálfstraust. Á milli þeirra tekst vinskapur strax á fyrstu dögum kennslunnar en augljóst er frá upphafi að undir niðri ríkir mikið ójafnvægi í sambandi þeirra. Spennan leysist úr læðingi þegar Barbara kemst að því að Sheba á í ástarsambandi við einn nemenda sinna.

II

Þegar líða tekur á myndina þykir Heiðu sem leikstjóranum fatist flugið: „Þá dettur persóna Barböru niður í skrípamynd biturrar laumulesbíu, og jafnvel Judi Dench nær ekki að bjarga persónunni upp úr því feni. Þá verður óræð persóna Shebu sömuleiðis mótsagnakenndari eftir því sem á líður. Kostir myndarinnar liggja í þeirri hlið hennar sem lýtur að innra tilfinningalífi og daglegu lífi persónanna, en tilraunir til þess að snúa öllu saman upp í nokkurs konar sálfræðitrylli takast ekki nógu vel.“

III

Heiða varð fyrir vonbrigðum en neðanmálsritari upplifði myndina ekki með þessum hætti. Einhvern veginn lá það í augum uppi alla myndina að Barbara væri alveg á jaðri þess að fara yfir um, eina manneskjan sem ekki sá það – og gat ekki séð það – var Sheba. Leikur Judi Dench er frábær alveg frá byrjun myndar þegar hún gefur ástand Barböru til kynna með svolitlum svipbrigðum. Barböru tekst lengi að halda aftur af sér og sýna hinni nýju vinkonu sinni bestu hliðar sínar, en svo allt í einu brestur eitthvað og skrímslið brýst út og þá er eins og Dench opni vopnabúrið, dragi út stóru kanónuna og hleypi af. Eftir það leikur allt á reiðiskjálfi á tjaldinu. Því fylgdu alls engin vonbrigði hjá Neðanmálsritara.

IV

Önnur frábær mynd er í bío þessa dagana, *Little Children* eftir Todd Field. Kate Winslet og Patrick Wilson fara þar á kostum í frábærlega vel skrifaðri mynd um bandarískt úthverfafólk í miðaldurskrísu. Þegar Neðanmálsritari fór á þessar tvær myndir voru í bæði skiptin sjö áhorfendur í salnum. Loksins þegar sýndar eru verulega góðar myndir þá kemur enginn. Skandall!

030307: Bók er raunverulegur viðburður

I

María Kodama hefur áhuga á að koma upp minnismerki um Jorge Luis Borges, skáld og fyrrverandi eiginmann sinn, á Íslandi! Það þarf ekki velta því neitt frekar fyrir sér. Reisum minnismerkið. Merkið er vöfundarhús gert úr nafni rithöfundarins. Eitt slíkt hefur verið reist í heimaborg hans Buenos Aires og annað verður reist í Genf þar skáldið sótti menntun sína en þá borg sagði það þá fallettu í heimi. Þar samdi Borges sín fyrstu ljóð, bæði á frönsku og spænsku. Fyrsti textinn sem eftir hann birtist var ritdómur í einu virtasta dagblaði borgarinnar. Hann lést í Genf 14. júní 1986. Til Íslands kom hann fyrst árið 1971, því næst árið 1976 og síðast árið 1978 og þá í fylgd konu sinnar Maríu Kodama sem hann kallar reyndar einkaritari sinn í samtali við Matthías Johannessen.

II

Margir frábærir kaflar eru í þessu samtali Matthíasar við Borges. Skáldinu verður tíðrætt um íslenskar fornbókmenntir, hann virðist finna sig betur í þeim en öðrum bókmenntum. Og hann samsamar sig Agli Skallagrímssyni þegar honum er bent á hvar hann bjó í Mosfellsdal. Borges segir þá: „Ég á gott. Ég sé móta fyrir fjöllum. Það kemur sér vel fyrir mig að vera blindur. Ég sé ekki bæina. Ég sé ekki sveitina. En ég sé fjöllin eins og Egill sá þau, þegar hann var orðinn blindur. Þannig stend ég í sporum Egils en ekki þið. Það eru forréttindi að vera blindur á þessum stað.“

III

En allt talið um Ísland og fornsögurnar hefur kannski skyggt á ýmislegt annað sem hann segir í samtalinu. Hann segir að það sé ekki auðvelt að yrkja. „Það er erfitt. Ég get aðeins ort í ákveðnu hugarástandi. Ef ég er ekki í þessu ástandi, þá get ég ekki ort. Ljóðið kemur, það er manni gefið.“ Borges lítur á sig eins og hlutlausan miðil þegar hann yrkir, það sé ekki hægt að framkalla það, ljóðið bara komi en síðan velti það á kunnáttu og getu hvort það sem kemur verði að ljóði. „Þegar ég hef gert uppkast, læt ég það liggja í hálfan mánuð eða svo, en tek þá aftur til við það og get skoðað það úr fjarlægð – það er mikill kostur. Þannig fer ég tvisvar eða þrisvar yfir handritið, eða jafnvel oft. Síðan met ég, hvort ég hef slípað það nóg. Og losa mig loks við það – að eilífu.“ Og síðustu setningarnar í viðtalinu eru þessar: „Bók er raunverulegur viðburður í lífi okkar. Hún er ekki blekking. Enginn veit, hvað lífið er. Kannski er það draumur. En mér er nær að halda, að góð bók sé eins mikilvægur þáttur í draumi okkar og hvað annað.“

Ath.: Höfundur hefur ekki haft fyrir því að samræma að fullu greinamerkjasetningu en fyrir vikið er hún til vitnis um breytingar sem eru í farvatninu.